ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 9

14. árgangur

22.2.2007

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið

2. Sameiginlega EES-nefndin

2007/EES/9/01 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/15/EB frá 27. febrúar 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur . . 1

2007/EES/9/02 Reglugerð ráðsins (EB) nr. 2679/98 frá 7. desember 1998 um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga milli aðildarríkjanna 11

2007/EES/9/03 Ályktun ráðsins og fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins 7. desember 1998, um frjálsa vöruflutninga. 13

2007/EES/9/04 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2003/32/EB frá 23. apríl 2003 um nákvæmar forskriftir varðandi kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 93/42/EBE að því er tekur til lækningatækja sem eru framleidd með eða úr vefjum, upprunnum úr dýraríkinu 15

2007/EES/9/05 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB 21

2007/EES/9/06 Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2003/558/EB frá 25. júlí 2003 um vinnslu í rafrænum fjarskiptanetum á upplýsingum um staðsetningu þess sem hringir að því er varðar staðsetningartengda neyðarsímsvörunarþjónustu 47

2007/EES/9/07 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/490/EB frá 30. júní 2003 samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB um fullnægjandi vernd persónu-upplýsinga í Argentínu 50

2007/EES/9/08 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2327/2003 frá 22. desember 2003 um bráðabirgðapunktakerfi fyrir árið 2004, sem gildir um þungaflutningabifreiðar sem fara gegnum Austurríki, innan ramma stefnu í málum er varða sjálfbæra flutninga 54

2007/EES/9/09 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1726/2003 frá 22. júlí 2003 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 417/2002 um að flýta innleiðingu á kröfum um tvöfaldan byrðing eða sambærilega hönnun fyrir olíuflutningaskip með einföldum byrðingi 58

2007/EES/9/10 Reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 frá 20. janúar 2004 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja. 62

2007/EES/9/11 Reglugerð ráðsins (EB) nr. 502/2004 frá 11. mars 2004 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1177/2002 um tímabundnar varnarráðstafanir fyrir skipasmíðaiðnaðinn 84

2007/EES/9/12 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2151/2003 frá 16. desember 2003 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2195/2002 um sameiginlegt innkaupaorðasafn (CPV) 86

2007/EES/9/13 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB frá 27. janúar 2003 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang 356

2007/EES/9/14 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2257/2003 frá 25. nóvember 2003 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu að því er varðar aðlögun á skránni yfir könnunaratriði 371

2007/EES/9/15 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 29/2004 frá 8. janúar 2004 um samþykkt forskrifta fyrir sérstaka einingu um samþættingu vinnu og fjölskyldulífs fyrir árið 2005 sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 373

2007/EES/9/16 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1980/2003 frá 21. október 2003 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skilgreiningar og uppfærslu á skilgreiningum 377

2007/EES/9/17 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1981/2003 frá 21. október 2003 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar framkvæmdarþætti og tilreikningsaðferðir 399

2007/EES/9/18 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1982/2003 frá 21. október 2003 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (ESB-SILC) að því er varðar reglur um úrtöku og eftirfylgni 405

2007/EES/9/19 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1983/2003 frá 7. nóvember 2003 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrá yfir aðalmarkbreytur 410

2007/EES/9/20 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 16/2004 frá 6. janúar 2004 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrána yfir aukamarkbreytur varðandi „arfgengi fátæktar á milli kynslóða“ 462

2007/EES/9/21 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 28/2004 frá 5. janúar 2004 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar sundurliðaðar áfanga- og lokagæðaskýrslur 466

2007/EES/9/22 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 48/2004 frá 5. desember 2003 um árlega hagskýrslugerð Bandalagsins um stáliðnaðinn fyrir viðmiðunarárin 2003-2009 481

2007/EES/9/23 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/107/EB frá 5. desember 2003 um breytingu á tilskipun ráðsins 96/16/EB um tölfræðilegar kannanir vegna mjólkur og mjólkurafurða 487

Framhald á öftustu síðu .....

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2003/15/EB **2007/EES/9/01**

frá 27. febrúar 2003

um breytingu á tilskipun ráðsins 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur(*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans á grundvelli sameiginlegs texta sem sáttanefndin samþykkti 3. desember 2002 ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Innlend lög um snyrtivörur hafa verið samræmd til fulls með tilskipun ráðsins 76/768/EBE ([4]) en meginmarkmiðið með henni er að vernda lýðheilsu. Í því skyni verður áfram óhjákvæmilegt að gera tilteknar eiturefnafræðilegar prófanir til að meta öryggi snyrtivara.

2) Í bókuninni um vernd og velferð dýra, sem varð viðauki við stofnsáttmála Evrópubandalagsins, með Amsterdamsáttmálanum, er kveðið á um að bandalagið og aðildarríkin skuli taka fullt tillit til krafna um velferð dýra við framkvæmd stefnu bandalagsins, einkum með tilliti til innri markaðarins.

3) Með tilskipun ráðsins 86/609/EBE frá 24. nóvember 1986 um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um verndun dýra sem notuð eru í tilrauna- og vísindaskyni ([5]) eru settar sameiginlegar reglur um notkun tilraunadýra í bandalaginu og mælt fyrir um skilyrði fyrir framkvæmd slíkra tilrauna á yfirráðasvæði aðildarríkjanna. Í 7. gr. þeirrar tilskipunar er einkum sett fram sú krafa að aðrar aðferðir komi í stað tilrauna á dýrum enda liggi þær fyrir og séu vísinda lega fullnægjandi. Til að auðvelda þróun og notkun annarra aðferða í snyrtivörugeiranum þar sem ekki eru notuð lifandi dýr hafa verið sett sérstök ákvæði með tilskipun ráðsins 93/35/EBE frá 14. júní 1993 um sjöttu breytingu á tilskipun 76/768/EBE um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur ([6]).

   Þau ákvæði varða þó aðeins aðferðir þar sem ekki eru notuð dýr og taka ekki til aðferða sem hafa verið þróaðar til að draga úr fjölda þeirra dýra sem eru notuð í tilraunum eða til að draga úr þjáningum þeirra. Til að dýr, sem eru notuð til prófunar á snyrtivörum, njóti sem mestrar verndar, þar til bann við því að prófa snyrtivörur á dýrum og markaðssetja snyrtivörur, sem hafa verið prófaðar á dýrum, kemur til framkvæmda í bandalaginu, skal því breyta þessum ákvæðum þannig að í þeim verði kveðið á um kerfisbundna notkun annarra aðferða þar sem dregið er úr fjölda dýra sem eru notuð eða dregið úr þjáningum þeirra í þeim tilvikum þar sem aðrar aðferðir eru ekki fyrir hendi sem geta komið að fullu í staðinn, eins og kveðið er á um í 2. og 3. mgr. 7. gr. í tilskipun 86/609/EBE, þegar þessar aðferðir veita neytendum vernd sem samsvarar þeirri vernd sem fæst með hefðbundnum aðferðum sem þær eiga að leysa af hólmi.

4) Í samræmi við tilskipun 86/609/EBE og tilskipun 93/35/EBE er nauðsynlegt að vinna að því markmiði að tilraunum á dýrum við prófun snyrtivara verði hætt og að bann við slíkum tilraunum verði tekið upp á yfirráðasvæði aðildarríkjanna. Til að tryggja fulla framkvæmd þessa banns kann að vera nauðsynlegt að framkvæmdastjórnin leggi fram frekari tillögur um breytingu á tilskipun 86/609/EBE.

5) Eins og sakir standa eru það einungis aðferðir, sem eru vísindalega fullgiltar af Evrópumiðstöð um fullgildingu nýrra aðferða (ECVAM) eða Efnahags- og framfarastofnuninni (OECD) og gilda fyrir allan lyfjageirann, sem eru samþykktar kerfisbundið á vettvangi bandalagsins. Þó er hægt að tryggja öryggi snyrtivara og innihaldsefna þeirra með því að nota aðrar aðferðir sem ekki er víst að hægt sé að beita við alla notkun íðefna sem þær innihalda. Þess vegna ber að stuðla að því að aðferðir af því tagi séu notaðar í öllum snyrtivöruiðnaðinum og sjá til þess að þær séu samþykktar á vettvangi bandalagsins þegar öruggt er að slíkar aðferðir tryggi notendum varanna samsvarandi vernd.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 66, 11.3.2003, bls. 26. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 70/2004 frá 4. júní 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 59, 25.11.2004, bls. 3.

([1]) Stjtíð. EB C 311 E, 31.10.2000, bls. 134 og Stjtíð. EB C 51 E, 26.2.2002, bls. 385.

([2]) Stjtíð. EB C 367, 20.12.2000, bls. 1.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 3. apríl 2001 (Stjtíð. EB C 21 E, 24.1.2002, bls. 24), sameiginleg afstaða ráðsins frá 14. febrúar 2002 (Stjtíð. EB C 113 E, 14.5.2002, bls. 109) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 11. júní 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 15. janúar 2003 og ákvörðun ráðsins frá 27. febrúar 2003.

([4]) Stjtíð. EB L 262, 27.7.1976, bls. 169. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2002/34/EB (Stjtíð. EB L 102, 18.4.2002, bls. 19).

([5]) Stjtíð. EB L 358, 18.12.1986, bls. 1.

([6]) Stjtíð. EB L 151, 23.6.1993, bls. 32.

6) Nú þegar er hægt að tryggja öryggi fullunninna snyrtivara á grundvelli vitneskju um öryggi innihaldsefna þeirra. Þess vegna er hægt að fella ákvæði, sem banna að fullunnar snyrtivörur séu prófaðar á dýrum, inn í tilskipun 76/768/EBE. Framkvæmdastjórnin skal setja viðmiðunarreglur til að auðvelda, einkum litlum og meðalstórum fyrirtækjum, að beita aðferðum sem útheimta ekki notkun dýra við mat á öryggi fullunninna snyrtivara.

7) Smám saman verður mögulegt að tryggja öryggi innihaldsefna í snyrtivörum með því að nota aðrar aðferðir án tilrauna á dýrum sem eru fullgiltar á vettvangi bandalagsins eða samþykktar sem vísindalega fullgiltar af Evrópumiðstöð um fullgildingu nýrra aðferða og með tilhlýðilegu tilliti til þess hvernig fullgilding þróast innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Að höfðu samráði við vísindanefndina um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli (SCCNFP) um notkun fullgiltra, annarra aðferða á sviði snyrtivara skal framkvæmdastjórnin þegar í stað birta fullgiltu eða samþykktu aðferðirnar sem viðurkennt er að megi beita þegar um innihaldsefni af því tagi er að ræða. Til að tryggja dýrum sem mesta vernd ber að setja tímamörk fyrir það hvenær endanlegt bann verði innleitt.

8) Framkvæmdastjórnin skal setja tímaáætlanir með tímamörkum sem gilda í sex ár að hámarki frá gildistökudegi þessarar tilskipunar vegna banns við markaðssetningu snyrtivara, endanlegri samsetningu, innihaldsefnum eða samsetningu innihaldsefna, sem hafa verið prófuð á dýrum, og vegna banns við þeim prófunum sem nú eru framkvæmdar á dýrum. Í ljósi þess að enn hefur ekki verið hugað að neinum öðrum aðferðum við prófanir á eiturhrifum við endurtekna skammta, skaðlegum áhrifum á æxlun og eiturefnaferlum er hæfilegt að tímamörk fyrir bann við markaðssetningu snyrtivara, sem hafa þessar prófanir í för með sér, séu að hámarki 10 ár frá gildistökudegi þessarar tilskipunar. Framkvæmdastjórninni skal vera heimilt að aðlaga tímaáætlanirnar, á grundvelli árlegra skýrslna, innan áðurnefndra hámarkstímamarka.

9) Betri samræming hjálpargagna á vettvangi bandalagsins stuðlar að aukinni, vísindalegri þekkingu sem er nauðsynleg fyrir þróun annarra aðferða. Þess vegna er nauðsynlegt að bandalagið haldi áfram átaki sínu og efli það og geri nauðsynlegar ráðstafanir til að stuðla að rannsóknum og þróun nýrra aðferða, sem útheimta ekki tilraunir á dýrum, einkum innan sjöttu rammaáætlunar sinnar eins og fram kemur í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1513/EB/2002 ([1]).

([1]) Stjtíð. EB L 232, 29.8.2002, bls. 1.

10) Hvetja skal ríki utan bandalagsins til að viðurkenna aðrar aðferðir sem eru þróaðar í bandalaginu. Til að ná þessu markmiði skulu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin gera allar viðeigandi ráðstafanir til að greiða fyrir því að Efnahags- og framfarastofnunin staðfesti slíkar aðferðir. Framkvæmdastjórnin skal einnig leitast við, innan ramma samstarfssamninga Evrópusambandsins, að fá viðurkenningu á niðurstöðum öryggisprófana sem fara fram innan bandalagins þar sem notaðar eru aðrar aðferðir til að tryggja að útflutningur snyrtivara, sem tengjast notkun aðferða af þessu tagi, sé ekki hindraður og koma í veg fyrir eða forðast að ríki utan bandalagsins krefjist þess að slíkar prófanir séu endurteknar með notkun dýra.

11) Hægt á að vera að gera þá kröfu að við þróun snyrtivöru hafi engar prófanir á dýrum farið fram. Framkvæmdastjórnin skal, í samráði við aðildarríkin, semja viðmiðunarreglur til að tryggja að sameiginlegar viðmiðanir séu notaðar við kröfugerð, að kröfur séu túlkaðar á sama hátt og einkum að slíkar kröfur villi ekki um fyrir notendum varanna. Við samningu slíkra viðmiðunarreglna verður framkvæmdastjórnin einnig að taka tillit til sjónarmiða hinna mörgu litlu og meðalstóru fyrirtækja sem eru að meirihluta til framleiðendur sem gera prófanir án tilrauna á dýrum, viðkomandi frjálsra félagasamtaka og þess að notendur þurfa að geta gert greinarmun á vörum í reynd á grundvelli viðmiðana um prófanir á dýrum.

12) Vísindanefndin um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli lýsti því yfir í áliti sínu frá 25. september 2001 að efni, sem flokkuðust samkvæmt tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna ([2]) sem krabbameinsvaldandi (nema efni sem eru aðeins krabbameinsvaldandi við innöndun), stökkbreytandi eða efni sem hafa skaðleg áhrif á æxlun í 1. eða 2. flokki og efni með svipaða eiginleika, megi ekki setja af ásetningi í snyrtivörur og að efni, sem flokkuðust samkvæmt tilskipun 67/548/EBE sem krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða efni sem hafa skaðleg áhrif á æxlun í 3. flokki og efni með svipaða eiginleika, megi ekki setja af ásetningi í snyrtivörur nema hægt sé að sýna fram á að magn þessara efna sé ekki svo mikið að það stofni heilsu notandans í hættu.

13) Miðað við þá sérstöku áhættu sem efni, sem flokkast sem krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða efni sem hafa skaðleg áhrif á æxlun í 1., 2. og 3. flokki samkvæmt tilskipun 67/548/EBE, geta haft í för með sér fyrir heilbrigði manna ber að banna notkun þeirra í framleiðslu á snyrtivörum. Nota má efni, sem flokkast í 3. flokk, í snyrtivörur ef vísindanefndin um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli hefur metið efnið og fallist á að það megi nota í snyrtivörur.

([2]) Stjtíð. EB 196, 16.8.1967, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/59/EB (Stjtíð. EB L 225, 21.8.2001, bls. 1).

14) Til að bæta upplýsingarnar sem neytendum eru veittar skal tilgreina geymsluþol með meiri nákvæmni á snyrtivörum.

15) Sannreynt hefur verið að tiltekin efni valdi miklu um snertiofnæmisviðbrögð hjá notendum sem eru viðkvæmir fyrir lykt. Til að tryggja að slíkir notendur séu nægilega vel upplýstir er því nauðsynlegt að breyta ákvæðum tilskipunar 76/768/EBE þannig að gerð sé krafa um að þessara efna sé getið í skránni yfir innihaldsefni. Þær upplýsingar munu bæta greiningu á snertiofnæmi hjá slíkum notendum og gera þeim kleift að sneiða hjá notkun snyrtivara sem þeir þola ekki.

16) Vísindanefndin um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli hefur sannreynt að allmörg efni séu líkleg til að valda ofnæmisviðbrögðum og nauðsynlegt verður að takmarka notkun þeirra og/eða setja tiltekin skilyrði varðandi þau.

17) Ráðstafanirnar, sem nauðsynlegar eru fyrir framkvæmd þessarar tilskipunar, skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

18) Ákvæði þessarar tilskipunar skulu koma í stað ákvæða tilskipunar 93/35/EBE sem banna markaðssetningu snyrtivara sem í eru innihaldsefni eða samsetningar innihaldsefna sem hafa verið prófuð á dýrum. Vegna réttaröryggis er því rétt að beita 1. mgr. 1. gr. þessarar tilskipunar frá og með 1. júlí 2002 en virða jafnframt að fullu meginregluna um réttmætar væntingar.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 76/768/EBE er breytt sem hér segir:

1. i-liður 1. mgr. 4. gr. falli niður.

2. Eftirfarandi greinum skal skotið inn:

„*4. gr. a*

1. Með fyrirvara um almennar skyldur skv. 2. gr. skulu aðildarríkin banna:

a) markaðssetningu snyrtivara sem hafa verið prófaðar á dýrum í endanlegri samsetningu til að uppfylla kröfur þessarar tilskipunar og ekki verið notuð önnur aðferð, eftir að slík aðferð hefur verið fullgilt og samþykkt á vettvangi bandalagsins, að teknu tilhlýðilegu tilliti til þróunar á fullgildingu innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar;

b) markaðssetningu snyrtivara sem í eru innihaldsefni eða samsetningar innihaldsefna sem hafa verið prófaðar á dýrum til að uppfylla kröfur þessarar tilskipunar og ekki verið notuð önnur aðferð, eftir að slík aðferð hefur verið fullgilt og samþykkt á vettvangi bandalagsins, að teknu tilhlýðilegu tilliti til þróunar á fullgildingu innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar;

c) að á yfirráðasvæði þeirra fari fram prófun á dýrum á fullunnum snyrtivörum til að uppfylla kröfur þessarar tilskipunar;

d) að á yfirráðasvæði þeirra fari fram prófanir á dýrum á innihaldsefnum eða samsetningum innihaldsefna til að uppfylla kröfur þessarar tilskipunar, eigi síðar en þann dag sem þess er krafist að í stað slíkra prófana komi ein eða fleiri fullgiltar aðferðir sem eru tilgreindar í V. viðauka við tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna ([*]) eða í IX. viðauka við þessa tilskipun.

Eigi síðar en 11. september 2004 skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 10. gr. og að höfðu samráði við vísindanefndina um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli, ákvarða efni IX. viðauka.

2. Að höfðu samráði við vísindanefndina um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli og Evrópumiðstöð um fullgildingu nýrra aðferða, og með tilhlýðilegu tilliti til þróunar á fullgildingu innan Efnahags- og framfarastofnunarinnar skal framkvæmdastjórnin setja tímaáætlanir fyrir framkvæmd ákvæða a-, b- og d-liðar 1. mgr., þ.m.t. tímamörk fyrir niðurfellingu hinna ýmsu prófana í áföngum. Tímaáætlanirnar skulu gerðar aðgengilegar almenningi eigi síðar en 11. september 2004 og sendar til Evrópuþingsins og ráðsins. Framkvæmdartímabilið skal takmarkast við sex ár að hámarki frá gildistöku tilskipunar 2003/15/EB að því er varðar a-, b- og d-lið 1. mgr.

2.1 Í tengslum við prófanirnar á eiturhrifum við endurtekna skammta, skaðlegum áhrifum á æxlun og eiturefnaferlum, sem ekki hefur enn verið hugað að neinum öðrum aðferðum fyrir, skal tímabilið fyrir framkvæmd a- og b-liðar 1. mgr. takmarkast við 10 ár að hámarki eftir gildistöku tilskipunar 2003/15/EB.

2.2 Framkvæmdastjórnin skal athuga hvaða tæknilegir erfiðleikar geti hugsanlega komið upp við framkvæmd banns við prófunum, einkum varðandi eiturhrif við endurtekna skammta, skaðleg áhrif á æxlun og eiturefnaferla, sem ekki hefur enn verið hugað að öðrum aðferðum fyrir. Upplýsingar um bráðabirgðaniðurstöður og endanlegar niðurstöður þessara athugana skulu vera hluti af árlegum skýrslum sem eru lagðar fram skv. 9. gr.

([1]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

Á grundvelli þessara árlegu skýrslna er heimilt að aðlaga tímaáætlanirnar, sem eru settar í samræmi við 2. mgr., innan tímamarka sem eru að hámarki sex ár eins og um getur í 2. mgr. eða 10 ár eins og um getur í mgr. 2.1 og að höfðu samráði við aðilana sem um getur í 2. mgr.

2.3 Framkvæmdastjórnin skal athuga framvindu og samræmi við tímamörkin, svo og hugsanlega tæknilega erfiðleika við að framfylgja banninu. Upplýsingar um bráðabirgðaniðurstöður og endanlegar niðurstöður athugana framkvæmdastjórnarinnar skulu vera hluti af árlegum skýrslum sem eru lagðar fram skv. 9. gr. Ef niðurstöður þessara athugana sýna, í síðasta lagi tveimur árum fyrir lok hámarkstímabilsins, sem um getur í mgr. 2.1, að af tæknilegum ástæðum verði ekki búið að þróa og fullgilda eina eða fleiri prófanir, sem um getur í mgr. 2.1, áður en tíminn, sem um getur í mgr. 2.1, rennur út, skal hún tilkynna Evrópuþinginu og ráðinu um það og leggja fram tillögu að lagasetningu í samræmi við 251. gr. sáttmálans.

2.4 Í undantekningartilvikum, þegar innihaldsefni í snyrtivöru veldur alvarlegum áhyggjum m.t.t. öryggis, getur aðildarríki krafist þess að framkvæmdastjórnin veiti undanþágu frá 1. mgr. Beiðninni skal fylgja mat á ástandinu og þar skal tilgreina nauðsynlegar ráðstafanir. Á grundvelli þessa getur framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við vísindanefndina um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli, og með rökstuddri ákvörðun heimilað undanþágu í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 10. gr. Í þessari heimild skal mæla fyrir um skilyrðin sem tengjast þessari undanþágu að því er varðar sérstök markmið, tímalengd og skýrslugjöf um árangurinn.

Aðeins skal veita undanþágu ef:

a) innihaldsefnið er mikið notað og ekki er hægt að nota annað efni í staðinn sem hefur svipaða virkni;

b) sannað er að um sé að ræða sérstakan vanda sem varðar lýðheilsu og þörfin á því að gera prófanir á dýrum er rökstudd og studd nákvæmri rannsóknarlýsingu sem er sett fram til grundvallar matinu.

Ákvörðun um heimildina, skilyrðin í tengslum við hana og lokaniðurstöðurnar sem fást skulu vera hluti af árlegu skýrslunni sem framkvæmdastjórnin skal leggja fram í samræmi við 9. gr.

3. Í þessari grein er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „fullunnin snyrtivara“: endanleg samsetning snyrtivöru eins og hún er sett á markað og gerð aðgengileg endanlegum notanda, eða frumgerð hennar;

b) „frumgerð“: fyrsta gerð eða hönnun sem hefur ekki verið framleidd í vinnslulotu en er síðan framleidd sem fullunnin snyrtivara eða þróuð endanlega.

4. gr. b

Banna skal að nota í snyrtivörur efni sem eru flokkuð sem krabbameinsvaldandi, stökkbreytandi eða efni sem hafa skaðleg áhrif á æxlun í 1., 2. og 3. flokki skv. I. viðauka við tilskipun 67/548/EBE. Í því skyni skal framkvæmdastjórnin samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 10. gr. Nota má efni, sem flokkast í 3. flokk, í snyrtivörur ef vísindanefndin um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli hefur metið efnið og fallist á að það megi nota í snyrtivörur.

(*) Stjtíð. EB 196, 16.8.1967, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/59/EB (Stjtíð. EB L 225, 21.8.2001, bls. 1).“

3. Eftirfarandi komi í stað c-liðar 1. mgr. 6. gr.:

„c) Tilgreina skal lágmarksgeymsluþol með orðunum: „best fyrir“ og þar á eftir annaðhvort:

— sjálfa dagsetninguna, eða

— upplýsingar um hvar hún er á umbúðunum.

Dagsetningin skal vera greinileg og skal tilgreina annaðhvort mánuðinn og árið eða daginn, mánuðinn og árið, í þeirri röð. Ef nauðsynlegt er skal bæta við þessar upplýsingar ábendingu um skilyrðin sem þarf að uppfylla til að hægt sé að ábyrgjast tilgreint geymsluþol.

Upplýsingar um dagsetningu fyrir geymsluþol eru ekki skyldubundnar fyrir snyrtivörur sem hafa meira lágmarksgeymsluþol en 30 mánuði. Þegar um er að ræða vörur af því tagi skal tilgreina tímabilið sem notandinn getur notað vöruna sér að skaðlausu eftir að umbúðirnar hafa verið opnaðar. Tilgreina skal þessar upplýsingar með tákninu sem er gefið upp í viðauka VIII a og á eftir því skal koma tímabilið (í mánuðum og/eða árum).“

4. Eftirfarandi komi í stað g-liðar 1. mgr. 6. gr.:

„g) skrá yfir innihaldsefni í lækkandi röð eftir þyngd á þeim tíma sem þeim er bætt í. Þessi skrá skal bera yfirskriftina „innihaldsefni“. Ef þessu verður ekki við komið í reynd skulu upplýsingar um innihaldsefni vera á meðfylgjandi fylgiseðli, merkimiða, límmiða eða korti og notandanum vísað á þessar upplýsingar, annaðhvort með skammstöfun eða tákninu sem er sett fram í VIII. viðauka, sem skal sjást á umbúðunum.

Eftirfarandi skal þó ekki teljast til innihaldsefna:

— óhreinindi í hráefnunum sem eru notuð,

— tæknileg viðbótarefni sem eru notuð við framleiðsluna en eru ekki í fullunninni vöru,

— efni sem eru ekki notuð umfram það sem er alveg nauðsynlegt, svo sem leysiefni eða burðarefni í ilmefnum og arómatískum samsetningum.

Ilmefni og arómatískar samsetningar og hráefni þeirra skulu nefnd „ilmefni“ eða „lyktarefni“. Í skránni skal þó geta um önnur efni sem tilgreina skal í dálkinum „aðrar takmarkanir og kröfur“ í III. viðauka óháð því hvaða hlutverki þau gegna í vörunni.

Skrá má innihaldsefni með minni styrkleika en 1% í hvaða röð sem er á eftir þeim efnum eru yfir 1% að styrkleika.

Skrá má litunarefni í hvaða röð sem er á eftir öðrum innihaldsefnum í samræmi við litaskrárnúmerið eða heitið sem er notað í IV. viðauka. Þegar um er að ræða förðunarvörur, sem eru markaðssettar í mörgum litbrigðum, er heimilt að skrá öll efni í litaröðinni að því tilskildu að orðunum „getur innihaldið“ eða tákninu „+/-“ sé bætt við.

Tilgreina skal innihaldsefnið með almenna heitinu sem um getur í 2. mgr. 7. gr. eða, sé það ekki til, einu þeirra heita sem um getur í fyrsta undirlið 2. mgr. 5. gr. a.

Í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 10. gr., getur framkvæmdastjórnin, samþykkt viðmiðanirnar og skilyrðin sem eru sett fram í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/17/EB frá 19. júní 1995 um reglur sem lúta að beitingu tilskipunar ráðsins 76/768/EBE að því er varðar undanþágu frá því að skrá innihaldsefni, eitt eða fleiri, í innihaldslýsingu sem notuð er við merkingu á snyrtivörum (*) en samkvæmt henni getur framleiðandi, af ástæðum sem varða viðskiptaleynd, sótt um að undanskilja eitt eða fleiri innihaldsefni frá skráningu í fyrrnefndri skrá.

(*) Stjtíð. EB L 140, 23.6.1995, bls. 26.

5. Fella skal brott síðustu setningu 3. mgr. 6. gr. og bæta við eftirfarandi undirgrein:

„Enn fremur getur framleiðandinn eða sá sem ber ábyrgð á markaðssetningu vörunnar í bandalaginu því aðeins vakið athygli á því á umbúðum eða í skjali, tilkynningu, merkimiða, hring eða borða, sem fylgir með eða varðar þessa vöru, að engar prófanir á dýrum hafi farið fram ef framleiðandinn og birgjar hans hafa ekki gert eða látið gera neinar prófanir á dýrum á fullunnu vörunni eða frumgerð hennar eða neinum af innihaldsefnum hennar né notað nein innihaldsefni sem einhver annar hefur prófað á dýrum í þeim tilgangi að þróa nýjar snyrtivörur. Samþykkja skal viðmiðunarreglur í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 10. gr. og gefnar voru út í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Evrópuþingið skal fá afrit af þeim drögum að ráðstöfunum sem eru lögð fyrir framkvæmdastjórnina.“

6. Eftirfarandi komi í stað d-liðar 1. mgr. 7. gr. a:

„d) mat á öryggi fullunninnar vöru m.t.t. lýðheilsu. Í þessu sambandi skal framleiðandinn taka tillit til almenns, eiturefnafræðilegs ástands innihaldsefna, efnafræðilegrar byggingar þeirra og umfangs váhrifa. Hann skal taka sérstakt tillit til sérstakra einkenna sem fram koma vegna váhrifa á svæðum sem varan verður borin á og þess hvaða hópi manna varan er ætluð. Meðal annars skal vera sérstakt mat fyrir snyrtivörur sem eru ætlaðar börnum undir þriggja ára aldri og snyrtivörur sem eru eingöngu ætlaðar til hreinlætis á viðkvæmum stöðum útvortis.

Sé sama vara framleidd á fleiri en einum stað innan bandalagsins getur framleiðandi valið einn framleiðslustað þar sem fyrrnefndar upplýsingar liggja frammi. Sé um slíkt að ræða og sé þess óskað vegna eftirlits er honum skylt að láta viðkomandi eftirlitsyfirvald eða -yfirvöld vita af því. Í því tilviki skal vera auðvelt að nálgast upplýsingarnar.“

7. Eftirfarandi liður bætist við í 1. mgr. 7. gr. a:

„h) gögn um allar prófanir á dýrum sem eru framkvæmdar af framleiðanda, fulltrúum hans eða birgjum varðandi þróun vörunnar eða öryggismat á henni eða innihaldsefnum hennar, þ.m.t. allar prófanir á dýrum sem eru gerðar til að uppfylla kröfur í lögum eða reglum landa utan bandalagsins.

Með fyrirvara um vernd, einkum viðskiptaleynd og hugverkarétt, skulu aðildarríkin tryggja með viðeigandi aðferðum, t.d. rafrænum, að almenningur geti auðveldlega nálgast upplýsingarnar sem krafist er skv. a- og f-lið. Upplýsingar um magn, sem krafist er skv. a-lið að séu gerðar aðgengilegar almenningi, skulu takmarkast við hættuleg efni sem falla undir tilskipun 67/548/EBE.“

8. Í 2. mgr. 8. gr. og 3. mgr. 8. gr. a breytist heitið „vísindanefnd um fegrunarfræði“ í „vísindanefnd um snyrtivörur og aðrar neytendavörur en matvæli“.

9. Eftirfarandi komi í stað 9. og 10 gr.:

„9. gr.

Ár hvert skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um:

a) framfarir í þróun, fullgildingu og lagalegri staðfestingu annarra aðferða. Í skýrslunni skulu koma fram nákvæmar upplýsingar um fjölda og eðli tilrauna á dýrum í tengslum við snyrtivörur. Aðildarríkjunum ber skylda til að safna þessum upplýsingum auk tölfræðilegra upplýsinga eins og mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 86/609/EBE frá 24. nóvember 1986 um samræmingu á ákvæðum í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um verndun dýra sem notuð eru í tilrauna- og vísindaskyni (*). Framkvæmdastjórnin skal einkum tryggja þróun, fullgildingu og lagalega staðfestingu annarra aðferða sem útheimta ekki að lifandi dýr séu notuð;

b) árangur sem framkvæmdastjórnin hefur náð í viðleitni sinni til að fá staðfestingu Efnahags- og framfarastofnunarinnar á öðrum aðferðum sem hafa verið fullgiltar á vettvangi bandalagsins og viðurkenningu landa utan bandalagsins á niðurstöðum öryggisprófananna sem fara fram innan bandalagsins með öðrum aðferðum, einkum með samstarfssamningum á milli bandalagsins og þessara landa;

c) á hvern hátt sérstakar þarfir lítilla og meðalstórra fyrirtækja hafi verið teknar til greina.

10. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndar um snyrtivörur.

2. Þegar vísað er í þessa málsgrein skulu 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda, að teknu tilliti til ákvæða 8. gr. þeirrar ákvörðunar.

Tímabilið sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

(*) Stjtíð. EB L 358, 18.12.1986, bls. 1.“

10. Eftirfarandi bætist við í I. hluta III. viðauka:

Tilvísunar-númer	Efni	Takmarkanir			Notkunarskilyrði og varnaðarorð sem prenta verður á merkimiðann
		Notkunarsvið	Leyfilegur hámarksstyrkur í fullunninni snyrtivöru	Aðrar takmarkanir og kröfur	
a	b	c	d	e	f
„67	Amýlsinnamal (CAS-númer 122-40-7)			Tilvist efnisins skal tilgreind í skránni yfir innihaldsefni sem um getur í g-lið 1. mgr. 6. gr. þegar styrkur þess fer yfir: — 0,001 % í vörum sem á ekki að fjarlægja eftir notkun — 0,01 % í vörum sem á að fjarlægja eftir notkun	
68	Bensýlalkóhól (CAS-númer 100-51-6)			Tilvist efnisins skal tilgreind í skránni yfir innihaldsefni sem um getur í g-lið 1. mgr. 6. gr. þegar styrkur þess fer yfir: — 0,001 % í vörum sem á ekki að fjarlægja eftir notkun — 0,01 % í vörum sem á að fjarlægja eftir notkun	
69	Sinnamýlalkóhól (CAS-númer 104-54-1)			Tilvist efnisins skal tilgreind í skránni yfir innihaldsefni sem um getur í g-lið 1. mgr. 6. gr. þegar styrkur þess fer yfir: — 0,001 % í vörum sem á ekki að fjarlægja eftir notkun — 0,01 % í vörum sem á að fjarlægja eftir notkun	
70	Sítral (CAS-númer 5392-40-5)			Tilvist efnisins skal tilgreind í skránni yfir innihaldsefni sem um getur í g-lið 1. mgr. 6. gr. þegar styrkur þess fer yfir: — 0,001 % í vörum sem á ekki að fjarlægja eftir notkun — 0,01 % í vörum sem á að fjarlægja eftir notkun	
71	Evgenól (CAS-númer 97-53-0)			Tilvist efnisins skal tilgreind í skránni yfir innihaldsefni sem um getur í g-lið 1. mgr. 6. gr. þegar styrkur þess fer yfir: — 0,001 % í vörum sem á ekki að fjarlægja eftir notkun — 0,01 % í vörum sem á að fjarlægja eftir notkun	

Tilvísunar-númer	Efni	Takmarkanir			Notkunarskilyrði og varnaðarorð sem prenta verður á merkimiðann
		Notkunarsvið	Leyfilegur hámarksstyrkur í fullunninni snyrtivöru	Aðrar takmarkanir og kröfur	
a	b	c	d	e	f
72	Hýdroxýsítrónellal (CAS-númer 107-75-5)			Tilvist efnisins skal tilgreind í skránni yfir innihaldsefni sem um getur í g-lið 1. mgr. 6. gr. þegar styrkur þess fer yfir: — 0,001 % í vörum sem á ekki að fjarlægja eftir notkun — 0,01 % í vörum sem á að fjarlægja eftir notkun	
73	Ísóevgenól (CAS-númer 97-54-1)			Tilvist efnisins skal tilgreind í skránni yfir innihaldsefni sem um getur í g-lið 1. mgr. 6. gr. þegar styrkur þess fer yfir: — 0,001 % í vörum sem á ekki að fjarlægja eftir notkun — 0,01 % í vörum sem á að fjarlægja eftir notkun	
74	Amýlsinnamýl-alkóhól (CAS-númer 101-85-9)			Tilvist efnisins skal tilgreind í skránni yfir innihaldsefni sem um getur í g-lið 1. mgr. 6. gr. þegar styrkur þess fer yfir: — 0,001 % í vörum sem á ekki að fjarlægja eftir notkun — 0,01 % í vörum sem á að fjarlægja eftir notkun	
75	Bensýlsalisýlat (CAS-númer 118-58-1)			Tilvist efnisins skal tilgreind í skránni yfir innihaldsefni sem um getur í g-lið 1. mgr. 6. gr. þegar styrkur þess fer yfir: — 0,001 % í vörum sem á ekki að fjarlægja eftir notkun — 0,01 % í vörum sem á að fjarlægja eftir notkun	
76	Sinnamal (CAS-númer 104-55-2)			Tilvist efnisins skal tilgreind í skránni yfir innihaldsefni sem um getur í g-lið 1. mgr. 6. gr. þegar styrkur þess fer yfir: — 0,001 % í vörum sem á ekki að fjarlægja eftir notkun — 0,01 % í vörum sem á að fjarlægja eftir notkun	
77	Kúmarín (CAS-númer 91-64-5)			Tilvist efnisins skal tilgreind í skránni yfir innihaldsefni sem um getur í g-lið 1. mgr. 6. gr. þegar styrkur þess fer yfir: — 0,001 % í vörum sem á ekki að fjarlægja eftir notkun — 0,01 % í vörum sem á að fjarlægja eftir notkun	
78	Geraníól (CAS-númer 106-24-1)			Tilvist efnisins skal tilgreind í skránni yfir innihaldsefni sem um getur í g-lið 1. mgr. 6. gr. þegar styrkur þess fer yfir: — 0,001 % í vörum sem á ekki að fjarlægja eftir notkun — 0,01 % í vörum sem á að fjarlægja eftir notkun	

Tilvísunar-númer	Efni	Takmarkanir			Notkunarskilyrði og varnaðarorð sem prenta verður á merkimiðann
		Notkunarsvið	Leyfilegur hámarksstyrkur í fullunninni snyrtivöru	Aðrar takmarkanir og kröfur	
a	b	c	d	e	f
79	Hýdroxý-metýlpentýl-sýklóhexenkarboxaldehýð (CAS-númer 31906-4-4)			Tilvist efnisins skal tilgreind í skránni yfir innihaldsefni sem um getur í g-lið 1. mgr. 6. gr. þegar styrkur þess fer yfir: — 0,001 % í vörum sem á ekki að fjarlægja eftir notkun — 0,01 % í vörum sem á að fjarlægja eftir notkun	
80	Anísýlalkóhól (CAS-númer 105-13-5)			Tilvist efnisins skal tilgreind í skránni yfir innihaldsefni sem um getur í g-lið 1. mgr. 6. gr. þegar styrkur þess fer yfir: — 0,001 % í vörum sem á ekki að fjarlægja eftir notkun — 0,01 % í vörum sem á að fjarlægja eftir notkun	
81	Bensýlsinnamat (CAS-númer 103-41-3)			Tilvist efnisins skal tilgreind í skránni yfir innihaldsefni sem um getur í g-lið 1. mgr. 6. gr. þegar styrkur þess fer yfir: — 0,001 % í vörum sem á ekki að fjarlægja eftir notkun — 0,01 % í vörum sem á að fjarlægja eftir notkun	
82	Farnesól (CAS-númer 4602-84-0)			Tilvist efnisins skal tilgreind í skránni yfir innihaldsefni sem um getur í g-lið 1. mgr. 6. gr. þegar styrkur þess fer yfir: — 0,001 % í vörum sem á ekki að fjarlægja eftir notkun — 0,01 % í vörum sem á að fjarlægja eftir notkun	
83	2-(4-tert-bútýlbensýl) própíónaldehýð (CAS-númer 80-54-6)			Tilvist efnisins skal tilgreind í skránni yfir innihaldsefni sem um getur í g-lið 1. mgr. 6. gr. þegar styrkur þess fer yfir: — 0,001 % í vörum sem á ekki að fjarlægja eftir notkun — 0,01 % í vörum sem á að fjarlægja eftir notkun	
84	Línalól (CAS-númer 78-70-6)			Tilvist efnisins skal tilgreind í skránni yfir innihaldsefni sem um getur í g-lið 1. mgr. 6. gr. þegar styrkur þess fer yfir: — 0,001 % í vörum sem á ekki að fjarlægja eftir notkun — 0,01 % í vörum sem á að fjarlægja eftir notkun	
85	Bensýlbensóat (CAS-númer 120-51-4)			Tilvist efnisins skal tilgreind í skránni yfir innihaldsefni sem um getur í g-lið 1. mgr. 6. gr. þegar styrkur þess fer yfir: — 0,001 % í vörum sem á ekki að fjarlægja eftir notkun — 0,01 % í vörum sem á að fjarlægja eftir notkun	

Tilvísunar-númer	Efni	Takmarkanir			Notkunarskilyrði og varnaðarorð sem prenta verður á merkimiðann
		Notkunarsvið	Leyfilegur hámarksstyrkur í fullunninni snyrtivöru	Aðrar takmarkanir og kröfur	
a	b	c	d	e	f
86	Sítrónellól (CAS-númer 106-22-9)			Tilvist efnisins skal tilgreind í skránni yfir innihaldsefni sem um getur í g-lið 1. mgr. 6. gr. þegar styrkur þess fer yfir: — 0,001 % í vörum sem á ekki að fjarlægja eftir notkun — 0,01 % í vörum sem á að fjarlægja eftir notkun	
87	Hexýlsinnam-aldehýð (CAS-númer 101-86-0)			Tilvist efnisins skal tilgreind í skránni yfir innihaldsefni sem um getur í g-lið 1. mgr. 6. gr. þegar styrkur þess fer yfir: — 0,001 % í vörum sem á ekki að fjarlægja eftir notkun — 0,01 % í vörum sem á að fjarlægja eftir notkun	
88	d-límonen (CAS-númer 5989-27-5)			Tilvist efnisins skal tilgreind í skránni yfir innihaldsefni sem um getur í g-lið 1. mgr. 6. gr. þegar styrkur þess fer yfir: — 0,001 % í vörum sem á ekki að fjarlægja eftir notkun — 0,01 % í vörum sem á að fjarlægja eftir notkun	
89	Metýlheptín-karbónat (CAS-númer 111-12-6)			Tilvist efnisins skal tilgreind í skránni yfir innihaldsefni sem um getur í g-lið 1. mgr. 6. gr. þegar styrkur þess fer yfir: — 0,001 % í vörum sem á ekki að fjarlægja eftir notkun — 0,01 % í vörum sem á að fjarlægja eftir notkun	
90	3-metýl-4-(2,6,6-trímetýl-2-sýklóhexen-1-ýl)-3-búten-2-on (CAS-númer 127-51-5)			Tilvist efnisins skal tilgreind í skránni yfir innihaldsefni sem um getur í g-lið 1. mgr. 6. gr. þegar styrkur þess fer yfir: — 0,001 % í vörum sem á ekki að fjarlægja eftir notkun — 0,01 % í vörum sem á að fjarlægja eftir notkun	
91	Eikarmosakjarni (CAS-númer 90028-68-5)			Tilvist efnisins skal tilgreind í skránni yfir innihaldsefni sem um getur í g-lið 1. mgr. 6. gr. þegar styrkur þess fer yfir: — 0,001 % í vörum sem á ekki að fjarlægja eftir notkun — 0,01 % í vörum sem á að fjarlægja eftir notkun	
92	Trjámosakjarni (CAS-númer 90028-67-4)			Tilvist efnisins skal tilgreind í skránni yfir innihaldsefni sem um getur í g-lið 1. mgr. 6. gr. þegar styrkur þess fer yfir: — 0,001 % í vörum sem á ekki að fjarlægja eftir notkun — 0,01 % í vörum sem á að fjarlægja eftir notkun“	

11. Bæta skal inn viðauka VIII a sem í er tákn fyrir opna kremkrukku. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 10. gr. fastsetja þetta tákn fyrir 11. september 2003.

2. gr.

Við beitingu 3. liðar 1. gr., að því er varðar þriðju undirgrein c-liðar 1. mgr. 6. gr. í tilskipun 76/768/EBE, og beitingu 4. liðar 1. gr., að því er varðar þriðju undirgrein g-liðar 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 76/768/EBE, gildir eftirfarandi:

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að frá og með 11. mars 2005 setji hvorki framleiðendur né innflytjendur, sem hafa staðfestu í bandalaginu, á markað snyrtivörur sem eru ekki í samræmi við þessa tilskipun.

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari fyrir 11. september 2004. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi þann dag sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Þrátt fyrir 3. gr. skal 1. liður 1. gr. gilda frá og með 1. júlí 2002.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. febrúar 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	M. CHRISOCHOÏDIS
forseti.	*forseti.*

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 2679/98 **2007/EES/9/02**

frá 7. desember 1998

um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga milli aðildarríkjanna (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 235. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([2]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Eins og kveðið er á um í 7. gr. a í sáttmálanum myndar innri markaðurinn svæði án innri landamæra þar sem einkum eru tryggðir frjálsir vöruflutningar í samræmi við 30.–36. gr. sáttmálans.

2) Brot á þessari meginreglu, eins og eiga sér stað þegar einstaklingar hindra með aðgerðum sínum frjálsa vöruflutninga í tilteknu aðildarríki, geta valdið alvarlegri röskun á eðlilegri starfsemi innri markaðarins og valdið einstaklingunum, sem slíkt bitnar á, alvarlegu tjóni.

3) Aðildarríkin skulu, til að standa við þær skuldbindingar sem felast í sáttmálanum og einkum til að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins, annars vegar láta ógert að samþykkja ráðstafanir eða aðhafast eitthvað sem gæti orsakað viðskiptahindrun og hins vegar skulu þau gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, til að greiða fyrir frjálsum vöruflutningum á yfirráðasvæði sínu.

4) Slíkar ráðstafanir mega ekki hafa áhrif á grundvallarréttindi, þ.m.t. réttur eða frelsi til verkfalls.

5) Þessi reglugerð kemur ekki í veg fyrir neinar aðgerðir, sem kunna að vera nauðsynlegar í tilteknum tilvikum á vettvangi Bandalagsins, til að bregðast við vandamálum í starfsemi innri markaðarins, að teknu tilliti til beitingar þessarar reglugerðar, þar sem það á við.

6) Aðildarríki hefur eitt til þess vald að viðhalda allsherjarreglu og standa vörð um innra öryggi, sem og til að ákvarða hvort, hvenær og hvaða ráðstafanir eru nauðsynlegar og í réttu hlutfalli við aðstæður til að greiða fyrir frjálsum vöruflutningum á eigin yfirráðasvæði við tilteknar aðstæður.

7) Upplýsingaskipti milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar um hindranir á frjálsum vöruflutningum skulu vera fullnægjandi og hröð.

8) Ef hindranir eru fyrir hendi á frjálsum vöruflutningum á yfirráðasvæði aðildarríkis, skal það gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, til að koma aftur á frjálsum vöruflutningum eins fljótt og auðið er á yfirráðasvæði sínu til þess að forða því að röskun sú eða tjón, sem um er að ræða, verði viðvarandi, breiðist út eða magnist sem og að hrun geti orðið í viðskiptum og samningsbundum tengslum sem að baki þeim liggja. Þetta aðildarríki skal tilkynna framkvæmdastjórninni og, ef eftir því er leitað, öðrum aðildarríkjum um ráðstafanir sem það hefur gert eða hyggst gera til að ná þessu markmiði.

9) Framkvæmdastjórnin skal, til að uppfylla skyldur sínar samkvæmt sáttmálanum, tilkynna viðkomandi aðildarríki um að það telji að brot hafi verið framið og skal aðildarríkið svara tilkynningunni.

10) Í sáttmálanum er ekki kveðið á um aðrar heimildir fyrir samþykki þessarar reglugerðar en þær sem er að finna í 235. gr.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „hindrun“: hindrun frjálsra vöruflutninga milli aðildarríkja, sem rekja má til aðildarríkis, hvort sem hún felst í aðgerð eða aðgerðarleysi af þess hálfu, er kann að fela í sér brot á 30.–36. gr. sáttmálans og sem:

   a) hefur í för með sér alvarlega röskun á frjálsum vöruflutningum með því að koma í veg fyrir, áþreifanlega eða öðrum hætti, tefja eða beina annað innflutningi til, útflutningi frá eða flutningi í gegnum aðildarríki,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. EB L 337, 12.12.1998, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2004 frá 4. júní 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 25.11.2004, bls. 4.

([1]) Stjtíð. EB C 10, 15. 1. 1998, bls. 14.

([2]) Stjtíð. EB C 359, 23. 11. 1998.

([3]) Stjtíð. EB C 214, 10. 7. 1998, bls. 90.

b) veldur einstaklingunum, sem hún bitnar á, alvarlegu tjóni, og

c) krefst tafarlausra aðgerða til að komið verði í veg fyrir að röskunin eða tjónið, sem um ræðir, verði viðvarandi, breiðist út eða magnist,

2. „aðgerðarleysi“: þegar lögbær yfirvöld aðildarríkis láta hjá líða að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, sem í þeirra valdi standa, til að fjarlægja hindrun, sem einstaklingar hafa skapað með aðgerðum sínum, og tryggja frjálsa vöruflutninga á yfirráðasvæði sínu.

2. gr.

Ekki má túlka þessa reglugerð þannig að hún hafi nokkur áhrif á grundvallarréttindi, eins og þau eru viðurkennd í aðildarríkjunum, þ.m.t. réttur eða frelsi til verkfalls. Til þessara réttinda getur einnig talist réttur eða frelsi til annarra aðgerða sem fellur undir sérstök samskiptakerfi aðila vinnumarkaðarins í aðildarríkjunum.

3. gr.

1. Ef hindrun er fyrir hendi eða hætta er á hindrun

a) skal hvert það aðildarríki sem býr yfir upplýsingum, sem skipta máli (hvort sem um er að ræða aðildarríki, sem hlut á að máli, eða ekki), þegar í stað senda þær til framkvæmdastjórnarinnar, og

b) skal framkvæmdastjórnin þegar í stað senda aðildarríkjunum þessar upplýsingar ásamt hverjum þeim upplýsingum, fengnum eftir öðrum heimildum, sem hún telur að skipti máli.

2. Viðkomandi aðildarríki skal svara eins fljótt og unnt er beiðnum framkvæmdastjórnarinnar og annarra aðildarríkja um upplýsingar um eðli hindrunarinnar eða hættunnar og um það til hvaða aðgerða það hefur gripið eða hyggst grípa. Upplýsingar, sem fara á milli aðildarríkjanna, skal einnig senda til framkvæmdastjórnarinnar.

4. gr.

1. Þegar hindrun er fyrir hendi skal viðkomandi aðildarríki, með fyrirvara um 2. gr.,

a) gera allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, til að tryggja frjálsa vöruflutninga á yfirráðasvæði aðildarríkisins í samræmi við sáttmálann, og

b) tilkynna framkvæmdastjórninni um þær aðgerðir sem yfirvöld þess hafa gripið til eða hyggjast grípa til.

2. Framkvæmdastjórnin skal þegar í stað senda upplýsingarnar sem hún fær, skv. b-lið 1. mgr., til hinna aðildarríkjanna.

5. gr.

1. Telji framkvæmdastjórnin að hindrun sé fyrir hendi í aðildarríki skal hún tilkynna viðkomandi aðildarríki um ástæðurnar fyrir þessari niðurstöðu sinni og óska eftir því við aðildarríkið að það geri allar nauðsynlegar ráðstafanir, í réttu hlutfalli við aðstæður, til að afnema fyrrnefnda hindrun innan frests sem hún ákvarðar með hliðsjón af því hversu brýnt málið er.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa hliðsjón af 2. gr. þegar hún kemst að niðurstöðu.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að birta texta tilkynningarinnar, sem hún sendi viðkomandi aðildarríki, í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* og skal þegar í stað senda textann til allra aðila sem óska eftir því.

4. Aðildarríkið skal, innan fimm virkra daga frá viðtöku textans, annaðhvort:

— tilkynna framkvæmdastjórninni um þær aðgerðir sem það hefur gripið til eða hyggst grípa til til framkvæmdar 1. mgr., eða

— leggja fram rökstudda greinargerð fyrir því að ekki sé um að ræða hindrun sem brýtur í bága við 30.36. gr. sáttmálans.

5. Í undantekningartilvikum getur framkvæmdastjórnin heimilað lengingu á frestinum, sem greint er frá í 4. mgr., ef aðildarríkið leggur fram tilhlýðilega rökstudda beiðni, og rökin, sem það leggur til grundvallar, teljast fullnægjandi.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. desember 1998.

Fyrir hönd ráðsins,

J. FARNLEITNER

forseti.

ÁLYKTUN RÁÐSINS OG FULLTRÚA RÍKISSTJÓRNA AÐILDARRÍKJANNA, SEM KOMU SAMAN Á VEGUM RÁÐSINS **2007/EES/9/03**

7. desember 1998,

um frjálsa vöruflutninga (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS OG FULLTRÚAR RÍKISSTJÓRNA AÐILDARRÍKJA EVRÓPUBANDALAGANNA, SEM KOMU SAMAN Á VEGUM RÁÐSINS,

LEGGJA ÁHERSLU Á lykilhlutverk hins eina óskipta markaðar í heildaráætlun Evrópusambandsins um að stuðla að samkeppnishæfni, hagvexti og atvinnutækifærum.

LEGGJA EINNIG ÁHERSLU Á í þessu sambandi að frjálsir vöruflutningar hafa grundvallarþýðingu til að einn óskiptur markaður geti starfað með eðlilegum hætti.

HAFA Í HUGA þá skyldu aðildarríkjanna að tryggja frjálsa vöruflutninga í samræmi við 30.–36. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins og árétta skilyrðislausa skuldbindingu þeirra um að taka tafarlaust og skilvirkt á vandamálum í þessu sambandi.

VEITA ÞVÍ ATHYGLI að með alvarlegum hindrunum gagnvart frjálsum vöruflutningum er lagður verulegur efnahagslegur kostnaður á einstaklinga og nútíma dreifing og framleiðsluaðferðir eru torveldaðar. Einnig veita þau því athygli að slíkar hindranir valda miklum efasemdum um trúverðugleika hins eina óskipta markaðar, en skilvirk starfsemi hans hefur orðið æ mikilvægari með tilliti til Efnahags- og myntbandalagsins og stækkunarinnar.

LEGGJA ÁHERSLU Á þörfina á skjótum og skilvirkum aðgerðum af hálfu aðildarríkjanna og stofnana í Bandalaginu til að takast á við slík vandamál, m.a. með því að nota samvinnu á sviði stjórnsýslu.

HAFA Í HUGA niðurstöður funda leiðtogaráðsins í Amsterdam og í Lúxemborg.

VEITA ATHYGLI reglugerð ráðsins (EB) nr. 2679/98 frá 7. desember 1998 um starfsemi innri markaðarins í tengslum við frjálsa vöruflutninga milli aðildarríkjanna ([1]).

VEITA EINNIG ATHYGLI dómi Dómstóls Evrópubandalaganna frá 9. desember 1997 (mál C-265/95) sem undirstrikar þá skyldu aðildarríkjanna að grípa til allra nauðsynlegra og hæfilegra aðgerða sem þau eiga kost á í því skyni að tryggja frjálsa vöruflutninga.

LEGGJA ÁHERSLU Á að engin íhlutun skal takmarka eða hafa neikvæð áhrif á framkvæmd grundvallarréttinda, m.a. rétt eða frelsi til verkfalls eins og viðurkennt er í aðildarríkjunum.

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTT UM EFTIRFARANDI:

1. AÐILDARRÍKIN skuldbinda sig til að gera allt sem í þeirra valdi stendur, með hliðsjón af verndun grundvallarréttinda, m.a. rétti eða frelsis til verkfalls, til að viðhalda frjálsum vöruflutningum og takast á skjótan hátt við aðgerðir sem valda alvarlegri röskun á frjálsum vöruflutningum eins og skilgreint er í reglugerð (EB) nr. 2679/98.

2. AÐILDARRÍKIN skuldbinda sig til að tilkynna rekstraraðilum sínum um slíkar raskanir og aðgerðir til að ná tökum á þeim.

3. AÐILDARRÍKIN samþykkja að tryggja að skjótar og skilvirkar reglur um meðferð kæru séu tiltækar öllum þeim sem hafa orðið fyrir skaða vegna brots á sáttmálanum sem afleiðing hindrunar í skilningi 1. gr. reglugerðar (EB) nr. 2679/98. Þau skuldbinda sig til að gera allar sanngjarnar og hæfilegar ráðstafanir til að tilkynna þeim sem hafa orðið fyrir slíku broti á sáttmálanum um að slík úrræði séu fyrir hendi og um þá málsmeðferð sem skal fylgja til ná þeim fram.

4. AÐILDARRÍKIN samþykkja einnig að gera nauðsynlegar ráðstafanir, í samræmi við ákvæði sáttmálans, til að tryggja að unnt sé að taka beiðnir um umræðu um frjálsa vöruflutninga fljótt til greina á viðeigandi sviði innan ráðsins ef tilteknar aðstæður gefa ástæðu til þessa.

5. RÁÐIÐ veitti athygli fyrirætlun framkvæmdastjórnarinnar um að setja ströng tímamörk vegna málsmeðferðar skv. 169. gr. sáttmálans varðandi mál sem heyra undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 2679/98 og fer fram á það við framkvæmdastjórnina að hún tilkynni ráðinu um sérstök framtaksverkefni í þessu sambandi.

6. AÐILDARRÍKIN veita því athygli að í tilvikum, sem vísað er til í 5. mgr., getur sá tímafrestur sem framkvæmdastjórnin ákveður fyrir framlagningu athugasemda verið allt niður í fimm virka daga og einnig sá frestur sem er gefinn til að skila rökstuddu áliti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. EB L 337, 12.12.1998, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2004 frá 4. júní 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 25.11.2004, bls. 4.

([1]) Stjtíð. EB L 337, 12.12.1998, bls. 8.

7. RÁÐIÐ hvetur Dómstól Evrópubandalaganna til að íhuga hvort flýta megi málum sem falla innan gildissviðs reglugerðar (EB) nr. 2679/98 og heitir því að skoða allar tillögur í þeim tilgangi að breyta málsmeðferðarreglum Dómstólsins með hraði og opnum huga.

8. RÁÐIÐ hvetur framkvæmdastjórnina til að leggja fram skýrslu um beitingu reglugerðar (EB) nr. 2679/98 tveimur árum eftir gildistöku hennar.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2003/32/EB **2007/EES/9/04**

frá 23. apríl 2003

um nákvæmar forskriftir varðandi kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 93/42/EBE að því er tekur til lækningatækja sem eru framleidd með eða úr vefjum, upprunnum úr dýraríkinu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki ([1]), eins og henni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/104/EB ([2]), einkum b-lið 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 5. mars 2001 samþykkti Frakkland innlenda ráðstöfun um bann við framleiðslu, markaðssetningu, dreifingu, innflutningi, útflutningi og notkun lækningatækja sem eru framleidd úr efnum upprunnum úr dýraríkinu og notuð sem heilabastlíki.

2) Frakkland rökstuddi þessa ráðstöfun með því að benda á að óvissa ríkir um hvort hætta sé á að heilahrörnun í dýrum berist í menn með slíkum lækningatækjum og að aðrir kostir eru í boði í formi tilbúinna efna eða samgenaefna úr sjúklingnum.

3) Önnur aðildarríki hafa gert einhliða, innlendar ráðstafanir á öðrum lagagrundvelli í tengslum við notkun tiltekinna hráefna sem eru upprunnin úr vefjum dýra og skapa sérstaka hættu á útbreiðslu heilahrörnunar dýra.

4) Allar þessar innlendu ráðstafanir varða almenna verndun almannaheilbrigðis gegn hættunni á því að heilahrörnun í dýrum berist með lækningatækjum.

5) Hvað varðar uppruna efna, sem eru notuð í lækningatæki, gilda ákvæði sem sett eru fram í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um auka-afurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis ([3]).

6) Nauðsynlegt er, til að auka öryggi og heilsuvernd, að efla frekar verndarráðstafanir gegn þeirri hættu að heilahrörnun í dýrum berist almennt með lækningatækjum.

7) Vísindanefndin um lyf og lækningatæki hefur samþykkt álitsgerð um notkun áhættuefna, með tilliti til smitandi heilahrörnunar, við framleiðslu ígræðanlegra lækningatækja, þar sem mælt er með því að krafa verði gerð, sem mikilvægur hluti af áhættustjórnuninni, til framleiðenda tækja, sem nota vefi úr dýrum eða afleiður þeirra, um að þeir færi fullnægjandi rök fyrir notkun þessara vefja, með tilliti til ávinnings sjúklinga og samanburðar við önnur efni.

8) Vísindastýrinefndin hefur samþykkt nokkrar álitsgerðir um sérstök áhættuefni og um afurðir úr vefjum jórturdýra, s.s. gelatín og kollagen, sem tengjast öryggi lækningatækja beint.

9) Lækningatæki, sem eru framleidd með eða úr ólífvænlegum dýravefjum eða afleiðum þeirra, sem hafa verið gerðar ólífvænlegar, eru tæki í III. flokki samkvæmt flokkunarreglum sem settar eru fram í IX. viðauka við tilskipun 93/42/EBE, nema slíkum tækjum sé aðeins ætlað að komast í snertingu við óskaddaða húð.

10) Áður en lækningatæki eru sett á markað eru þau háð reglunum um samræmismat sem mælt er fyrir um í tilskipun 93/42/EBE, hvort sem þau eru upprunnin í Bandalaginu eða innflutt frá þriðju löndum.

11) Í I. viðauka við tilskipun 93/42/EBE eru settar fram þær grunnkröfur sem lækningatæki skulu uppfylla samkvæmt tilskipuninni. Í lið 8.1 og 8.2 í viðaukanum eru settar fram sérstakar kröfur sem ætlað er að útiloka eða draga eins og framast er unnt úr hættu á að sjúklingur, notandi og þriðju aðilar sýkist vegna vefja, sem upprunnir eru úr dýraríkinu, og tekið er fram að nauðsynlegt sé að þær lausnir, sem framleiðandinn nýtir við hönnun og byggingu tækjanna, uppfylli öryggisreglur, að teknu tilliti til fremstu tækniþekkingar sem almennt er viðurkennd.

12) Hvað varðar lækningatæki, sem eru framleidd með eða úr vefjum, upprunnum úr dýraríkinu, er nauðsynlegt að samþykkja nákvæmari forskriftir að því er varðar kröfur í lið 8.2 í I. viðauka við tilskipun 93/42/EBE og að tilgreina tiltekin atriði varðandi áhættugreininguna og áhættustjórnunina samkvæmt reglum um samræmismat sem um getur í 11. gr. tilskipunarinnar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 105, 26.4.2003, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 72/2004 frá 4. júní 2004 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 25.11.2004, bls. 6.

([1]) Stjtíð. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 6, 10.1.2002, bls. 50.

([3]) Stjtíð. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1.

13) Rétt er að skýra frekar sum hugtök, sem notuð eru í tilskipun 93/42/EBE, til þess að tryggja samræmda framkvæmd á þessari tilskipun.

14) Nauðsynlegt er að veita nægilega langt aðlögunartímabil fyrir lækningatæki sem hafa nú þegar EB-vottorð um hönnunareftirlit eða EB-gerðarprófunarvottorð.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lækningatæki sem komið var á fót með 2. mgr. 6. gr. tilskipunar ráðsins 90/385/EBE ([1]).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

1. Í þessari tilskipun er mælt fyrir um nákvæmar forskriftir í tengslum við hættuna á að smitandi heilahrörnun berist í sjúklinga eða aðra við eðlilega notkun lækningatækja sem eru framleidd með eða úr vefjum dýra, sem hafa verið gerðir ólífvænlegir, eða ólífvænlegum afurðum úr vefjum dýra.

2. Dýravefir, sem falla undir þessa tilskipun, eru vefir sem upprunnir eru úr nautgripum, sauðfé og geitum, sem og hjartardýrum, elgum, minkum og köttum.

3. Kollagen, gelatín og tólg, sem notað er við framleiðslu lækningatækja, skulu a.m.k. uppfylla kröfur um að henta til manneldis.

4. Þessi tilskipun gildir ekki um lækningatæki sem um getur í 1. mgr. og ekki er ætlað að komast í snertingu við mannslíkamann eða er aðeins ætlað að komast í snertingu við óskaddaða húð.

2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir, auk þeirra merkinga sem settar eru fram í tilskipun 93/42/EBE:

a) „fruma“: smæsta byggingareining allra lífvera sem getur lifað sjálfstætt og endurnýjað sjálfa sig í hentugu umhverfi,

b) „vefur“: hópur af frumum og/eða utanfrumuefni,

c) „afleiða“: efni unnið úr dýravefjum með framleiðsluferli, s.s. kollagen, gelatín eða einstofnamótefni,

d) „ólífvænlegur“: enginn möguleiki á efnaskiptum eða fjölgun,

e) „smitefni“: óflokkaðir sjúkdómsvaldar, prótínsýklar (príónur) og efni eins og smitefni kúariðu (heilahrörnunar í nautgripum) og smitefni riðuveiki,

f) „skerðing, eyðing eða fjarlæging“: ferli þar sem dregið er úr magni smitefna, þeim eytt eða þau fjarlægð til þess að koma í veg fyrir sýkingu eða sjúkdómsvaldandi áhrif,

g) „óvirkjun“: ferli þar sem dregið er úr getu smitefna til að sýkja eða úr sjúkdómsvaldandi áhrifum af smitefni,

h) „upprunaland“: landið þar sem dýrið er borið, alið og/eða slátrað,

i) „upphafsefni“: hráefni eða aðrar afurðir úr dýraríkinu sem eru notaðar við framleiðslu tækjanna, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., eða sem tækin eru framleidd úr.

3. gr.

Áður en umsókn um samræmismat skv. 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 93/42/EBE er lögð fram skal framleiðandi lækningatækja, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., beita áhættugreiningar- og áhættustjórnunarfyrirkomulaginu sem sett er fram í viðaukanum við þessa tilskipun.

4. gr.

Aðildarríki skulu sannprófa að aðilar, sem tilkynntir eru skv. 16. gr. tilskipunar 93/42/EBE, hafi nýjustu þekkingu á lækningatækjunum sem um getur í 1. mgr. 1. gr., til þess að meta hvort tækin, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., samrýmist ákvæðum tilskipunar 93/42/EBE og forskriftunum sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa tilskipun.

Ef þörf er á því, á grundvelli sannprófuninnar, að aðildarríki breyti verkefnum tilkynnts aðila skal það aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum um það.

5. gr.

1. Reglur um samræmismat fyrir lækningatæki, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., skulu fela í sér mat á því hvort farið sé að grunnkröfum tilskipunar 93/42/EBE og forskriftunum sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. Tilkynntir aðilar skulu meta áhættugreiningar- og áhættustjórnunarfyrirkomulag framleiðandans, einkum:

a) upplýsingarnar sem framleiðandinn veitir,

b) rök fyrir notkun dýravefja eða afleiða þeirra,

c) niðurstöður rannsókna á eyðingu og/eða óvirkjun eða niðurstöður heimildaleitar,

d) eftirlit framleiðanda með uppruna hráefna, fullunnum vörum og undirverktökum,

e) nauðsyn á úttekt á málum er varða uppruna, þ.m.t. birgðir frá þriðja aðila.

([1]) Stjtíð. EB L 189, 20.7.1990, bls. 17.

3. Meðan á mati á áhættugreiningu og áhættustjórnun stendur skulu tilkynntir aðilar, samkvæmt reglunum um samræmismat, taka tillit til hæfisvottorðs vegna smitandi heilahrörnunar sem Aðalskrifstofa Evrópsku lyfjaskrárinnar gefur út, hér á eftir kallað „vottorð vegna smitandi heilahrörnunar“, vegna upphafsefna, ef það er fyrir hendi.

4. Innlendir aðilar skulu, með milligöngu lögbærs yfirvalds síns, leita álits lögbærra yfirvalda hinna aðildarríkjanna á mati sínu og niðurstöðum varðandi áhættugreiningu og áhættustjórnun framleiðanda lækningatækis, að því er varðar vefi eða afleiður sem á að nota í lækningatækið, nema þegar um er að ræða lækningatæki úr upphafsefnum sem gefið hefur verið út vottorð fyrir vegna smitandi heilahrörnunar, eins og um getur í 3. mgr.

Áður en tilkynntir aðilar gefa út EB-vottorð um hönnunareftirlit eða EB-gerðarprófunarvottorð skulu þeir taka tilhlýðilegt tillit til allra athugasemda sem berast innan 12 vikna frá þeim degi sem álits lögbærra, innlendra yfirvalda var leitað.

6. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að lækningatæki, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., séu aðeins sett á markað og tekin í notkun ef þau eru í samræmi við ákvæði tilskipunar 93/42/EBE og forskriftirnar sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa tilskipun.

7. gr.

1. Handhafar EB-vottorða um hönnunareftirlit eða EB-gerðarprófunarvottorða, sem gefin voru út fyrir 1. apríl 2004 vegna lækningatækja, sem um getur í 1. mgr. 1. gr., skulu sækja um EB-viðbótarvottorð um hönnunareftirlit eða EB-viðbótarvottorð um gerðarprófun til staðfestingar á því að farið sé að forskriftunum sem mælt er fyrir um í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. Fram til 30. september 2004 skulu aðildarríki samþykkja að lækningatæki, sem um getur í 1. mgr. 1. gr. og heyra undir EB-vottorð um hönnunareftirlit eða EB-gerðarprófunarvottorð sem gefið er út fyrir 1. apríl 2004, séu sett á markað og tekin í notkun.

8. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 2004. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. apríl 2004.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

9. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

10. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. apríl 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki LIIKANEN

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

1. ÁHÆTTUGREINING OG ÁHÆTTUSTJÓRNUN

1.1. **Rök fyrir notkun dýravefja eða afleiða þeirra**

Framleiðandi verður, á grundvelli þess heildarfyrirkomulags sem hann notar við áhættugreiningu og áhættustjórnun, að færa rök fyrir ákvörðun sinni að nota dýravefi eða afleiður þeirra, sem um getur í 1. gr. (þar sem dýrategund og vefir eru tilgreindir), með tilliti til klínísks ávinnings sem vænta má, hugsanlegrar áhættu sem er enn fyrir hendi og viðeigandi valkosta.

1.2. **Matsaðferð**

Framleiðandi tækja, sem eru framleidd með eða úr dýravefjum eða afleiðum þeirra, sem um getur í lið 1.1, skal beita viðeigandi og vel skjalfestu áhættugreiningar- og áhættustjórnunarfyrirkomulagi, sem nær yfir alla viðeigandi þætti sem tengjast smitandi heilahrörnun, til þess að tryggja víðtæka vernd fyrir sjúklinga eða notendur. Honum ber að greina hættuna, sem tengist þessum vefjum eða afleiðum, taka saman skjöl um ráðstafanir til að draga eins og framast er unnt úr smithættu og sýna fram á að áhætta, sem er enn fyrir hendi vegna tækis, sem er framleitt með eða úr slíkum vefjum eða afleiðum, sé ásættanleg með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar og ávinnings af tækinu.

Öryggi tækis, með tilliti til möguleika þess á að bera með sér smitefni, er háð öllum þáttunum, sem lýst er í lið 1.2.1 til 1.2.7, og ber að greina þá og meta og hafa stjórn á þeim. Saman ákvarða þessar ráðstafanir öryggi tækisins.

Taka ber tillit til tveggja lykilþrepa.

Þau eru:

— að velja upphafsefni (vefi eða afleiður) sem teljast heppileg að því er varðar hugsanlega mengun þeirra af smitefnum (sjá 1.2.1, 1.2.2 og 1.2.3), að teknu tilliti til frekari vinnslu,

— að beita framleiðsluaðferð til að fjarlægja eða óvirkja smitefni í vefjum eða afleiðum þar sem haft er eftirlit með uppruna þeirra (sjá 1.2.4).

Enn fremur ber að taka tillit til eiginleika tækisins og fyrirhugaðrar notkunar (sjá 1.2.5, 1.2.6 og 1.2.7).

Þegar áhættugreiningar- og áhættustjórnunarfyrirkomulaginu er beitt skal taka tilhlýðilegt tillit til álitsgerða, sem viðeigandi vísindanefndir hafa samþykkt, og, eftir því sem við á, til álitsgerða sérlyfjanefndarinnar en tilvísanir í álitsgerðirnar hafa verið birtar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

1.2.1. *Dýr sem upprunaefni*

Hættan á smitandi heilahrörnun tengist upprunategund, stofnum og eðli upphafsvefsins. Þar sem smit smitandi heilahrörnunar safnast upp á nokkurra ára meðgöngutímabili er talið að það minnki áhættuna að nota ung, heilbrigð dýr. Útiloka ber áhættusöm dýr eins og sjálfdautt búfé, dýr, sem er slátrað í neyð, og dýr sem grunur leikur á að beri smitandi heilahrörnun.

1.2.2. *Landfræðilegur uppruni*

Þar til flokkun landa hefur farið fram samkvæmt stöðu kúariðu í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar ([1]), er stuðst við GBR (landfræðileg hætta á kúariðu) við mat á áhættu sem fylgir upprunalandinu. GBR er eigindleg vísbending um líkurnar á því að einn eða fleiri nautgripir séu sýktir af kúariðu, með forklínísk og klínísk einkenni, í tilteknu landi á tilteknum tíma. Þegar tilvik hefur verið staðfest gefur GBR vísbendingu um umfang sýkingarinnar eins og greint er frá í töflunni hér á eftir.

GBR-stig	Einn eða fleiri nautgripir eru með klínísk eða forklínísk einkenni sýkingar af smitefni kúariðu á landsvæði/landi
I	Mjög ólíklegt
II	Ólíklegt en ekki útilokað
III	Líklegt en ekki staðfest eða staðfest, við lægra stig
IV	Staðfest, við hærra stig

([1]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

Tilteknir þættir hafa áhrif á landfræðilega hættu á kúariðusýkingu sem tengist notkun óunninna vefja eða afleiða þeirra frá einstökum löndum. Þessir þættir eru skilgreindir í 1. lið greinar 2.3.13.2 í alþjóðaheilbrigðisreglum Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar (Office International des Épizooties (OIE)) fyrir dýr, sem unnt er að nálgast á vefsetrinu www.oie.int/eng/normes/Mcode/A_00067.htm

Vísindastýrinefndin hefur metið landfræðilega hættu á kúariðu (GBR) í nokkrum þriðju löndum og aðildarríkjum, og mun halda því áfram fyrir öll lönd sem sóttu um flokkun eftir stöðu kúariðu, þar sem tekið er tillit til helstu þátta Alþjóðadýraheilbrigisstofnunarinnar.

1.2.3. *Eðli upphafsvefs*

Framleiðanda ber að taka tillit til flokkunar á þeim hættum sem tengjast ólíkum tegundum upphafsvefja. Uppruni dýravefja skal vera háður eftirliti og skoðun dýralæknis á sérhverjum vef og dýraskrokki skal fylgja vottorð um að hann henti til manneldis.

Framleiðandinn skal tryggja að engin hætta sé á víxlmengun við slátrun.

Framleiðandinn skal ekki nota dýravef eða afleiður hans, sem hafa verið settar í flokk með hugsanlega mjög smituðum efnum með tilliti til smitandi heilahrörnunar, nema í undantekningartilvikum þegar nauðsynlegt er að nota slík efni og tekið er tillit til mikils ávinnings sjúklingsins og að ekki sé um annan upphafsvef að ræða.

Að auki skal beita ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

1.2.3.1. Sauðfé og geitur

Flokkun smitunar í vefjum sauðfjár og geita hefur verið tekin upp og byggist hún á þekkingu, á grundvelli títrunargildis smitefnis í vefjum og líkamsvessum sauðfjár og geita sem eru með klínísk einkenni riðuveiki og hafa sýkst á náttúrlegan hátt. Sett var fram tafla í áliti vísindastýrinefndarinnar frá 22.-23. júlí 1999 um stefnu um undaneldi og arfgerðarrannsóknir á sauðfé (sem viðauki) ([1]) og hún var uppfærð í áliti vísindastýrinefndarinnar sem samþykkt var 10.-11. janúar 2002 „Dreifing smits smitandi heilahrörnunar í vefjum jórturdýra samkvæmt þeirri þekkingu sem var fyrir hendi í desember 2001“ ([2]).

Heimilt er að endurskoða flokkunina með tilliti til nýrra vísindarannsókna (t.d. með því að nota hlutaðeigandi álit vísindanefndanna, sérlyfjanefndarinnar og ráðstafanir framkvæmdastjórnarinnar til að setja reglur um notkun efnis sem hætta stafar af með tilliti til smitandi heilahrörnunar). Endurskoðun á tilvísunum í hlutaðeigandi skjöl/álit verður birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins og verður skráð eftir að framkvæmdastjórnin hefur tekið ákvörðun.

1.2.3.2. Nautgripir

Líta skal svo á að efni í skrá yfir sérstök áhættuefni, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 999/2001, flokkist sem hugsanlega mjög smitandi efni með tilliti til smitandi heilahrörnunar.

1.2.4. *Óvirkjun eða fjarlæging smitefna*

1.2.4.1. Vegna tækja, sem þola ekki óvirkjunar-/fjarlægingarferli án þess að verða fyrir óviðunandi skemmdum, þarf framleiðandinn aðallega að reiða sig á eftirlit með uppruna.

1.2.4.2. Vegna annarra tækja þarf að rökstyðja með viðeigandi gögnum hugsanlegar fullyrðingar framleiðanda um að framleiðsluferli geti fjarlægt eða óvirkjað smitefni.

Unnt er að nota tilheyrandi upplýsingar úr viðeigandi vísindalegri heimildaleit og -greiningu til að styðja óvirkjunar-/fjarlægingarþætti, þar sem sérstakir ferlar, sem um getur í fræðiritunum, eru sambærilegir þeim sem notaðir eru fyrir tækið. Þessi leit og greining skal einnig ná til fyrirliggjandi vísindalegra álitsgerða sem vísindanefnd ESB kann að hafa samþykkt. Nota skal þessar álitsgerðir sem tilvísun í þeim tilvikum þegar álit stangast á.

Þegar heimildaleit getur ekki rökstutt fullyrðingarnar þarf framleiðandinn að gera sérstaka vísindalega óvirkjunar- og/eða fjarlægingarrannsókn og þarf að hafa eftirfarandi atriði í huga:

— auðkenndar hættur sem tengjast vefnum,

— auðkenningu tilheyrandi smitefnafyrirmynda,

— rök fyrir vali á tilteknum samsetningum smitefnafyrirmynda,

([1]) Unnt er að nálgast það á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar http://europa.eu.int/comm/ food/fs/sc/ssc/outcome_en.html.

([2]) Unnt er að nálgast það á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar http://europa.eu.int/comm/ food/fs/sc/ssc/outcome_en.html.

— auðkenningu á þeim áfanga sem valinn er til að fjarlægja og/eða óvirkja smitefnin,

— útreikning á skerðingarstuðlunum.

Í lokaskýrslu skulu koma fram færibreytur og viðmiðunarmörk í framleiðslunni sem hafa sérstaka þýðingu fyrir árangurinn af óvirkjunar- eða fjarlægingarferlinu.

Beita skal viðeigandi skjalfestum aðferðum til að tryggja að fullgiltu vinnslufæribreytunum sé beitt við venjubundna framleiðslu.

1.2.5. *Magn upphafsvefja úr dýrum eða afleiða þeirra sem þarf til að framleiða eina einingu af lækningatækinu*

Framleiðanda ber að meta hvaða magn vefja úr hráefni eða afleiða þeirra, sem eru upprunnar úr dýraríkinu, þarf til að framleiða eina einingu af lækningatækinu. Þegar um er að ræða hreinsunarferli skal framleiðandinn meta hvort það geti hugsanlega styrkt magn smitefna í upphafsvefjum úr dýrum eða afleiðum þeirra.

1.2.6. *Vefir eða afleiður þeirra upprunnar úr dýraríkinu sem komast í snertingu við sjúklinga eða notendur*

Framleiðandinn skal skoða:

i) magn dýravefja eða afleiða þeirra,

ii) snertiflötinn: yfirborð hans, gerð (t.d. húð, slímhúð, heili) og ástand (t.d. heilbrigður eða skemmdur),

iii) gerð vefjanna eða afleiðanna sem komast í snertingu við sjúklinga og/eða notendur, og

iv) hversu lengi tækið á að vera í snertingu við líkamann (þ.m.t. afdrif í líkamanum (bioresorption effect)).

Taka skal tillit til fjölda lækningatækja sem gætu verið notuð í tilteknar aðgerðir.

1.2.7. *Íkomuleið*

Framleiðandinn skal taka tillit til íkomuleiðarinnar sem ráðlögð er í vöruupplýsingunum, frá mestu áhættu til minnstu.

1.3. **Endurskoðun á mati**

Framleiðandinn skal koma á og viðhalda kerfisbundinni aðferð til að endurskoða upplýsingar sem fást um lækningatæki hans eða svipuð tæki í áfanganum eftir framleiðslu. Upplýsingarnar skulu metnar með tilliti til þess að þær kunna að skipta máli með tilliti til öryggis, sérstaklega:

a) ef hætta greinist sem áður var óþekkt,

b) ef sú áhætta, sem áætlað er að fylgi tiltekinni hættu, er ekki lengur viðunandi,

c) ef upphaflegt mat er ógilt á annan hátt.

Ef eitthvert framangreindra atriða á við skal nota niðurstöður matsins sem inntaksgögn fyrir áhættustjórnunarferlið.

Í ljósi þessara nýju upplýsinga skal kanna möguleika á endurskoðun á viðeigandi áhættustjórnunarráðstöfunum vegna tækisins (þ.m.t. rök fyrir vali á dýravef eða afleiðu hans). Ef möguleiki er á því að áhætta, sem er enn fyrir hendi, eða álit á því hvort hún sé viðunandi hafi breyst skal endurmeta og rökstyðja áhrifin á áhættustjórnunarráðstafanir sem áður voru framkvæmdar.

Skjalfesta skal niðurstöður þessa mats.

2. MAT TILKYNNTRA AÐILA Á LÆKNINGATÆKJUM Í III. FLOKKI

Þegar um er að ræða tæki sem falla undir III. flokk skv. 17. reglu ([1]) í IX. viðauka við tilskipun 93/42/EBE skulu framleiðendur veita tilkynntum aðilum, sem um getur í 4. gr. þessarar tilskipunar, allar tilheyrandi upplýsingar til að hægt sé að meta núverandi áhættugreiningar- og áhættustjórnunarfyrirkomulag þeirra. Allar nýjar upplýsingar um hættu á smitandi heilahrörnun, sem framleiðandinn safnar saman og varða tæki hans, skal senda tilkynntum aðila til upplýsingar.

Allar breytingar, sem tengjast ferlum er varða uppruna, söfnun, meðhöndlun og óvirkjun/fjarlægingu og gætu breytt niðurstöðum áhættustjórnunarskjala framleiðandans, skulu sendar tilkynnta aðilanum í þeim tilgangi að fá viðbótarsamþykkt áður en þær eru settar í framkvæmd.

([1]) Öll lækningatæki sem eru framleidd með eða úr dýravefjum eða afleiðum þeirra, sem gerð hafa verið ólífvænleg, nema þessum tækjum sé eingöngu ætlað að komast í snertingu við óskaddað hörund.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2003/71/EB **2007/EES/9/05**

frá 4. nóvember 2003

um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 44. og 95. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópu ([2]),

með hliðsjón af áliti Seðlabanka Evrópu ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 80/390/EBE frá 17. mars 1980 til samræmingar á kröfum um gerð, athugun og dreifingu á útboðs- og skráningarlýsingum sem birta skal þegar verðbréf eru tekin til opinberrar skráningar á verðbréfaþingi ([5]) og 89/298/EBE frá 17. apríl 1989 um samræmingu á kröfum við gerð, athugun og dreifingu á útboðslýsingu sem birta skal við almennt útboð framseljanlegra verðbréfa ([6]) voru samþykktar fyrir nokkrum árum en með þeim var komið á takmarkaðri og flókinni tilhögun gagnkvæmrar viðurkenningar sem nær ekki að uppfylla markmiðið um Evrópupassa eins og kveðið er á um í þessari tilskipun. Þessar tilskipanir ber að endurbæta, uppfæra og sameina í einn texta.

2) Í millitíðinni var tilskipun 80/390/EBE felld inn í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/34/EB frá 28. maí 2001 um opinbera skráningu verðbréfa á verðbréfaþingi og upplýsingar sem birtar skulu um slík verðbréf ([7]) sem kerfisbindur nokkrar tilskipanir á sviði skráðra verðbréfa.

3) Til að tryggja samræmi er samt sem áður rétt að sameina þau ákvæði tilskipunar 2001/34/EB, sem rekja má til tilskipunar 80/390/EBE, tilskipun 89/298/EBE og breyta tilskipun 2001/34/EB til samræmis við það.

4) Þessi tilskipun er grundvallarskjal fyrir tilkomu innri markaðarins, eins og tilgreint er í tímaáætlun í orðsendingum framkvæmdastjórnarinnar: „Aðgerðaráætlun á sviði áhættufjármagns“ og „Að setja ramma um starfsemi fjármálamarkaða: Aðgerðaráætlun“, og skapar eins greiðan aðgang að fjárfestingarfé innan Bandalagsins og hægt er, þ.m.t. fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og sprotafyrirtæki, með því að veita útgefendum Evrópupassa.

5) Þann 17. júlí 2000 skipaði ráðið vísdómsmannanefnd um regluverk yfir verðbréfamarkaði í Evrópu. Í frumskýrslu sinni frá 9. nóvember 2000 leggur nefndin áherslu á að ekki sé til nein sameiginleg skilgreining á almennu útboði verðbréfa sem hefur í för með sér að sama aðgerð telst vera lokað útboð verðbréfa í sumum aðildarríkjum en ekki í öðrum. Núverandi kerfi letur fyrirtæki til að afla fjármagns innan alls Bandalagsins og þar með til að hafa aðgang að stórum, skilvirkum og samþættum fjármálamarkaði.

6) Í lokaskýrslu sinni frá 15. febrúar 2001 lagði vísdómsmannanefndin fram tillögu um nýjar aðferðir við lagasetningu sem byggja á fjórum stigum, þ.e. rammareglum, framkvæmdarráðstöfunum, samstarfi og framfylgd. Þannig takmarkast 1. stig, tilskipunin, við víðar, almennar „rammareglur“ en 2. stig felur í sér tæknilegar framkvæmdarráðstafanir sem framkvæmdastjórnin ákveður með aðstoð nefndar.

7) Á fundi sínum í Stokkhólmi 23. og 24. mars 2001 áritaði leiðtogaráðið lokaskýrslu vísdómsmannanefndarinnar og fyrirhugaða fjögurra stiga aðferð sem á að gera lagasetningarferli Bandalagsins á sviði verðbréfa skilvirkara og gagnsærra.

8) Með ályktun Evrópuþingsins frá 5. febrúar 2002 um framkvæmd löggjafar um fjármálaþjónustu var skýrsla vísdómsmannanefndarinnar einnig árituð, á grundvelli drengskaparheits, sem framkvæmdastjórnin gaf þinginu sama dag, og bréfs frá 2. október 2001, sem fulltrúi fyrir innri markaðinn sendi formanni nefndar á vegum þingsins um efnahags- og peningamál, um að standa vörð um hlutverk Evrópuþingsins í þessu ferli.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/2004 frá 4. júni 2004 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 25.11.2004, bls. 7.

([1]) Stjtíð. EB C 240 E, 28.8.2001, bls. 272 og Stjtíð. EB C 20 E, 28.1.2003, bls. 122.

([2]) Stjtíð. EB C 80, 3.4.2002, bls. 52.

([3]) Stjtíð. EB C 344, 6.12.2001, bls. 4.

([4]) Álit Evrópuþingsins frá 14. mars 2002 (Stjtíð. EB C 47 E, 27.2.2003, bls. 417), sameiginleg afstaða ráðsins frá 24. mars 2003 (Stjtíð. EB C 125 E, 27.5.2003, bls. 21) og afstaða Evrópuþingsins frá 2. júlí 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB). Ákvörðun ráðsins frá 15. júlí 2003.

([5]) Stjtíð. EB L 100, 17.4.1980, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/18/EB (Stjtíð. EB L 135, 31.5.1994, bls. 1).

([6]) Stjtíð. EB L 124, 5.5.1989, bls. 8.

([7]) Stjtíð. EB L 184, 6.7.2001, bls. 1.

9) Samkvæmt fundi leiðtogaráðsins í Stokkhólmi ber að beita 2. stigs framkvæmdarráðstöfunum oftar til að tryggja að tæknileg ákvæði verði uppfærð til samræmis við þróun markaðarins og eftirlitsmála, einnig að setja beri fresti fyrir alla áfanga á 2. stigi.

10) Markmiðið með þessari tilskipun og framkvæmdarráðstöfunum hennar er að tryggja vernd fjárfesta og skilvirkni markaðarins, í samræmi við stranga eftirlitsstaðla sem eru samþykktir á viðeigandi alþjóðlegum vettvangi.

11) Verðbréf, sem ekki eru hlutabréf, gefin út af aðildarríki, svæðis- eða staðaryfirvaldi aðildarríkis, opinberri alþjóðlegri stofnun, sem eitt eða fleiri aðildarríki eru aðilar að, Seðlabanka Evrópu eða seðlabönkum aðildarríkjanna, falla ekki undir þessa tilskipun og því hefur hún ekki áhrif á þau. Framangreindum útgefendum er samt sem áður heimilt, ef þeir kjósa svo, að semja útboðs- og skráningarlýsingu í samræmi við þessa tilskipun.

12) Í því skyni að tryggja vernd fjárfesta þurfa ákvæðin að taka til allra verðbréfa sem eru hlutabréf og verðbréfa sem ekki eru hlutabréf, sem boðin eru í almennu útboði eða skráð á skipulegan markað eins og skilgreint er í tilskipun ráðsins 93/22/EBE frá 10. maí 1993 um fjárfestingarþjónustu á sviði verðbréfaviðskipta ([1]), en ekki aðeins verðbréfa sem hafa verið opinberlega skráð í kauphöllum. Hin víða skilgreining á verðbréfum í þessari tilskipun, þ.m.t. áskriftarréttur, varinn áskriftarréttur og skírteini, gildir aðeins í þessari tilskipun og hefur þar af leiðandi engin áhrif á ýmsar skilgreiningar á fjármálagerningum sem notaðar eru í löggjöf einstakra ríkja í öðru samhengi, m.a. varðandi skattlagningu. Sum verðbréf, sem eru skilgreind í þessari tilskipun, veita handhafa rétt til að kaupa framseljanleg verðbréf eða fá uppgjör í reiðufé við uppgreiðslu samnings sem ákvarðast af vísun til annarra þátta, einkum framseljanlegra verðbréfa, gjaldmiðla, vaxta eða ávöxtunarkröfu, hrávöru eða annarra vísitalna eða mælikvarða. Hlutaskírteini og breytanleg skuldabréf, t.d. verðbréf sem eru breytanleg að vali fjárfestisins, rúmast innan skilgreiningarinnar á verðbréfum, sem ekki eru hlutabréf, sem sett er fram í þessari tilskipun.

13) Litið skal svo á að útgáfa verðbréfa af svipaðri gerð og/eða í svipuðum flokki, þegar um er að ræða verðbréf, sem ekki eru hlutabréf, sem eru gefin út á grundvelli útboðsáætlunar, þ.m.t. áskriftarréttur og hvers konar skírteini, sem og samfelld eða endurtekin útgáfa verðbréfa, taki ekki eingöngu til eins verðbréfa heldur einnig verðbréfa sem tilheyra, almennt séð, sama flokki. Þessi verðbréf geta tekið til mismunandi fjármálaafurða eins og skuldabréfa, skírteina, áskriftarréttinda, eða sömu afurðar innan sömu áætlunar, og geta haft mismunandi einkenni einkum að því er varðar forgang, tegundir skjala sem liggja til grundvallar eða á hverju ákvörðun um innlausnarupphæð eða arðmiðagreiðslu byggist.

14) Til að hægt sé að veita útgefanda Evrópupassa, sem gildir alls staðar í Bandalaginu, og beita meginreglunni um upprunaland þarf að vera gengið út frá því að heimaaðildarríkið sé það ríki sem er best í stakk búið til að hafa eftirlit með útgefandanum í samræmi við þessa tilskipun.

15) Kröfur um upplýsingar samkvæmt þessari tilskipun koma ekki í veg fyrir að aðildarríki, lögbært yfirvald eða kauphöll setji, samkvæmt reglum sínum, aðrar sérstakar kröfur í tengslum við skráningu verðbréfa á skipulegan markað (einkum að því er varðar stjórnarhætti fyrirtækja). Slíkar kröfur mega ekki, beint eða óbeint, takmarka samningu, innihald og dreifingu útboðs- og skráningarlýsingu sem lögbært yfirvald hefur samþykkt.

16) Eitt af markmiðum þessarar tilskipunar er að vernda fjárfesta. Það er því viðeigandi að tekið sé tillit til mismunandi krafna um vernd fyrir hina ýmsu flokka fjárfesta með mismunandi stig sérþekkingar. Ekki er krafist birtingar útboðs- og skráningarlýsingar ef útboð takmarkast við fagfjárfesta. Á hinn bóginn er gerð krafa um birtingu útboðs- og skráningarlýsingar ef um er að ræða endursölu til almennings eða almenn viðskipti eftir skráningu á skipulegan markað.

17) Útgefendur, tilboðsgjafar eða aðilar, sem óska eftir að skrá verðbréf á skipulegan markað, sem ekki þarf að birta útboðs- og skráningarlýsingu fyrir, munu njóta góðs af Evrópupassa ef þeir uppfylla ákvæði þessarar tilskipunar.

18) Ítarlegar upplýsingar um verðbréf og útgefendur þeirra stuðla, ásamt reglum um starfshætti fyrirtækja, að vernd fjárfesta. Ennfremur eru slíkar upplýsingar vel til þess fallnar að auka tiltrú almennings á verðbréfum og stuðla þannig að eðlilegri starfsemi og þróun verðbréfamarkaða. Í því skyni að koma þessum upplýsingum á framfæri er viðeigandi að birta útboðs- og skráningarlýsingu.

19) Fjárfesting í verðbréfum hefur í för með sér áhættu eins og allar aðrar fjárfestingar. Í öllum aðildarríkjum er krafist öryggisráðstafana til að vernda hagsmuni fjárfesta og hugsanlegra fjárfesta til að gera þeim kleift að meta slíka áhættu á upplýstan hátt og taka þannig upplýsta fjárfestingarákvörðun.

([1]) Stjtíð. EB L 141, 11.6.1993, bls. 27. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/64/EB (Stjtíð. EB L 290, 17.11.2000, bls. 27).

20) Þessar upplýsingar þurfa að vera nægjanlegar og eins hlutlægar og unnt er að því er varðar fjárhag útgefandans og réttindi sem fylgja verðbréfunum og settar fram á eins auðgreinanlegan og auðskilinn hátt og unnt er. Samræming upplýsinga í útboðs- og skráningarlýsingunni ætti að veita fjárfestum innan Bandalagsins jafngilda vernd.

21) Upplýsingar gegna lykilhlutverki við vernd fjárfesta. Rétt er að í útboðs- og skráningarlýsingu sé samantekt á helstu atriðum varðandi útgefanda, ábyrgðaraðila og verðbréfin og áhættu sem tengist þeim. Til að tryggja auðvelt aðgengi að þessum upplýsingum er rétt að samantektin sé ekki skrifuð á tæknimáli og sé, að öllu jöfnu, ekki lengri en 2 500 orð á því tungumáli sem útboðs- og skráningarlýsingin var upphaflega samin á.

22) Teknar hafa verið upp bestu starfsvenjur á alþjóðavettvangi til að gera kleift að nota samræmda staðla um birtingu upplýsinga, sem Alþjóðasamtök eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (IOSCO) hafa samið, við útboð verðbréfa yfir landamæri. Birtingarstaðlar Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði ([1]) munu bæta þær upplýsingar, sem eru aðgengilegar fyrir markaðinn og fjárfesta, og samhliða því einfalda málsmeðferð fyrir útgefendur í Bandalaginu, sem óska eftir að afla fjármagns í þriðju löndum. Í tilskipuninni er þess einnig farið á leit að samdir verði staðlar um birtingu upplýsinga sem skal beita gagnvart öðrum verðbréfum og útgefendum.

23) Flýtimeðferð fyrir útgefendur skráðra verðbréfa á skipulegum markaði, sem afla oft hlutafjár á þessum mörkuðum, kallar á að tekið verði upp nýtt snið á útboðs- og skráningarlýsingum á vettvangi Bandalagsins fyrir útboðsáætlanir eða fasteignatryggð skuldabréf, sem og nýtt skráningarkerfi fyrir lýsingar á útgefendum. Útgefendur geta valið um að nota ekki þessar fyrirmyndir heldur semja útboðs- og skráningarlýsinguna sem stakt skjal.

24) Efni grunnútboðs- og skráningarlýsingar skal taka sérstakt tillit til sveigjanleikaþarfar varðandi þær upplýsingar sem veita skal um verðbréfin.

25) Heimilt skal vera að sleppa því að birta viðkvæmar upplýsingar, sem eiga að vera í útboðs- og skráningarlýsingu, að fenginni undanþágu sem lögbært yfirvald gefur út við sérstakar aðstæður, til að forða útgefanda frá skaðlegum aðstæðum.

26) Tilgreina ber skýrt og greinilega gildistíma útboðs- og skráningarlýsingar til að koma í veg fyrir úreltar upplýsingar.

27) Vernda ber fjárfesta með því að tryggja birtingu áreiðanlegra upplýsinga. Útgefendur verðbréfa, sem eru skráð á skipulegan markað, eru háðir viðvarandi upplýsingaskyldu en ekki er krafist að þeir gefi reglulega út uppfærðar upplýsingar. Auk þessarar skyldu ber útgefendum, a.m.k. árlega, að gera skrá yfir allar viðeigandi upplýsingar sem hafa verið birtar eða verið aðgengilegar almenningi síðustu tólf mánuðina, þ.m.t. upplýsingar til að uppfylla ýmis konar tilkynningaskyldu sem mælt er fyrir um í löggjöf Bandalagsins. Þetta ætti að tryggja að gagnorðar og auðskiljanlegar upplýsingar séu birtar reglulega. Til að koma í veg fyrir óhóflega fyrirhöfn tiltekinna útgefenda skal þess ekki krafist að útgefendur verðbréfa, sem ekki eru hlutabréf, með hátt lágmarksnafnvirði uppfylli þessa skyldu.

28) Nauðsynlegt er að aðildarríkin hafi viðeigandi eftirlit með þeim árlegu upplýsingum, sem útgefanda verðbréfa, sem hafa verið skráð á skipulegan markað, ber að láta í té, í samræmi við skyldur þeirra samkvæmt ákvæðum Bandalagsins og landslaga um eftirlit með verðbréfum, útgefendum verðbréfa og verðbréfamörkuðum.

29) Ef útgefendum er gert kleift að fella upplýsingar inn í útboðs- og skráningarlýsingu með tilvísun í skjöl, sem innihalda upplýsingar sem birtast í útboðs- og skráningarlýsingu, með því skilyrði að þau skjöl hafi þegar verið lögð inn eða samþykkt af lögbæru yfirvaldi, mun það auðvelda vinnu við samningu útboðs- og skráningarlýsingar og lækka kostnað fyrir útgefendur, án þess að stofna vernd fjárfesta í hættu.

30) Mismunur á skilvirkni, vinnuaðferðum og tímasetningu athugunar á upplýsingum í útboðs- og skráningarlýsingu gerir fyrirtækjum ekki einungis erfitt um vik að afla fjármagns eða að fá verðbréf sín skráð á skipulegum markaði í fleiri en einu aðildarríki heldur hindrar það einnig fjárfesta, sem hafa staðfestu í einu aðildarríki, í að kaupa verðbréf af útgefanda sem hefur staðfestu í öðru aðildarríki eða verðbréf sem eru skráð í öðru aðildarríki. Þennan mismun ber að uppræta með samræmingu laga og reglna til þess að öryggisráðstafanir, sem krafist er í aðildarríkjunum, verði að nægilegu marki jafngildar og tryggt sé að upplýsingar, veittar eigendum verðbréfa eða þeim sem kunna að eignast þau, séu fullnægjandi og eins hlutlægar og unnt er.

([1]) International disclosure standards for cross-border offering and initial listings by foreign issuers, I. hluti, útgefið af Alþjóðasamtökum eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði í september 1998.

31) Til að auðvelda dreifingu ýmissa skjala sem útboðs- og skráningarlýsingin samanstendur af ber að hvetja til notkunar rafrænna samskiptamiðla eins og Netsins. Útboðs- og skráningarlýsingu ber ætíð að afhenda fjárfestum á pappír, þeim að kostnaðarlausu, óski þeir þess.

32) Útboðs- og skráningarlýsingu ber að leggja inn hjá viðeigandi lögbæru yfirvaldi og skal útgefandi, tilboðsgjafi eða sá, sem óskar eftir skráningu verðbréfa á skipulegum markaði, gera hana aðgengilega almenningi, sbr. þó ákvæði Evrópusambandsins um gagnavernd.

33) Einnig er mikilvægt að samræma auglýsingar til að koma í veg fyrir að smugur séu í löggjöf Bandalagsins sem gætu grafið undan tiltrú almennings og þar með haft skaðleg áhrif á eðlilega starfsemi fjármálamarkaða.

34) Fjárfestar skulu eiga kost á að meta á réttan hátt allar nýjar aðstæður, sem geta haft áhrif á mat á fjárfestingu og koma fram eftir að útboðs- og skráningarlýsing hefur verið birt en áður en útboði lýkur eða viðskipti hefjast á skipulegum markaði, og því er þess krafist að samþykkt sé viðbót við útboðs- og skráningarlýsinguna og henni dreift.

35) Sú skylda útgefanda að láta þýða alla útboðs- og skráningarlýsinguna á öll viðeigandi, opinber tungumál dregur úr útboðum yfir landamæri eða viðskiptum í fleiri aðildarríkjum. Til að auðvelda útboð yfir landamæri skal gisti- eða heimaaðildarríki einungis eiga rétt á að krefjast þess að fá samantekt á opinberu tungumáli eða tungumálum þess ef útboðs- og skráningarlýsingin er samin á tungumáli sem hefð er fyrir að nota í alþjóðafjármálageiranum.

36) Lögbært yfirvald gistiaðildarríkisins skal eiga rétt á því að fá í hendur staðfestingu frá lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins þar sem fram kemur að útboðs- og skráningarlýsingin hafi verið samin í samræmi við þessa tilskipun. Í því skyni að tryggja að markmiðum þessarar tilskipunar verði fullkomlega náð er einnig nauðsynlegt að undir gildissvið hennar falli verðbréf, sem gefin eru út af útgefendum sem lúta lögum þriðju landa.

37) Ef mörg, mismunandi lögbær yfirvöld eru í aðildarríkjunum, sem gegna mismunandi skyldustörfum, kann það að skapa óþarfakostnað og skörun ábyrgðar en hefur ekki í för með sér nokkurn viðbótarávinning. Í hverju aðildarríki ber að tilnefna eitt lögbært yfirvald til að samþykkja útboðs- og skráningarlýsingar og taka að sér eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar. Aðildarríki skal heimilt, samkvæmt ströngum skilyrðum, að tilnefna fleiri en eitt lögbært yfirvald en aðeins eitt þeirra skal annast alþjóðasamvinnu. Þetta yfirvald eða yfirvöld skulu vera stjórnsýslulegs eðlis og með því formi að sjálfstæði þeirra frá rekstraraðilum sé tryggt og komið sé í veg fyrir hagsmunaárekstra. Tilnefning lögbærs yfirvalds til að samþykkja útboðs- og skráningarlýsingar skal ekki útiloka samvinnu á milli þessa yfirvalds og annarra stofnana í því skyni að tryggja skilvirka athugun og samþykkt útboðs- og skráningarlýsinga í þágu útgefenda, fjárfesta, markaðsaðila og markaðanna sjálfra. Endurskoða ber alla úthlutun verkefna í tengslum við þær skuldbindingar sem kveðið er á um í þessari tilskipun og í framkvæmdarráðstöfunum hennar í samræmi við 31. gr., fimm árum eftir gildistöku þessarar tilskipunar og skal henni hætt átta árum eftir gildistöku þessarar tilskipunar, nema að því er varðar birtingu samþykktra útboðs- og skráningarlýsinga á Netinu og viðtöku þeirra, eins og um getur í 14. gr.

38) Það mun tryggja skilvirkt eftirlit ef lögbær yfirvöld ráða yfir sameiginlegum lágmarksheimildum. Tryggja ber upplýsingastreymi til markaðanna, eins og krafist er í tilskipun 2001/34/EB, og lögbær yfirvöld skulu grípa til aðgerða gegn brotum.

39) Samvinna milli lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna er nauðsynleg til að þau geti uppfyllt þær skyldur sem þeim eru lagðar á herðar.

40) Af og til kann að vera nauðsynlegt að semja tæknilegar leiðbeiningar og gera framkvæmdarráðstafanir um þær reglur sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun með hliðsjón af þróun fjármálamarkaða. Til samræmis við það skal framkvæmdastjórnin hafa vald til að samþykkja framkvæmdarráðstafanir, að því tilskildu að þær breyti ekki tilskipun þessari í grundvallaratriðum og að framkvæmdastjórnin fari eftir þeim meginreglum sem settar eru fram í þessari tilskipun, að höfðu samráði við evrópsku verðbréfanefndina sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/528/EB ([1]).

41) Við beitingu framkvæmdarvalds í samræmi við þessa tilskipun skal framkvæmdastjórnin virða eftirfarandi meginreglur:

— þörfina á að tryggja að minni fjárfestar og lítil og meðalstór fyrirtæki hafi tiltrú á fjármálamörkuðunum með því að stuðla að gagnsæi þeirra,

— þörfina á að sjá fjárfestum fyrir miklu framboði á samkeppnishæfum fjárfestingarmöguleikum og upplýsingum og vernd sem er sniðin að þörfum þeirra,

— þörfina á að tryggja að óháð eftirlitsyfirvöld framfylgi reglum á samræmdan hátt, einkum í baráttunni gegn hvítflibbabrotum,

— þörfina á miklu gagnsæi og samráði við alla markaðsaðila og við Evrópuþingið og ráðið,

([1]) Stjtíð. EB L 191, 13.7.2001, bls. 45.

— þörfina á að hvetja til nýsköpunar á fjármálamörkuðum til að þeir verði öflugir og skilvirkir,

— þörfina á að tryggja stöðugleika fjármálakerfisins með því að hafa náið og gagnvirkt eftirlit með nýsköpun á fjármálasviðinu,

— mikilvægi þess að draga úr fjármagnskostnaði og auka aðgengi að fjármagni,

— þörfina á, þegar til lengri tíma er litið, að halda jafnvægi milli kostnaðar markaðsaðila (þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki og minni fjárfestar) við framkvæmdarráðstafanir og ávinnings af þeim,

— þörfina á að stuðla að alþjóðlegri samkeppnishæfni fjármálamarkaða Bandalagsins án þess að það hafi áhrif á löngu tímabæra eflingu alþjóðlegs samstarfs,

— þörfina á að koma á jöfnum samkeppnisskilyrðum fyrir alla markaðsaðila með því að semja eftir þörfum löggjöf Bandalagsins,

— þörfina á að virða þann mismun sem er á innlendum fjármálamörkuðum, svo fremi mismunurinn hafi ekki ótilhlýðileg áhrif á samfellu hins eina óskipta markaðar,

— þörfina á að tryggja samhengi við aðra löggjöf Bandalagsins á þessu sviði, þar eð ósamræmi í upplýsingum og skortur á gagnsæi getur teflt starfsemi markaðanna í tvísýnu og umfram allt skaðað neytendur og minni fjárfesta.

42) Evrópuþingið skal hafa þrjá mánuði frá því að fyrstu drög að framkvæmdarráðstöfunum eru send til að kynna sér drögin og láta álit sitt í ljós. Þann tíma er þó heimilt að stytta í áríðandi og tilhlýðilega rökstuddum tilvikum. Fari ályktun í gegnum Evrópuþingið á þessu tímabili skal framkvæmdastjórnin endurskoða drögin að ráðstöfununum.

43) Aðildarríkin skulu mæla fyrir um kerfi viðurlaga við brotum gegn þeim ákvæðum landslaga, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

44) Kveða ber á um að unnt sé að láta dómsvöld endurskoða ákvarðanir sem lögbær yfirvöld aðildarríkjanna taka varðandi beitingu þessarar tilskipunar.

45) Í samræmi við meðalhófsregluna er nauðsynlegt og viðeigandi, til að ná því grunnmarkmiði að tryggja tilkomu eins, óskipts verðbréfamarkaðar, að setja reglur um Evrópupassa fyrir útgefendur. Þessi tilskipun gengur ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná fram settum markmiðum, í samræmi við þriðju málsgrein 5. gr. sáttmálans.

46) Í mati framkvæmdastjórnarinnar á beitingu þessarar tilskipunar skal einkum lögð áhersla á samþykkisferli lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna á útboðs- og skráningarlýsingum og almennt séð á beitingu heimalandsreglunnar og hvort vandamál varðandi vernd fjárfesta og skilvirkni markaðarins eigi rætur að rekja til þessarar beitingar. Framkvæmdastjórnin skal einnig skoða hvernig 10. gr. gegnir hlutverki sínu.

47) Að því er varðar framtíðarþróun þessarar tilskipunar ber að leggja áherslu á það hvaða tilhögun samþykkis beri að innleiða til að samræma enn frekar beitingu löggjafar Bandalagsins um útboðs- og skráningarlýsingar, þ.m.t. hugsanlega stofnun samstarfsvettvangs á verðbréfasviði í Evrópu.

48) Í þessari tilskipun er tekið tillit til grundvallarréttinda og þeim meginreglum fylgt sem m.a. eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.

49) Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Markmið og gildissvið

1. Markmiðið með þessari tilskipun er að samræma kröfur um samningu, samþykki og dreifingu útboðs- og skráningarlýsingar, sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru skráð á skipulegan markað sem er staðsettur eða starfræktur innan aðildarríkis.

2. Tilskipun þessi gildir ekki um:

a) hlutdeildarskírteini sem fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu, önnur en lokuð, gefa út,

b) verðbréf, sem ekki eru hlutabréf, gefin út af aðildarríki, svæðis- eða staðaryfirvaldi aðildarríkis, opinberri, alþjóðlegri stofnun, sem eitt eða fleiri aðildarríki eru aðilar að, Seðlabanka Evrópu eða seðlabönkum aðildarríkjanna,

c) hlutabréf í seðlabönkum aðildarríkjanna,

([1]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

d) verðbréf sem aðildarríki eða svæðis- eða staðaryfirvald aðildarríkis ábyrgist skilyrðislaust og óafturkallanlega,

e) verðbréf sem eru gefin út af samtökum með réttarstöðu lögaðila eða stofnunum sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni, sem aðildarríki viðurkennir í því skyni að þær megi finna nauðsynleg úrræði til að ná markmiðum sínum, sem byggjast ekki á hagnaðarvon,

f) verðbréf, sem ekki eru hlutabréf, sem lánastofnanir gefa út samfellt eða með endurteknum hætti, að því tilskildu að þessi verðbréf:

i) séu ekki víkjandi, breytanleg eða skiptanleg,

ii) veiti ekki rétt til að skrá sig fyrir eða kaupa aðrar tegundir verðbréfa og að þau séu ekki tengd afleiddum gerningum,

iii) geri að veruleika móttöku endurkrefjanlegra innlána,

iv) heyri undir innlánatryggingakerfi samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/19/EB um innlánatryggingakerfi ([1]),

g) óvirkt hlutafé þar sem meginmarkmiðið er að veita handhafa rétt til umráða yfir íbúð eða annarri tegund fasteignar eða hluta hennar og þar sem ekki er hægt að selja hlutabréfin án þess að afsala sér þessum rétti,

h) verðbréf sem eru hluti af útboði að heildarfjárhæð undir 2 500 000 evrum og miðast útreikningurinn á þeim mörkum við 12 mánaða tímabil,

i) „bostadsobligationer“ (íbúðaskuldbindingar) sem endurtekið eru gefnar út af lánastofnunum í Svíþjóð þar sem megintilgangurinn er að veita veðlán, að því tilskildu að

i) „bostadsobligationer“ sem eru gefnar út, tilheyri sama flokki,

ii) „bostadsobligationer“ séu gefnar út eftir hendinni á tilteknu útgáfutímabili,

iii) skilmálum og skilyrðum „bostadsobligationer“ sé ekki breytt á útgáfutímabilinu,

iv) andvirði af útgáfu framangreindra „bostadsobligationer“, í samræmi við samþykktir útgefandans, sé komið fyrir í eignum sem veita fullnægjandi tryggingu gegn bótaábyrgð sem tengist verðbréfum,

j) verðbréf, sem ekki eru hlutabréf, sem lánastofnanir gefa út samfellt eða með endurteknum hætti, þar sem heildarfjárhæð útboðsins er undir 50 000 000 evrum og miðast útreikningurinn á þeim mörkum við 12 mánaða tímabil, að því tilskildu að þessi verðbréf:

i) séu ekki víkjandi, breytanleg eða skiptanleg,

ii) veiti ekki rétt til að skrá sig fyrir eða kaupa aðrar tegundir verðbréfa og að þau séu ekki tengd afleiddum skjölum.

([1]) Stjtíð. EB L 135, 31.5.1994, bls. 5.

3. Þrátt fyrir b-, d-, h-, i- og j-lið 2. mgr. skal útgefandi, tilboðsgjafi eða sá sem óskar eftir skráningu á skipulegan markað eiga rétt á að semja útboðs- og skráningarlýsingu, í samræmi við þessa tilskipun, við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „verðbréf“: framseljanleg verðbréf, eins og skilgreint er í 4. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/22/EBE að undanskildum peningamarkaðsskjölum, eins og skilgreint er í 5. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/22/EBE, með binditíma sem er skemmri en 12 mánuðir. Hægt er að beita innlendri löggjöf um þessi skjöl,

b) „hlutabréf“: hlutir og önnur framseljanleg verðbréf sem eru jafngild hlutabréfum í félögum ásamt hvers kyns öðrum tegundum framseljanlegra hlutabréfa sem veita rétt til að kaupa einhver hinna framangreindu verðbréfa með því að breyta þeim eða nýta þann rétt sem þau veita, að því tilskildu að verðbréf af síðarnefndu tegundinni séu gefin út af útgefanda hlutabréfanna, sem liggja til grundvallar, eða af aðila sem tilheyrir fyrirtækjahópi áðurnefnds útgefanda,

c) „verðbréf, sem ekki eru hlutabréf“: öll verðbréf sem ekki eru hlutabréf,

d) „almennt útboð verðbréfa“: hvers kyns boð til aðila, með hvaða aðferð sem er, þar sem settar eru fram fullnægjandi upplýsingar um skilmála útboðs og verðbréfanna sem eru boðin til kaups til að gera fjárfesti kleift að ákveða að kaupa eða að láta skrá sig fyrir þessum verðbréfum. Þessi skilgreining gildir einnig þegar verðbréf eru sett á markað fyrir milligöngu fjármálamillilið,

e) „fagfjárfestir“:

i) lögaðilar sem hafa starfsleyfi eða sinna lögverndaðri starfsemi á fjármálamörkuðum, þ.m.t.: lánastofnanir, fjárfestingarfyrirtæki, aðrar fjármálastofnanir sem hafa starfsleyfi eða njóta lögverndar, vátryggingarfélög, sameiginlegir fjárfestingarsjóðir og rekstrarfélög þeirra, lífeyrissjóðir og rekstrarfélög þeirra, seljendur vöru sem og aðilar sem ekki hafa starfsleyfi eða njóta lögverndar en þar sem markmið félagsins er einungis að fjárfesta í verðbréfum,

ii) ríkisstjórnir og héraðsstjórnir, seðlabankar, alþjóðlegar og yfirríkjastofnanir, eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, Seðlabanki Evrópu, Fjárfestingarbanki Evrópu og aðrar svipaðar alþjóðastofnanir,

iii) aðrir lögaðilar sem uppfylla ekki tvær af þremur viðmiðunum sem settar eru fram í f-lið,

iv) aðildarríki getur, með fyrirvara um gagnkvæma viðurkenningu, kosið að veita einstaklingum, sem eru búsettir í aðildarríkinu og óska sérstaklega eftir því, leyfi til að teljast fagfjárfestar ef þessir einstaklingar uppfylla a.m.k. tvær af þeim viðmiðunum sem settar eru fram í 2. mgr.,

v) aðildarríki getur, með fyrirvara um gagnkvæma viðurkenningu, kosið að veita litlum og meðalstórum fyrirtækjum, sem eru með skráða skrifstofu í aðildarríkinu og sem hafa óskað sérstaklega eftir því, leyfi til að teljast fagfjárfestar,

f) „lítil og meðalstór fyrirtæki:“ félög, sem samkvæmt síðasta ársreikningi eða samstæðureikningi sínum, uppfylla a.m.k. tvær af eftirfarandi þremur viðmiðunum: meðalfjöldi starfsmanna á fjárhagsárinu var innan við 250, niðurstöðutala efnahagsreiknings fór ekki yfir 43 000 000 evrur og hrein ársvelta fór ekki yfir 50 000 000 evrur,

g) „lánastofnun“: fyrirtæki, eins og skilgreint er í a-lið 1. mgr. 1. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/12/EB frá 20. mars 2000 um stofnun og rekstur lánastofnana ([1]),

h) „útgefandi“: lögaðili sem gefur út verðbréf eða leggur til að verðbréf verði gefin út,

i) „einstaklingur sem lætur fara fram útboð“ (eða „tilboðsgjafi“): lögaðili eða einstaklingur sem býður almenningi verðbréf til kaups,

j) „skipulegur markaður“: markaður eins og hann er skilgreindur í 13. mgr. 1. gr. tilskipunar 93/22/EBE,

k) „útboðsáætlun“: áætlun um útgáfu verðbréfa, sem ekki eru hlutabréf, þ.m.t. kaupréttur, af hvaða formi sem er, af svipaðri gerð og/eða í svipuðum flokki, samfellt eða með endurteknum hætti á tilgreindu útgáfutímabili,

l) „verðbréf sem eru gefin út samfellt eða með endurteknum hætti“: útgáfa eftir hendinni eða a.m.k. tvær útgáfur verðbréfa af svipaðri tegund eða flokki á 12 mánaða tímabili,

m) „heimaaðildarríki“:

i) að því er varðar alla útgefendur verðbréfa í Bandalaginu, sem eru ekki tilgreindir í ii-lið, aðildarríkið þar sem útgefandinn er með skráða skrifstofu,

ii) að því er varðar sérhvern útgefanda verðbréfa, sem ekki eru hlutabréf, þar sem nafnvirð hverrar einingar nemur a.m.k. 1 000 evrum, og sérhverja útgáfu verðbréfa, sem ekki eru hlutabréf, og sem veita rétt til að kaupa framseljanleg verðbréf eða fá uppgjör í reiðufé af þeirri ástæðu að þeim hafi verið breytt eða réttur sem þau veita hafi verið nýttur, að því tilskildu að útgefandi verðbréfanna, sem ekki eru hlutabréf, sé ekki útgefandi verðbréfanna sem liggja þar til grundvallar eða aðili sem tilheyrir hópi síðarnefnds útgefanda, aðildarríki þar sem útgefandi er með skráða skrifstofu eða þar sem verðbréfin voru eða munu verða skráð á skipulegan markað eða þar sem almennt útboð verðbréfa fer fram, að vali útgefanda, tilboðsgjafa eða þess, sem óskar eftir skráningu, eftir því sem við á. Sömu reglur skulu gilda um verðbréf, sem ekki eru hlutabréf, sem eru í öðrum gjaldmiðli en evrum, að því tilskildu að lágmarksnafnverð þeirra jafngildi nánast 1 000 evrum,

iii) að því er varðar alla útgefendur verðbréfa sem eru skráðir í þriðja landi og eru ekki tilgreindir í ii-lið, aðildarríkið þar sem ætlunin er að láta fara fram almennt útboð verðbréfa í fyrsta sinn eftir gildistökudag þessarar tilskipunar eða þar sem fyrsta umsókn um skráningu á skipulegan markað er lögð fram, að vali útgefanda, tilboðsgjafa eða þess sem óskar eftir skráningu, eftir því sem við á, með fyrirvara um síðari tíma val útgefenda, sem skráðir eru í þriðja landi ef heimaaðildarríkið var ekki ákvarðað samkvæmt þeirra vali,

n) „gistiaðildarríki“: ríki þar sem almennt útboð fer fram eða þar sem sótt er um skráningu á markaði ef það ríki er ekki heimaaðildarríkið,

o) „fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu, önnur en lokuð“: verðbréfasjóðir og fjárfestingarfélög:

i) sem hafa að markmiði sameiginlega fjárfestingu fjár sem almenningur hefur lagt fram og sem starfa á grundvelli meginreglunnar um áhættudreifingu,

ii) sem hlutdeildarskírteini í eru beint eða óbeint endurkeypt eða innleyst að ósk eiganda gegn greiðslu af eignum fyrirtækjanna,

p) „hlutdeildarskírteini fyrirtækis um sameiginlega fjárfestingu“: verðbréf sem fyrirtæki um sameiginlega fjárfestingu gefa út sem vottorð um rétt þátttakenda til eigna fyrirtækisins,

q) „samþykki“: jákvæð niðurstaða úr athugun lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkisins á því hvort útboðs- og skráningarlýsingin sé fullnægjandi, þ.m.t. hvort viðkomandi upplýsingar séu samræmdar og skýrar,

r) „grunnútboðs- og skráningarlýsing“: útboðs- og skráningarlýsing sem inniheldur allar viðeigandi upplýsingar, eins og tilgreint er í 5. og 7. gr., og í 16. gr. ef um er að ræða viðbót, um útgefanda og verðbréfin, sem bjóða á út á almennum markaði eða taka til skráningar, og, að vali útgefanda, endanlega skilmála útboðsins.

2. Við beitingu iv-liðar e-liðar 1. mgr. eru viðmiðanirnar sem hér segir:

a) fjárfestirinn hefur stundað umtalsverð viðskipti á verðbréfamörkuðum næstliðna fjóra ársfjórðunga, að meðaltali a.m.k. tíu sinnum á hverjum ársfjórðungi,

b) verðgildi verðbréfasamvals fjárfestisins nemur meira en hálfri milljón evra,

([1]) Stjtíð. EB L 126, 26.5.2000, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2000/28/EB (Stjtíð. EB L 275, 27.10.2000, bls. 37).

c) fjárfestirinn gegnir eða hefur gegnt stöðu á fjármálasviði sem krefst þekkingar á fjárfestingum í verðbréfum.

3. Eftirfarandi ákvæði skulu gilda að því er varðar iv- og v-lið e-liðar 1. mgr:

Öll lögbær yfirvöld skulu tryggja að til staðar séu viðeigandi aðferðir til að skrá einstaklinga og lítil og meðalstór fyrirtæki sem teljast til fagfjárfesta, að teknu tilliti til þess að tryggja verður fullnægjandi gagnavernd. Skráin skal vera tiltæk öllum útgefendum. Hver einstaklingur eða lítið og meðalstórt fyrirtæki, sem óskar eftir að teljast til fagfjárfesta, skal skrá sig og hverjum skráðum fjárfesti er heimilt að segja sig úr henni hvenær sem er.

4. Til að taka tillit til tækniframfara á fjármálamörkunum og tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 2. mgr. 24. gr., samþykkja framkvæmdarráðstafanir í tengslum við skilgreiningarnar sem um getur í 1. mgr., þ.m.t. leiðréttingar talna sem eru notaðar í skilgreiningu á litlum og meðalstórum fyrirtækjum, að teknu tilliti til löggjafar Bandalagsins og tilmæla sem og hagþróunar og ráðstafana varðandi birtingu upplýsinga um skráningu einstakra fagfjárfesta.

3. gr.

Skylda til að birta útboðs- og skráningarlýsingu

1. Aðildarríkin skulu ekki leyfa almennt útboð verðbréfa á yfirráðasvæðum sínum án undangenginnar birtingar útboðs- og skráningarlýsingar.

2. Ekki er skylt að birta útboðs- og skráningarlýsingu þegar um er að ræða eftirfarandi tegundir útboða:

a) útboð verðbréfa, sem beint er eingöngu til fagfjárfesta, og/eða

b) útboð verðbréfa sem beint er til færri en 100 einstaklinga eða lögaðila í hverju aðildarríki, annarra en fagfjárfesta, og/eða

c) útboð verðbréfa sem beint er til fjárfesta þar sem hver fjárfestir kaupir verðbréf fyrir a.m.k. 50 000 evrur í hverju útboði fyrir sig, og/eða

d) útboð verðbréfa þar sem nafnverð hverrar einingar nemur a.m.k. 50 000 evrum, og/eða

e) útboð verðbréfa að heildarfjárhæð undir 100 000 evrum og miðast útreikningurinn á þeim mörkum við 12 mánaða tímabil.

Þó skal litið á síðari endursölu verðbréfa, sem áður voru boðin út í einni eða fleiri tegundum útboða sem um getur í þessari málsgrein, sem sérstakt útboð og skal skilgreiningin, sem er sett fram í d-lið 1. mgr. 2. gr., skera úr um hvort sú endursala teljist vera almennt útboð verðbréfa. Þegar verðbréf eru sett á markað fyrir milligöngu fjármálamillilíða, skal birta útboðs- og skráningarlýsingu ef endanlegt útboð uppfyllir ekkert skilyrðanna í a- til e-lið.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að skráning allra verðbréfa á skipulegan markað, sem er staðsettur eða starfar á yfirráðasvæði þeirra, sé háð birtingu útboðs- og skráningarlýsingar.

4. gr.

Undanþágur frá skyldunni um að birta útboðs- og skráningarlýsingu

1. Ekki er skylt að birta útboðs- og skráningarlýsingu þegar um er að ræða almennt útboð eftirfarandi tegunda verðbréfa:

a) hlutabréfa, sem eru gefin út í stað hlutabréfa sem þegar hafa verið gefin út í sama flokki, ef útgáfu hinna nýju hlutabréfa fylgir ekki aukning á útgefnu hlutafé,

b) verðbréf sem boðin eru í tengslum við yfirtöku í skiptiútboði, að því tilskildu að fyrir liggi skjal með upplýsingum sem lögbært yfirvald telur vera jafngildar þeim sem eru í útboðs- og skráningarlýsingunni, að teknu tilliti til krafna í löggjöf Bandalagsins,

c) verðbréf sem boðin eru, úthlutað eða sem til stendur að úthluta í tengslum við samruna, að því tilskildu að fyrir liggi skjal með upplýsingum sem lögbært yfirvald telur vera jafngildar þeim sem eru í útboðs- og skráningarlýsingunni, að teknu tilliti til krafna í löggjöf Bandalagsins,

d) hlutabréf sem eru boðin út, og úthlutað er eða sem til stendur að úthluta endurgjaldslaust til hluthafa, sem fyrir eru, og arður greiddur í formi hlutabréfa sem eru í sama flokki og hlutabréfin sem arðurinn er greiddur af, að því tilskildu að fyrir liggi skjal með upplýsingum um fjölda hlutabréfanna og eðli þeirra, ástæðum fyrir útboðinu og ítarlegum upplýsingum um það,

e) verðbréf sem eru boðin út og úthlutað eða sem til stendur að úthluta til núverandi eða fyrrverandi stjórnenda eða starfsmanna af hálfu vinnuveitanda sem á verðbréf sem eru skráð á skipulegum markaði eða af hálfu eignatengds fyrirtækis, að því tilskildu að fyrir liggi skjal með upplýsingum um fjölda verðbréfanna og eðli þeirra, ástæðum fyrir útboðinu og ítarlegum upplýsingum um það.

2. Ekki er skylt að birta útboðs- og skráningarlýsingu þegar um er að ræða skráningu eftirfarandi tegunda verðbréfa á skipulegan markað:

a) hlutabréf sem á 12 mánaða tímabili nema innan við 10% af fjölda hlutabréfa í sama flokki sem hafa þegar verið skráð á sama skipulega markað,

b) hlutabréf sem eru gefin út í stað hlutabréfa í sama flokki, sem hafa þegar verið skráð á sama skipulega markað, ef útgáfu slíkra hlutabréfa fylgir ekki aukning á útgefnu hlutafé,

c) verðbréf sem eru boðin út í tengslum við yfirtöku í skiptiútboði, að því tilskildu að fyrir liggi skjal með upplýsingum sem lögbært yfirvald telur vera jafngildar þeim sem eru í útboðs- og skráningarlýsingunni, að teknu tilliti til krafna í löggjöf Bandalagsins,

d) verðbréf sem eru boðin út og úthlutað eða til stendur að úthluta í tengslum við samruna, að því tilskildu að fyrir liggi skjal með upplýsingum sem lögbært yfirvald telur vera jafngildar þeim sem eru í útboðs- og skráningarlýsingunni, að teknu tilliti til krafna í löggjöf Bandalagsins,

e) hlutabréf sem eru boðin út og úthlutað er eða sem til stendur að úthluta endurgjaldslaust til hluthafa, sem fyrir eru, og arður greiddur í formi hlutabréfa sem eru í sama flokki og hlutabréfin sem arðurinn er greiddur af, að því tilskildu að hlutabréfin séu í sama flokki og þau hlutabréf sem þegar hafa verið skráð á sama skipulega markað og að fyrir liggi skjal með upplýsingum um fjölda hlutabréfanna og eðli þeirra, ástæðum fyrir útboðinu og ítarlegum upplýsingum um það,

f) verðbréf sem eru boðin út, og úthlutað eða sem til stendur að úthluta til núverandi eða fyrrverandi stjórnenda eða starfsmanna af hálfu vinnuveitanda þeirra eða eignatengds fyrirtækis, að því tilskildu að áðurnefnd verðbréf séu í sama flokki og verðbréfin sem þegar eru skráð á sama skipulegan markað og að fyrir liggi skjal með upplýsingum um fjölda verðbréfanna og eðli þeirra, ástæðum fyrir útboðinu og nákvæmri útlistun á því,

g) hlutabréf sem eru til komin með breytingu á eða eftir skipti á öðrum verðbréfum eða með því að beita rétti sem önnur verðbréf veita, að því tilskildu að verðbréfin séu í sama flokki og þau sem þegar eru skráð á sama skipulega markað,

h) verðbréf, sem þegar eru skráð á öðrum skipulegum markaði, með eftirfarandi skilyrðum:

   i) að þessi verðbréf eða verðbréf í sama flokki hafi verið skráð á þessum skipulega markaði í meira en 18 mánuði,

   ii) að samþykkt útboðs- og skráningarlýsing, sem komið er á framfæri við almenning í samræmi við 14. gr., tengist skráningu á þennan skipulega markað þegar um er að ræða verðbréf sem eru fyrst skráð á skipulegan markað eftir gildistökudag þessarar tilskipunar,

   iii) að þegar um er að ræða verðbréf sem voru fyrst skráð eftir 30. júní 1983, nema þau tilvik sem falla undir ii-lið, hafi skráningarlýsing verið samþykkt í samræmi við kröfur tilskipunar 80/390/EBE eða tilskipunar 2001/34/EB,

   iv) að áhvílandi skyldur við skráningu á hinn skipulega markað hafi verið uppfylltar,

   v) að sá sem sækir um skráningu verðbréfs á skipulegan markað samkvæmt þessari undanþágu semji samantekt, sem almenningur hefur aðgang að, á tungumáli sem lögbært yfirvald aðildarríkisins, þar sem sótt er um skráningu á skipulegan markað, samþykkir,

   vi) að samantektin, sem um getur í v-lið, sé aðgengileg almenningi í því aðildarríki þar sem sótt er um skráningu á skipulegan markað, með þeim hætti sem sett er fram í 2. mgr. 14. gr., og

   vii) að innihald samantektarinnar samræmist 2. mgr. 5. gr. Þar að auki skal tilgreint í henni hvar hægt sé að nálgast nýjustu útboðs- og skráningarlýsinguna og hvar fjármálaupplýsingarnar, sem útgefandi birtir samkvæmt viðvarandi upplýsingaskyldu, eru aðgengilegar.

3. Til að taka tillit til tækniframfara á fjármálamörkuðum og tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 24. gr., samþykkja framkvæmdarráðstafanir varðandi b- og c-lið 1. mgr. og c- og d-lið 2. mgr., nánar tiltekið að því er varðar merkingu orðsins jafngildur.

II. KAFLI

SAMNING ÚTBOÐS- OG SKRÁNINGARLÝSINGAR

5. gr.

Útboðs- og skráningarlýsingin

1. Með fyrirvara um 2. mgr. 8. gr. skal útboðs- og skráningarlýsingin hafa að geyma upplýsingar sem, með hliðsjón af eðli útgefandans og verðbréfanna sem eru boðin út á almennum markaði eða sótt er um skráningu á, eru nauðsynlegar til að gera fjárfestum kleift að meta, á grundvelli upplýsinga, eignir og skuldir, fjárhagsstöðu, hagnað og tap og rekstrarhorfur útgefandans og ábyrgðaraðila hans, ef einhver er, og réttindi sem verðbréfunum fylgja. Þessar upplýsingar skulu settar fram á auðgreinanlegan og auðskilinn hátt.

2. Útboðs- og skráningarlýsingin skal hafa að geyma upplýsingar um útgefandann og verðbréfin sem fyrirhugað er að bjóða út á almennum markaði eða skrá á skipulegan markað. Hún skal einnig fela í sér samantekt. Í samantektinni, sem skal vera stutt og ekki á tæknimáli, skulu taldir upp mikilvægir eiginleikar og áhætta sem tengist útgefandanum, öllum ábyrgðaraðilum og verðbréfunum, á sama tungumáli og útboðs- og skráningarlýsingin var upphaflega samin á. Í samantektinni skal einnig vera viðvörun um:

a) að hana beri að lesa sem inngang að útboðs- og skráningarlýsingunni,

b) að ákvörðun fjárfestis um að fjárfesta í verðbréfunum skuli tekin á grundvelli útboðs- og skráningarlýsingarinnar í heild,

c) að ef farið er fyrir dómstóla með kröfu, sem varðar upplýsingar í útboðs- og skráningarlýsingu, gæti fjárfestirinn sem kærir, samkvæmt innlendri löggjöf aðildarríkjanna, þurft að bera kostnað af þýðingu útboðs- og skráningarlýsingarinnar áður en málareksturinn hefst, og

d) að einkaréttarábyrgð fellur á þá einstaklinga sem lögðu fram samantektina, þ.m.t. þýðingu á henni, og sóttu um tilkynningu um hana en þó einungis ef samantektin er villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta útboðs- og skráningarlýsingarinnar.

Ef útboðs- og skráningarlýsingin varðar skráningu verðbréfa, sem ekki eru hlutabréf, á skipulegan markað, sem eru að nafnverði a.m.k. 50 000 evrur, skal þess ekki krafist að lögð sé fram samantekt nema aðildarríki fari fram á það eins og kveðið er á um í 4. mgr. 19. gr.

3. Með fyrirvara um 4. mgr. er útgefanda, tilboðsgjafa eða þeim, sem óskar eftir skráningu verðbréfa á skipulegan markað, heimilt að semja útboðs- og skráningarlýsingu sem eitt, stakt skjal eða fleiri aðskilin skjöl. Í útboðs- og skráningarlýsingu, sem samanstendur af fleiri en einu skjali, skal umbeðnum upplýsingum skipt upp í lýsingu á útgefanda, verðbréfalýsingu og samantekt. Lýsing á útgefanda skal innihalda upplýsingar sem varða útgefandann. Verðbréfalýsingin skal hafa að geyma upplýsingar um verðbréfin, sem eru boðin í almennu útboði, eða skulu skráð á skipulegan markað.

4. Útboðs- og skráningarlýsing fyrir eftirfarandi tegundir verðbréfa getur, að vali útgefanda, tilboðsgjafa eða þess, sem óskar eftir skráningu á skipulegan markað, falist í grunnútboðs- og skráningarlýsingu, sem hefur að geyma allar viðeigandi upplýsingar um útgefandann og verðbréfin sem eru boðin í almennu útboði eða skulu skráð á skipulegan markað:

a) verðbréf, sem ekki eru hlutabréf, þ.m.t. allar tegundir af kauprétti sem eru gefnar út samkvæmt útboðsáætlun,

b) verðbréf, sem ekki eru hlutabréf, sem lánastofnanir gefa út samfellt eða með endurteknum hætti,

   i) ef andvirðið af útgáfu framangreindra verðbréfa, samkvæmt innlendri löggjöf, er fjárfest í eignum sem veita fullnægjandi vernd gegn bótaábyrgð sem getur leitt af verðbréfunum fram að gjalddaga þeirra,

   ii) ef, í tilviki gjaldþrots tengdu lánastofnunarinnar, á fyrst og fremst að nota umræddar upphæðir til að endurgreiða eigið fé og gjaldfallna vexti, sbr. þó ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/24/EB frá 4. apríl 2001 um endurskipulagningu og slit lánastofnana ([1]).

Bæta skal uppfærðum upplýsingum um útgefanda og verðbréfin, sem á að bjóða í almennu útboði eða skrá á skipulegan markað, við upplýsingarnar í grunnútboðs- og skráningarlýsingunni, ef þörf krefur, í samræmi við 16. gr.

Ef endanlega skilmála útboðsins er hvorki að finna í grunnútboðs- og skráningarlýsingunni eða viðbót við hana skulu þeir látnir fjárfestum í té og lagðir inn hjá lögbæru yfirvaldi í hvert sinn sem fram fer almennt útboð, eins fljótt og unnt er og áður en útboðið fer fram, ef mögulegt er. Ákvæði aliðar 1. mgr. 8. gr. skulu gilda í öllum slíkum tilvikum.

([1]) Stjtíð. EB L 125, 5.5.2001, bls. 15.

5. Til að taka tillit til tækniframfara á fjármálamörkuðum og tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 24. gr., samþykkja framkvæmdarráðstafanir varðandi framsetningu útboðs- og skráningarlýsingar eða grunnútboðs- og skráningarlýsingar og viðbóta við hana.

6. gr.

Ábyrgð sem stofnað er til vegna útboðs- og skráningarlýsingarinnar

1. Aðildarríkin skulu tryggja að ábyrgð vegna upplýsinganna, sem gefnar eru í útboðs- og skráningarlýsingunni, hvíli a.m.k. á útgefanda eða stjórnunar-, framkvæmdar- eða eftirlitsstofnun hans, tilboðsgjafa, þeim, sem óskar eftir skráningu á skipulegan markað eða ábyrgðaraðila, eftir því sem við á. Þeir, sem bera ábyrgðina, skulu tilgreindir með skýrum hætti í útboðs- og skráningarlýsingunni með nafni og stöðuheiti eða, ef um er að ræða lögaðila, heiti og skráðri skrifstofu, auk þess sem fylgja skal yfirlýsing frá þeim þess efnis að samkvæmt þeirra bestu vitund séu upplýsingarnar, sem útboðs- og skráningarlýsingin hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að ekki sé neinum upplýsingum sleppt í útboðs- og skráningarlýsingunni sem kynnu að skipta máli varðandi innihald hennar.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að lög og stjórnsýslufyrirmæli þeirra um einkaréttarábyrgð taki til þeirra sem bera ábyrgð á upplýsingunum í útboðs- og skráningarlýsingunni.

Aðildarríkin skulu þó tryggja að engin einkaréttarábyrgð falli á neinn aðila eingöngu á grundvelli samantektarinnar, þ.m.t. þýðingar hennar, nema hún sé villandi, ónákvæm eða í ósamræmi við aðra hluta útboðs- og skráningarlýsingarinnar.

7. gr.

Lágmarksupplýsingar

1. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 24. gr., ítarlegar framkvæmdarráðstafanir varðandi þær sérstöku upplýsingar sem útboðs- og skráningarlýsing verður að innihalda og til að koma í veg fyrir tvítekningu upplýsinga þegar útboðs- og skráningarlýsing samanstendur af fleiri en einu skjali. Samþykkja skal fyrstu framkvæmdarráðstafanirnar eigi síðar en 1. júlí 2004.

2. Við gerð ýmiss konar fyrirmynda að útboðs- og skráningarlýsingum skal tekið tillit til eftirfarandi þátta:

a) ólíkra upplýsinga sem fjárfestar þurfa varðandi hlutabréf samanborið við verðbréf sem ekki eru hlutabréf. Sömu leið þarf að fara varðandi upplýsingar, sem koma eiga fram í útboðs- og skráningarlýsingu fyrir verðbréf sem byggjast á svipuðum efnahagslegum forsendum, einkum afleiddum verðbréfum,

b) ólíkra tegunda og eiginleika útboða og skráningar verðbréfa, sem ekki eru hlutabréf, á skipulegan markað, Upplýsingar, sem þurfa að koma fram í útboðs- og skráningarlýsingu, skulu vera viðeigandi frá sjónarhóli viðkomandi fjárfesta að því er varðar verðbréf, sem ekki eru hlutabréf, þar sem nafnverð hverrar einingar nemur a.m.k. 50 000 evrum,

c) framsetningar sem er notuð og upplýsinga sem þurfa að koma fram í útboðs- og skráningarlýsingum fyrir verðbréf, sem ekki eru hlutabréf, þ.m.t. allar tegundir af ábyrgðum sem eru gefnar út samkvæmt útboðsáætlun,

d) framsetningar sem er notuð og upplýsinga sem þurfa að koma fram í útboðs- og skráningarlýsingum fyrir verðbréf, sem ekki eru hlutabréf, svo framarlega sem þessi verðbréf eru ekki víkjandi, breytanleg, skiptanleg, háð áskriftar- eða kauprétti eða tengd afleiddum skjölum, eða gefin út samfellt eða með endurteknum hætti af aðilum sem hafa starfsleyfi eða njóta lögverndar við störf sín á fjármálamörkuðum á Evrópska efnahagssvæðinu,

e) mismunandi starfsemi og umfangs útgefandans, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Þegar um er að ræða slík fyrirtæki skulu upplýsingarnar lagaðar að umfangi þeirra og, þar sem við á, stuttum ferli þeirra,

f) opinberrar stöðu útgefandans, ef við á,

3. Framkvæmdarráðstafanirnar sem um getur í 1. mgr. skulu byggjast á stöðlum á sviði fjárhagslegra upplýsinga og annarra upplýsinga sem settir hafa verið af alþjóðlegum verðbréfaeftirlitsstofnunum, einkum Alþjóðasamtökum eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (IOSCO), og á leiðbeinandi viðaukum við þessa tilskipun.

8. gr.

Upplýsingum sleppt

1. Aðildarríkin skulu tryggja að ef ekki er hægt að tilgreina í útboðs- og skráningarlýsingunni endanlegt útboðsverð og endanlegan fjölda verðbréfa, sem verða boðin í almennu útboði:

a) skuli birta í útboðs- og skráningarlýsingunni þær viðmiðanir og/eða skilyrði sem notuð eru til að ákvarða framangreind atriði eða tilgreina hámarksverð, ef um verð er að ræða, eða

b) verði hægt að afturkalla kaup eða áskrift að verðbréfum í a.m.k. tvo virka daga eftir að lagt hefur verið inn endanlegt útboðsverð og endanlegur fjöldi verðbréfa, sem verða boðin í almennu útboði.

Endanlegt útboðsverð og endanlegur fjöldi verðbréfa skulu lögð inn hjá lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins og birt í samræmi við tilhögunina sem kveðið er á um í 2. mgr. 14. gr.

2. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins má heimila að tilteknum upplýsingum, sem kveðið er á um í þessari tilskipun eða í framkvæmdarráðstöfunum, sem um getur í 1. mgr. 7. gr., sé sleppt úr útboðs- og skráningarlýsingunni ef það telur:

a) að birting slíkra upplýsinga myndi stríða gegn almannahagsmunum, eða

b) að birting slíkra upplýsinga væri verulega skaðleg fyrir útgefandann, að því tilskildu að ekki sé líklegt að upplýsingar, sem er sleppt, villi um fyrir almenningi að því er varðar nauðsynlegar staðreyndir og aðstæður til að hægt sé að meta, á grundvelli upplýsinga, útgefandann, tilboðsgjafann eða ábyrgðaraðilann, ef einhver er, og réttindin sem fylgja verðbréfunum sem útboðs- og skráningarlýsingin varðar, eða

c) að slíkar upplýsingar séu léttvægar fyrir tiltekið útboð eða skráningu á skipulegan markað og ekki þess eðlis að þær hafi áhrif á mat á fjárhagsstöðu og rekstrarhorfur útgefanda, tilboðsgjafa eða ábyrgðaraðila, ef einhver er.

3. Ef tilteknar upplýsingar, sem eiga að vera í útboðs- og skráningarlýsingu samkvæmt framkvæmdarráðstöfunum sem um getur í 1. mgr. 7. gr., eiga ekki við, í sérstökum tilvikum, um starfssvið eða rekstrarform útgefandans eða verðbréfin, sem útboðs- og skráningarlýsingin varðar, skal útboðs- og skráningarlýsingin innihalda upplýsingar sem eru jafngildar umbeðnum upplýsingum, sbr. þó viðunandi upplýsingar frá fjárfestunum. Ef ekki finnast neinar slíkar upplýsingar gildir þessi krafa ekki.

4. Til að taka tillit til tækniframfara á fjármálamörkuðum og tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 24. gr., samþykkja framkvæmdarráðstafanir varðandi 2. mgr.

9. gr.

Gildistími útboðs- og skráningarlýsingar, grunnútboðs- og skráningarlýsingar og lýsingar á útgefanda

1. Útboðs- og skráningarlýsing skal gilda í 12 mánuði frá útgáfu að því er varðar almennt útboð eða skráningu á skipulegan markað, að því tilskildu að við útboðs- og skráningarlýsinguna sé bætt öllum þeim viðbótum sem krafist er skv. 16. gr.

2. Ef um er að ræða útboðsáætlun skal grunnútboðs- og skráningarlýsing, sem áður var lögð inn, gilda í allt að 12 mánuði.

3. Ef um er að ræða verðbréf, sem ekki eru hlutabréf, sem um getur í b-lið 4. mgr. 5. gr., skal útboðs- og skráningarlýsingin gilda þar til hætt er að gefa út viðkomandi verðbréf samfellt eða með endurteknum hætti.

4. Lýsing á útgefanda, sem um getur í 3. mgr. 5. gr., sem áður var lögð inn skal gilda í allt að 12 mánuði, að því tilskildu að hún hafi verið uppfærð í samræmi við 1. mgr. 10. gr. Lýsing á útgefanda, ásamt verðbréfalýsingu, uppfærðar í samræmi við 12. gr., ef við á, og samantekt teljast vera gild útboðs- og skráningarlýsing.

10. gr.

Upplýsingar

1. Útgefendur verðbréfa, sem eru skráð á skipulegan markað, skulu a.m.k. árlega útbúa skjal sem inniheldur eða vísar til allra upplýsinga sem þeir hafa gefið út eða komið á framfæri við almenning á næstliðnum 12 mánuðum í einu eða fleiri aðildarríkjum og í þriðju löndum í samræmi við skuldbindingar þeirra samkvæmt lögum Bandalagsins og lögum og reglum aðildarríkjanna sem lúta að setningu reglna um verðbréf, útgefendur verðbréfa og verðbréfamarkaði. Útgefendur skulu a.m.k. vísa til upplýsinganna sem krafist er samkvæmt tilskipunum um félagarétt, tilskipun 2001/34/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla ([1]).

2. Leggja skal inn skjalið hjá lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins í kjölfar birtingar ársreiknings. Ef vísað er til upplýsinga í skjalinu skal tilgreina hvar hægt sé nálgast þær.

3. Sú skylda, sem sett er fram í 1. mgr., gildir ekki um útgefendur verðbréfa, sem ekki eru hlutabréf, þar sem upphæð hverrar einingar nemur a.m.k. 50 000 evrum.

4. Til að taka tillit til tækniframfara á fjármálamörkuðum og tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 24. gr., samþykkja framkvæmdarráðstafanir varðandi 1. mgr. Þessar ráðstafanir varða einungis birtingaraðferð samkvæmt upplýsingaskyldunni, sem um getur í 1. mgr., og hafa ekki í för með sér frekari upplýsingaskyldu. Samþykkja skal fyrstu framkvæmdarráðstafanirnar eigi síðar en 1. júlí 2004.

11. gr.

Upplýsingar felldar inn með tilvísun

1. Aðildarríkin skulu heimila að upplýsingar séu felldar inn í útboðs- og skráningarlýsingu með tilvísun til eins eða fleiri áður útgefinna skjala eða skjala sem gefin eru út samhliða, sem lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins hefur samþykkt eða lögð hafa verið inn hjá þeim í samræmi við þessa tilskipun, einkum skv. 10. gr. eða í samræmi við IV. og V. bálk tilskipunar 2001/34/EB. Þetta skulu vera nýjustu upplýsingar sem útgefandi hefur aðgang að. Ekki skal fella upplýsingar inn í samantektina með tilvísun.

2. Þegar upplýsingar eru felldar inn með tilvísun verður að fylgja skrá yfir millivísanir til að auðvelda fjárfestum að finna tilteknar upplýsingar.

3. Til að taka tillit til tækniframfara á fjármálamörkuðum og tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 24. gr., samþykkja framkvæmdarráðstafanir varðandi upplýsingar sem fella á inn með tilvísun. Samþykkja skal fyrstu framkvæmdarráðstafanirnar eigi síðar en 1. júlí 2004.

12. gr.

Útboðs- og skráningarlýsingar sem samanstanda af fleiri en einu skjali

1. Útgefandi, sem hefur þegar undir höndum lýsingu á útgefanda sem lögbært yfirvald hefur samþykkt, þarf einungis að semja verðbréfalýsingu og samantekt þegar verðbréfin eru boðin í almennu útboði eða skráð á skipulegan markað.

2. Í slíku tilviki skulu upplýsingar, sem að öllu jöfnu væru gefnar í lýsingu á útgefanda, koma fram í verðbréfalýsingunni ef verulegar breytingar eða nýleg þróun hefur átt sér stað sem kynni að hafa áhrif á mat fjárfesta síðan síðasta uppfærsla lýsingar á útgefanda eða viðbót við hana var samþykkt, eins og kveðið er á um í 16. gr. Verðbréfalýsingin og samantektin skulu samþykkt hvor í sínu lagi.

3. Hafi útgefandi einungis lagt inn ósamþykkta lýsingu á útgefanda skulu öll gögnin, þ.m.t. uppfærðar upplýsingar, vera háð samþykki.

([1]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

III. KAFLI

FYRIRKOMULAG SAMÞYKKIS OG BIRTING ÚTBOÐS- OG SKRÁNINGARLÝSINGAR

13. gr.

Samþykkt útboðs- og skráningarlýsingar

1. Ekki skal birta útboðs- og skráningarlýsingu fyrr en lögbært yfirvald heimaaðildarríkis hefur samþykkt hana.

2. Þetta lögbæra yfirvald skal tilkynna útgefanda, tilboðsgjafa eða þeim, sem óskar eftir skráningu verðbréfa á skipulegan markað, eftir því sem við á, um ákvörðun sína varðandi samþykkt útboðs- og skráningarlýsingarinnar innan tíu virkra daga frá því að drög að útboðs- og skráningarlýsingunni voru lögð fram.

Ef lögbæra yfirvaldið lætur hjá líða að tilkynna um ákvörðun sína varðandi útboðs- og skráningarlýsinguna innan frestsins, sem mælt er fyrir um í þessari málsgrein og 3. mgr., gildir það ekki sem samþykki umsóknarinnar.

3. Fresturinn, sem um getur í 2. mgr., skal lengdur í 20 virka daga ef verðbréfin, sem boðin eru í almenna útboðinu, eru gefin út af útgefanda sem ekki hefur nein verðbréf skráð á skipulegum markaði og hefur ekki áður boðið verðbréf í almennu útboði.

4. Ef lögbæra yfirvaldið hefur rökstuddan grun um að framlögðu skjölin séu ófullnægjandi eða þörf sé á viðbótarupplýsingum gildir fresturinn, sem um getur í 2. og 3. mgr., einungis frá þeim degi sem útgefandi, tilboðsgjafi eða sá, sem óskar eftir skráningu verðbréfa á skipulegan markað, lætur í té slíkar upplýsingar.

Í tilvikum sem þeim, sem um getur í 2. mgr., ber lögbæra yfirvaldinu að tilkynna útgefanda um það ef skjölin eru ófullnægjandi, innan tíu virkra daga frá því að umsóknin var lögð fram.

5. Lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkis er heimilt að flytja samþykki á útboðs- og skráningarlýsingu til lögbærs yfirvalds annars aðildarríkis, með fyrirvara um að það yfirvald fallist á það. Enn fremur skal tilkynna slíkan flutning til útgefanda, tilboðsgjafa eða þess, sem óskar eftir skráningu verðbréfa á skipulegan markað, innan þriggja virkra daga frá því að lögbær yfirvöld heimaaðildarríkisins tóku ákvörðunina. Fresturinn, sem um getur í 2. mgr., skal gilda frá þeim degi.

6. Tilskipun þessi hefur engin áhrif á ábyrgð lögbærs yfirvalds sem eftir sem áður ákvarðast eingöngu af landslögum.

Aðildarríkin skulu tryggja að ákvæði landslaga þeirra um bótaábyrgð lögbærra yfirvalda gildi einungis um samþykkt útboðs- skráningarlýsinga af hálfu þeirra eigin lögbæra yfirvalds eða yfirvalda.

7. Til að taka tillit til tækniframfara á fjármálamörkuðum og tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 24. gr., samþykkja framkvæmdarráðstafanir varðandi skilyrðin fyrir breytingu frestsins.

14. gr.

Birting útboðs- og skráningarlýsingar

1. Þegar útboðs- og skráningarlýsing hefur verið samþykkt skal hún lögð inn hjá lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins og gerð aðgengileg almenningi af hálfu útgefanda, tilboðsgjafa eða þess, sem óskar eftir skráningu verðbréfa á skipulegan markað, eins fljótt og auðið er og a.m.k. með eðlilegum fyrirvara og í síðasta lagi við upphaf almenns útboðs eða skráningar verðbréfa á skipulegan markað. Þar að auki skal útboðs- og skráningarlýsing vera aðgengileg í a.m.k. sex virka daga áður en útboði lýkur ef um er að ræða frumútboð til almennings á flokki hlutabréfa sem ekki hefur verið skráður áður á skipulegan markað.

2. Útboðs- og skráningarlýsing telst aðgengileg almenningi þegar hún hefur verið birt annaðhvort:

a) í einu eða fleiri dagblöðum sem dreift er víða eða hafa mikla útbreiðslu í þeim aðildarríkjum þar sem almenna útboðið fer fram eða sótt er um skráningu, eða

b) á prenti og látin liggja frammi, almenningi að kostnaðarlausu, á skrifstofum verðbréfafyrirtækja á þeim markaði þar sem skrá á verðbréfin eða á skráðri skrifstofu útgefandans og á skrifstofum fjármálamilliliða sem annast markaðssetningu eða sölu verðbréfanna, þ.m.t. þær stofnanir sem annast greiðslur, eða

c) á rafrænu formi á vefsetri útgefanda og, ef við á, á vefsetri fjármálamilliliða sem annast markaðssetningu eða sölu verðbréfanna, þ.m.t. þær stofnanir sem annast greiðslur, eða

d) á rafrænu formi á vefsetri skipulega markaðarins þar sem sótt er um skráningu, eða

e) á rafrænu formi á vefsetri lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkisins ef viðkomandi yfirvald ákveður að bjóða upp á þá þjónustu.

Heimaaðildarríki getur farið fram á það við útgefendur, sem birta útboðs- og skráningarlýsingar sínar í samræmi við a-eða b-lið, að þeir birti þær einnig á rafrænu formi í samræmi við c-lið.

3. Þar að auki getur heimaaðildarríki gert kröfu um að birt verði tilkynning þar sem greint er frá því á hvern hátt útboðs- og skráningarlýsingin hefur verið gerð aðgengileg og hvar almenningur getur nálgast hana.

4. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins skal birta á vefsetri sínu á 12 mánaða tímabili, að eigin vali, allar samþykktar útboðs- og skráningarlýsingar eða a.m.k. skrá yfir útboðs- og skráningarlýsingar sem hafa verið samþykktar í samræmi við 13. gr., þ.m.t., ef við á, stiklulegg (hyperlink) til birtrar útboðs- og skráningarlýsingar á vefsetri útgefanda eða á vefsetri skipulega markaðarins.

5. Ef um er að ræða útboðs- eða skráningarlýsingu sem samanstendur af nokkrum skjölum og/eða þar sem felldar eru inn upplýsingar með tilvísun má birta skjölin og upplýsingarnar sem mynda útboðs- og skráningarlýsinguna og dreifa þeim hverju fyrir sig, að því tilskildu að fyrrnefnd skjöl séu gerð aðgengileg almenningi, honum að kostnaðarlausu, í samræmi við fyrirkomulagið í 2. mgr. Í hverju skjali skal tilgreint hvar hægt sé að nálgast hin skjölin sem eru hluti af útboðs- og skráningarlýsingunni í heild sinni.

6. Texti og framsetning útboðs- og skráningarlýsingarinnar og/eða viðbóta við hana, sem birtar eru eða gerðar aðgengilegar almenningi, skulu í öllum tilvikum vera nákvæmlega eins og upprunalega útgáfan sem lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins samþykkti.

7. Ef útboðs- og skráningarlýsing er gerð aðgengileg almenningi á rafrænu formi skal engu að síður afhenda fjárfesti, tilboðsgjafa, þeim, sem óskar eftir skráningu á skipulegan markað, eða fjármálamilliliðum, sem setja verðbréfin á markað eða selja þau, prentað eintak sér að kostnaðarlausu, óski þeir þess.

8. Til að taka tillit til tækniframfara á fjármálamörkuðum og tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 24. gr., samþykkja framkvæmdarráðstafanir varðandi 1., 2., 3. og 4. mgr. Samþykkja skal fyrstu framkvæmdarráðstafanirnar eigi síðar en 1. júlí 2004.

15. gr.

Auglýsingar

1. Allar auglýsingar, sem varða annaðhvort almennt útboð verðbréfa eða skráningu þeirra á skipulegan markað, skulu uppfylla meginreglurnar í 2.–5. mgr. Ákvæði 2.–4. mgr skulu aðeins gilda um tilvik þar sem útgefandi, tilboðsgjafi eða einstaklingur, sem sækir um skráningu, falla undir þá skyldu að semja útboðs- og skráningarlýsingu.

2. Í auglýsingum skal koma fram að útboðs- og skráningarlýsing hafi verið eða muni vera birt og hvar fjárfestar geti eða muni geta nálgast hana.

3. Það skal koma skýrt fram að um auglýsingu er að ræða. Upplýsingarnar í auglýsingunni skulu ekki vera ónákvæmar eða villandi. Þær skulu einnig vera í samræmi við upplýsingarnar í útboðs- og skráningarlýsingunni, ef búið er að birta hana, eða þær upplýsingar sem krafist er að séu í útboðs- og skráningarlýsingunni ef hún er birt síðar.

4. Í öllum tilvikum, jafnvel þótt ekki sé um að ræða auglýsingar, skulu upplýsingar, sem varða almennt útboð eða skráningu á skipulegan markað og birtar eru munnlega eða skriflega, vera í samræmi við innihald útboðs- og skráningarlýsingarinnar.

5. Ef ekki er krafist útboðs- og skráningarlýsingar, samkvæmt þessari tilskipun, skulu mikilvægar upplýsingar frá útgefanda eða tilboðsgjafa, sem beint er til fagfjárfesta eða sérstakra hópa fjárfesta, þ.m.t. upplýsingar í tengslum við fundi um útboð verðbréfa, birtar öllum fagfjárfestum eða sérstökum hópum fjárfesta sem útboðið beinist eingöngu að. Ef þess er krafist að útboðs- og skráningarlýsing sé birt skulu slíkar upplýsingar vera í útboðs- og skráningarlýsingunni eða viðbót við hana, í samræmi við 1. mgr. 16. gr.

6. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkis skal hafa heimild til þess að hafa eftirlit með því að auglýsingar í tengslum við almennt útboð verðbréfa eða skráningu þeirra á skipulegan markað séu í samræmi við meginreglurnar sem um getur í 2.– 5. mgr.

7. Til að taka tillit til tækniframfara á fjármálamörkunum og tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 24. gr., samþykkja framkvæmdarráðstafanir varðandi dreifingu auglýsinga, þar sem tilkynnt er um að fyrirhugað sé að bjóða almenningi verðbréf til kaups eða skrá þau á skipulegan markað, einkum áður en útboðs- og skráningarlýsing hefur verið gerð aðgengileg almenningi eða áður en áskriftartímabil hefst og að því er varðar 4. mgr. Samþykkja skal fyrstu framkvæmdarráðstafanirnar eigi síðar en 1. júlí 2004.

16. gr.

Viðbætur við útboðs- og skráningarlýsingu

1. Sérhvert nýtt atriði sem máli skiptir, mikilvæg mistök eða ónákvæmni í upplýsingum útboðs- og skráningarlýsingar, sem getur haft áhrif á mat á verðbréfunum, sem upp kemur eða kemur í ljós frá samþykkt útboðs- og skráningarlýsingar þar til almennu útboði er lokið eða, eftir því sem við á, þar til viðskipti hefjast með verðbréf á skipulegum markaði, skal getið í viðbót við útboðs- og skráningarlýsingu. Slík viðbót skal samþykkt á sama hátt innan sjö virkra daga og birt í samræmi við a.m.k. sama fyrirkomulag og gilti þegar upprunalega útboðs- og skráningarlýsingin var birt. Einnig skal bæta við samantektina og þýðingar hennar, ef nauðsyn krefur, til að taka tillit til nýju upplýsinganna í viðbótinni.

2. Fjárfestar, sem hafa þegar samþykkt að kaupa eða láta skrá sig fyrir verðbréfum áður en viðbótin er birt, skulu eiga rétt til að draga samþykki sitt til baka innan a.m.k. tveggja virkra daga frests frá því viðbótin var birt.

IV. KAFLI

ÚTBOÐ YFIR LANDAMÆRI OG SKRÁNING

17. gr.

Gildi samþykkis útboðs- og skráningarlýsinga innan Bandalagsins

1. Þegar almennt útboð eða skráning á skipulegan markað er skipulagt í einu eða fleiri aðildarríkjum eða í öðru aðildarríki en heimaaðildarríkinu skal útboðs- og skráningarlýsing, sem heimaaðildarríkið hefur samþykkt og allar viðbætur við hana, með fyrirvara um 23. gr., gilda fyrir almennt útboð verðbréfa eða skráningu þeirra í hvaða gistiaðildarríkjum sem er, að því tilskildu að lögbæru yfirvaldi hvers gistiaðildarríkis sé tilkynnt um það í samræmi við 18. gr. Lögbær yfirvöld gistiaðildarríkja skulu ekki hefja neins konar samþykktarferli eða stjórnsýslumeðferð vegna útboðs- og skráningarlýsinga.

2. Ef upp koma ný atriði sem máli skipta, mikilvæg mistök eða ónákvæmni, eins og um getur í 16. gr., frá því að útboðs- og skráningarlýsingin var samþykkt skal lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins krefjast þess að birt sé viðbót, sem samþykkja ber eins og kveðið er á um í 1. mgr. 13. gr. Lögbæru yfirvaldi gistiaðildarríkisins er heimilt að vekja athygli lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkisins á því ef þörf er á nýjum upplýsingum.

18. gr.

Tilkynning

1. Lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins skal, að beiðni útgefanda eða einstaklingsins, sem er ábyrgur fyrir samningu útboðs- og skráningarlýsingarinnar, og innan þriggja virkra daga frá því að slík beiðni er lögð fram eða, ef beiðnin er lögð fram ásamt drögum að útboðs- og skráningarlýsingu, þá innan eins virks dags frá því útboðs- og skráningarlýsingin var samþykkt, láta lögbæru yfirvaldi gistiaðildarríkisins í té vottorð um samþykki, sem staðfestir að útboðs- og skráningarlýsingin sé samin í samræmi við þessa tilskipun, ásamt afriti af viðkomandi útboðs- og skráningarlýsingu. Þessari tilkynningu skal fylgja, ef við á, þýðing á samantektinni, sem er á ábyrgð útgefanda eða einstaklingsins sem annast samningu útboðs- og skráningarlýsingarinnar. Sömu málsmeðferð skal fylgt við allar viðbætur við útboðs- og skráningarlýsinguna.

2. Ef ákvæðum 2. og 3. mgr. 8. gr. er beitt skal það koma fram í vottorðinu ásamt rökstuðningi þar að lútandi.

V. KAFLI

ÁKVÆÐI UM TUNGUMÁL OG ÚTGEFENDUR SEM ERU SKRÁÐIR Í ÞRIÐJU LÖNDUM

19. gr.

Ákvæði um tungumál

1. Þegar almennt útboð fer fram eða einungis er sótt um skráningu á skipulegan markað í heimaaðildarríkinu skal útboðs- og skráningarlýsing samin á því tungumáli sem lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins samþykkir.

2. Þegar almennt útboð fer fram eða sótt er um skráningu á skipulegan markað í einu eða fleiri aðildarríkjum, öðrum en heimaaðildarríkinu, skal útboðs- og skráningarlýsing annaðhvort samin á tungumáli, sem lögbær yfirvöld þessara aðildarríkja samþykkja, eða á tungumáli sem hefð er fyrir að nota í alþjóðafjármálageiranum, að vali útgefanda, tilboðsgjafa eða þess, sem sækir um skráningu, eftir því sem við á. Lögbært yfirvald í hverju gistiaðildarríki getur aðeins farið fram á að samantektin verði þýdd á eitt eða fleiri opinber tungumál sín.

Með hliðsjón af umfjöllun lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkis skal útboðs- og skráningarlýsingin samin annaðhvort á tungumáli sem það yfirvald samþykkir eða á tungumáli sem hefð er fyrir að nota í alþjóðafjármálageiranum að vali útgefanda, tilboðsgjafa eða þess sem sækir um skráningu á skipulegan markað, eftir því sem við á.

3. Þegar almennt útboð fer fram eða sótt er um skráningu á skipulegan markað í fleiri en einu aðildarríki, þar á meðal heimaaðildarríkinu, skal útboðs- og skráningarlýsingin samin á tungumáli sem lögbært yfirvald heimaaðildarríkisins samþykkir og einnig gerð aðgengileg annaðhvort á tungumáli sem lögbær yfirvöld í hverju gistiaðildarríkjanna hafa samþykkt eða á tungumáli sem hefð er fyrir að nota í alþjóðafjármálageiranum, að vali útgefanda, tilboðsgjafa eða þess sem óskar eftir skráningu, eftir því sem við á. Lögbært yfirvald í hverju gistiaðildarríki getur aðeins farið fram á að samantektin, sem um getur í 2. mgr. 5. gr., verði þýdd á eitt eða fleiri opinber tungumál sín.

4. Þegar sótt er um skráningu á skipulegan markað á verðbréfum, sem ekki eru hlutabréf, þar sem upphæð hverrar einingar nemur a.m.k. 50 000 evrum í einu eða fleiri aðildarríkjum skal útboðs- og skráningarlýsingin samin annaðhvort á tungumáli sem lögbær yfirvöld heima- og gistiaðildarríkja samþykkja eða á tungumáli sem hefð er fyrir að nota í alþjóðafjármálageiranum, að vali útgefanda, tilboðsgjafa eða þess sem sækir um skráningu, eftir því sem við á. Aðildarríkin geta kosið að setja í landslög að samantekt verði samin á einu eða fleiri opinberum tungumálum þeirra.

20. gr.

Útgefendur sem eru skráðir í þriðju löndum

1. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríki útgefenda, sem hafa skráða skrifstofu í þriðja landi, getur samþykkt útboðs- og skráningarlýsingu fyrir almennt útboð eða skráningu á skipulegan markað sem er samin í samræmi við löggjöf þriðja lands, að því tilskildu:

a) að útboðs- og skráningarlýsing hafi verið samin í samræmi við alþjóðlega staðla setta af verðbréfaeftirlitsstofnunum, þ.m.t. staðlar Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (IOSCO) um birtingu upplýsinga,

b) að upplýsingakröfur hennar, þ.m.t. kröfur um upplýsingar fjármálalegs eðlis, jafngildi kröfum þessarar tilskipunar.

2. Ef um er að ræða almennt útboð eða skráningu verðbréfa á skipulegan markað sem útgefandi, sem er skráður í þriðja landi, gefur út, í öðru aðildarríki en heimaaðildarríkinu, skulu kröfur 17., 18. og 19. gr. gilda.

3. Til að tryggja samræmda beitingu þessarar tilskipunar getur framkvæmdastjórnin, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 24. gr., samþykkt framkvæmdarráðstafanir sem fela í sér að þriðja land tryggi að útboðs- og skráningarlýsingar, sem samdar eru í því landi, séu í samræmi við þessa tilskipun á grundvelli landslaga þess eða venja eða málsmeðferða sem byggjast á alþjóðlegum stöðlum settum af alþjóðastofnunum, þ.m.t. staðlar Alþjóðasamtaka eftirlitsaðila á verðbréfamarkaði (IOSCO) um birtingu upplýsinga.

VI. KAFLI

LÖGBÆR YFIRVÖLD

21. gr.

Heimildir

1. Hvert aðildarríki skal tilnefna miðlægt, lögbært stjórnsýsluyfirvald til að framfylgja þeim skyldum sem kveðið er á um í þessari tilskipun og til að tryggja að ákvæðum, sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, sé beitt.

Þó er aðildarríki heimilt, ef þess er krafist í landslögum, að tilnefna önnur stjórnsýsluyfirvöld til að beita ákvæðum III. kafla.

Þessi lögbæru yfirvöld skulu vera algjörlega óháð öllum markaðsaðilum.

Fari almennt útboð verðbréfa fram eða sé sótt um skráningu á skipulegan markað í öðru aðildarríki en heimaaðildarríkinu hefur einungis miðlægt, lögbært stjórnsýsluyfirvald, sem hvert aðildarríki tilnefnir, rétt til að samþykkja útboðs- og skráningarlýsingu.

2. Aðildarríkin mega heimila lögbæru yfirvaldi eða yfirvöldum sínum að fela öðrum hluta verkefna sinna. Að undanskilinni birtingu samþykktra útboðs- og skráningarlýsinga á Netinu og viðtöku útboðs- og skráningarlýsinga, sem um getur í 14. gr., skal endurskoða, eigi síðar en 31. desember 2008, alla slíka úthlutun verkefna sem tengjast þeim skyldum, sem kveðið er á um í þessari tilskipun og framkvæmdarráðstöfunum hennar í samræmi við 31. gr. og skal slíkri úthlutun hætt 31. desember 2011. Allar úthlutanir verkefna til annarra aðila en yfirvaldanna, sem um getur í 1. mgr., skulu fara fram á tiltekinn hátt þar sem greint er frá verkefnum sem á að framkvæma og skilyrðum við framkvæmd þeirra.

Þessi skilyrði skulu fela í sér ákvæði sem skyldar umræddan aðila til að haga starfsemi sinni og skipulagningu þannig að ekki komi til hagsmunaárekstra og að upplýsingar, sem fást þegar verið er að sinna verkefnunum, sem úthlutað var, séu ekki notaðar á óréttmætan hátt eða til að hindra samkeppni. Í öllum tilvikum hvílir endanleg ábyrgð á eftirliti með að samræmis sé gætt við þessa tilskipun, framkvæmdarráðstafanir hennar og á samþykkt útboðs- og skráningarlýsingarinnar á lögbæru yfirvaldi eða yfirvöldum sem eru tilnefnd í samræmi við 1. mgr.

Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja um hvers konar fyrirkomulag sem samið hefur verið um varðandi úthlutun verkefna, þ.m.t. nákvæm skilyrði sem gilda um slíka úthlutun.

3. Hvert lögbært yfirvald skal hafa allar nauðsynlegar heimildir til að sinna hlutverki sínu. Lögbært yfirvald, sem móttekið hefur umsókn um samþykkt útboðs- og skráningarlýsingar, skal a.m.k. hafa heimild til:

a) að fara fram á það við útgefendur, tilboðsgjafa eða aðila, sem sækja um skráningu á skipulegan markað, að þeir láti viðbótarupplýsingar fylgja útboðs- og skráningarlýsingunni, ef þörf er á, í því skyni að vernda fjárfestinn,

b) að fara fram á það við útgefendur, tilboðsgjafa eða þá, sem sækja um skráningu á skipulegan markað, sem og þá, sem hafa eftirlit með þeim eða eru undir eftirliti þeirra, að þeir leggi fram upplýsingar og skjöl,

c) að fara fram á það við endurskoðendur og stjórnendur hjá útgefanda, tilboðsgjafa eða þeim, sem óskar eftir skráningu á skipulegan markað, sem og við fjármálamilliliði sem taka að sér að sjá um almenn útboð eða að óska eftir skráningu á skipulega markað að þeir leggi fram upplýsingar,

d) að fresta almennu útboði eða skráningu á skipulegan markað í samfellt 10 virka daga að hámarki, í einu og sama tilvikinu, ef rökstuddur grunur er um að brotið hafi verið í bága við ákvæði þessarar tilskipunar,

e) að banna eða fresta auglýsingum um samfellt 10 virka daga að hámarki, í einu og sama tilvikinu, ef rökstuddur grunur er um að brotið hafi verið í bága við ákvæði þessarar tilskipunar,

f) að banna almennt útboð ef það kemst að því að brotið hafi verið í bága við ákvæði þessarar tilskipunar eða ef rökstuddur grunur er um að það muni vera gert,

g) að fresta eða fara fram á það við viðkomandi skipulega markaði að þeir fresti viðskiptum á skipulegum markaði um samfellt 10 virka daga að hámarki í einu og sama tilvikinu ef rökstuddur grunur er um að brotið hafi verið í bága við ákvæði þessarar tilskipunar,

h) að banna viðskipti á skipulegum markaði ef það kemst að því að brotið hafi verið í bága við ákvæði þessarar tilskipunar,

i) að tilkynna opinberlega að útgefandi hafi ekki uppfyllt skyldur sínar.

Ef gerð er krafa um það í landslögum er lögbæru yfirvaldi heimilt að óska eftir því við viðkomandi dómsmálayfirvald að það úrskurði um beitingu þeirra heimilda sem um getur í d- til h-lið hér að framan.

4. Hvert lögbært yfirvald skal einnig, um leið og verðbréfin hafa verið skráð á skipulegan markað, hafa heimild til:

a) að fara fram á það við útgefandann að hann birti allar mikilvægar upplýsingar sem kynnu að hafa áhrif á mat á verðbréfum sem eru skráð á skipulegum mörkuðum í því skyni að tryggja vernd fjárfesta eða eðlilega starfsemi markaðarins,

b) að fresta eða óska eftir því við viðkomandi skipulegan markað að skráningu verði frestað ef það telur að aðstæður útgefandans séu þannig að skráning myndi skaða hagsmuni fjárfesta,

c) að tryggja að útgefendur verðbréfa, sem eru skráð á skipulega markaði, uppfylli skuldbindingarnar, sem kveðið er á um í 102. og 103. gr. tilskipunar 2001/34 /EB, og að fjárfestum séu látnar í té jafngildar upplýsingar og að útgefandi veiti öllum verðbréfaeigendum í sömu stöðu jafngilda meðferð í öllum aðildarríkjum þar sem almennt útboð fer fram eða þar sem verðbréfin eru skráð á skipulegan markað,

d) að láta fara fram skoðun á vettvangi á yfirráðasvæði sínu í samræmi við landslög til að sannreyna hvort ákvæðum þessarar tilskipunar og framkvæmdarráðstafana hennar sé hlítt. Ef landslög krefjast þess er lögbæru yfirvaldi eða yfirvöldum heimilt að nota þessa heimild með því að vísa málinu til viðkomandi dómsmálayfirvalds og/eða í samstarfi við önnur yfirvöld.

5. Ákvæði 1.–4. gr. skulu ekki hafa áhrif á möguleika aðildarríkis til að gera sérstakar laga- og stjórnvaldsráðstafanir fyrir evrópsk yfirráðasvæði handan hafsins þar sem viðkomandi aðildarríki ber ábyrgð á utanríkismálum.

22. gr.

Þagnarskylda og samstarf milli yfirvalda

1. Þagnarskylda skal gilda um alla þá sem starfa hjá eða hafa starfað hjá lögbæra yfirvaldinu og aðila sem lögbær yfirvöld kunna að hafa úthlutað tilteknum verkefnum. Upplýsingar, sem falla undir þagnarskyldu má ekki afhenda neinum öðrum aðila eða yfirvaldi nema í samræmi við ákvæði laga.

2. Lögbær yfirvöld aðildarríkis skulu starfa saman þegar nauðsyn ber svo að þau geti uppfyllt skyldur sínar og nýtt heimildir sínar. Lögbær yfirvöld skulu veita lögbærum yfirvöldum annarra aðildarríkja aðstoð. Þau skulu einkum skiptast á upplýsingum og starfa saman þegar fleiri en eitt lögbært yfirvald eru í heimaaðildarríki útgefanda vegna mismunandi flokka verðbréfa eða þar sem samþykki útboðs- og skráningarlýsingar hefur verið flutt yfir til lögbærs yfirvalds í öðru aðildarríki skv. 5. mgr. 13. gr. Þau skulu einnig hafa náið samstarf þegar þau fara fram á frestun eða leggja bann við viðskiptum með verðbréf sem viðskipti eru með í ýmsum aðildarríkjum til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði milli viðskiptastaða og vernd fjárfesta. Lögbæru yfirvaldi gistiaðildarríkis er heimilt, ef við á, að fara fram á aðstoð lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkis frá þeim tímapunkti að viðkomandi tilvik er athugað, einkum að því er varðar nýjar eða sjaldgæfar tegundir verðbréfa. Lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins er heimilt að óska eftir upplýsingum frá lögbæru yfirvaldi gistiaðildarríkisins um alla sérkennandi þætti viðkomandi markaðar.

Með fyrirvara um 21. gr. er lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins heimilt, eftir þörfum, að ráðfæra sig við þátttakendur á skipulegum mörkuðum, einkum þegar taka þarf ákvörðun um frestun eða hvort óska eigi eftir því við skipulega markaðinn að hann fresti eða banni skráningu.

3. Ákvæði 1. mgr. skulu ekki hindra lögbær yfirvöld í því að skiptast á trúnaðarupplýsingum. Upplýsingar, sem þannig eru fengnar, eru háðar þagnarskyldu þeirra sem starfa eða hafa starfað hjá þeim lögbæru yfirvöldum sem taka við upplýsingunum.

23. gr.

Varúðarráðstafanir

1. Komist lögbært yfirvald gistiaðildarríkisins að því að útgefandi eða fjármálastofnanirnar, sem annast almenna útboðið, hafa gerst sek um að virða ekki reglur eða brotið í bága við þær skyldur sem skráning verðbréfa á skipulegan markað leggur á herðar útgefanda, skal það vísa málinu til lögbærs yfirvalds heimaaðildarríkisins.

2. Ef útgefandinn eða fjármálastofnanir, sem annast almenna útboðið halda áfram að brjóta viðkomandi lög og ákvæði reglna, þrátt fyrir ráðstafanir sem lögbært yfirvald heimaaðildarríkis hefur gert eða vegna þess að slíkar ráðstafanir reynast ófullnægjandi, skal lögbært yfirvald gistiaðildarríkisins, eftir að hafa tilkynnt það lögbæru yfirvaldi heimaaðildarríkisins, gera allar viðeigandi ráðstafanir til að vernda fjárfesta. Framkvæmdastjórninni skal tilkynnt um slíkar ráðstafanir eins fljótt og auðið er.

VII. KAFLI

FRAMKVÆMDARRÁÐSTAFANIR

24. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar Evrópsku verðbréfanefndarinnar, sem komið var á fót með ákvörðun 2001/528/EB (hér á eftir nefnd „nefndin“).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar, að því tilskildu að framkvæmdarráðstafanirnar, sem samþykktar eru samkvæmt þessari málsmeðferð, breyti ekki grundvallarákvæðum þessarar tilskipunar.

Tímabilið, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

4. Með fyrirvara um framkvæmdarráðstafanir, sem þegar hafa verið samþykktar, skulu ákvæði þessarar tilskipunar um samþykkt tæknireglna og ákvarðana, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr., falla úr gildi fjórum árum eftir gildistöku hennar. Evrópuþinginu og ráðinu er heimilt, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, að endurnýja viðkomandi ákvæði í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans, og skulu þau, í því skyni, endurskoða þau áður en fjögurra ára tímabilinu lýkur.

25. gr.

Viðurlög

1. Með fyrirvara um rétt aðildarríkja til að beita viðurlögum á sviði refsiréttar og með fyrirvara um fyrirkomulag einkaréttarábyrgðar innan þeirra skulu aðildarríkin tryggja, í samræmi við innlend lög, að gerðar verði viðeigandi stjórnsýsluráðstafanir eða stjórnsýsluviðurlögum verði beitt gagnvart aðilum sem eru ábyrgir þegar ekki hefur verið farið að ákvæðunum sem eru samþykkt við framkvæmd þessarar tilskipunar. Aðildarríkin skulu tryggja að þessar ráðstafanir séu árangursríkar, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

2. Aðildarríkin skulu kveða á um að lögbæru yfirvaldi sé heimilt að birta opinberlega upplýsingar um allar ráðstafanir eða viðurlög sem beitt hefur verið við broti á ákvæðunum sem hafa verið samþykkt samkvæmt þessari tilskipun, nema birtingin kunni að tefla fjármálamarkaðnum í tvísýnu eða valda viðkomandi aðilum óhóflegum skaða.

26. gr.

Áfrýjunarréttur

Aðildarríkin skulu tryggja að unnt sé að áfrýja til dómstóla öllum ákvörðunum sem eru teknar samkvæmt lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun.

VIII. KAFLI

BRÁÐABIRGÐA- OG LOKAÁKVÆÐI

27. gr.

Breytingar

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 2001/34/EB frá og með þeim degi sem er tilgreindur í 29. gr.:

1. Ákvæði 3. gr, 20.–41. gr., 98.–101. gr., 104. gr. og ii-liðar c-liðar 2. mgr. 108. gr. falli brott.

2. Í 3. mgr. 107. gr. falli fyrsta undirgrein brott.

3. Í a-lið 2. mgr. 108. gr. falli brott orðin „skilyrði fyrir gerð, eftirliti með og dreifingu skráningarlýsingar, sem birta skal við skráningu“.

4. Ákvæði I. viðauka falli brott.

28. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 89/298/EBE falli niður frá og með þeim degi sem tilgreindur er í 29. gr. Litið skal á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa tilskipun.

29. gr.

Lögleiðing

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 2005. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

30. gr.

Bráðabirgðaákvæði

1. Útgefendur verðbréfa, sem þegar hafa verið skráð á skipulegan markað, sem eru skráðir í þriðja landi skulu velja lögbært yfirvald sitt í samræmi við iii-lið m-liðar 1. mgr. 2. gr. og tilkynna ákvörðun sína til lögbærs yfirvalds aðildarríkisins, sem þeir hafa valið sem sitt heimaaðildarríki, eigi síðar en 31. desember 2005.

2. Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. er aðildarríkjum, sem hafa nýtt sér undanþágu a-liðar 5. gr tilskipunar 89/298/EBE, heimilt að halda áfram að leyfa lánastofnunum eða öðrum jafngildum fjármálastofnunum, sem ekki heyra undir j-lið 2. mgr. 1. gr. þessarar tilskipunar, að bjóða út skuldabréf eða önnur jafngild, framseljanleg verðbréf, sem eru gefin út samfellt eða með endurteknum hætti innan yfirráðasvæða þeirra, í fimm ár frá gildistökudegi þessarar tilskipunar.

3. Þrátt fyrir 29. gr. skal Sambandslýðveldið Þýskaland uppfylla 1. mgr. 21. gr. eigi síðar en 31. desember 2008.

31. gr.

Endurskoðun

Fimm árum eftir gildistöku þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin leggja mat á beitingu þessarar tilskipunar og leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið ásamt tillögum um endurskoðun ef við á.

32. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

33. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. nóvember 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	G. ALEMANNO
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

ÚTBOÐS- OG SKRÁNINGARLÝSING

I. **Samantekt**

Í samantektinni skulu mikilvægustu upplýsingar útboðs- og skráningarlýsingarinnar settar fram, á nokkrum blaðsíðum, og skulu a.m.k. eftirfarandi atriði koma fram:

A. Nöfn stjórnarmanna, æðstu stjórnenda, ráðgjafa og endurskoðenda.

B. Tölfræðilegar upplýsingar um útboð og væntanleg tímaáætlun.

C. Helstu upplýsingar varðandi valin fjármálagögn, fjármögnun og skuldastöðu, ástæður fyrir útboðinu og notkun ágóðans, áhættuþættir.

D. Upplýsingar um útgefandann:

— saga og þróun útgefandans,

— yfirlit yfir viðskiptastarfsemi.

E. Yfirlit yfir rekstur og fjármál og framtíðarhorfur:

— rannsóknir og þróun, einkaleyfi og leyfi, o.s.frv.,

— horfur.

F. Stjórnarmenn, æðstu stjórnendur og launamenn.

G. Stærstu hluthafar og viðskipti tengdra aðila.

H. Fjárhagslegar upplýsingar:

— samstæðureikningsskil og aðrar fjárhagslegar upplýsingar,

— mikilvægar breytingar.

I. Ítarlegar upplýsingar um útboð og skráningu:

— útboð og skráning,

— áætlun um dreifingu,

— markaðir,

— hluthafar sem vilja selja,

— þynning (einungis hlutabréf),

— útgáfukostnaður.

J. Viðbótarupplýsingar:

— hlutafé,

— stofnsamþykktir,

— skjöl til sýnis.

II. **Nöfn stjórnarmanna, æðstu stjórnenda, ráðgjafa og endurskoðenda**

Tilgangurinn er að tilgreina fulltrúa fyrirtækisins og aðra einstaklinga sem tengjast útboði eða skráningu fyrirtækisins. Þessir einstaklingar bera ábyrgð á samningu útboðs- og skráningarlýsingarinnar, eins og krafist er skv. 5. gr. tilskipunarinnar, og á endurskoðun ársreikninga.

III. **Tölfræðilegar upplýsingar um útboð og væntanleg tímaáætlun**

Tilgangurinn er að veita helstu upplýsingar um framkvæmd útboða og tilgreina mikilvægar dagsetningar sem tengjast þeim.

A. Tölfræðilegar upplýsingar um útboð.

B. Aðferð og væntanleg tímaáætlun.

IV. **Helstu upplýsingar**

Tilgangurinn er að gera í stuttu máli grein fyrir helstu upplýsingum um fjárhagsstöðu fyrirtækisins, fjármögnun og áhættuþætti. Ef ársreikningar í skjalinu eru verðleiðréttir til að endurspegla veigamiklar breytingar á uppbyggingu fyrirtækjahóps fyrirtækisins eða reikningsskilastefnu skal einnig verðleiðrétta valin fjármálagögn.

A. Valin fjármálagögn.

B. Fjármögnun og skuldastaða.

C. Ástæður fyrir útboðinu og notkun ágóðans.

D. Áhættuþættir.

V. **Upplýsingar um fyrirtækið**

Tilgangurinn er að veita upplýsingar um atvinnurekstur fyrirtækisins, afurðir sem það framleiðir eða þjónustu sem það veitir og þá þætti sem hafa áhrif á reksturinn. Einnig er ætlunin að veita upplýsingar um það hvort eignir fyrirtækisins, tækjakostur og búnaður séu viðunandi og hagkvæm og um framtíðaráætlanir varðandi aukningu eða minnkun afkasta.

A. Saga og þróun fyrirtækisins.

B. Yfirlit yfir atvinnurekstur.

C. Stjórnskipulag.

D. Eignir, tækjakostur og búnaður.

VI. **Yfirlit yfir rekstur og fjármál og framtíðarhorfur**

Tilgangurinn er að koma á framfæri skýringu yfirstjórnarinnar á þáttum sem hafa haft áhrif á fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu fyrirtækisins samkvæmt fyrri ársreikningum og mati hennar á þáttum og horfum sem búist er við að hafi veigamikil áhrif á fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu fyrirtækisins í framtíðinni.

A. Rekstur fyrirtækisins.

B. Lausafé og eignarhlutar í hlutafélagi.

C. Rannsóknir og þróun, einkaleyfi og leyfi o.s.frv.

D. Horfur.

VII. **Stjórnarmenn, æðstu stjórnendur og launamenn**

Tilgangurinn er að veita upplýsingar um stjórnarmenn og stjórnendur fyrirtækisins sem gera fjárfestum kleift að meta reynslu þeirra, menntun og hæfi og launakjör ásamt tengslum þeirra við fyrirtækið.

A. Stjórnarmenn og æðstu stjórnendur.

B. Launakjör.

C. Starfsaðferðir.

D. Launamenn.

E. Hlutabréfaeign.

VIII. **Stærstu hluthafar og viðskipti tengdra aðila**

Tilgangurinn er að veita upplýsingar um stærstu hluthafa og aðra sem kunna að geta stjórnað eða haft áhrif á fyrirtækið. Einnig er ætlunin að veita upplýsingar um viðskipti fyrirtækisins við aðila í eignatengslum við fyrirtækið og hvort skilmálar slíkra viðskipta eru sanngjörn fyrir fyrirtækið.

A. Stærstu hluthafar.

B. Viðskipti tengdra aðila.

C. Hagsmunir sérfræðinga og ráðgjafa.

IX. **Fjárhagslegar upplýsingar**

Tilgangurinn er að tilgreina hvaða ársreikningar skulu vera hluti af skjalinu ásamt því til hvaða tímabila upplýsingarnar skuli taka, aldri ársreikninganna og öðrum upplýsingum fjármálalegs eðlis. Reikningsskila- og endurskoðunarreglur sem verða samþykktar til nota við undirbúning og endurskoðun á ársreikningum verða ákvarðaðar í samræmi við alþjóðlega reikningsskila- og endurskoðunarstaðla.

A. Samstæðureikningsskil og aðrar fjárhagslegar upplýsingar.

B. Mikilvægar breytingar.

X. **Ítarlegar upplýsingar um útboð og skráningu**

Tilgangurinn er að veita upplýsingar um útboð og skráningu verðbréfa, áætlun um dreifingu verðbréfa og tengd málefni.

A. Útboð og skráning.

B. Áætlun um dreifingu.

C. Markaðir.

D. Verðbréfaeigendur sem vilja selja.

E. Þynning (einungis hlutabréf).

F. Útgáfukostnaður.

XI. **Viðbótarupplýsingar**

Tilgangurinn er að veita upplýsingar sem flestar eru lögboðnar og ekki finnast annars staðar í útboðs- og skráningarlýsingunni.

A. Hlutafé.

B. Stofnsamþykktir.

C. Mikilvægir samningar.

D. Gjaldeyriseftirlit.

E. Skattlagning.

F. Arður og stofnanir sem annast greiðslu.

G. Yfirlýsing frá sérfræðingum.

H. Skjöl til sýnis.

I. Aðrar upplýsingar.

II. VIÐAUKI

LÝSING Á ÚTGEFANDA

I. **Nöfn stjórnarmanna, æðstu stjórnenda, ráðgjafa og endurskoðenda**

Tilgangurinn er að tilgreina fulltrúa fyrirtækisins og aðra einstaklinga sem tengjast útboði eða skráningu fyrirtækisins. Þessir einstaklingar bera ábyrgð á samningu útboðs- og skráningarlýsingarinnar og á endurskoðun ársreikninga.

II. Helstu upplýsingar um útgefandann

Tilgangurinn er að gera í stuttu máli grein fyrir helstu upplýsingum um fjárhagsstöðu fyrirtækisins, fjármögnun og áhættuþætti. Ef ársreikningar í skjalinu eru verðleiðréttir til að endurspegla veigamiklar breytingar á uppbyggingu fyrirtækjahóps fyrirtækisins eða reikningsskilastefnu skal einnig verðleiðrétta valin fjármálagögn.

A. Valin fjármálagögn.

B. Fjármögnun og skuldastaða.

C. Áhættuþættir.

III. **Upplýsingar um fyrirtækið**

Tilgangurinn er að veita upplýsingar um atvinnurekstur fyrirtækisins, afurðir sem það framleiðir eða þjónustu sem það veitir og þá þætti sem hafa áhrif á reksturinn. Einnig er ætlunin að veita upplýsingar um það hvort eignir fyrirtækisins, tækjakostur og búnaður séu viðunandi og hagkvæm og um framtíðaráætlanir varðandi aukningu eða minnkun afkasta.

A. Saga og þróun fyrirtækisins.

B. Yfirlit yfir atvinnurekstur.

C. Stjórnskipulag.

D. Eignir, tækjakostur og búnaður.

IV. **Yfirlit yfir rekstur og fjármál og framtíðarhorfur**

Tilgangurinn er að koma á framfæri skýringu yfirstjórnarinnar á þáttum sem hafa haft áhrif á fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu fyrirtækisins samkvæmt fyrri ársreikningum og mati hennar á þáttum og horfum sem búist er við að hafi veigamikil áhrif á fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu fyrirtækisins í framtíðinni.

A. Afkoma fyrirtækisins.

B. Lausafé og eignarhlutar í hlutafélagi.

C. Rannsóknir og þróun, einkaleyfi og leyfi o.s.frv.

D. Horfur.

V. **Stjórnarmenn, æðstu stjórnendur og launamenn**

Tilgangurinn er að veita upplýsingar um stjórnarmenn og stjórnendur fyrirtækisins sem gera fjárfestum kleift að meta reynslu þeirra, menntun og hæfi og launakjör ásamt tengslum þeirra við fyrirtækið.

A. Stjórnarmenn og æðstu stjórnendur.

B. Launakjör.

C. Starfsvenjur.

D. Launamenn.

E. Hlutabréfaeign.

VI. **Stærstu hluthafar og viðskipti tengdra aðila**

Tilgangurinn er að veita upplýsingar um stærstu hluthafa og aðra sem kunna að geta stjórnað eða haft áhrif á fyrirtækið. Einnig er ætlunin að veita upplýsingar um viðskipti fyrirtækisins við aðila í eignatengslum við fyrirtækið og hvort skilmálar slíkra viðskipta eru sanngjörn fyrir fyrirtækið.

A. Stærstu hluthafar.

B. Viðskipti tengdra aðila.

C. Hagsmunir sérfræðinga og ráðgjafa.

VII. **Fjárhagslegar upplýsingar**

Tilgangurinn er að tilgreina hvaða ársreikningar skuli vera hluti af skjalinu ásamt því til hvaða tímabila upplýsingarnar skuli taka, aldri ársreikninganna og öðrum upplýsingum fjármálalegs eðlis. Reikningsskila- og endurskoðunarreglur sem verða samþykktar til nota við undirbúning og endurskoðun á ársreikningum verða ákvarðaðar í samræmi við alþjóðlega reikningsskila- og endurskoðunarstaðla.

A. Samstæðureikningsskil og aðrar fjárhagslegar upplýsingar.

B. Mikilvægar breytingar.

VIII. **Viðbótarupplýsingar**

Tilgangurinn er að veita upplýsingar sem flestar eru lögboðnar og ekki finnast annars staðar í útboðs- og skráningarlýsingunni.

A. Hlutafé.

B. Stofnsamþykktir.

C. Mikilvægir samningar.

D. Yfirlýsing frá sérfræðingum.

E. Skjöl til sýnis.

F. Aðrar upplýsingar.

III. VIÐAUKI

VERÐBRÉFALÝSING

I. **Nöfn stjórnarmanna, æðstu stjórnenda, ráðgjafa og endurskoðenda**

Tilgangurinn er að tilgreina fulltrúa fyrirtækisins og aðra einstaklinga sem tengjast útboði eða skráningu fyrirtækisins. Þessir einstaklingar bera ábyrgð á samningu útboðs- og skráningarlýsingarinnar og á endurskoðun ársreikninga.

II. **Tölfræðilegar upplýsingar um útboð og væntanleg tímaáætlun**

Tilgangurinn er að veita helstu upplýsingar um framkvæmd útboða og tilgreina mikilvægar dagsetningar sem tengjast þeim.

A. Tölfræðilegar upplýsingar um útboð.

B. Aðferð og væntanleg tímaáætlun.

III. **Helstu upplýsingar um útgefandann**

Tilgangurinn er að gera í stuttu máli grein fyrir helstu upplýsingum um fjárhagsstöðu fyrirtækisins, fjármögnun og áhættuþætti. Ef ársreikningar í skjalinu eru verðleiðréttir til að endurspegla veigamiklar breytingar á uppbyggingu fyrirtækjahóps fyrirtækisins eða reikningsskilastefnu skal einnig verðleiðrétta valin fjármálagögn.

A. Fjármögnun og skuldastaða.

B. Ástæður fyrir útboðinu og notkun ágóðans.

C. Áhættuþættir.

IV. **Hagsmunir sérfræðinga**

Tilgangurinn er að veita upplýsingar um viðskipti fyrirtækisins við sérfræðinga eða ráðgjafa sem eru ráðnir gegn þóknun.

V. **Ítarlegar upplýsingar um útboð og skráningu**

Tilgangurinn er að veita upplýsingar um útboð og skráningu verðbréfa, áætlun um dreifingu verðbréfa og tengd málefni.

A. Útboð og skráning.

B. Áætlun um dreifingu.

C. Markaðir.

D. Verðbréfaeigendur sem vilja selja.

E. Þynning (einungis hlutabréf).

F. Útgáfukostnaður.

VI. **Viðbótarupplýsingar**

Tilgangurinn er að veita upplýsingar sem flestar eru lögboðnar og ekki finnast annars staðar í útboðs- og skráningarlýsingunni.

A. Gjaldeyriseftirlit.

B. Skattlagning.

C. Arður og stofnanir sem annast greiðslur.

D. Yfirlýsing frá sérfræðingum.

E. Skjöl til sýnis.

IV. VIÐAUKI

SAMANTEKT

Í samantektinni skulu mikilvægustu upplýsingar útboðs- og skráningarlýsingarinnar settar fram, á nokkrum blaðsíðum, og skulu a.m.k. eftirfarandi atriði koma fram:

— nöfn stjórnarmanna, æðstu stjórnenda, ráðgjafa og endurskoðenda,

— tölfræðilegar upplýsingar um útboð og væntanleg tímaáætlun,

— helstu upplýsingar varðandi valin fjármálagögn, eigið fjármagn og skuldastöðu, ástæður fyrir útboðinu og notkun ágóðans, áhættuþættir,

— upplýsingar um útgefandann,

  — saga og þróun útgefandans,

  — yfirlit yfir viðskiptastarfsemi,

— yfirlit yfir rekstur og fjármál og framtíðarhorfur,

  — rannsóknir og þróun, einkaleyfi og leyfi o.s.frv.,

  — horfur,

— stjórnarmenn, æðstu stjórnendur og launamenn,

— stærstu hluthafar og viðskipti tengdra aðila,

— fjárhagslegar upplýsingar,

  — samstæðureikningsskil og aðrar fjárhagslegar upplýsingar,

  — mikilvægar breytingar,

— ítarlegar upplýsingar um útboð og skráningu,

  — útboð og skráning,

  — áætlun um dreifingu,

  — markaðir,

  — hluthafar sem vilja selja,

  — þynning (einungis hlutabréf),

  — útgáfukostnaður,

— viðbótarupplýsingar,

  — hlutafé,

  — stofnsamþykktir,

  — skjöl til skoðunar.

TILMÆLI FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2007/EES/9/06

frá 25. júlí 2003

um vinnslu í rafrænum fjarskiptanetum á upplýsingum um staðsetningu þess sem hringir að því er varðar staðsetningartengda neyðarsímsvörunarþjónustu (*)

(tilkynnt með númeri C(2003) 2657)

(2003/558/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af tilskipun 2002/21/EB um sameiginlegan regluramma um rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (rammatilskipunin) ([1]), einkum 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ákvörðun ráðsins 91/396/EBE um að koma á samevrópsku neyðarnúmeri ([2]) er þess krafist að aðildarríkin sjái til þess að símanúmerið „112“ sé tekið upp sem samevrópskt neyðarnúmer í almennum talsímanetum eigi síðar en 31. desember 1992, með möguleika á undanþágu til 31. desember 1996 að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

2) Í tilskipun 2002/22/EB um alþjónustu og réttindi notenda að því er varðar rafræn fjarskiptanet og -þjónustu (tilskipun um alþjónustu) ([3]), er þess krafist að rekstraraðilar almennra talsímaneta (hér á eftir nefndir „rekstraraðilar“) geri upplýsingar um staðsetningu þess sem hringir aðgengilegar yfirvöldum sem annast neyðarþjónustu að því marki sem er tæknilega gerlegt fyrir allar upphringingar í samevrópska neyðarnúmerið 112. Í tilskipun 2002/58/EB um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipunin um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) ([4]) er því komið á að þeir, sem bjóða fram almenn fjarskiptanet og -þjónustu, sem er öllum aðgengileg, geti komið í veg fyrir að vörn gegn númerabirtingu númersins, sem hringt er úr, sé notuð og að notendur eða áskrifendur hafni tímabundið eða samþykki þeirra liggi ekki fyrir að því er varðar vinnslu staðsetningargagna fyrir hverja línu um sig, þegar um er að ræða fyrirtæki sem bregðast við neyðarsímtölum og eru viðurkennd sem slík í aðildarríkinu sem viðtakendur slíkra símtala þ.m.t. handhafar lögregluvalds, sjúkrabifreiðar og slökkviliðsbifreiðar.

3) Þótt þessi tilmæli fjalli um staðsetningartengda möguleika neyðarnúmersins 112 er litið svo á að við hliðstæð innlend neyðarnúmer verði bætt sömu virkni og samkvæmt sömu meginreglum. Þessi tilmæli hafa ekki áhrif á fyrirtæki sem reka einkafjarskiptakerfi.

4) Til þess að framkvæmd E112-þjónustunnar verði árangursrík í gervöllu Bandalaginu er nauðsynlegt að fjalla um málefni tengd framkvæmdinni og að samræma tímaáætlanir varðandi innleiðingu nýrra kerfa. Samræmingarhópurinn um aðgang neyðarþjónustu að staðsetningarupplýsingum (CGALIES), sem framkvæmdastjórnin kom á fót í maí 2000 sem samstarfsvettvang aðila í opinbera geiranum og einkageiranum, hefur gert aðilum mismunandi geira kleift að ræða og komast að samkomulagi um meginreglur sem stuðla að því að framkvæmdin verði samræmd og innan tímamarka.

5) Í framhaldi af tilmælum CGALIES skulu þeir sem bjóða fram almenn talsímanet eða -þjónustu leggja sig fram við að ákvarða og framsenda áreiðanlegustu upplýsingar um staðsetningu þess sem hringir sem eru tiltækar fyrir allar upphringingar í samevrópska neyðarnúmerið 112.

6) Í fyrsta áfanga E112-þjónustunnar er talið æskilegra að beita meginreglunni um að allir leggi sig fram í stað þess að fyrirskipa tilteknar gæðakröfur um staðsetningarákvörðun. Eftir því sem opinberar neyðarsímsvörunarstöðvar og neyðarþjónusta öðlast hagnýta reynslu af notkun staðsetningarupplýsinga munu kröfur varðandi þær verða skilgreindar nánar. Enn fremur mun staðsetningartækni halda áfram að þróast bæði í hólfaskiptum farstöðvanetum og staðsetningarkerfum sem byggjast á gervitunglum. Því er nauðsynlegt að endurskoða aðferðina um að allir leggi sig fram eftir að fyrsta áfanga er lokið.

7) Mikilvægt er fyrir öll aðildarríkin að þróa sameiginlegar tæknilausnir og starfsvenjur að því er varðar veitingu E112-þjónustunnar. Mótun sameiginlegra tæknilausna skal fara fram á vettvangi evrópsku staðlastofnananna í því skyni að auðvelda innleiðingu E112-þjónustunnar, þróa rekstrarsamhæfar lausnir og draga úr kostnaði Evrópusambandsins við framkvæmdina.

(*) ` Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 189, 29.7.2003, bls. 49. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 74/2004 frá 4. júní 2004 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 25.11.2004, bls. 8.

([1]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 33.
([2]) Stjtíð. EB L 217, 6.8.1991, bls. 31.
([3]) Stjtíð. EB L 108, 24.4.2002, bls. 31.
([4]) Stjtíð. EB L 201, 31.7.2002, bls. 37.

8) Samræmd lausn í allri Evrópu myndi vera í þágu rekstrarsamhæfis þróaðs öryggisbúnaðar, svo sem upphringinga sem hægt er að senda handvirkt eða sjálfvirkt frá fjarvirknibúnaði sem er innbyggður í ökutæki. Þessar upphringingar geta veitt viðbótarupplýsingar, t.d. um fjölda farþega í bifreið eða hópbifreið, áttavitastefnu, árekstrarnema, tegund hættulegs farms eða heilsufarsskýrslur ökumanna og farþega. Þar sem umferð yfir landamæri í Evrópu er mikil er vaxandi þörf á sameiginlegum samskiptareglum fyrir gagnaflutninga til að koma slíkum upplýsingum til neyðarsímsvörunarstöðva og neyðarþjónustu til að forðast rugling eða rangtúlkun gagnanna sem eru send.

9) Fyrirkomulaginu, sem rekstraraðilar nota við að framsenda staðsetningarupplýsingar til neyðarsímsvörunarstöðva, skal komið á með gagnsæjum hætti og án mismununar, þ.m.t., ef við á, hvers kyns kostnaðarþætti.

10) Skilvirk framkvæmd staðsetningartengdrar neyðarsímsvörunarþjónustu krefst þess að staðsetning þess sem hringir, eins og rekstraraðili almenna talsímanetsins eða þjónustunnar ákvarðar hana, sé send til einhverrar viðeigandi neyðarsímsvörunarstöðvar sem getur tekið á móti og notað staðsetningarupplýsingarnar sem eru veittar.

11) Í tilskipun 2002/58/EB um vinnslu persónuupplýsinga og um verndun einkalífs á sviði rafrænna fjarskipta (tilskipunin um friðhelgi einkalífsins og rafræn fjarskipti) er þess almennt krafist að virða skuli að fullu réttindi einstaklinga til verndar friðhelgi einkalífsins og til gagnaverndar og að grípa skuli til viðeigandi tæknilegra og skipulagslegra öryggisráðstafanna í því skyni. Samkvæmt henni er neyðarþjónustu hins vegar heimilt að nota staðsetningarupplýsingar án samþykkis notandans sem hlut á að máli. Einkum ber aðildarríkjunum að tryggja að fyrir hendi sé gagnsæ málsmeðferð til að stjórna því hvernig aðila, sem býður fram almennt fjarskiptanet og/eða –þjónustu, er heimilt að koma í veg fyrir að notendur hafni tímabundið eða samþykki þeirra liggi ekki fyrir að því er varðar vinnslu staðsetningargagna fyrir hverja línu um sig, þegar um er að ræða fyrirtæki sem bregðast við neyðarsímtölum og eru viðurkennd sem slík af aðildarríkinu til að taka á móti slíkum símtölum

12) Aðgerðir í tengslum við aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði almannavarna (hér á eftir kölluð „aðgerðaáætlunin um almannavarnir“) ([1]) skulu miða að því að samþætta markmið um almannavarnir öðrum stefnumálum og aðgerðum Bandalagsins sem og að áætlunin sé í samræmi við aðrar Bandalagsaðgerðir. Þetta veitir framkvæmdastjórninni rétt til að hrinda í framkvæmd aðgerðum sem miða að því að auka viðbúnaðarstig stofnana sem sinna almannavörnum í aðildarríkjunum, með því að auka getu þeirra til að bregðast við neyðartilvikum og bæta tækni þeirra og aðferðir að því er varðar viðbragð og skyndihjálp. Þetta getur falið í sér meðferð og notkun neyðarsímsvörunarstöðva og neyðarþjónustu á staðsetningarupplýsingum sem tengjast neyðarupphringingum í E112-þjónustu.

13) Til að ná markmiðum þessara tilmæla er þörfin fyrir áframhaldandi skoðanaskipti milli rekstraraðila almennra neta og þjónustuveitenda og opinberra yfirvalda, þ.m.t. neyðarþjónustu, enn meiri.

14) Við skýrslugjöf um stöðu framkvæmdar á E112-þjónustunni skulu innlend yfirvöld fjalla um hverskyns tæknivandamál sem koma í veg fyrir innleiðingu E112-þjónustunnar að því er varðar tiltekna flokka endanlegra notenda sem og tæknilegar kröfur vegna meðferðar neyðarupphringinga sem berast með smáskilaboðum (SMS) eða um fjargagnaþjónustu.

15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessum tilmælum, eru í samræmi við ráðgefandi álit fjarskiptanefndarinnar sem komið var á fót skv. 22. gr. tilskipunar 2002/21/EB.

LAGT TIL EFTIRFARANDI:

1. Aðildarríkin skulu beita eftirfarandi samræmdum skilyrðum og meginreglum við að veita neyðarþjónustu staðsetningarupplýsingar um þann sem hringir, fyrir allar upphringingar í samevrópska neyðarnúmerið 112.

2. Í þessum tilmælum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

   a) „neyðarþjónusta“: þjónusta sem er viðurkennd sem slík af aðildarríkinu, sem veitir aðstoð hratt og tafarlaust við aðstæður þar sem bein hætta steðjar að lífi eða limum einstaklinga, almannaheilbrigði eða -öryggi eða eignum í einkaeigu eða eigu hins opinbera eða umhverfinu, en þó ekki endilega takmarkað við þessar aðstæður.

   b) „staðsetningarupplýsingar“: í almennu farstöðvaneti eru gögnin sem eru unnin og gefa til kynna staðsetningu farstöðvaendabúnaðar notanda og í almennu föstu neti eru það gögnin um raunvistfang tengipunktsins.

   c) „E112“: neyðarfjarskiptaþjónusta sem notar samevrópska neyðarnúmerið 112, en við hana bætast staðsetningarupplýsingar um þann sem hringir.

   d) „neyðarsímsvörunarstöð“: staðurinn þar sem tekið er á móti neyðarupphringingum og er á ábyrgð opinbers yfirvalds.

([1]) Stjtíð. EB L 327, 21.12.1999, bls. 53.

3. Aðildarríkjunum ber að semja ítarlegar reglur fyrir rekstraraðila almennra neta, sem skulu m.a. fela í sér ákvæði 4.9. liðar hér á eftir.

4. Fyrir allar neyðarupphringingar í samevrópska neyðarnúmerið 112 skulu rekstraraðilar almennra talsímaneta framsenda sjálfvirkt til neyðarsímsvörunarstöðva bestu upplýsingar sem fyrir liggja um staðsetningu þess sem hringir að því marki sem er tæknilega gerlegt. Á tímabilinu þar til endurskoðuninni, sem um getur í 13. lið hér á eftir, er lokið er viðunandi að rekstraraðilar geri staðsetningarupplýsingar einungis tiltækar þegar þeirra er óskað.

5. Rekstraraðilar fastra, almennra talsímaneta skulu láta í té heimilisfangið þar sem línan, þaðan sem neyðarupphringingin berst, er uppsett.

6. Rekstraraðilar almennra talsímaneta skulu veita staðsetningarupplýsingar án mismununar og einkum skulu þeir gæta þess að gera ekki greinarmun á gæðum þeirra upplýsinga sem eru veittar um eigin áskrifendur og aðra notendur. Ef um er að ræða föst net skulu aðrir notendur einnig teljast notendur almenningssíma. Ef um er að ræða farnet eða farstöðvabúnað teljast til annarra notenda reikinotendur, gestanotendur eða, ef við á, notendur farstöðvaendabúnaðar sem ekki er hægt að auðgreina út frá áskrifenda eða notendanúmeri.

7. Öllum staðsetningarupplýsingum skal fylgja auðkenning á netinu sem upphringingin kemur frá.

8. Rekstraraðilar almennra talsímaneta skulu sjá til þess að staðsetningarupplýsingar, þ.m.t. upplýsingar um heimilisfang, séu nákvæmar og uppfærðar.

9. Rekstraraðilar almennra símaneta skulu fyrir hverja neyðarupphringingu þar sem áskrifandi eða notendanúmer hefur verið auðgreint, bjóða neyðarsímsvörunarstöðvum og neyðarþjónustu að sækja aftur staðsetningarupplýsingar með endurhringiaðgerð svo unnt sé að bregðast við neyðartilvikinu.

10. Í því skyni að auðvelda gagnaflutninga milli rekstraraðila og neyðarsímsvörunarstöðva skulu aðildarríkin hvetja til notkunar á sameiginlegum, opnum skilflatarstaðli og einkum sameiginlegum samskiptareglum fyrir gagnaflutninga sem samþykktur hefur verið af Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu (ETSI), ef hann er fyrir hendi. Slíkur staðall skal vera nægilega sveigjanlegur til að taka tillit til síðari krafna sem kunna að koma fram, t.d. vegna fjarvirknibúnaðar sem er innbyggður í ökutæki. Aðildarríkin skulu tryggja að skilflöturinn henti best til að bregðast við neyðartilvikum með skilvirkum hætti.

11. Í tengslum við skyldur varðandi E112-þjónustu, sem mælt er fyrir um í tilskipuninni um alþjónustu, skulu aðildarríkin veita borgurum sínum fullnægjandi upplýsingar um tilvist, notkun og kosti E112-þjónustunnar. Borgarar skulu upplýstir um það að E112-þjónustan tengir þá við neyðarþjónustu alls staðar í Evrópusambandinu og að staðsetning þeirra verði framsend. Þeir skulu einnig upplýstir um hvaða neyðarþjónusta tekur á móti upplýsingum um staðsetningu þeirra og öðrum nauðsynlegum upplýsingum til að tryggja að persónugögn þeirra fái eðlilega vinnslu.

12. Í tengslum við stöðuga þróun hugmynda og tækni eru aðildarríkin hvött til hlúa að og styðja þróun þjónustu fyrir neyðaraðstoð, t.d. til ferðamanna og ferðalanga og vegna flutnings á hættulegum varningi á vegum eða járnbrautum, þ.m.t. meðhöndlunaraðferðir við að framsenda upplýsingar um staðsetningu og aðrar upplýsingar sem tengjast neyðartilvikum eða slysum til neyðarsímsvörunarstöðva til að styðja þróun og framkvæmd sameiginlegra skilflatarforskrifta til að tryggja rekstrarsamhæfi alls staðar í Evrópu fyrir slíka þjónustu og til að hvetja til notkunar staðsetningartækni með mikilli nákvæmni svo sem staðsetningartækni í þriðju kynslóðar hólfaskiptum netum og hnattrænum gervihnattaleiðsögukerfum.

13. Aðildarríkin skulu fara fram á það við innlend yfirvöld að þau gefi framkvæmdastjórninni skýrslu um stöðuna á framkvæmd E112-þjónustunnar í lok ársins 2004 þannig að framkvæmdastjórnin geti framkvæmt endurskoðun sem tekur tillit til aukinna krafna neyðarsímsvörunarstöðva og neyðarþjónustu og þróunar og framboði á tæknimöguleikum til staðsetningarákvörðunar.

14. Tilmælum þessum er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 25. júlí 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Erkki Liikanen

framkvæmdastjóri.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2007/EES/9/07**

frá 30. júní 2003

samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB um fullnægjandi vernd persónuupplýsinga í Argentínu (*)

(2003/490/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga ([1]), einkum 6. mgr. 25. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt tilskipun 95/46/EB er aðildarríkjunum gert að kveða á um að því aðeins megi flytja persónuupplýsingar til þriðja lands að það land tryggi fullnægjandi vernd og farið hafi verið að lögum aðildarríkisins við beitingu annarra ákvæða tilskipunarinnar áður en flutningurinn á sér stað.

2) Framkvæmdastjórnin kann að komast að þeirri niðurstöðu að þriðja land tryggi fullnægjandi vernd. Sé svo er heimilt að flytja persónuupplýsingar frá aðildarríkinu án þess að frekari tryggingar sé krafist.

3) Samkvæmt tilskipun 95/46/EB skal meta gagnavernd með hliðsjón af öllum kringumstæðum sem hafa áhrif á gagnaflutningsaðgerð eða röð gagnaflutningsaðgerða, og sérstaklega með tilliti til nokkurra þátta sem skipta máli varðandi flutninginn og skráðir eru í 2. mgr. 25. gr. tilskipunarinnar. Starfshópur um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem komið var á fót skv. 29. gr. tilskipunar 95/46/EB, gaf út leiðbeiningar um gerð slíks mats ([2]).

4) Í ljósi þess hve ólíkar leiðir eru farnar að gagnavernd í þriðju löndum skal fara fram mat á fullnægjandi vernd og allar ákvarðanir, sem eru byggðar á 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB, skulu teknar og þeim framfylgt á þann hátt að það hafi hvorki í för með sér geðþóttabundna eða óréttlætanlega mismunun gegn eða á milli þriðju landa þar sem skilyrði eru svipuð né myndi dulbúnar viðskiptahindranir, að teknu tilliti til skuldbindinga Bandalagsins á alþjóðavettvangi.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 168, 5.7.2003, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2004 frá 4. júni 2004 um breytingu á XI. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 25.11.2004, bls. 9.

([1]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

([2]) Álit 12/98 sem starfshópurinn samþykkti 24. júlí 1998. Flutningur persónuupplýsinga til þriðju landa: Beitt er 25. og 26. gr. gagnaverndartilskipunar ESB (DG MARKT D/5025/98), sem er tiltæk á Evrópuvef framkvæmdastjórnarinnar: http://europa.eu.int/comm/internal_market/en/dataprot/ wpdocs/ wpdocs_98.htm.

5) Að því er varðar Argentínu hefur verið kveðið á um lagareglur um vernd persónuupplýsinga í almennum reglum og reglum sem eru sértækar hvað varðar ákveðin svið. Þær hafa hvor um sig bindandi lagaleg áhrif.

6) Mælt er fyrir um almennar reglur í stjórnarskránni, lögum um vernd persónuupplýsinga nr. 25.326 og reglugerðinni sem var samþykkt með tilskipun nr. 1558/2001 (hér á eftir nefnd „Argentínulögin“).

7) Í stjórnarskrá Argentínu er kveðið á um sérstakt lagaúrræði að því er varðar verndun persónuupplýsinga sem kallast „habeas data“. Þetta er undirflokkur málsmeðferðarinnar í stjórnarskránni um verndun stjórnarskrárréttinda og gerir því verndun persónuupplýsinga að grundvallarréttindum. Samkvæmt gr. 43.3. stjórnarskrárinnar hefur hver sem er rétt samkvæmt „habeas data“ reglunni til að hafa vitneskju um efni og tilgang allra þeirra gagna er sig varða sem er að finna í opinberum skrám eða gagnabönkum, eða í einkaskrám eða gagnabönkum sem hafa þann tilgang að útvega skýrslur. Samkvæmt þessari grein er einstaklingi heimilt, ef um rangar upplýsingar er að ræða eða ef nota á þær með þeim hætti að það leiði til mismununar, að krefjast þess að gögnunum, sem er að finna í framangreindum skrám, verði eytt, þau leiðrétt, gerð leynileg eða uppfærð. Þessi grein hefur ekki áhrif á leynd heimildarmanna blaðamanna. Argentínska réttarkerfið hefur viðurkennt „habeas data“ sem grundvallarréttindi sem gildir án frekari lögfestingar.

8) Í lögum um vernd persónuupplýsinga nr. 25.326 frá 4. október 2000 (hér á eftir nefnd „lögin“) eru stjórnarskrárákvæðin þróuð og víkkuð út. Í þeim er að finna ákvæði varðandi almennar meginreglur um gagnavernd, réttindi skráðra aðila, skyldur ábyrgðaraðila gagna og gagnanotenda, eftirlitsyfirvöld eða eftirlitsaðila, viðurlög og málsmeðferðarreglur þegar „habeas data“ er notað sem lagaúrræði.

9) Í reglugerðinni sem var samþykkt með tilskipun nr. 1558/2001 frá 3. desember 2001 (hér á eftir nefnd „reglugerðin“) er mælt fyrir um reglur um lögleiðingu laganna, bætt við ákvæði þeirra og þau atriði laganna sem kunna að orka tvímælis eru skerpt.

10) Argentínsk lög fjalla um verndun persónuupplýsinga sem eru skráðar í opinberum gagnageymslum, skrám, gagnabönkum eða með annars konar tækni og um verndun persónuupplýsinga sem eru skráðar í gagnageymslur, gagnabanka eða með annars konar tækni sem eru einkareknar og hafa þann tilgang að útvega skýrslur. Þar með eru taldar þær sem nýtast til annars en persónulegra nota og þau sem eru ætluð til tengingar eða flutnings á persónuupplýsingum, án tillits til þess hvort dreifing gagnanna eða upplýsinganna verður til gegn gjaldi eða ókeypis.

11) Tiltekin ákvæði þessara laga gilda jafnt alls staðar í Argentínu. Til þeirra teljast almenn ákvæði og ákvæði varðandi almennar meginreglur um gagnavernd, réttindi skráðra aðila, skyldur ábyrgðaraðila gagna og gagnanotenda, gagnageymslur og gagnabanka, viðurlög á sviði refsiréttar og að meginþættir „habeas data“ lagaúrræðisins séu til staðar eins og það er sett fram í stjórnarskránni.

12) Önnur ákvæði laganna gilda um gagnageymslur, gagnaskrár, gagnagrunna eða gagnabanka sem eru tengdir saman um net milli lögsaga (sem merkir milli fylkja), milli landa eða á alþjóðavísu og sem teljast falla undir ríkislögsögu. Þau varða eftirlitið sem eftirlitsyfirvaldið hefur á hendi, viðurlögin sem eftirlityfirvaldið beitir og málsmeðferðarreglurnar varðandi „habeas data“ lagaúrræðið. Annars konar gagnageymslur, gagnaskrár, gagnagrunnar eða gaganbankar skulu teljast falla undir fylkislögsögu. Fylkin geta gefið út lagaákvæði um þessi málefni.

13) Gagnaverndarákvæði er einnig að finna í fjölmörgum lagagerningum sem varða reglusetningu á mismunandi sviðum svo sem í greiðslukortaviðskiptum, tölfræði, bankageiranum eða heilbrigðiskerfinu.

14) Argentínulögin ná yfir allar þær grundvallarreglur sem eru nauðsynlegar til að veita einstaklingum fullnægjandi vernd, jafnvel þótt undanþágur og takmarkanir séu einnig veittar til að vernda mikilvæga hagsmuni almennings. Með sérstökum, einfölduðum og fljótvirkum lagaúrræðum er tryggt að þessum reglum sé beitt til að vernda persónuupplýsingar, sem kallast „habeas data“, ásamt almennum lagaúrræðum. Í lögunum er kveðið á um að komið sé á fót eftirlitsstofnun fyrir gagnavernd sem er falið að grípa til allra nauðsynlegra aðgerða til að uppfylla markmið og ákvæði laganna og sem hefur vald til rannsókna og íhlutunar. Samkvæmt reglugerðinni var Landsstofnun um vernd persónuupplýsinga komið á fót sem eftirlitsstofnun. Argentínulögin kveða á um skilvirk, letjandi viðurlög, sem eru bæði stjórnskipulegs og hegningarlagalegs eðlis. Enn fremur gilda ákvæði argentínskra laga um einkaréttarlega ábyrgð (bæði samningsbundna og ósamningsbundna) ef ólögleg vinnsla á sér stað sem skaðar viðkomandi einstakling.

15) Argentínska ríkisstjórnin hefur lagt fram útskýringar og tryggingar fyrir því hvernig túlka beri argentínsku lögin og hefur lagt fram tryggingar fyrir því að argentínskum gagnaverndarreglum sé beitt í samræmi við slíka túlkun. Ákvörðun þessi byggist á þessum útskýringum og tryggingum og er því háð þeim. Ákvörðun þessi byggist einkum á útskýringum og tryggingum sem argentínsk yfirvöld hafa gefið fyrir því hvernig túlka beri argentínsku lögin með tilliti til aðstæðna sem falla undir gildissvið argentínsku laganna um gagnavernd.

16) Rétt er að líta svo á að Argentína veiti fullnægjandi vernd persónuupplýsinga eins og um getur í tilskipun 95/46/EB.

17) Til að tryggja gagnsæi, og til að gera lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum kleift að vernda einstaklinga að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga um þá er nauðsynlegt að tilgreina undantekningartilvik þar sem réttlætanlegt er að stöðva tímabundið tilteknar gagnasendingar þrátt fyrir að vernd sé talin fullnægjandi.

18) Starfshópur um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem komið var á fót skv. 29. gr. tilskipunar 95/46/EB, hefur skilað áliti um vernd persónuupplýsinga í Argentínu ([1]) sem tekið hefur verið tillit til við gerð þessarar ákvörðunar.

19) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót samkvæmt 1. mgr. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Með tilliti til 2. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB telst Argentína tryggja fullnægjandi vernd persónuupplýsinga sem eru sendar frá Bandalaginu.

2. gr.

Þessi ákvörðun varðar aðeins það hvort veitt sé fullnægjandi vernd í Argentínu með tilliti til þess að uppfylla kröfurnar í 1. mgr. 25. gr. tilskipunar 95/46/EB og hefur ekki áhrif á önnur skilyrði eða takmarkanir við framkvæmd annarra ákvæða þeirrar tilskipunar sem snerta vinnslu persónuupplýsinga í aðildarríkjunum.

([1]) Álit 4/2002 um vernd persónuupplýsinga í Argentínu - WP 63 frá 3. október 2002 má nálgast á vefsetrinu http://europa.eu.int/comm/ internal_market/en/dataprot/wpdocs/ index.htm.

3. gr.

1. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum geta, án þess að það hafi áhrif á heimild þeirra til að grípa til aðgerða til að tryggja að farið sé að innlendum ákvæðum, sem eru samþykkt samkvæmt öðrum ákvæðum tilskipunar 95/46/EB en ákvæðum 25. gr., beitt valdi sínu til að stöðva tímabundið gagnasendingar til viðtakanda í Argentínu í því skyni að vernda einstaklinga með tilliti til vinnslu persónuupplýsinga um þá í tilvikum þar sem:

a) lögbær argentínsk yfirvöld hafa ákvarðað að viðtakandi brjóti gildandi reglur um vernd; eða

b) verulegar líkur eru á því að reglur um vernd séu brotnar, gild ástæða sé til að ætla að lögbær argentínsk yfirvöld geri ekki eða muni ekki gera nægilegar ráðstafanir í tæka tíð til að leysa málið sem um ræðir, áframhaldandi gagnaflutningur myndi setja hina skráðu í yfirvofandi hættu á að skaðast alvarlega og lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum hafi gert verulegt átak í málinu til viðvörunar þeim aðila sem ber ábyrgð á vinnslunni og hefur staðfestu í Argentínu og veitt honum tækifæri til andsvara.

Tímabundinni stöðvun skal aflétt jafnskjótt og tryggt er að farið sé að reglum um vernd og viðkomandi lögbært yfirvald í Bandalaginu hefur verið látið vita af því.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni án tafar um ráðstafanir sem eru gerðar á grundvelli 1. mgr.

3. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu tilkynna hvert öðru um þau tilvik þar sem aðgerðir aðila, sem tryggja skulu samræmi við reglur um vernd í Argentínu, tryggja ekki slíkt samræmi.

4. Ef upplýsingarnar, sem er aflað skv. 1. , 2. og 3. mgr., leiða í ljós að einhver aðili, sem ber ábyrgð á að tryggja samræmi við reglur um vernd í Argentínu, gegnir ekki hlutverki sínu á skilvirkan hátt skal framkvæmdastjórnin tilkynna lögbæru, argentínsku yfirvaldi um það og, ef nauðsyn krefur, leggja fram drög að ráðstöfunum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB með það fyrir augum að fella niður eða fresta gildistöku þessarar ákvörðunar eða takmarka gildissvið hennar.

4. gr.

1. Breyta má þessari ákvörðun hvenær sem er í ljósi reynslunnar af framkvæmd hennar eða vegna breytinga á argentínskum lögum, framkvæmd þeirra og túlkun.

Framkvæmdastjórnin skal hafa eftirlit með framkvæmd þessarar ákvörðunar og greina nefndinni, sem var komið á fót samkvæmt 31. gr. tilskipunar 95/46/EB, frá öllum niðurstöðum þar að lútandi, þar á meðal öllum gögnum sem geta haft áhrif á þá niðurstöðu í 1. gr. þessarar ákvörðunar að vernd í Argentínu sé fullnægjandi í skilningi 25. gr. tilskipunar 95/46/EB og öllum tilvikum þar sem framkvæmd þessarar ákvörðunar hefur haft mismunum í för með sér.

2. Framkvæmdastjórnin skal, ef þörf krefur, leggja fram tillögu um ráðstafanir í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 31. gr. tilskipunar 95/46/EB.

5. gr.

Aðildarríkin skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að fara að ákvörðun þessari eigi síðar en 120 dögum eftir að aðildarríkjunum hefur verið tilkynnt um hana.

6. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. júní 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Frederik BOLKESTEIN

framkvæmdastjóri.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 2327/2003 2007/EES/9/08

frá 22. desember 2003

um bráðabirgðapunktakerfi fyrir árið 2004, sem gildir um þungaflutningabifreiðar sem fara gegnum Austurríki, innan ramma stefnu í málum er varða sjálfbæra flutninga (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 71. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]), á grundvelli sameiginlegs texta sem sáttanefndin samþykkti 25. nóvember 2003,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í a-lið 2. mgr. 11. gr. bókunar nr. 9 við aðildarlögin frá 1994 ([4]) er mælt svo fyrir um að umhverfispunktakerfið falli úr gildi 31. desember 2003.

2) Í 58. mgr. í niðurstöðum fundar leiðtogaráðsins í Laeken 14. og 15. desember 2001 var óskað eftir því að umhverfispunktakerfið yrði framlengt sem bráðabirgðalausn. Þessi framlenging er í samræmi við stefnu um umhverfisvernd á viðkvæmum svæðum, svo sem í Alpafjöllunum. Í 35. mgr. í niðurstöðum fundar leiðtogaráðsins í Kaupmannahöfn 12. og 13. desember 2002 var óskað eftir því við ráðið að það samþykkti, fyrir lok ársins 2002, reglugerð um bráðabirgðalausn fyrir gegnumferð þungaflutningabifreiða um Austurríki 2004 til 2006.

3) Þessi ráðstöfun er nauðsynleg þar til samþykkt hefur verið tillaga um rammaákvæði um gjaldtöku vegna notkunar grunnvirkis, sem sett er fram í hvítbók um stefnu Evrópu í flutningamálum fram til 2010, sem framkvæmdastjórnin hefur lýst yfir að hún hyggist leggja fram árið 2003.

4) Þessi ráðstöfun er einnig réttmæt vegna þess að nauðsynlegt er að vernda umhverfið fyrir mengun af völdum gegnumferðar mikils fjölda þungaflutningabifreiða.

5) Umhverfisstofnun Evrópu vekur athygli á því að stækkun Evrópusambandsins muni líklega hafa í för með sér gífurlega aukningu gegnumferðar. Með hliðsjón af stækkuninni ber því að framlengja bráðabirgðapunktakerfið, sem gildir um þungaflutningabifreiðar sem aka um Austurríki, þannig að það taki einnig til inngönguríkjanna.

6) Í samningnum um vernd Alpanna (Alpasamningnum), sem Evrópubandalagið hefur undirritað og samþykkt ([5]), er mælt fyrir um ýmsar reglur til að draga úr umferð þungaflutningabifreiða um Alpana. Í samningnum er einkum kveðið á um að minnka skuli umfang og draga úr þeirri hættu sem stafar af umferð innan Alpanna og um þá þannig að menn, dýr og plöntur og búsvæði þeirra verði ekki fyrir skaða, með því að færa hluta af umferðinni, m.a. vöruflutninga, yfir á járnbrautirnar, einkum með því að láta í té viðeigandi grunnvirki og hvatningu í samræmi við meginreglur markaðarins án mismununar á grundvelli þjóðernis.

7) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([6]).

8) Mikilvægt er að finna óhlutdrægar lausnir til að samræma skuldbindingarnar sem leiddar eru af sáttmálanum (þ.m.t. 6. gr., 51. gr. (1. mgr.) og 71. gr.), t.d. að því er varðar frjálsa vöruflutninga og þjónustustarfsemi og umhverfisvernd.

9) Koma skal því á fót bráðabirgðapunktakerfi fyrir árið 2004.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „ökutæki“: ökutæki eins og það er skilgreint í 2. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 881/92 frá 26. mars 1992 um aðgang að vöruflutningamarkaðinum á vegum innan Bandalagsins til eða frá yfirráðasvæði aðildarríkis eða um yfirráðasvæði eins eða fleiri aðildarríkja ([7]),

b) „millilandaflutningar“: millilandaflutningar eins og þeir eru skilgreindir í 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 881/92,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 76/2004 frá 4. júní 2004 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi), sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 25.11.2004, bls. 10.

([1]) Stjtíð. EB C 103 E, 30.4.2002, bls. 230.

([2]) Stjtíð. EB C 221, 17.9.2002, bls. 84.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 12. febrúar 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 28. mars 2003 (Stjtíð. ESB C 214 E, 9.9.2003, bls. 1) og afstaða Evrópuþingsins frá 3. júlí 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB). Lagaleg ályktun Evrópuþingsins frá 18. desember 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 22. desember 2003.

([4]) Stjtíð. EB C 241, 29.8.1994, bls. 361.

([5]) Ákvörðun ráðsins 96/191/EB frá 26. febrúar 1996 (Stjtíð. EB L 61, 12.3.1996, bls. 31).

([6]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

([7]) Stjtíð. EB L 95, 9.4.1992, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 484/2002 (Stjtíð. EB L 76, 19.3.2002, bls. 1).

c) „gegnumferð um Austurríki“: umferð í gegnum austurrískt yfirráðasvæði þar sem bæði brottfararstaður og komustaður eru utan Austurríkis,

d) „þungaflutningabifreiðar“: öll vélknúin ökutæki með leyfilega hámarksþyngd yfir 7,5 tonnum, sem eru skráð í aðildarríki og hönnuð til vöruflutninga, og allar samsetningar af eftirvögnum eða festivögnum með leyfilega hámarksþyngd yfir 7,5 tonnum sem dregin eru af vélknúnu ökutæki með leyfilega hámarksþyngd að hámarki 7,5 tonn, skráð í aðildarríki,

e) „umflutningur vara á vegum í gegnum Austurríki“: gegnumferð þungaflutningabifreiða um Austurríki hvort sem slík farartæki eru með eða án farms,

f) „tvíhliða ferðir“: millilandaflutningar tiltekins ökutækis þar sem brottfararstaður eða komustaður er innan Austurríkis og þar sem brottfararstaður eða komustaður er í öðru aðildarríki ásamt ferðum ökutækja án farms sem tengjast þessum ferðum.

2. gr.

Þessi reglugerð gildir um millilandaflutninga á vegum innan yfirráðasvæðis Bandalagsins. Bráðabirgðapunktakerfið felur ekki í sér neina beina takmörkun á fjölda gegnumferða um Austurríki.

3. gr.

1. Þegar um er að ræða ferðir, sem varða gegnumflutning vara á vegum um Austurríki, gildir fyrirkomulag um ferðir sem eru farnar á eigin vegum og gegn gjaldi, samkvæmt fyrstu tilskipun ráðsins frá 23. júlí 1962 um setningu sameiginlegra reglna um tiltekna vöruflutninga á vegum milli aðildarríkja ([1]) og reglugerð (EBE) nr. 881/92, sbr. þó ákvæði þessarar greinar.

2. Eftirfarandi ákvæði skulu gilda frá 1. janúar til 31. desember 2004 til að hvetja til notkunar umhverfisvænna þungaflutningabifreiða í gegnumferð um Austurríki:

a) gegnumferð þungaflutningabifreiða, sem myndu annars nota fimm punkta eða færri, skal ekki falla undir bráðabirgðapunktakerfið,

b) gegnumferð þungaflutningabifreiða, sem nota sex, sjö eða átta punkta, skal falla undir bráðabirgðapunktakerfið ([2]),

c) gegnumferð þungaflutningabifreiða, sem nota meira en átta punkta, skal bönnuð að undanskilinni gegnumferð þungaflutningabifreiða sem eru skráðar í Grikklandi og gegnumferð mjög sérhæfðra ökutækja sem eru mjög dýr í innkaupum og hafa langan líftíma,

d) heildarlosun NO_x frá þungaflutningabifreiðum, sem fara í gegnum Austurríki, skal ákvörðuð í samræmi við gildin sem tilgreind eru fyrir viðkomandi ár í I. viðauka,

e) gildi fyrir heildarlosun NO_x frá þungaflutningabifreiðum skal ákvarðað á grundvelli umhverfispunktakerfisins eins og mælt er fyrir um í bókun nr. 9 við aðildarlögin frá 1994. Samkvæmt því kerfi skal þess krafist að allar þungaflutningabifreiðar í gegnumferð um Austurríki hafi til ráðstöfunar punkta sem samsvara NO_x–losun þeirra (viðurkennt gildi í tengslum við samræmi við framleiðslu (COP-gildi) eða gerðarviðurkenningargildi). Aðferðinni við að reikna út þessa punkta og umsýslu þeirra er lýst í II. viðauka,

f) Austurríki skal gefa út og hafa tímanlega til reiðu punktana sem nota skal skv. II. viðauka við stjórnun bráðabirgðapunktakerfis fyrir gegnumferð þungaflutningabifreiða um Austurríki,

g) árlegur heildarkvóti NO_x–losunar er tilgreindur í I. viðauka og skal framkvæmdastjórnin stjórna honum og úthluta í samræmi við sömu meginreglur og gilda um umhverfispunktakerfið frá 2003, samkvæmt ákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3298/94 ([3]),

h) endurúthlutun punkta úr varasjóði Bandalagsins skal vegin og metin í samræmi við viðmiðin í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) 3298/94 og enn frekar í samræmi við raunnotkun punkta sem aðildarríkjunum er úthlutað ásamt sérþörfum farmflytjenda sem eru í gegnumferð um Austurríki eftir leiðinni Lindau-Bregenz-St. Margrethen (Hörbranz-Transit).

3. Ef Eurovignette-tillagan um gjaldtöku vegna notkunar grunnvirkis hefur ekki verið samþykkt í síðasta lagi 31. desember 2004 skulu öll skilyrði skv. 2. mgr. framlengd um eitt ár til viðbótar og ef þessi tillaga hefur ekki verið samþykkt í síðasta lagi 31. desember 2005, í mesta lagi annað ár til viðbótar ([4]). Eftir 2006 skulu engin bráðabirgðakerfi notuð.

4. Framkvæmdastjórnin skal stjórna bráðabirgðapunktakerfinu í samræmi við viðeigandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 3298/94. Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 5. gr., samþykkja, ef þörf krefur, frekari ráðstafanir um málsmeðferð fyrir bráðabirgðapunktakerfið, úthlutun punkta og tæknileg atriði varðandi beitingu þessarar greinar.

4. gr.

1. Svo lengi sem ákvæði 2. mgr. 3. gr. og, ef við á, 3. mgr. 3. gr. gilda skulu aðildarríkin, samkvæmt gagnkvæmu samstarfsfyrirkomulagi, gera allar nauðsynlegar ráðstafanir sem samrýmast sáttmálanum gegn misnotkun bráðabirgðapunktakerfisins.

([1]) Stjtíð. EB 70, 6.8.1962, bls. 2005/62. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EBE) nr. 881/92 (Stjtíð. EB L 95, 9.4.1992, bls. 1).

([2]) Punktar, sem eru til reiðu fyrir árið 2004, eru tilgreindir í I. viðauka.

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 3298/94 frá 21. desember 1994 um ítarleg ákvæði varðandi kerfi umflutningsréttinda (umhverfispunktakerfi) fyrir þungaflutningabifreiðar sem fara gegnum Austurríki (Stjtíð. EB L 341, 30.12.1994, bls. 20). Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð ráðsins (EB) nr. 2012/2000 (Stjtíð. EB L 241, 26.9.2000, bls. 18).

([4]) Punktar, sem eru til reiðu fyrir árin 2005 og 2006, eru tilgreindir í I. viðauka.

2. Ákvarðanirnar, sem framkvæmdastjórnin samþykkti skv. 5. gr., skulu samrýmast sjálfbærri stefnu í flutningamálum sem er útfærð fyrir Alpasvæðið í heild.

3. Farmflytjendur með leyfi Bandalagsins, sem lögbær yfirvöld í Austurríki gáfu út, skulu ekki hafa rétt á að stunda millilandaflutninga á vegum ef hvorki ferming né afferming fer fram í Austurríki. Allar slíkar ferðir, sem hafa í för með sér gegnumferð um Austurríki, skulu þó heyra undir ákvæði 3. gr.

4. Að því marki sem nauðsynlegt er skal taka ákvörðun um eftirlitsaðferðir, þ.m.t. rafeindakerfi, sem varða framkvæmd 3. gr., í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 5. gr.

5. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

6. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. desember 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,
P. COX
forseti.

Fyrir hönd ráðsins,
A. MATTEOLI
forseti.

I. VIÐAUKI

Punktar sem eru til reiðu fyrir árin 2004, 2005 og 2006

Ár	Punktar fyrir ESB-15
2004	6 593 487
2005	6 246 462
2006	5 899 436

II. VIÐAUKI

ÚTREIKNINGUR OG STJÓRNUN PUNKTANNA

1. Ökumaður þungaflutningabifreiðar skal leggja fram eftirfarandi skjöl í hvert skipti sem hann fer yfir landamæri Austurríkis (í hvora áttina sem er):

   a) skjal sem hefur að geyma COP-gildi fyrir NO_x–losun viðkomandi ökutækis,

   b) gilt punktakort sem lögbært yfirvald gefur út.

   Eftirfarandi gildir um a-lið:

   að því er varðar staðlaðar þungaflutningabifreiðar í flokkunum EURO 0, EURO 1, EURO 2 og EURO 3, sem eru skráðar eftir 1. október 1990, skal lögbært yfirvald gefa út skjal með COP-gildinu og nákvæmum upplýsingum um opinbert COP-gildi fyrir losun NO_x eða gerðarviðurkenningarvottorð þar sem tilgreind er dagsetning samþykkis og gildið sem fengið hefur gerðarviðurkenningu. Í síðara tilvikinu skal COP-gildið vera gerðarviðurkenningargildið auk 10%. Þegar slíkt gildi hefur verið ákvarðað fyrir ökutæki er ekki unnt að breyta því á líftíma þess.

   Ef um er að ræða þungaflutningabifreiðar, sem eru skráðar fyrir 1. október 1990 og þungaflutningabifreiðar sem ekkert gerðarviðurkenningarvottorð hefur verið lagt fram fyrir, ákvarðast COP-gildið við 15,8 g/kWh.

   Eftirfarandi gildir um b-lið:

   Punktakortið/umhverfismælirinn inniheldur tiltekinn fjölda punkta og eru þeir notaðir á eftirfarandi hátt á grundvelli COP-gildis viðkomandi ökutækis:

   1. 1 g af NO_x/kWh, sem er reiknað í samræmi við a-lið, telst vera einn punktur,

   2. NO_x-losunargildin eru hækkuð upp í næstu heilu tölu ef aukastafurinn er 0,5 eða hærri, annars eru þau lækkuð niður.

2. Þriðja hvern mánuð reiknar framkvæmdastjórnin út, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 5. gr., fjölda ferða og meðalgildi fyrir NO_x-losun þungaflutningabifreiða og heldur skýrslu yfir tölfræðileg gögn sem eru sundurliðuð eftir uppruna.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1726/2003 **2007/EES/9/09**

frá 22. júlí 2003

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 417/2002 um að flýta innleiðingu á kröfum um tvöfaldan byrðing eða sambærilega hönnun fyrir olíuflutningaskip með einföldum byrðingi (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 417/2002 ([4]) er innleidd áætlun um að flýta beitingu krafnanna um tvöfaldan byrðing eða samsvarandi hönnun fyrir olíuflutningaskip með einföldum byrðingi, sem kveðið er á um í MARPOL-samningnum frá ´73/´78, til að draga úr hættunni á olíumengun af slysni á hafsvæði Evrópu.

2) Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu leggja allt kapp á að árið 2003 verði hægt að setja reglur á alþjóðavettvangi, sem eru svipaðar þeim sem eru í þessari reglugerð og breyta reglugerð (EB) nr. 417/2002, með því að gera tilteknar breytingar á MARPOL-samningnum. Bæði ráðið og framkvæmdastjórnin fagna vilja Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) til að halda aukafund í umhverfisnefnd Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (MEPC) í desember 2003 til að greiða fyrir því að fundin verði alþjóðleg lausn á því hvernig flýta megi fyrir úreldingu olíuskipa með einföldum byrðingi og að innleiða í skamman tíma bann við flutningi þungrar olíu í olíuflutningaskipum með einföldum byrðingi.

3) Hjá Bandalaginu hafa menn þungar áhyggjur af því að reglurnar um aldursmörk olíuflutningaskipa í rekstri sem eru með einföldum byrðingi, sem er að finna í reglugerð (EB) nr. 417/2002, séu ekki nægilega strangar. Lækka skal þessi aldursmörk enn frekar, einkum í kjölfar skipsskaða olíuflutningaskipsins „Prestige“ í 1. flokki sem er jafngamalt „Eriku“ (26 ára).

4) Í orðsendingu, sem framkvæmdastjórnin sendi til Evrópuþingsins og ráðsins um öryggi olíuviðskipta á sjó, eru lögð til aldursmörkin 23 ár, 28 ár og 25–30 ár fyrir þrjá flokka olíuflutningaskipa með einföldum byrðingi og eru árin 2005, 2010 og 2015 tilgreind sem síðustu úreldingarár fyrir slík flutningaskip. Í upphaflegu tillögunni frá framkvæmdastjórninni er kveðið á um að reglugerðin skuli gilda um olíuflutningaskip með 600 tonna burðargetu og þar yfir. Aldursmörkin, sem voru að lokum sett í reglugerð (EB) nr. 417/2002, voru, í kjölfar samningaviðræðna, rýmri á öllum sviðum.

5) Í orðsendingu, sem framkvæmdastjórnin sendi til Evrópuþingsins og ráðsins um að bregðast við „Prestige“-tilvikinu með því að auka öryggi á sjó var því haldið fram að framkvæmdastjórnin hefði í hyggju að leggja fram tillögu að reglugerð þar sem lagt er bann við flutningi þungrar svartolíu í olíuflutningaskipum með einföldum byrðingi á leið til eða frá höfnum aðildarríkjanna.

6) Í niðurstöðum ráðsins frá 6. desember 2002 var framkvæmdastjórnin hvött til að leggja fram, eins fljótt og auðið er, tillögu um að flýta fyrir úreldingu flutningaskipa með einföldum byrðingi og innleiða áætlun um ástandsmat fyrir flutningaskip frá og með 15 ára aldri, án tillits til hönnunar þeirra. Ráðið samþykkti enn fremur að einungis skuli flytja þunga olíu í olíuflutningaskipum með tvöföldum byrðingi.

7) Þegar flýtt er fyrir úreldingu skipa með einföldum byrðingi veldur það því að mun fleiri skip eru sett í brotajárn og því er áríðandi að brotajárnsvinnsla þeirra fari þannig fram að öryggi manna og umhverfisins sé tryggt.

8) Áætluninni um ástandsmat er ætlað að greina byggingarfræðilega annmarka á olíuflutningaskipum sem eru komin til ára sinna og því skal hún gilda, frá árinu 2005, um öll olíuflutningaskip sem eru eldri en 15 ára.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 249, 1.10.2003, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 77/2004 frá 4. júní 2004 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 25.11.2004, bls. 12.

([1]) Hefur enn ekki verði birt í Stjórnartíðindunum.

([2]) Stjtíð. EB C 133, 6.6.2003, bls. 97.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 4. júní 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun ráðsins frá 22. júlí 2003.

([4]) Stjtíð. EB L 64, 7.3.2002, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð (EB) nr. 2099/2002 (Stjtíð. EB L 324, 29.11.2002, bls. 1).

9) Í ályktun sinni um stórslysið, sem Prestige-olíuflutningaskipið olli undan strönd Galisíu 21. nóvember 2002, krafðist Evrópuþingið öflugri ráðstafana sem gætu öðlast gildi með skemmri fyrirvara og staðhæfði að þetta nýja stórslys undirstrikaði enn á ný þörfina fyrir markvissar aðgerðir á alþjóðavettvangi og á vettvangi Bandalagsins til að auka til muna öryggi á sjó.

10) Ráðið og aðildarríkin skulu veita framkvæmdastjórninni umboð til að hún geti samið um samþykkt ákvæða þessarar reglugerðar innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

11) Þar sem sífellt meira magn af olíu er flutt um Eystrasalt, sem skapar hættu fyrir umhverfi sjávar, einkum að vetrarlagi, skulu burðarvirki og knúningsvél olíuflutningaskipa, sem koma til eða fara frá höfn eða endastöð undan strönd eða leggjast við akkeri á svæði innan lögsögu aðildarríkis, styrkt fyrir siglingar í ís, samkvæmt kröfum stjórnvalda aðildarríkisins, þegar hafísaðstæður krefjast þess að notað sé skip sem er styrkt fyrir siglingar í ís.

12) Áríðandi er að hvetja þriðju lönd, einkum umsóknarlönd og nágrannalönd ESB, til að stöðva notkun olíuflutningaskipa með einföldum byrðingi.

13) Flutninga- eða gámaskip flytja oft þunga svartolíu í eldsneytishólfum sínum í mun meira magni en sem nemur farmi smærri olíuflutningaskipa. Framkvæmdastjórninni ber að leggja tillögu fyrir Evrópuþingið og ráðið, eins fljótt og auðið er, til að tryggja að í nýjum skipum sé eldsneytisolía einnig geymd í öruggum geymum með tvöföldum þiljum.

14) Nauðsynleg þekking er fyrir hendi hjá evrópskum skipasmíðastöðvum til að smíða tankskip með tvöföldum byrðingi. Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu þar af leiðandi sjá til þess, með viðeigandi gerningum og áætlunum, að hin aukna eftirspurn eftir öruggum tankskipum með tvöföldum byrðingi, sem leiðir af þessari reglugerð, hafi jákvæð áhrif á skipasmíðaiðnað í Bandalaginu.

15) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 417/2002 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EB) nr. 417/2002:

1. Eftirfarandi bætist við í 1. gr.:

„og að banna flutning á þungri olíu í olíuflutningaskipum með einföldum byrðingi til og frá höfnum aðildarríkjanna.“

2. Í stað 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„1. Reglugerð þessi gildir um olíuflutningaskip með 5 000 tonna burðargetu og yfir:

— sem koma til eða fara frá höfn eða endastöð undan strönd eða leggjast við akkeri á svæði innan lögsögu aðildarríkis, án tillits til þess undir hvaða fána það siglir, eða

— sem sigla undir fána aðildarríkis.

Að því er varðar 3. mgr. 4. gr. gildir reglugerð þessi um olíuflutningaskip með 600 tonna burðargetu og yfir.“

3. Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 10. liðar komi eftirfarandi:

„10. „olíuflutningaskip með tvöföldum byrðingi“: olíuflutningaskip sem uppfyllir kröfurnar um tvöfaldan byrðing eða sambærilega hönnun í reglu 13F í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá ´73/´78. Olíuflutningaskip, sem uppfyllir ákvæði c-liðar 1. mgr. endurskoðaðrar reglu 13G í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá ´73/´78, telst einnig vera olíuflutningaskip með tvöföldum byrðingi.“

b) Eftirfarandi liður bætist við:

„14. „þung olía“:

a) jarðolía með þéttleika yfir 900 kg/m^3 við 15°C (*),

b) brennsluolía með þéttleika yfir 900 kg/m^3 við 15°C eða eðlisseigju yfir 180 mm^2/s við 50°C (**),

c) jarðbik og tjara og ýrulausnir þeirra.

(*) Samsvarar API-hreinleika sem er minni en 25,7.
(**) Samsvarar eðlisseigju sem er yfir 180 cSt.“

4. Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað a- og b-liðar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„a) olíuflutningaskip í 1. flokki:

— 2003 fyrir skip sem voru afhent árið 1980 eða fyrr,

— 2004 fyrir skip sem voru afhent árið 1981,

— 2005 fyrir skip sem voru afhent árið 1982 eða síðar,

b) olíuflutningaskip í 2. og 3. flokki:

— 2003 fyrir skip sem voru afhent árið 1975 eða fyrr,

— 2004 fyrir skip sem voru afhent árið 1976,

— 2005 fyrir skip sem voru afhent árið 1977,

— 2006 fyrir skip sem voru afhent árin 1978 og 1979,

— 2007 fyrir skip sem voru afhent árin 1980 og 1981,

— 2008 fyrir skip sem voru afhent árið 1982,

— 2009 fyrir skip sem voru afhent árið 1983,

— 2010 fyrir skip sem voru afhent árið 1984 eða síðar,

b) c-liður falli brott,

c) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2. Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt að starfrækja olíuflutningaskip í 2. eða 3. flokki, sem eru einungis útbúin með tvöföldum botni eða með tvöföldum síðum, sem eru ekki notuð fyrir olíuflutninga og sem ná yfir alla lengd farmgeymisins eða með rými með tvöföldum byrðingi sem eru ekki notuð fyrir olíuflutninga og ná yfir alla lengd farmgeymisins en sem uppfylla ekki skilyrði fyrir undanþágu frá ákvæðum c-liðar 1. mgr. endurskoðaðrar reglu 13G í I. viðauka við MARPOL-samninginn frá ´73/´78, áfram eftir þann dag sem um getur í 1. mgr. en ekki eftir árlega dagsetningu afhendingar skipsins árið 2015 eða þann dag sem skipið nær 25 ára aldri frá afhendingardegi þess, hvort heldur ber fyrr að.“,

d) í stað núverandi 2. mgr. komi eftirfarandi:

„3. Olíuflutningaskipi, sem flytur þunga olíu, er óheimilt, án tillits til þess undir hvaða fána það siglir, að koma til eða fara frá höfn eða endastöðvum undan strönd eða leggjast við akkeri á svæði innan lögsögu aðildarríkis nema það sé með tvöföldum byrðingi.“,

e) eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„4. Heimilt er að veita olíuflutningaskipum, sem starfa eingöngu innan hafnarsvæða og á skipgengum vatnaleiðum, undanþágu frá skuldbindingum skv. 3. mgr. að því tilskildu að þau séu viðurkennd samkvæmt löggjöf um skipgengar vatnaleiðir.

5. Olíuflutningaskip með burðargetu undir 5 000 tonnum skal uppfylla ákvæði 3. mgr. eigi síðar en við árlega dagsetningu afhendingar skipsins árið 2008.

6. Aðildarríki er heimilt, til 21. október 2005, í tilvikum þar sem hafísaðstæður krefjast notkunar skips sem er styrkt fyrir siglingar í ís, að leyfa olíuflutningaskipum með einföldum byrðingi, sem eru styrkt fyrir siglingar í ís og útbúin með tvöföldum botni sem er ekki notaður fyrir olíuflutninga og sem nær yfir alla lengd farmgeymisins, að flytja þunga olíu og koma til eða fara frá höfn eða endastöð undan strönd eða leggjast við akkeri á svæði innan lögsögu aðildarríkis, að því tilskildu að þunga olían séu aðeins flutt í geymum miðskips.“

5. Í stað 5. gr. komi eftirfarandi:

„5. gr.

Samræmi skipa í 2. og 3. flokki við áætlun um ástandsmat

Olíuflutningaskipi í 2. og 3. flokki með einföldum byrðingi, sem er eldra en 15 ára, er óheimilt, án tillits til þess undir hvaða fána það siglir, að koma til eða fara frá höfn eða endastöðvum undan strönd eða leggjast við akkeri á svæði innan lögsögu aðildarríkis eftir árlega dagsetningu afhendingar skipsins árið 2005, nema það sé í samræmi við áætlunina um ástandsmat sem um getur í 6. gr.“

6. Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„6. gr.

Áætlun um ástandsmat (CAS)

Að því er 5. gr. varðar gildir áætlunin um ástandsmat, sem samþykkt var með ályktun MEPC 94 (46) frá 27. apríl 2001, með áorðnum breytingum.“

7. Í stað inngangssetningar 1. mgr. 8. gr. komi eftirfarandi:

„1. Þrátt fyrir 4., 5. og 7. gr. er lögbæru yfirvaldi aðildarríkis heimilt, með fyrirvara um ákvæði landslaga og í sérstökum tilvikum, að leyfa einstöku skipi að koma til eða fara frá höfn eða endastöð undan strönd eða leggjast við akkeri á svæði innan lögsögu þess aðildarríkis ef:“

2. gr.

Formaður ráðsins, fyrir hönd aðildarríkjanna, og framkvæmdastjórnin skulu í sameiningu tilkynna Alþjóðasiglingamálastofnuninni um samþykkt þessarar reglugerðar en með henni skal vísað til 3. mgr. 211. gr. í Hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. júlí 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	G. ALEMANNO
forseti.	*forseti.*

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 139/2004 2007/EES/9/10

frá 20. janúar 2004

um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 83. gr. og 308. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([2]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Umtalsverðar breytingar hafa verið gerðar á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 frá 21. desember 1989 um eftirlit með samfylkingum fyrirtækja ([4]). Þar eð gera á frekari breytingar er rétt að hún verði endursamin til glöggvunar.

2) Til að ná þeim markmiðum, sem stefnt er að með sáttmálanum, er Bandalaginu falið það verkefni, með g-lið 1. mgr. 3. gr., að koma á fót kerfi sem tryggir að samkeppni á innri markaðnum sé ekki raskað. Í 1. mgr. 4. gr. sáttmálans er kveðið á um að starfsemi aðildarríkjanna og Bandalagsins skuli fara fram í samræmi við meginregluna um opið markaðshagkerfi með frjálsri samkeppni. Þessar meginreglur eru algerlega nauðsynlegar fyrir frekari þróun innri markaðarins.

3) Tilkoma innri markaðarins og Efnahags- og myntbandalagsins, stækkun Evrópusambandsins og það að dregið hefur úr alþjóðlegum hindrunum í viðskiptum og fjárfestingu mun leiða til enn frekari endurskipulagningar fyrirtækja, einkum í formi samfylkinga.

4) Fagna ber slíkri endurskipulagningu að því marki sem hún er í samræmi við kröfur um öfluga samkeppni og getur aukið samkeppnishæfni evrópsks iðnaðar og bætt skilyrði til aukins hagvaxtar og bættra lífskjara innan Bandalagsins.

5) Þó ber að tryggja að endurskipulagningin hamli samkeppni ekki varanlega. Í lögum Bandalagsins verða því að vera ákvæði um þær samfylkingar sem gætu hindrað frjálsa samkeppni umtalsvert á sameiginlega markaðnum eða verulegum hluta hans.

6) Þess vegna er nauðsynlegt að hafa sérstakan lagagerning sem gerir það kleift að hafa skilvirkt eftirlit með öllum samfylkingum, að því er varðar áhrif þeirra á skipulag samkeppni í Bandalaginu, og skal það vera eini gerningurinn sem gildir um slíkar samfylkingar. Reglugerð (EBE) nr. 4064/89 hefur gert það kleift að þróa stefnu Bandalagsins á þessu sviði. Í ljósi reynslunnar er þó rétt að endursemja þá reglugerð svo að úr verði löggjöf sem er löguð að þeim viðfangsefnum sem fylgja aukinni samþættingu á markaði og stækkun Evrópusambandsins í framtíðinni. Í samræmi við dreifræðis- og meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná því markmiði að tryggja að samkeppni á sameiginlega markaðnum sé ekki raskað í samræmi við meginregluna um opið markaðshagkerfi með frjálsri samkeppni.

7) Þótt ákvæði 81. og 82. gr. sáttmálans taki til tiltekinna samfylkinga, samkvæmt dómaframkvæmd dómstólsins ná þau ekki til allrar starfsemi sem gæti reynst ósamrýmanleg því kerfi óraskaðrar samkeppni sem gert er ráð fyrir í sáttmálanum. Reglugerð þessi skal því ekki eingöngu byggjast á 83. gr. heldur fyrst og fremst á 308. gr. sáttmálans en samkvæmt henni getur Bandalagið áskilið sér nauðsynlegt viðbótarvald til að ná markmiðum sínum og einnig vald til aðgerða þegar um er að ræða samfylkingar á mörkuðum fyrir landbúnaðarafurðir sem eru skráðar í I. viðauka sáttmálans.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2004 frá 4. júní 2004 um breytingu á XIV. viðauka (Samkeppni), bókun 21 (um framkvæmd samkeppnisreglna sem gilda um fyrirtæki), bókun 22 (um skilgreiningu á „fyrirtæki“ og „veltu“ (56. gr.)) og bókun 24 (um samvinnu varðandi eftirlit með samfylkingum) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 32, 19.6.2004, bls. 1.

([1]) Stjtíð. EB C 20, 28.1.2003, bls. 4.

([2]) Áliti var skilað 9.10.2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

([3]) Áliti var skilað 24.10.2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

([4]) Stjtíð. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1. Leiðrétt útgáfa í Stjtíð. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 (Stjtíð. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1). Leiðrétting í Stjtíð. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

8) Ákvæði, sem samþykkt verða með þessari reglugerð, skulu gilda um verulegar skipulagsbreytingar sem hafa áhrif á markaðinn og ná út fyrir landamæri einstakra aðildarríkja. Að jafnaði skulu slíkar samfylkingar eingöngu endurskoðaðar á vettvangi Bandalagsins, í einu kerfi og í samræmi við dreifræðisregluna. Samfylkingar, sem falla ekki undir þessa reglugerð, heyra að meginreglu til undir lögsögu aðildarríkjanna.

9) Skilgreina ber gildissvið þessarar reglugerðar með hliðsjón af því hver landfræðileg mörk starfsemi viðkomandi fyrirtækja eru og beita stærðartakmörkunum svo að það taki til þeirra samfylkinga sem varða hagsmuni Bandalagsins. Framkvæmdastjórnin skal skila ráðinu skýrslu um framkvæmd gildandi takmarkana og viðmiðana svo að ráðið geti, í samræmi við 202. gr. sáttmálans, endurskoðað þær reglulega , svo og reglur um vísun máls fyrir tilkynningu, í ljósi fenginnar reynslu. Þetta krefst þess að aðildarríkin láti framkvæmdastjórninni í té tölfræðileg gögn til að hún geti samið slíkar skýrslur og jafnvel gert breytingatillögur. Skýrslur og tillögur framkvæmdastjórnarinnar skulu byggjast á viðeigandi upplýsingum sem aðildarríkin láta henni reglulega í té.

10) Líta ber svo á að samfylking varði hagsmuni Bandalagsins ef heildarvelta viðkomandi fyrirtækja fer yfir sett viðmiðunarmörk. Það er óháð því hvort fyrirtækin, sem mynda samfylkinguna, hafa aðsetur innan Bandalagsins eða hafa aðalstarfsvettvang sinn þar, að því tilskildu að þau reki þar umtalsverða starfsemi.

11) Reglurnar um að framkvæmdastjórnin vísi málum samfylkinga til aðildarríkja og aðildarríkin til framkvæmdastjórnarinnar eiga að verka sem skilvirk leiðréttingaraðferð í ljósi dreifræðisreglunnar. Með slíkum reglum eru samkeppnishagsmunir aðildarríkjanna verndaðir með viðhlítandi hætti og tilhlýðilegt tillit tekið til réttaröryggis og meginreglunnar um skoðun í einu kerfi.

12) Samfylkingar geta uppfyllt skilyrði um skoðun samkvæmt kerfi ýmissa ríkja um eftirlit með samruna ef þær eru undir þeim viðmiðunarmörkum um veltu sem um getur í þessari reglugerð. Margar tilkynningar um sömu viðskipti auka á réttaróvissu, vinnu og kostnað fyrirtækja og slíkt getur leitt til margs konar mats. Því er rétt að þróa áfram kerfi sem felur í sér að viðkomandi aðildarríki geta vísað málum samfylkinga til framkvæmdastjórnarinnar.

13) Framkvæmdastjórninni ber að hafa náið og stöðugt samband við lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum sem hún fær athugasemdir og upplýsingar frá.

14) Framkvæmdastjórnin og lögbær yfirvöld aðildarríkjanna skulu saman mynda net opinberra yfirvalda sem hafa náið samstarf um beitingu valdheimilda sinna og hafa skilvirka tilhögun um upplýsingamiðlun og samráð með það fyrir augum að tryggja að hvert mál sé í höndum þess yfirvalds sem best er til þess fallið í ljósi dreifræðisreglunnar og til að koma í veg fyrir, eftir því sem unnt er, að tilkynnt sé mörgum sinnum um sömu samfylkinguna. Þegar samfylkingum er vísað frá framkvæmdastjórninni til aðildarríkjanna eða frá aðildarríkjunum til framkvæmdastjórnarinnar skal gera það á skilvirkan hátt og forðast eftir megni að upp komi sú staða að samfylkingu sé vísað áfram, bæði fyrir og eftir að tilkynnt er um hana.

15) Framkvæmdastjórnin skal geta vísað til aðildarríkis tilkynntum samfylkingum, sem varða hagsmuni Bandalagsins og veruleg hætta er á að hafi áhrif á samkeppni á markaði í því aðildarríki sem hefur öll einkenni aðgreinds markaðar. Þegar samfylking hefur áhrif á samkeppni á slíkum markaði, sem er ekki verulegur hluti af sameiginlega markaðnum, ber framkvæmdastjórninni skylda til, að fenginni beiðni, að vísa öllu málinu eða hluta þess til viðkomandi aðildarríkis. Aðildarríki skal geta vísað til framkvæmdastjórnarinnar máli samfylkingar, sem varðar ekki hagsmuni Bandalagsins en hefur áhrif á viðskipti milli aðildarríkja og hætta er á að hafi veruleg áhrif á samkeppni á yfirráðasvæði þess. Önnur aðildarríki, sem eru einnig þar til bær að endurskoða samfylkinguna, skulu eiga þess kost að verða aðilar að beiðninni. Við slíkar aðstæður skal innlendur frestur lengdur, til að tryggja skilvirkni og áreiðanleika kerfisins, þar til ákvörðun hefur verið tekin um hvort málinu verði vísað áfram. Framkvæmdastjórnin skal hafa vald til að taka samfylkingu til skoðunar og fjalla um hana fyrir hönd aðildarríkis eða aðildarríkja sem óska eftir því.

16) Til að auka enn frekar skilvirkni kerfis eftirlits með samfylkingum í Bandalaginu skulu viðkomandi fyrirtæki eiga þess kost að óska eftir því að samfylkingunni sé vísað til framkvæmdastjórnarinnar eða frá henni áður en tilkynnt er um hana. Í slíkum tilvikum skulu framkvæmdastjórnin og innlend samkeppnisyfirvöld ákveða, innan stutts, skýrt skilgreinds frests, hvort málinu skuli vísað til framkvæmdastjórnarinnar eða frá henni og tryggja þannig skilvirkni kerfisins. Framkvæmdastjórnin skal, að beiðni viðkomandi fyrirtækja, geta vísað til aðildarríkis samfylkingu, sem varðar hagsmuni Bandalagsins og getur haft umtalsverð áhrif á samkeppni á markaði í því aðildarríki sem hefur öll einkenni aðgreinds markaðar. Viðkomandi fyrirtækjum er þó ekki skylt að sýna fram á að samfylkingin myndi hafa skaðleg áhrif á samkeppni. Framkvæmdastjórnin skal ekki vísa máli samfylkingar til aðildarríkis sem hefur lýst yfir andmælum gegn slíkri vísun. Áður en innlendum yfirvöldum er tilkynnt um samfylkingu skulu viðkomandi fyrirtæki einnig eiga þess kost að óska eftir því að samfylkingu verði vísað til framkvæmdastjórnarinnar, ef hún varðar ekki hagsmuni

Bandalagsins og hana má endurskoða samkvæmt innlendum samkeppnislögum a.m.k. þriggja aðildarríkja. Slíkar beiðnir um vísun máls til framkvæmdastjórnarinnar áður en tilkynnt er um samfylkingu eiga einkum við í tilvikum þar sem samfylkingin gæti haft áhrif á samkeppni út fyrir yfirráðasvæði eins aðildarríkis. Ef samfylkingu, sem má endurskoða samkvæmt samkeppnislögum þriggja eða fleiri aðildarríkja, er vísað til framkvæmdastjórnarinnar áður en tilkynnt er um hana innanlands og ekkert aðildarríki, sem er þar til bært að endurskoða málið, lýsir yfir andmælum skal framkvæmdastjórnin ein vera þar til bær að endurskoða samfylkinguna og sú samfylking skal teljast varða hagsmuni Bandalagsins. Ekki skal þó vísa samfylkingu frá aðildarríkjum til framkvæmdastjórnarinnar áður en tilkynnt er um hana ef a.m.k. eitt aðildarríki, sem hefur heimild til að endurskoða málið, hefur lýst yfir andmælum gegn slíkri vísun.

17) Framkvæmdastjórnin skal ein hafa vald til að beita þessari reglugerð með fyrirvara um endurskoðun dómstólsins.

18) Aðildarríkjunum er óheimilt að beita landslögum um samkeppni gagnvart samfylkingum sem varða hagsmuni Bandalagsins, nema kveðið sé á um það í þessari reglugerð. Takmarka skal viðeigandi heimildir innlendra yfirvalda við tilvik þar sem líklegt er að virk samkeppni yrði hindruð verulega á yfirráðasvæði aðildarríkis án íhlutunar framkvæmdastjórnarinnar og þar sem ógerlegt er að vernda hagsmuni aðildarríkisins í samkeppnismálum nægilega á annan hátt samkvæmt reglugerð þessari. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu bregðast skjótt við í slíkum tilvikum. Vegna ósamræmis í landslögum er ekki unnt að ákveða einn sameiginlegan frest með þessari reglugerð fyrir samþykkt lokaákvarðana samkvæmt landslögum.

19) Einhliða beiting ákvæða þessarar reglugerðar gagnvart samfylkingum sem varða hagsmuni Bandalagsins er enn fremur með fyrirvara um 296. gr. sáttmálans og kemur ekki í veg fyrir að aðildarríkin geri viðeigandi ráðstafanir til að vernda lögmæta hagsmuni, aðra en þá sem fjallað er um í þessari reglugerð, að því tilskildu að þær ráðstafanir samrýmist almennum meginreglum og öðrum lagaákvæðum Bandalagsins.

20) Brýnt er að skilgreina hugtakið samfylking þannig að það taki til starfsemi sem hefur í för með sér varanlega breytingu á eftirliti með hlutaðeigandi fyrirtækjum og þar með skipulagi markaðarins. Þess vegna er rétt að öll fyrirtæki um sameiginlegt verkefni, sem gegna til frambúðar og að öllu leyti hlutverki sjálfstæðrar efnahagseiningar, falli undir gildissvið þessarar reglugerðar. Enn fremur er rétt að viðskipti, sem eru nátengd vegna sömu skilmála, eða eru hluti af röð viðskipta með verðbréf sem standa yfir í tiltölulega stuttan tíma, fái sömu meðferð og um væri að ræða eina samfylkingu.

21) Þessi reglugerð skal einnig gilda þar sem viðkomandi fyrirtæki samþykkja takmarkanir sem tengjast framkvæmd samfylkingarinnar beint og eru nauðsynlegar vegna hennar. Ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar þar sem því er lýst yfir að samfylkingar samrýmist sameiginlega markaðnum samkvæmt þessari reglugerð skulu sjálfkrafa ná yfir slíkar takmarkanir án þess að framkvæmdastjórnin þurfi að meta þær í hverju einstöku tilviki. Framkvæmdastjórnin skal þó, að beiðni viðkomandi fyrirtækja, í málum þar sem upp kemur nýr eða óleystur vandi sem veldur verulegri óvissu, meta sérstaklega hvort tiltekin takmörkun tengist framkvæmd samfylkingarinnar beint og sé nauðsynleg vegna hennar. Mál telst vera nýr eða óleystur vandi ef það veldur verulegri óvissu sem ekki er fjallað um í viðeigandi, gildandi auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar eða áður birtri ákvörðun.

22) Í fyrirkomulagi því sem innleiða á til að hafa eftirlit með samfylkingum skal, með fyrirvara um 2. mgr. 86. gr. sáttmálans, virða meginregluna um bann við því að opinbera geiranum og einkageiranum sé mismunað. Í opinbera geiranum skal því reikna veltu viðkomandi fyrirtækis, sem á aðild að samfylkingu, með hliðsjón af fyrirtækjum sem mynda efnahagseiningu með sjálfstætt ákvörðunarvald, án tillits til skiptingar eignarhluta eða reglna um stjórnsýslueftirlit sem gilda um þau.

23) Nauðsynlegt er, með tilliti til þess að viðhalda virkri samkeppni á sameiginlega markaðnum og þróa hana, að skera úr um hvort samfylking, sem varðar hagsmuni Bandalagsins, samrýmist sameiginlega markaðnum. Við þetta mat skal framkvæmdastjórnin taka ákvarðanir sínar út frá almennum viðmiðunum um að ná grundvallarmarkmiðum sem um getur í 2. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins og 2. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

24) Til að tryggja kerfi óheftrar samkeppni á sameiginlega markaðnum skal heimilað með þessari reglugerð, með það fyrir augum að hrinda í framkvæmd stefnu sem er mörkuð í samræmi við meginregluna um opið markaðshagkerfi með frjálsri samkeppni, að hafa skilvirkt eftirlit með öllum samfylkingum að því er varðar áhrif þeirra á samkeppni í Bandalaginu. Þess vegna var sett sú meginregla með reglugerð (EBE) nr. 4064/89 að samfylking, sem varðar hagsmuni Bandalagsins og skapar eða eflir yfirburðastöðu sem leiðir til umtalsverðrar hindrunar á virkri samkeppni á sameiginlega markaðnum eða verulegum hluta hans, skuli lýst ósamrýmanleg sameiginlega markaðnum.

25) Í ljósi þess hvaða afleiðingar samfylkingar í fákeppnismarkaðskerfi geta haft er það þeim mun nauðsynlegra að viðhalda skilvirkri samkeppni á slíkum mörkuðum. Á mörgum fákeppnismörkuðum ríkir heilbrigð samkeppni. Við vissar aðstæður geta þó samfylkingar, sem fela í sér afnám mikilvægra samkeppnishafta, sem samrunaaðilarnir hafa sett hver öðrum, og minnkandi samkeppnisþrýsting á samkeppnisaðilana sem eftir eru, leitt af sér verulegar hindranir á virkri samkeppni, jafnvel þó að ekki séu líkur á samræmingu á milli aðila í fákeppni. Dómstólar Bandalagsins hafa þó ekki fram til þessa túlkað það skýlaust svo að þess sé krafist samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 4064/89 að samfylkingar, sem hafa slík ósamræmd áhrif, verði lýstar ósamrýmanlegar sameiginlega markaðnum. Vegna réttaröryggis skal því tekinn af allur vafi um það að í þessari reglugerð er heimilað skilvirkt eftirlit með öllum slíkum samfylkingum með því að kveða á um að allar samfylkingar, sem myndu hindra verulega virka samkeppni á sameiginlega markaðnum eða verulegum hluta hans, skuli lýstar ósamrýmanlegar sameiginlega markaðnum. Túlka ber hugtakið „umtalsverð hindrun virkrar samkeppni“ í 2. og 3. mgr. 2. gr. þannig að það taki, auk hugtaksins „yfirburðastaða“, eingöngu til samkeppnishamlandi áhrifa samfylkingar sem eru afleiðing ósamræmds atferlis fyrirtækja sem hafa ekki yfirburðastöðu á viðkomandi markaði.

26) Ef umtalsverðar hindranir eru í vegi fyrir virkri samkeppni er það venjulega afleiðing þess þegar yfirburðastaða myndast eða eflist. Til að varðveita þá leiðsögn, sem felst í fyrri dómum Evrópudómstólanna og ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt reglugerð (EBE) nr. 4064/89, og halda um leið samræmi við viðmiðanir um samkeppnisskaða sem framkvæmdastjórnin og dómstólar Bandalagsins hafa beitt varðandi það hvort samfylkingar samrýmist sameiginlega markaðnum, skal því koma á þeirri meginreglu með þessari reglugerð að lýsa skuli samfylkingu, sem varðar hagsmuni Bandalagsins og myndi raska verulega virkri samkeppni á sameiginlega markaðnum eða verulegum hluta hans, einkum í kjölfar þess þegar yfirburðastaða myndast eða eflist, ósamrýmanlega sameiginlega markaðnum.

27) Auk þess skal beita viðmiðunum 1. og 3. mgr. 81. gr. sáttmálans gagnvart fyrirtækjum um sameiginleg verkefni sem gegna til frambúðar og að öllu leyti hlutverki sjálfstæðra efnahagseininga að svo miklu leyti sem stofnun þeirra leiðir til sýnilegrar takmörkunar á samkeppni á milli fyrirtækja sem verða áfram sjálfstæð.

28) Til að skýra og útskýra hvernig framkvæmdastjórnin metur samfylkingar samkvæmt þessari reglugerð er rétt að framkvæmdastjórnin birti leiðbeiningar þar sem gefinn er traustur efnahagsrammi fyrir mat á samfylkingum til að ákvarða hvort þær skuli lýstar samrýmanlegar sameiginlega markaðnum.

29) Við ákvörðun á áhrifum samfylkingar á samkeppni á sameiginlega markaðnum er rétt að tekið sé tillit til allra raka um líklega hagkvæmni sem viðkomandi fyrirtæki hafa fram að færa. Vera kann að sú hagkvæmni, sem næst með samfylkingu, vinni gegn áhrifum hennar á samkeppni og einkum hugsanlegum skaða sem neytendur hefðu annars getað orðið fyrir og samfylkingin myndi því ekki raska virkri samkeppni umtalsvert á sameiginlega markaðnum eða verulegum hluta hans, einkum þegar yfirburðastaða hefur myndast eða eflst. Framkvæmdastjórnin skal birta leiðbeiningar um það við hvaða aðstæður hún getur tekið tillit til hagkvæmni við mat á samfylkingu.

30) Ef viðkomandi fyrirtæki breyta tilkynntri samfylkingu, einkum með því að taka á sig skuldbindingar í þeim tilgangi að samfylkingin geti samrýmst sameiginlega markaðnum, skal framkvæmdastjórninni heimilt að lýsa samfylkinguna samrýmanlega sameiginlega markaðnum með áorðnum breytingum. Slíkar skuldbindingar skulu vera í réttu hlutfalli við samkeppnisvandann og leysa hann algerlega. Einnig er rétt að samþykkja slíkar skuldbindingar áður en málsmeðferð er hafin þyki samkeppnisvandinn augljós og auðleysanlegur. Kveða þarf skýrt á um að framkvæmdastjórnin geti bundið ákvörðun sína skilyrðum og skyldum til að tryggja að hlutaðeigandi fyrirtæki standi við skuldbindingar sínar, tímanlega og á skilvirkan hátt svo að samfylkingin geti samrýmst sameiginlega markaðnum. Tryggja skal gagnsæi og skilvirkt samráð við aðildarríkin og þriðju málsaðila, sem eru hagsmunaaðilar, þann tíma sem málsmeðferð stendur yfir.

31) Framkvæmdastjórnin skal hafa yfir að ráða viðeigandi gerningum til að tryggja að staðið sé við skuldbindingar og bregðast við aðstæðum þar sem það er ekki gert. Ef skilyrði, sem er bundið ákvörðun um að lýsa samfylkingu samrýmanlega sameiginlega markaðnum, er ekki uppfyllt skapast ekki þær aðstæður sem gera samfylkinguna samrýmanlega sameiginlega markaðnum og samfylkingin, eins og hún er framkvæmd, hlýtur því ekki heimild framkvæmdastjórnarinnar. Af því leiðir að ef samfylkingin kemur til framkvæmda skal hún fá sömu meðferð og samfylking sem ekki hefur verið tilkynnt og hefur verið framkvæmd án heimildar. Ef framkvæmdastjórnin hefur þegar komist að þeirri niðurstöðu að samfylkingin myndi ekki samrýmast sameiginlega markaðnum að óuppfylltu skilyrði skal hún enn fremur hafa heimild til þess að gefa bein fyrirmæli um að samfylkingin verði leyst upp og færa til fyrra horfs aðstæðurnar sem voru fyrir hendi áður en samfylkingin kom til framkvæmda. Ef skylda, sem tengist ákvörðun um að lýsa samfylkinguna samrýmanlega sameiginlega markaðnum, er vanrækt skal framkvæmdastjórnin hafa heimild til að afturkalla ákvörðun sína. Enn fremur skal framkvæmdastjórnin geta lagt á hæfilegar fjársektir ef skilyrðum er ekki fullnægt eða skyldur eru ekki uppfylltar.

32) Ganga má út frá því að samfylkingar, sem eru ekki líklegar til að hindra virka samkeppni vegna takmarkaðrar markaðshlutdeildar viðkomandi fyrirtækja, séu samrýmanlegar sameiginlega markaðnum. Fari markaðshlutdeild viðkomandi fyrirtækja ekki yfir 25%, hvorki á sameiginlega markaðnum né á verulegum hluta hans, bendir það einkum til þess að sú sé raunin, með fyrirvara um 81. og 82. gr. sáttmálans.

33) Framkvæmdastjórnin skal hafa það hlutverk að taka allar nauðsynlegar ákvarðanir til að ákveða hvort samfylkingar, sem varða hagsmuni Bandalagsins, séu samrýmanlegar sameiginlega markaðnum eða ekki, svo og ákvarðanir sem miða að því að endurvekja aðstæður sem voru fyrir hendi áður en samfylking, sem hefur verið lýst ósamrýmanleg sameiginlega markaðnum, kemur til framkvæmda.

34) Til að tryggja skilvirkt eftirlit skal skylda fyrirtæki til að tilkynna fyrir fram um samfylkingar, sem varða hagsmuni Bandalagsins, eftir að gerður hefur verið samningur, yfirtökuboð auglýst eða ráðandi hlutar aflað. Einnig skal vera mögulegt að tilkynna um þær þegar viðkomandi fyrirtæki veita framkvæmdastjórninni fulla vissu fyrir því að þau hafi í hyggju að ganga til samninga um fyrirhugaða samfylkingu og sýna framkvæmdastjórninni fram á að áætlun þeirra um þá fyrirhuguðu samfylkingu sé nægilega fastmótuð, t.d. á grundvelli samnings í grundvallaratriðum, viljayfirlýsingar eða samningsdraga sem öll hlutaðeigandi fyrirtæki undirrita, eða, þegar um er að ræða yfirtökuboð, þegar þau hafa tilkynnt opinberlega að þau hyggist gera slíkt tilboð, að því tilskildu að fyrirhugaður samningur eða yfirtökuboð leiði til samfylkingar sem varðar hagsmuni Bandalagsins. Fresta ætti framkvæmd samfylkingar þar til lokaákvörðun framkvæmdastjórnarinnar liggur fyrir. Það skal þó vera mögulegt að veita undanþágu frá þessari frestun að beiðni hlutaðeigandi fyrirtækja, ef við á. Við ákvörðun um hvort veita skuli undanþáguna ber framkvæmdastjórninni að taka tillit til allra þátta sem máli skipta, s.s. hvers eðlis og hve alvarlegur skaðinn er sem samfylkingin veldur hlutaðeigandi fyrirtækjum eða þriðju málsaðilum, svo og til þess að samkeppni kann að stafa ógn af samfylkingunni. Til að réttaröryggis sé gætt verður eigi að síður að vernda lögmæti viðskiptanna eins og þörf krefur.

35) Ákveða skal þann frest sem framkvæmdastjórnin hefur til að hefja málsmeðferð varðandi tilkynnta samfylkingu og þann frest sem hún hefur til að taka lokaákvörðun um það hvort hún sé samrýmanleg eða ósamrýmanleg sameiginlega markaðnum. Framlengja skal þessa fresti þegar viðkomandi fyrirtæki bjóðast til að taka á sig skuldbindingar í því skyni að samfylkingin geti samrýmst sameiginlega markaðnum svo að nægur tími gefist fyrir greiningu og markaðsprófun slíkra skuldbindinga og fyrir samráð við aðildarríkin og þriðju aðila sem eiga hagsmuna að gæta. Einnig skal vera mögulegt að framlengja tímabundið frestinn sem framkvæmdastjórnin hefur til að taka lokaákvörðun sína svo að nægur tími gefist til að rannsaka málið og sannprófa þær staðreyndir og þau rök sem hafa verið lögð fyrir framkvæmdastjórnina.

36) Bandalagið virðir þau grundvallarréttindi og fylgir þeim meginreglum sem einkum eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi ([1]). Þar af leiðandi er rétt að túlka og beita þessari reglugerð með hliðsjón af þeim réttindum og meginreglum.

37) Veita skal hlutaðeigandi fyrirtækjum rétt til að flytja mál sitt fyrir framkvæmdastjórninni þegar málsmeðferð er hafin. Auk þess skal veita framkvæmdastjórum, öðrum stjórnendum, viðurkenndum fulltrúum starfsmanna viðkomandi fyrirtækja og þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, tækifæri til að flytja mál sitt.

38) Til að geta lagt rétt mat á samfylkingar skal framkvæmdastjórnin hafa heimild til að krefjast allra nauðsynlegra upplýsinga og gera allar nauðsynlegar athuganir hvarvetna í Bandalaginu. Í því skyni, og með það fyrir augum að vernda samkeppni á skilvirkan hátt, er nauðsynlegt að auka vald framkvæmdastjórnarinnar til rannsókna. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi heimild til að ræða við hvern þann sem gæti búið yfir gagnlegum upplýsingum og skrá framburð hans.

39) Við athugun skulu embættismenn, sem framkvæmdastjórnin hefur veitt umboð, hafa heimild til að falast eftir upplýsingum sem varða efni og tilgang athugunarinnar. Þeir skulu einnig hafa rétt til að setja innsigli á meðan á athugun stendur, einkum við aðstæður þar sem gild ástæða er til að ætla að samfylking hafi komið til framkvæmda án þess að tilkynnt væri um hana, að framkvæmdastjórninni hafi verið veittar rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar eða að viðkomandi fyrirtæki eða aðilar hafi ekki uppfyllt skilyrði eða skyldur sem hefur verið lögð á með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar. Innsigli skulu þó einungis notuð í undantekningartilvikum og í þann tíma sem er algerlega nauðsynlegur vegna athugunarinnar, að jafnaði ekki lengur en 48 klukkustundir.

40) Með fyrirvara um dómaframkvæmd dómstólsins er einnig rétt að tiltaka hversu langt eftirlit innlendra dómsmálayfirvalds má ganga þegar það heimilar, eins og mælt er fyrir um í landslögum og einnig sem varúðarráðstöfun, aðstoð löggæsluyfirvalda við að vinna bug á andstöðu sem fyrirtæki kann að sýna gegn athugun, þ.m.t. við innsiglun sem gefin eru fyrirmæli um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar. Samkvæmt dómaframkvæmd er innlendum dómsmálayfirvöldum heimilt að óska eftir nánari upplýsingum frá framkvæmdastjórninni sem eru nauðsynlegar til að þau geti sinnt eftirliti sínu, en án slíkra upplýsinga gætu þau synjað um heimildina. Í dómaframkvæmd kemur einnig fram staðfesting á því að innlendir dómstólar séu þar til bærir að hafa eftirlit með beitingu innlendra reglna um framkvæmd þvingunarráðstafana. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu hafa virkt samstarf að því er varðar beitingu valds framkvæmdastjórnarinnar til rannsókna.

([1]) Stjtíð. EB C 364, 18.12.2000, bls. 1.

41) Þegar fyrirtæki og viðkomandi aðilar hlíta ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar er ekki hægt að þvinga þau til að viðurkenna að þau hafi framið brot en þó er þeim ætíð skylt að svara spurningum um staðreyndir og leggja fram skjöl jafnvel þótt þær upplýsingar megi nota til sönnunar á broti þeirra sjálfra eða annarra.

42) Vegna gagnsæis skal birta sem víðast allar ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar sem varða ekki málsmeðferð eingöngu. Jafnframt því að standa vörð um rétt hlutaðeigandi fyrirtækja til málsvarnar, og þá einkum rétt til aðgangs að málsskjölum, er mjög mikilvægt að virða viðskiptaleynd. Með sama hætti skal gæta trúnaðar varðandi þær upplýsingar sem skipst er á um netið og við lögbær yfirvöld í þriðju löndum.

43) Sé ekki farið að ákvæðum þessarar reglugerðar má beita sektum og févíti eins og við á. Veita ber dómstólnum ótakmarkaða lögsögu að þessu leyti skv. 229. gr. sáttmálans.

44) Fylgjast ber með því hvaða skilyrðum samfylkingar, sem taka til fyrirtækja með aðsetur sitt eða aðalstarfsvettvang innan Bandalagsins, eru háðar í þriðju löndum og kveða skal á um að ráðið hafi þann möguleika að veita framkvæmdastjórninni viðeigandi umboð til samningaviðræðna með það fyrir augum að slík fyrirtæki fái meðferð án mismununar.

45) Þessi reglugerð hefur á engan hátt áhrif á almenn réttindi starfsmanna, eins og þau eru viðurkennd í viðkomandi fyrirtækjum, einkum að því er varðar þá skyldu að upplýsa eða hafa samráð við viðurkennda fulltrúa sína samkvæmt lögum Bandalagsins og landslögum.

46) Framkvæmdastjórnin skal geta mælt fyrir um nákvæmar reglur varðandi framkvæmd þessarar reglugerðar í samræmi við reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið. Við samþykkt slíkra framkvæmdarákvæða skal framkvæmdastjórnin njóta aðstoðar ráðgjafarnefndar sem er skipuð fulltrúum aðildarríkjanna eins og tilgreint er í 23. gr.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Gildissvið

1. Með fyrirvara um 5. mgr. 4. gr. og 22. gr. gildir þessi reglugerð um allar samfylkingar er varða hagsmuni Bandalagsins eins og skilgreint er í þessari grein.

2. Samfylking varðar hagsmuni Bandalagsins þegar:

a) heildarvelta allra hlutaðeigandi fyrirtækja á heimsmarkaði fer yfir 5 000 milljónir evra og

b) heildarvelta minnst tveggja hlutaðeigandi fyrirtækja innan Bandalagsins, hvers um sig, fer yfir 250 milljónir evra,

nema hvert fyrirtæki, sem á í hlut, hafi meira en tvo þriðju heildarveltu sinnar innan Bandalagsins í einu og sama aðildarríki.

3. Samfylking, sem nær ekki viðmiðunarmörkunum sem mælt er fyrir um í 2. mgr., telst varða hagsmuni Bandalagsins ef:

a) heildarvelta allra hlutaðeigandi fyrirtækja á heimsmarkaði fer yfir 2 500 milljónir evra og

b) heildarvelta allra hlutaðeigandi fyrirtækja í minnst þremur aðildarríkjum, hverju um sig, fer yfir 100 milljónir evra,

c) heildarvelta a.m.k. tveggja hlutaðeigandi fyrirtækja, hvors um sig, í minnst þremur aðildarríkjum, hverju um sig, sbr. b-lið, fer yfir 25 milljónir evra,

d) heildarvelta minnst tveggja hlutaðeigandi fyrirtækja innan Bandalagsins, hvors um sig, fer yfir 100 milljónir evra,

nema hvert fyrirtæki, sem á í hlut, hafi meira en tvo þriðju heildarveltu sinnar innan Bandalagsins í einu og sama aðildarríki.

4. Framkvæmdastjórnin skal, á grundvelli tölfræðilegra gagna sem aðildarríkin afhenda reglulega, skila ráðinu skýrslu, eigi síðar en 1. júlí 2009, um beitingu viðmiðunarmarka og viðmiðana sem eru sett fram í 2. og 3. mgr. og getur lagt fram tillögur skv. 5. mgr.

5. Í framhaldi af skýrslunni, sem um getur í 4. mgr,. og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar getur ráðið, með auknum meirihluta, endurskoðað viðmiðunarmörkin og viðmiðanirnar sem um getur í 3. mgr.

2. gr.

Mat á samfylkingum

1. Leggja skal mat á samfylkingar, sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar, í samræmi við markmiðin með þessari reglugerð og eftirfarandi ákvæði með það fyrir augum að skera úr um hvort þær samrýmist sameiginlega markaðnum eða ekki.

Við slíkt mat skal framkvæmdastjórnin taka tillit til:

a) þess að þörf er á að viðhalda og efla virka samkeppni á sameiginlega markaðnum, m.a. með hliðsjón af samsetningu allra viðkomandi markaða og raunverulegri eða hugsanlegri samkeppni af hálfu fyrirtækja sem eru staðsett innan Bandalagsins eða utan þess,

b) markaðsstöðu viðkomandi fyrirtækja og efnahagslegs og fjárhagslegs styrks þeirra, kosta sem birgjar og notendur geta valið um, aðgangs þeirra að aðföngum eða mörkuðum, lagalegra hindrana eða annars sem hindrar aðgang, þróunar framboðs og eftirspurnar eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, hagsmuna millilliða og neytenda og tækni- og efnahagsframfara, að því tilskildu að þetta sé neytendum til hagsbóta og hindri ekki samkeppni.

2. Samfylking, sem hindrar ekki virka samkeppni umtalsvert á sameiginlega markaðnum eða á verulegum hluta hans, einkum þegar yfirburðastaða hefur myndast eða eflst, skal lýst samrýmanleg sameiginlega markaðnum.

3. Samfylking, sem hindrar virka samkeppni umtalsvert á sameiginlega markaðnum eða á verulegum hluta hans, einkum þegar yfirburðastaða hefur myndast eða eflst, skal lýst ósamrýmanleg sameiginlega markaðnum.

4. Að því marki sem stofnun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni, sem telst samfylking skv. 3. gr., hefur það markmið eða þau áhrif að samræma samkeppnishegðun fyrirtækja sem halda áfram sjálfstæði sínu, skal meta slíka samræmingu á grundvelli viðmiðananna í 1. og 3. mgr. 81. gr. sáttmálans með það í huga að ákvarða hvort starfsemin samrýmist sameiginlega markaðnum eða ekki.

5. Við slíkt mat skal framkvæmdastjórnin einkum taka mið af eftirfarandi:

— hvort tvö eða fleiri móðurfyrirtæki haldi uppi umtalsverðri starfsemi á sama markaði og fyrirtæki um sameiginlegt verkefni eða á markaði sem er aðliggjandi eða fráliggjandi, miðað við fyrirtækið um sameiginlegt verkefni, eða á nærliggjandi markaði sem er nátengdur honum,

— hvort samræmingin, sem er bein afleiðing þess að fyrirtæki um sameiginlegt verkefni er stofnað, leiðir til þess að hlutaðeigandi fyrirtæki hafi möguleika á að koma í veg fyrir samkeppni með tilliti til verulegs hluta framleiðslunnar eða þjónustunnar sem um er að ræða.

3. gr.

Skilgreining á samfylkingu

1. Samfylking telst hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar:

a) vegna samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja eða hluta úr fyrirtækjum sem áður störfuðu sjálfstætt, eða

b) vegna þess að einn eða fleiri aðilar eða eitt eða fleiri fyrirtæki, sem þegar hafa yfirráð yfir a.m.k. einu fyrirtæki, ná beinum eða óbeinum yfirráðum yfir einu eða fleiri fyrirtækjum til viðbótar, í heild eða að hluta, með því að kaupa verðbréf eða eignir, með samningi eða með öðrum hætti.

2. Yfirráð yfir fyrirtæki skapast af rétti, með samningum eða með einhverjum öðrum hætti sem, annaðhvort sérstaklega eða samanlagt og með hliðsjón af staðreyndum eða lagalegum sjónarmiðum, gerir það kleift að hafa afgerandi áhrif á fyrirtæki, einkum með:

a) eignarhaldi eða rétti til að nota eignir fyrirtækis, allar eða að hluta,

b) rétti eða samningum sem hafa afgerandi áhrif á samsetningu, atkvæðagreiðslu eða ákvarðanir stofnana fyrirtækis.

3. Yfirráð öðlast aðilar eða fyrirtæki sem:

a) eru rétthafar eða eiga tilkall til réttar samkvæmt samningum þar að lútandi, eða

b) hafa heimild til að beita afleiddum rétti þótt þeir séu hvorki handhafar slíks réttar né eigi tilkall til réttar samkvæmt slíkum samningum.

4. Stofnun fyrirtækis um sameiginlegt verkefni, sem gegnir til frambúðar allri starfsemi sjálfstæðrar efnahagseiningar, skal teljast samfylking í skilningi b-liðar 1. mgr.

5. Samfylking telst ekki hafa átt sér stað þegar:

a) lánastofnanir eða aðrar fjármálastofnanir eða vátryggingafélög sem, þar sem viðskipti með verðbréf, kaup og sala fyrir eigin hönd eða annarra fellur undir venjulega starfsemi, eiga tímabundið verðbréf sem þau hafa eignast í fyrirtæki með það fyrir augum að selja þau aftur, að því tilskildu að þau nýti sér ekki atkvæðisrétt sem fylgir þessum verðbréfum til að ákvarða samkeppnishegðun þess fyrirtækis eða að því tilskildu að þau nýti sér þennan atkvæðisrétt einungis til að undirbúa sölu viðkomandi fyrirtækis, í heild eða að hluta, eða eigna þess eða sölu þessara verðbréfa og að salan eigi sér stað innan árs frá því að bréfanna var aflað. Framkvæmdastjórnin getur framlengt þennan frest ef eftir því er leitað og slíkar stofnanir eða félög geta sýnt fram á að salan gat ekki með góðu móti farið fram innan tiltekins frests,

b) fulltrúi hins opinbera öðlast yfirráð yfir fyrirtæki samkvæmt lögum aðildarríkis um skiptameðferð, félagsslit, gjaldþrot, greiðslustöðvun, nauðasamninga eða hliðstæða meðferð,

c) aðgerðir þær sem um getur í b-lið 1. mgr. eru gerðar af eignarhaldsfélögum á fjármálasviði, sem um getur í 3. mgr. 5. gr. fjórðu tilskipunar ráðsins 78/660/EBE frá 25. júlí 1978, á grundvelli g-liðar 3. mgr. 54. gr. sáttmálans um ársreikninga félaga af tiltekinni gerð ([1]), að því tilskildu þó að atkvæðisréttur, sem umræddur eignarhlutur veitir, sé nýttur, einkum að því er varðar skipun í framkvæmdastjórn og yfirstjórn fyrirtækjanna sem þau eiga hlut í, einungis til að halda fullu verðgildi þessara fjárfestinga og ekki til að ákvarða, beint eða óbeint, samkeppnishegðun þessara fyrirtækja.

4. gr.

Fyrirframtilkynning um samfylkingar og vísun að beiðni tilkynningaraðila áður en tilkynnt er um þær

1. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um samfylkingar, sem varða hagsmuni Bandalagsins og eru skilgreindar í þessari reglugerð, áður en þær koma til framkvæmda en eftir að samningur er gerður, yfirtökuboð tilkynnt eða ráðandi hlutar aflað.

Einnig má senda tilkynningu þegar viðkomandi fyrirtæki sýna framkvæmdastjórninni fram á einlægan vilja sinn til að gera samning eða, ef um er að ræða yfirtökutilboð, þegar þau hafa tilkynnt opinberlega að þau hyggist gera slíkt tilboð, að því tilskildu að áformaður samningur eða tilboð leiði til myndunar samfylkingar sem varðar hagsmuni Bandalagsins.

Í þessari reglugerð skal hugtakið „tilkynnt samfylking“ einnig taka til áformaðra samfylkinga sem eru tilkynntar samkvæmt annarri undirgrein. Að því er varðar 4. og 5. mgr. þessarar greinar nær hugtakið „samfylking“ til samfylkinga sem eru áformaðar í skilningi annarrar undirgreinar.

2. Samfylking, sem verður til við samruna í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. eða með öflun sameiginlegra yfirráða í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr., skal tilkynnt sameiginlega af samrunaaðilum eða þeim sem fá sameiginleg yfirráð, eftir því sem við á. Í öllum öðrum tilvikum skal sá aðili eða fyrirtæki sem fær yfirráð yfir einu eða fleiri fyrirtækjum, að öllu leyti eða að hluta til, sjá um tilkynninguna.

3. Komist framkvæmdastjórnin að raun um að samfylking, sem tilkynnt hefur verið um, falli undir gildissvið þessarar reglugerðar skal hún birta upplýsingar um að tilkynnt hafi verið um hana ásamt nöfnum viðkomandi fyrirtækja, upprunalandi þeirra, hvers eðlis samfylkingin er og til hvaða atvinnugreina hún nær. Framkvæmdastjórnin skal taka tillit til lögmætra hagsmuna fyrirtækja um varðveislu viðskiptaleyndarmála þeirra.

4. Áður en tilkynnt er um samfylkingu í skilningi 1. mgr. er aðilum eða fyrirtækjum, sem um getur í 2. mgr., heimilt að upplýsa framkvæmdastjórnina um það, í rökstuddri greinargerð, að samfylkingin geti haft veruleg áhrif á samkeppni á markaði í aðildarríki sem hefur öll einkenni aðgreinds markaðar og því sé nauðsynlegt að aðildarríkið taki hana til skoðunar í heild eða að hluta.

Framkvæmdastjórnin skal þegar í stað senda þessa greinargerð til allra aðildarríkja. Aðildarríkið, sem um getur í rökstuddu greinargerðinni, skal, innan 15 virkra daga frá viðtöku hennar, láta í ljós hvort það samþykkir eða andmælir beiðninni um að málinu sé vísað áfram. Taki aðildarríkið ekki slíka ákvörðun á þessum tíma telst það hafa veitt samþykki sitt.

Ef aðildarríkið lýsir ekki yfir andmælum getur framkvæmdastjórnin, ef hún telur að slíkur aðgreindur markaður sé til og að samfylkingin geti hafi veruleg áhrif á samkeppni á þeim markaði, ákveðið að vísa málinu, að öllu leyti eða að hluta, til lögbærra yfirvalda í því aðildarríki með það fyrir augum að beita samkeppnislögum þess aðildarríkis.

Taka skal ákvörðun um hvort málinu skuli vísað áfram eða ekki, í samræmi við þriðju undirgrein, innan 25 virkra daga frá því að framkvæmdastjórnin tekur við rökstuddu greinargerðinni. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna hinum aðildarríkjunum, ásamt hlutaðeigandi aðilum eða fyrirtækjum, um ákvörðun sína. Taki framkvæmdastjórnin ekki ákvörðun innan þessa tíma er litið svo á að hún hafi ákveðið að vísa málinu áfram í samræmi við greinargerð viðkomandi aðila eða fyrirtækja.

Ef framkvæmdastjórnin ákveður, eða telst hafa ákveðið, samkvæmt þriðju og fjórðu undirgrein, að vísa málinu áfram að öllu leyti skal ekki senda neina tilkynningu skv. 1. mgr. og innlend samkeppnislög skulu gilda. Ákvæði 6.–9. mgr. 9. gr. gilda að breyttu breytanda.

5. Að því er varðar samfylkingu eins og hún er skilgreind í 3. gr., sem varðar ekki hagsmuni Bandalagsins í skilningi 1. gr. og sem hægt er að endurskoða samkvæmt innlendum samkeppnislögum í minnst þremur aðildarríkjum, er þeim aðilum eða fyrirtækjum, sem um getur í 2. mgr., heimilt, áður en tilkynning er send til samkeppnisyfirvalda, að senda framkvæmdastjórninni rökstudda greinargerð um að rétt sé að framkvæmdastjórnin taki samfylkinguna til skoðunar.

Framkvæmdastjórnin skal þegar í stað senda þessa greinargerð til allra aðildarríkja.

Hvert aðildarríki, sem er þar til bært að taka samfylkinguna til skoðunar samkvæmt innlendum samkeppnislögum, getur, innan 15 virkra daga frá viðtöku rökstuddu greinargerðarinnar, lýst yfir andmælum gegn beiðninni um vísun málsins.

Ef a.m.k. eitt slíkt aðildarríki hefur, í samræmi við þriðju undirgrein, lýst yfir andmælum í samræmi við þriðju undirgrein innan 15 virkra daga skal ekki vísa málinu áfram. Framkvæmdastjórnin skal þegar í stað tilkynna öllum aðildarríkjum og aðilum eða fyrirtækjum, sem málið varðar, um slík andmæli.

([1]) Stjtíð. EB L 222, 14. 8. 1978, bls. 11. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/51/EB (Stjtíð. EB L 178, 17.7.2003, bls. 16).

Ef ekkert aðildarríki hefur lýst yfir andmælum, í samræmi við þriðju undirgrein innan 15 virkra daga, skal samfylkingin teljast varða hagsmuni Bandalagsins og skal tilkynna um hana til framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. og 2. mgr. Við þær aðstæður skal ekkert aðildarríki beita sínum eigin samkeppnislögum gagnvart samfylkingunni.

6. Framkvæmdastjórnin skal gefa ráðinu skýrslu um hvernig til hefur tekist með framkvæmd 4. og 5. mgr. eigi síðar en 1. júlí 2009. Í framhaldi af þessari skýrslu og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar getur ráðið, með auknum meirihluta, endurskoðað 4. og 5. mgr.

5. gr.

Útreikningur á veltu

1. Heildarvelta, í skilningi þessarar reglugerðar, skal fela í sér þær fjárhæðir sem viðkomandi fyrirtæki hafa fengið á undangengnu fjárhagsári fyrir sölu á vöru og veitta þjónustu sem telst til eðlilegrar starfsemi fyrirtækjanna, að frádregnum söluafslætti, virðisaukaskatti og öðrum beinum veltusköttum. Til heildarveltu viðkomandi fyrirtækja skal ekki telja tekjur af sölu á vöru eða þjónustu á milli þeirra fyrirtækja sem um getur í 4. mgr.

Velta, innan Bandalagsins eða aðildarríkis, skal fela í sér tekjur af sölu á vöru og þjónustu til fyrirtækja eða neytenda innan Bandalagsins eða aðildarríkisins eftir því sem við á.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. gildir það að ef samfylking er mynduð með öflun hluta úr einu eða fleiri fyrirtækjum, hvort sem stofnaðir eru lögaðilar eða ekki, skal einungis taka tillit til veltu þeirra hluta sem teljast til samfylkingarinnar, að því er söluaðila áhrærir.

Þó ber að líta á viðskipti í skilningi fyrstu undirgreinar, sem eiga sér stað tvisvar eða oftar á milli sömu aðila eða fyrirtækja á tveggja ára tímabili, sem eina og sömu samfylkinguna sem myndast þann dag sem síðustu viðskiptin áttu sér stað.

3. Eftirfarandi skal nota í stað veltu:

a) þegar um er að ræða lánastofnanir og aðrar fjármálastofnanir, summu eftirtalinna tekjuliða eins og þeir eru skilgreindir í tilskipun ráðsins 86/635/EBE ([1]), að frádregnum virðisaukaskatti og öðrum sköttum sem tengjast þessum tekjuliðum beint, eftir því sem við á:

   i) vaxtatekjur og áþekkar tekjur,

   ii) tekjur af verðbréfum:

      — tekjur af hlutabréfum og öðrum verðbréfum með breytilegri ávöxtun,

      — tekjur af hlutdeild í öðrum fyrirtækjum,

      — tekjur af hlutum í eignartengdum fyrirtækjum,

   iii) þóknunartekjur,

   iv) hreinar tekjur af fjármálastarfsemi,

   v) aðrar rekstrartekjur.

   Til veltu lánastofnunar eða fjármálastofnunar innan Bandalagsins eða í aðildarríki skal telja tekjuliði, eins og skilgreint er hér að framan, sem koma frá útibúi eða deild stofnunarinnar í Bandalaginu eða viðkomandi aðildarríki, eftir því sem við á,

b) þegar um er að ræða vátryggingafélög, bókfærð bruttóiðgjöld sem eru allar fjárhæðir sem fengist hafa eða munu fást vegna tryggingasamninga, sem vátryggingafélög hafa gert eða sem gerðir hafa verið fyrir þeirra hönd, þ.m.t. kostnaður vegna endurtryggingaiðgjalda, að frádregnum sköttum og skattatengdum framlögum eða gjöldum sem eru álögð á grundvelli fjárhæðar einstakra iðgjalda eða heildarfjárhæðar iðgjalda; að því er varðar b-lið 2. mgr., b-, c- og d-lið 3. mgr. 1. gr. og niðurlag 2. og 3. mgr. 1. gr. skal taka tillit til bruttóiðgjalda frá íbúum innan Bandalagsins annars vegar og frá íbúum í einu aðildarríki hins vegar.

4. Með fyrirvara um 2. mgr. skal heildarvelta viðkomandi fyrirtækis, í skilningi þessarar reglugerðar, reiknuð með því að leggja saman veltu:

a) viðkomandi fyrirtækis,

b) fyrirtækja þar sem viðkomandi fyrirtæki, beint eða óbeint:

   i) á meira en helming af hlutafé eða rekstrarfé eða

   ii) hefur heimild til að ráða yfir meirihluta atkvæðisréttar, eða

   iii) hefur heimild til að skipa meira en helming fulltrúa í yfirstjórn, framkvæmdastjórn eða stofnanir sem koma fram fyrir hönd félagsins, lagalega eða

   iv) hefur rétt til að stjórna fyrirtækinu,

c) fyrirtækja sem hafa yfir að ráða þeim rétti eða heimildum sem tilgreint er í b-lið,

d) fyrirtækja þar sem fyrirtæki, sem um getur í c-lið, hefur þann rétt eða heimildir sem talin eru upp í b-lið,

e) fyrirtækja þar sem tvö eða fleiri fyrirtæki, sem um getur í a- til d-lið, hafa sameiginlega þann rétt eða heimildir sem eru tilgreind í b-lið.

([1]) Stjtíð. EB L 372, 31. 12. 1986, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/51/EB.

5. Þegar reiknuð er út heildarvelta viðkomandi fyrirtækja samkvæmt þessari reglugerð þar sem fyrirtæki, sem falla undir samfylkinguna, hafa sameiginlega þann rétt eða heimildir sem um getur í b-lið 4. mgr. skal:

a) ekki taka tillit til veltu sem er til komin vegna sölu á vöru eða þjónustu milli sameiginlega fyrirtækisins og einstakra fyrirtækja sem í hlut eiga eða neins annars fyrirtækis sem tengist einhverju þeirra eins og tilgreint er í b- til e-lið 4. mgr.,

b) taka tillit til veltu sem er til komin vegna sölu á vöru og þjónustu milli sameiginlega fyrirtækisins og utanaðkomandi fyrirtækja. Veltufé þetta deilist jafnt á milli viðkomandi fyrirtækja.

6. gr.

Skoðun tilkynningar og upphaf málsmeðferðar

1. Framkvæmdastjórnin skal taka tilkynninguna til skoðunar strax eftir að hún berst.

a) Komist hún að þeirri niðurstöðu að samfylking, sem tilkynnt hefur verið um, falli ekki undir gildissvið þessarar reglugerðar skal hún staðfesta það með ákvörðun.

b) Komist hún að þeirri niðurstöðu að samfylking, sem tilkynnt hefur verið um, falli undir gildissvið þessarar reglugerðar og gefi ekki tilefni til alvarlegra efasemda um það hvort hún samrýmist sameiginlega markaðnum, skal hún taka ákvörðun um að leggjast ekki gegn samfylkingunni og lýsa hana samrýmanlega sameiginlega markaðnum.

Ákvörðun, þar sem því er lýst yfir að samfylkingin samrýmist sameiginlega markaðnum, skal einnig ná til takmarkana sem tengjast framkvæmd samfylkingarinnar beint og eru nauðsynlegar vegna hennar.

c) Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að samfylking, sem tilkynnt hefur verið um, falli undir gildissvið þessarar reglugerðar og gefi tilefni til alvarlegra efasemda um að hún geti samrýmst sameiginlega markaðnum skal hún ákveða að hefja málsmeðferð, sbr. þó 2. mgr. Ljúka skal slíkri málsmeðferð með ákvörðun, eins og kveðið er á um í 1.–4. mgr. 8. gr., nema viðkomandi fyrirtæki hafi sýnt fram á það með fullnægjandi hætti, að mati framkvæmdastjórnarinnar, að þau hafi leyst upp samfylkinguna, sbr. þó 9. gr.

2. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu, eftir að breytingar hafa verið gerðar hjá hlutaðeigandi fyrirtækjum, að samfylking, sem tilkynnt hafði verið um, gefi ekki tilefni til alvarlegra efasemda í skilningi c-liðar 1. mgr., skal hún lýsa samfylkinguna samrýmanlega sameiginlega markaðnum skv. b-lið 1. mgr.

Framkvæmdastjórninni er heimilt skv. b-lið 1. mgr. að binda ákvörðun sína skilyrðum og skyldum sem ætlað er að tryggja að hlutaðeigandi fyrirtæki ræki þær skyldur sem þau hafa tekist á hendur gagnvart framkvæmdastjórninni og miða að því að samfylkingin geti samrýmst sameiginlega markaðnum.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að afturkalla ákvörðun sem hún hefur tekið í samræmi við a- eða b-lið 1. mgr. ef:

a) ákvörðunin er byggð á röngum upplýsingum sem eitthvert fyrirtækjanna ber ábyrgð á eða er fengin fram með blekkingum,

eða

b) hlutaðeigandi fyrirtæki uppfylla ekki skyldu sem tengist ákvörðuninni.

4. Í þeim tilvikum sem um getur í 3. mgr. getur framkvæmdastjórnin tekið ákvörðun skv. 1. mgr. án þess að vera bundin þeim fresti sem um getur í 1. mgr. 10. gr.

5. Framkvæmdastjórnin skal án tafar tilkynna hlutaðeigandi fyrirtækjum um ákvörðun sína og einnig lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna.

7. gr.

Tímabundin stöðvun samfylkingar

1. Samfylking, sem varðar hagsmuni Bandalagsins, eins og hún er skilgreind í 1. gr., eða sem framkvæmdastjórnin á að taka til skoðunar skv. 5. mgr. 4. gr., skal ekki koma til framkvæmda fyrr en tilkynnt hefur verið um hana og ekki fyrr en hún hefur verið lýst samrýmanleg sameiginlega markaðnum með ákvörðun skv. 6. gr. (b-liður 1. mgr.), 8. gr. (1. mgr.) eða 8. gr. (2. mgr.), eða á grundvelli ályktunar skv. 6. mgr. 10. gr.

2. Ákvæði 1. mgr. koma ekki í veg fyrir að yfirtökuboð komi til framkvæmda eða að fram fari röð viðskipta með verðbréf, þ.m.t. verðbréf sem breyta má í önnur verðbréf sem eru tekin til skráningar á markaði, t.d. kauphöll, og þannig aflað yfirráða í skilningi 3. gr. frá ýmsum söluaðilum, að því tilskildu að:

a) þegar í stað sé tilkynnt um samfylkinguna til framkvæmdastjórnarinnar skv. 4. gr. og

b) kaupandinn nýti sér ekki þann atkvæðisrétt sem fylgir viðkomandi verðbréfum eða geri það einungis í þeim tilgangi að viðhalda fullu verðgildi þeirra fjárfestinga á grundvelli undanþágu sem framkvæmdastjórnin veitir skv. 3. mgr.

3. Framkvæmdastjórnin getur, samkvæmt beiðni, veitt undanþágu frá skyldum þeim sem eru lagðar á með 1. og 2. mgr. Rökstyðja ber beiðni um undanþágu. Við afgreiðslu beiðninnar skal framkvæmdastjórnin m.a. taka tillit til áhrifa stöðvunarinnar á eitt eða fleiri fyrirtæki, sem hlut eiga að samfylkingu, eða á þriðja málsaðila og þeirrar hættu sem samkeppni stafar af samfylkingunni. Slíka undanþágu er heimilt að binda skilyrðum og skyldum í þeim tilgangi að tryggja virka samkeppni. Heimilt er að sækja um og veita undanþágu hvenær sem er, jafnvel áður en tilkynnt er um samfylkingu eða eftir að viðskiptunum er lokið.

4. Gildi viðskipta, sem brjóta í bága við ákvæði 1. mgr., skal háð ákvörðun skv. b-lið 1. mgr. 6. gr. eða 1., 2. eða 3. mgr. 8. gr. eða ályktun á grundvelli 6. mgr. 10. gr.

Ákvæði þessarar greinar hafa þó engin áhrif á gildi viðskipta með verðbréf, þ.m.t. breytanleg verðbréf, sem eru skráð á markaði á borð við kauphöll, nema því aðeins að kaupandi og seljandi hafi haft eða hefðu átt að hafa vitneskju um að viðskiptin brytu í bága við 1. mgr.

8. gr.

Ákvörðunarvald framkvæmdastjórnarinnar

1. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að samfylking, sem tilkynnt hefur verið um, uppfylli viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 2. gr. og, í tilvikunum sem um getur í 4. mgr. 2. gr., viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 81. gr. sáttmálans skal hún gefa út ákvörðun þar sem því er lýst yfir að samfylkingin samrýmist sameiginlega markaðnum.

Ákvörðun, þar sem því er lýst yfir að samfylkingin samrýmist sameiginlega markaðnum, skal einnig ná til takmarkana sem tengjast framkvæmd samfylkingarinnar beint og eru nauðsynlegar vegna hennar.

2. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að samfylking, sem tilkynnt hefur verið um, uppfylli, að afstöðnum tilteknum breytingum sem hlutaðeigandi fyrirtæki hafa gert, viðmiðunina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 2. gr. og, í tilvikunum sem um getur í 4. mgr. 2. gr., viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 81. gr. sáttmálans, skal hún gefa út ákvörðun þar sem því er lýst yfir að samfylkingin samrýmist sameiginlega markaðnum.

Framkvæmdastjórnin getur bundið ákvörðun sína skilyrðum og skyldum sem ætlað er að tryggja að hlutaðeigandi fyrirtæki standi við skuldbindingar sem þau hafa tekist á hendur gagnvart framkvæmdastjórninni með það fyrir augum að samfylkingin geti samrýmst sameiginlega markaðnum.

Ákvörðun, þar sem því er lýst yfir að samfylkingin samrýmist sameiginlega markaðnum, skal einnig ná til takmarkana sem tengjast framkvæmd samfylkingarinnar beint og eru nauðsynlegar vegna hennar.

3. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að samfylking uppfylli viðmiðanirnar, sem eru skilgreindar í 3. mgr. 2. gr., eða, í tilvikunum sem um getur í 4. mgr. 2. gr., að hún standist ekki viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 81. gr. sáttmálans, skal hún gefa út ákvörðun þar sem því er lýst yfir að samfylkingin samrýmist ekki sameiginlega markaðnum.

4. Komist framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að samfylking:

a) sé þegar komin til framkvæmda og hafi verið lýst ósamrýmanleg sameiginlega markaðnum eða

b) sé komin til framkvæmda þótt það brjóti í bága við skilyrði bundið ákvörðun, sem er tekin skv. 2. mgr., þar sem niðurstaðan er sú að samfylkingin standist viðmiðanirnar, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 2. gr., að óuppfylltu skilyrði, eða, í tilvikum sem um getur í 4. mgr. 2. gr., hún standist ekki viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 81. gr. sáttmálans,

er framkvæmdastjórninni heimilt að:

— krefjast þess að viðkomandi fyrirtæki leysi samfylkinguna upp, einkum með því að leysa upp samrunann eða ráðstafa öllum hlutabréfum eða eignum, sem aflað hefur verið, með það fyrir augum að færa aftur til fyrra horfs þær aðstæður sem voru fyrir hendi áður en samfylkingin kom til framkvæmda. Við kringumstæður þar sem ekki er mögulegt að endurheimta aðstæður, sem voru fyrir hendi áður en samfylkingin kom til framkvæmda, með því að leysa upp samfylkinguna, er framkvæmdastjórninni heimilt, að gera allar aðrar viðeigandi ráðstafanir til að færa aðstæður til fyrra horfs að svo miklu leyti sem unnt er,

— gefa fyrirmæli um hvers konar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að viðkomandi fyrirtæki leysi upp samfylkinguna eða geri aðrar ráðstafanir til að færa aðstæður til fyrra horfs eins og krafist er í ákvörðun hennar.

Í tilvikum, sem falla undir a-lið fyrstu undirgreinar, er hægt að ákveða ráðstafanirnar, sem um getur í þeirri undirgrein, annaðhvort með ákvörðun skv. 3. mgr. eða með sérstakri ákvörðun.

5. Framkvæmdastjórnin getur gert bráðabirgðaráðstafanir til að færa aftur til fyrra horfs eða viðhalda aðstæðum skilyrðum virkrar samkeppni þar sem samfylking:

a) er komin til framkvæmda þótt hún brjóti í bága við 7. gr. og ákvörðun hafi enn ekki verið tekin varðandi það hvort samfylkingin samrýmist sameiginlega markaðnum,

b) er komin til framkvæmda þótt hún brjóti í bága við skilyrði sem er bundið ákvörðun skv. b-lið 1. mgr. 6. gr. eða 2. mgr. þessarar greinar,

c) er þegar komin til framkvæmda og hefur verið lýst ósamrýmanleg sameiginlega markaðnum.

6. Framkvæmdastjórnin getur afturkallað ákvörðun, sem hún hefur tekið í samræmi við 1. eða 2. mgr., ef:

a) yfirlýsingin um samrýmanleika er byggð á röngum upplýsingum sem eitthvert fyrirtækjanna ber ábyrgð á eða þegar hún er fengin fram með blekkingum eða

b) hlutaðeigandi fyrirtæki uppfylla ekki skyldu sem tengist ákvörðuninni.

7. Framkvæmdastjórnin getur tekið ákvörðun skv. 1.–3. mgr. án þess að vera bundin þeim fresti sem um getur í 3. mgr. 10. gr. í tilvikum þar sem:

a) hún kemst að raun um að samfylking sé komin til framkvæmda

   i) þótt það brjóti í bága við skilyrði sem er bundið ákvörðun skv. b-lið 1. mgr. 6. gr. eða

   ii) þótt það brjóti í bága við skilyrði sem er bundið ákvörðun, sem er tekin skv. 2. mgr. og í samræmi við 2. mgr. 10. gr., þar sem ákveðið er að verulegur vafi leiki á því, að óuppfylltu skilyrði, hvort samfylkingin sé samrýmanleg sameiginlega markaðnum eða

b) ákvörðun hefur verið afturkölluð skv. 6. gr.

8. Framkvæmdastjórnin skal án tafar tilkynna hlutaðeigandi fyrirtækjum um ákvörðun sína og einnig lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna.

9. gr.

Vísun til lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum

1. Framkvæmdastjórnin getur, með ákvörðun sem hlutaðeigandi fyrirtækjum og lögbærum yfirvöldum hinna aðildarríkjanna er tilkynnt um án tafar, vísað samfylkingu, sem tilkynnt hefur verið um, til lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi aðildarríki við eftirfarandi aðstæður.

2. Aðildarríki getur, innan 15 virkra daga frá því að það fær afrit af tilkynningunni, að eigin frumkvæði eða að boði framkvæmdastjórnarinnar, upplýst framkvæmdastjórnina, sem aftur skal upplýsa hlutaðeigandi fyrirtæki, um að:

a) hætta sé á að samfylking hafi veruleg áhrif á samkeppni á markaði í því aðildarríki sem ber öll einkenni aðgreinds markaðar eða

b) samfylking hafi áhrif á samkeppni á markaði í því aðildarríki sem ber öll einkenni aðgreinds markaðar og sem telst ekki verulegur hluti hins sameiginlega markaðar.

3. Telji framkvæmdastjórnin, með tilliti til markaðarins fyrir þær vörur eða þjónustu sem um er að ræða og landfræðilega viðmiðunarmarkaðarins í skilningi 7. mgr., að um sé að ræða slíkan aðgreindan markað og slíka hættu skal hún annaðhvort:

a) taka málið sjálf til meðferðar í samræmi við þessa reglugerð eða

b) vísa málinu, í heild eða að hluta, til lögbærra yfirvalda í hlutaðeigandi aðildarríki með það fyrir augum að ákvæðum samkeppnislaga þess verði beitt.

Líti framkvæmdastjórnin hins vegar svo á að ekki sé um að ræða slíkan aðgreindan markað eða hættu skal hún samþykkja ákvörðun þess efnis sem hún skal beina til viðkomandi aðildarríkis og taka sjálf málið til meðferðar í samræmi við þessa reglugerð.

Þegar svo ber undir að aðildarríki upplýsir framkvæmdastjórnina, skv. b-lið 2. mgr., um að samfylking hafi áhrif á samkeppni á aðgreindum markaði á yfirráðasvæði þess, sem telst ekki vera verulegur hluti af sameiginlega markaðnum, skal framkvæmdastjórnin vísa málinu í heild, eða þeim hluta þess sem varðar aðgreinda markaðinn, til hlutaðeigandi aðildarríkis ef hún telur að áhrifanna gæti á aðgreinda markaðnum.

4. Ákvörðun um hvort vísa beri máli áfram eða ekki á grundvelli 3. mgr. skal tekin:

a) að öðru jöfnu innan þess frests sem mælt er fyrir um í annarri undirgrein 1. mgr. 10. gr. hafi framkvæmdastjórnin ekki hafið málsmeðferð skv. b-lið 1. mgr. 6. gr. eða

b) innan 65 virkra daga hið mesta frá því að tilkynnt var um viðkomandi samfylkingu ef framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð skv. c-lið 1. mgr. 6. gr. án þess að gera undirbúningsráðstafanir fyrir samþykkt nauðsynlegra ráðstafana skv. 2., 3. eða 4. mgr. 8. gr. til að viðhalda eða koma aftur á virkri samkeppni á viðkomandi markaði.

5. Hafi framkvæmdastjórnin ekki tekið ákvörðun innan 65 virkra daga, eins og um getur í b-lið 4. mgr., þrátt fyrir áminningu af hálfu viðkomandi aðildarríkis, um vísun í samræmi við 3. mgr. eða gert undirbúningsráðstafanirnar, sem um getur í b-lið 4. mgr., skal litið svo á að hún hafi ákveðið að vísa málinu til hlutaðeigandi aðildarríkis í samræmi við b-lið 3. mgr.

6. Lögbært yfirvald í viðkomandi aðildarríki skal taka ákvörðun um málið án óþarfra tafa.

Innan 45 virkra daga frá því að framkvæmdastjórnin vísar málinu áfram skal lögbært yfirvald í viðkomandi aðildarríki upplýsa viðkomandi fyrirtæki um niðurstöður bráðabirgðamats á samkeppni og hvaða frekari aðgerða hún hyggst grípa til ef einhverra. Viðkomandi aðildarríki getur, í undantekningartilvikum, lengt frestinn þegar viðkomandi fyrirtæki hafa ekki veitt þeim nauðsynlegar upplýsingar í samræmi við innlend samkeppnislög aðildarríkisins.

Ef tilkynningar er krafist í landslögum skal 45 daga tímabilið hefjast á næsta virka degi eftir að lögbært yfirvald í því aðildarríki veitir endanlegri tilkynningu viðtöku.

7. Landfræðilegur viðmiðunarmarkaður er svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eiga hlut að framboði og eftirspurn á vöru eða þjónustu og samkeppnisskilyrði eru nægilega einsleit og unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, ekki síst vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega ólík á þessum svæðum. Við mat á þessu skal einkum taka tillit til eðlis og einkenna viðkomandi vöru eða þjónustu til hugsanlegra aðgangshindrana eða neytendavenja, greinilegs munar á markaðshlutdeild fyrirtækjanna á þessu svæði og nærliggjandi svæðum eða til verulegs verðmunar.

8. Þegar hlutaðeigandi aðildarríki beita ákvæðum þessarar greinar mega þau einungis gera allra nauðsynlegustu ráðstafanir til að viðhalda eða koma aftur á virkri samkeppni á viðkomandi markaði.

9. Aðildarríki geta skotið máli til dómstólsins í samræmi við viðeigandi ákvæði sáttmálans og farið fram á að 243. gr. hans verði beitt með það fyrir augum að þau fái að beita sínum eigin samkeppnislögum.

10. gr.

Frestur til að hefja málsmeðferð og til ákvarðanatöku

1. Ákvarðanir þær sem um getur í 1. mgr. 6. gr. skulu teknar innan 25 virkra daga hið mesta, sbr. þó 4. mgr. 6. gr. Sá frestur skal hefjast á næsta virka degi eftir að tilkynning um samfylkingu berst eða, ef upplýsingarnar sem eiga að fylgja tilkynningunni eru ófullnægjandi, næsta virka dag eftir að fullnægjandi upplýsingar berast.

Lengja skal frestinn í 35 daga berist framkvæmdastjórninni beiðni frá aðildarríki í samræmi við 2. mgr. 9. gr. eða ef viðkomandi fyrirtæki bjóðast til að taka á sig skuldbindingar skv. 2. mgr. 6. gr. með það fyrir augum að gera samfylkinguna samrýmanlega sameiginlega markaðnum.

2. Taka skal ákvarðanir skv. 1. eða 2. mgr. 8. gr., varðandi samfylkingar sem tilkynnt hefur verið um, jafnskjótt og í ljós kemur að alvarlegum efasemdum, sem um getur í c-lið 1. mgr. 6. gr., hefur verið eytt, einkum eftir að viðkomandi fyrirtæki gera breytingar og í síðasta lagi áður en fresturinn, sem mælt er fyrir um í 3. mgr., rennur út.

3. Með fyrirvara um 7. mgr. 8. gr. skal taka ákvarðanir skv. 1. til3. mgr. 8. gr. varðandi tilkynntar samfylkingar eigi síðar en 90 virkum dögum eftir að málsmeðferð hefst. Framlengja skal þennan frest í 105 virka daga ef viðkomandi fyrirtæki bjóðast til að taka á sig skuldbindingar skv. annarri undirgrein 2. mgr. 8. gr. með það fyrir augum að samfylkingin geti samrýmst sameiginlega markaðnum, nema þessar skuldbindingar hafi verið boðnar fram innan 55 virkra daga frá því að málsmeðferð hófst.

Einnig skal framlengja frest, sem ákveðinn er í fyrstu undirgrein, ef tilkynnendur leggja fram beiðni um það eigi síðar en 15 virkum dögum eftir að málsmeðferð hefst skv. c-lið 1. mgr. 6. gr. Tilkynnendur geta aðeins einu sinni borið fram slíka beiðni. Einnig getur framkvæmdastjórnin, með samþykki tilkynningaraðila, framlengt frest, sem er settur samkvæmt fyrstu undirgrein, hvenær sem er eftir að málsmeðferð hefst. Samanlögð framlenging frests eða fresta, sem eru settir samkvæmt þessari undirgrein, skal ekki vera lengri en 20 virkir dagar.

4. Í undantekningartilvikum er heimilt að lengja tímabundið þá fresti sem eru settir með 1. og 3. mgr. ef framkvæmdastjórnin hefur þurft að krefjast upplýsinga með ákvörðun skv. 11. gr. eða gefa fyrirmæli um athugun með ákvörðun skv. 13. gr. vegna aðstæðna sem eitt af fyrirtækjunum í samfylkingunni ber ábyrgð á

Fyrsta undirgreinin skal einnig gilda um frestinn sem um getur í b-lið 4. mgr. 9. gr.

5. Kveði dómstóllinn upp úrskurð sem ógildir, að nokkru eða öllu leyti, ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, sem er háð fresti sem er settur í þessari grein, skal framkvæmdastjórnin taka samfylkinguna aftur til skoðunar með það fyrir augum að samþykkja ákvörðun skv. 1. mgr. 6. gr.

Samfylkingin skal skoðuð aftur í ljósi gildandi markaðsaðstæðna.

Ef upphafleg tilkynning verður ófullnægjandi vegna þess að breytingar verða á markaðsaðstæðum eða upplýsingum, sem hafa verið veittar, skulu tilkynnendur þegar í stað leggja fram nýja tilkynningu eða viðbót við upphaflegu tilkynninguna. Hafi engar slíkar breytingar orðið skulu aðilarnir votta það án tafar.

Frestirnir, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., skulu hefjast á næsta virka degi eftir viðtöku fullnægjandi upplýsinga í nýrri tilkynningu, viðbótartilkynningu eða vottun í skilningi þriðju undirgreinar.

Önnur og þriðja undirgrein skulu einnig gilda í tilvikum sem um getur í 4. mgr. 6. gr. og 7. mgr. 8. gr.

6. Hafi framkvæmdastjórnin ekki tekið ákvörðun í samræmi við b- eða c-lið 1. mgr. 6. gr. eða 1., 2. eða 3. mgr. 8. gr. innan þess frests sem er tilgreindur í 1. mgr. annars vegar og 3. mgr. hins vegar skal litið svo á að samfylkingin samrýmist sameiginlega markaðnum, sbr. þó 9. gr.

11. gr.

Beiðni um upplýsingar

1. Til að framkvæmdastjórninni sé unnt að gegna þeim störfum, sem henni eru falin samkvæmt þessari reglugerð, getur hún krafist þess, með einfaldri beiðni eða með ákvörðun, að aðilarnir, sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr., sem og fyrirtæki og samtök fyrirtækja, veiti allar nauðsynlegar upplýsingar.

2. Þegar framkvæmdastjórnin sendir einfalda beiðni um upplýsingar til aðila, fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja skal hún skýra frá því hvaða lagagrundvöllur og tilgangur liggur að baki beiðninni, tilgreina hvaða upplýsinga er óskað, ákveða skilafrest og skýra frá viðurlögum, sem kveðið er á um í 14. gr., við því að gefa rangar eða villandi upplýsingar.

3. Ef framkvæmdastjórnin krefst þess, með ákvörðun, að aðili, fyrirtæki eða samtök fyrirtækja láti í té upplýsingar skal hún skýra frá því hvaða lagagrundvöllur og tilgangur liggur að baki beiðninni, tilgreina hvaða upplýsinga er óskað og ákveða skilafrest þeirra. Hún skal einnig skýra frá þeim viðurlögum sem kveðið er á um í 14. gr. og skýra frá eða beita þeim viðurlögum sem kveðið er á um í 15. gr. Hún skal enn fremur skýra frá réttinum til að fá endurskoðun dómstólsins á ákvörðuninni.

4. Eigendur fyrirtækjanna eða fulltrúar þeirra og, þegar um lögaðila er að ræða, félög eða fyrirtæki eða, þegar um er að ræða samtök sem hafa ekki réttarstöðu lögaðila, aðilar, sem hafa umboð til að koma fram fyrir þeirra hönd samkvæmt lögum eða stofnsamningiþeirra, skulu veita umbeðnar upplýsingar fyrir hönd hlutaðeigandi fyrirtækis. Aðilum, sem til þess hafa tilhlýðilegt umboð, er heimilt að veita upplýsingar fyrir hönd skjólstæðinga sinna. Hinir síðarnefndu bera engu að síður fulla ábyrgð á að upplýsingarnar séu hvorki ófullnægjandi, rangar né villandi.

5. Framkvæmdastjórnin skal tafarlaust senda afrit af öllum ákvörðunum, sem eru teknar skv. 3. mgr., til lögbærra yfirvalda í aðildarríkinu sem hefur yfirráð yfir því landsvæði þar sem aðilinn, fyrirtækið eða samtök fyrirtækja hafa aðsetur og til lögbærs yfirvalds í aðildarríkinu sem hefur yfirráð yfir landsvæðinu sem þetta hefur áhrif á. Framkvæmdastjórnin skal einnig, komi sérstök beiðni um það frá lögbæru yfirvaldi í aðildarríki, senda því yfirvaldi afrit af einföldum beiðnum um upplýsingar varðandi samfylkingu sem tilkynnt hefur verið um.

6. Ríkisstjórnir og lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, veita henni allar nauðsynlegar upplýsingar til að geta gegnt þeim störfum sem henni eru falin samkvæmt þessari reglugerð.

7. Til að framkvæmdastjórnin geti gegnt þeim störfum, sem henni eru falin samkvæmt þessari reglugerð, er henni heimilt að taka viðtöl við einstaklinga eða lögaðila, sem samþykkja slík viðtöl, í þeim tilgangi að safna upplýsingum er varða viðfangsefni rannsóknar. Í upphafi viðtals, sem taka má gegnum síma eða með öðrum rafrænum búnaði, skal framkvæmdastjórnin skýra frá því hvaða lagagrundvöllur liggur að baki viðtalinu og tilganginum með því.

Ef viðtal er ekki tekið á athafnasvæði framkvæmdastjórnarinnar eða gegnum síma eða með öðrum rafrænum búnaði skal hún láta lögbært yfirvald aðildarríkisins, sem hefur yfirráð yfir landsvæðinu, þar sem viðtalið fer fram, vita af því fyrir fram. Fari lögbært yfirvald í því aðildarríki fram á það geta embættismenn yfirvaldsins verið embættismönnum og öðrum aðilum, sem hafa umboð framkvæmdastjórnarinnar til að taka slíkt viðtal, til aðstoðar.

12. gr.

Athugun yfirvalda aðildarríkjanna

1. Lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum skulu, að beiðni framkvæmdastjórnarinnar, láta fara fram þær athuganir sem hún telur nauðsynlegar skv. 1. mgr. 13. gr. eða sem hún hefur gefið fyrirmæli um í ákvörðun skv. 4. mgr. 13. gr. Embættismenn lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum, sem bera ábyrgð á framkvæmd þessara athugana, sem og aðrir sem þau hafa veitt umboð eða tilnefnt skulu beita heimildum sínum í samræmi við landslög.

2. Embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem framkvæmdastjórnin hefur veitt umboð, geta veitt embættismönnum yfirvalds í aðildarríkinu, sem hefur yfirráð yfir landsvæðinu þar sem athugunin fer fram, aðstoð ef framkvæmdastjórnin eða lögbært yfirvald í aðildarríkinu fer fram á það.

13. gr.

Valdsvið framkvæmdastjórnarinnar við athuganir

1. Til að framkvæmdastjórnin geti gegnt þeim störfum sem henni eru falin samkvæmt þessari reglugerð er henni heimilt að gera allar nauðsynlegar athuganir á fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja.

2. Embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem framkvæmdastjórnin hefur veitt umboð til að gera athuganir, hafa heimild til:

a) að fara inn á öll athafnasvæði, allt land og inn í öll farartæki fyrirtækja og samtaka fyrirtækja,

b) að skoða bókhald og önnur viðskiptaskjöl, hver sem geymslumiðill þeirra er,

c) að taka eða fá hvers konar afrit eða útdrætti úr slíku bókhaldi eða viðskiptaskjölum,

d) að innsigla atvinnuhúsnæði og bókhald eða viðskiptaskjöl svo lengi og að því marki sem nauðsynlegt er vegna athugunarinnar,

e) að biðja einhvern fulltrúa starfsmanna eða starfsmenn fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja um skýringar á málsatvikum eða skjölum sem varða viðfangsefni athugunarinnar og tilgang hennar og skrá svörin.

3. Embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem framkvæmdastjórnin hefur veitt umboð til að gera athuganir, skulu framvísa skriflegu umboði þegar þeir beita heimildum sínum þar sem viðfangsefni og tilgangur athugunarinnar kemur fram og þau viðurlög sem kveðið er á um í 14. gr. og beitt er ef þau bókhaldsgögn eða önnur viðskiptaskjöl, sem varða starfsemina, eru ófullnægjandi eða svör við spurningum, sem eru lagðar fyrir skv. 2. mgr. þessarar greinar, eru röng eða villandi. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu, sem hefur yfirráð yfir landsvæðinu þar sem athugunin á að fara fram, um hana með góðum fyrirvara.

4. Fyrirtæki og samtök fyrirtækja skulu fallast á athuganir sem gefin eru fyrirmæli um samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar. Í ákvörðuninni skal tilgreina viðfangsefnið, tilganginn með athuguninni og hvenær hún á að hefjast og auk þess skal greina frá þeim viðurlögum, sem kveðið er á um í 14. og 15. gr., og réttinum til að fá endurskoðun dómstólsins á ákvörðuninni. Framkvæmdastjórnin skal taka slíka ákvörðun að höfðu samráði við lögbært yfirvald í aðildarríkinu sem hefur yfirráð yfir landsvæðinu þar sem athugunin verður gerð.

5. Embættismenn og aðrir, sem hafa umboð eða eru tilnefndir af lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu sem hefur yfirráð yfir landsvæðinu þar sem athugunin verður gerð, skulu, að beiðni þess yfirvalds eða framkvæmdastjórnarinnar, veita embættismönnum og fylgdarmönnum þeirra, sem hafa umboð framkvæmdastjórnarinnar, dygga aðstoð. Í þessu skyni skulu þeir hafa þær heimildir sem tilgreindar eru í 2. mgr.

6. Ef embættismenn og fylgdarmenn þeirra, sem framkvæmdastjórnin hefur veitt umboð, komast að raun um að fyrirtæki leggst gegn athugun, þ.m.t. með því að innsigla atvinnuhúsnæði, bókhald eða viðskiptaskjöl, sem gefin eru fyrirmæli um samkvæmt þessari grein, skal hlutaðeigandi aðildarríki veita þeim nauðsynlega aðstoð og kalla, ef við á, eftir aðstoð lögreglu eða sambærilegs löggæsluyfirvalds til þess að gera þeim kleift að gera athugun sína.

7. Ef aðstoð, sem kveðið er á um í 6. mgr., krefst heimildar dómsmálayfirvalda samkvæmt landslögum skal sækja um slíka heimild. Einnig er hægt að sækja um slíka heimild sem varúðarráðstöfun.

8. Ef sótt er um heimild, eins og um getur í 7. mgr., skulu innlend dómsmálayfirvöld tryggja að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar sé gild og að þær þvingunarráðstafanir, sem áformaðar eru, séu hvorki handahófskenndar né óþarflega umfangsmiklar með hliðsjón af viðfangsefni athugunarinnar. Við eftirlit með því að þvingunarráðstafanir séu í réttum hlutföllum geta innlend dómsmálayfirvöld óskað eftir nákvæmum skýringum frá framkvæmdastjórninni, beint eða fyrir milligöngu lögbærs yfirvalds í aðildarríkinu, í tengslum við viðfangsefni athugunarinnar. Innlendum dómsmálayfirvöldum er þó ekki heimilt að vefengja nauðsyn þess að gera athugun eða krefjast þess að fá upplýsingar úr málsskjölum framkvæmdastjórnarinnar. Einungis dómstóllinn getur skorið úr um það hvort ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar sé lögmæt.

14. gr.

Sektir

1. Framkvæmdastjórnin getur, með ákvörðun, sektað aðilana, sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr., fyrirtæki eða samtök fyrirtækja, um fjárhæð sem skal ekki fara yfir 1% af heildarveltu viðkomandi fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja í skilningi 5. gr. þegar þau, vísvitandi eða af gáleysi:

a) veita rangar eða villandi upplýsingar í greinargerð, vottorði, tilkynningu eða viðbót við hana skv. 4. gr., 10. gr. (5.mgr.) eða 22. gr. (3. mgr.),

b) veita rangar eða villandi upplýsingar sem svar við beiðni skv. 2. mgr. 11. gr.,

c) veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar sem svar við beiðni samkvæmt ákvörðun sem er samþykkt skv. 3. mgr. 11. gr. eða veita ekki upplýsingar innan tilskilins frests,

d) framvísa ófullnægjandi bókhaldi eða öðrum viðskiptaskjölum þegar athuganir fara fram skv. 13. gr. eða neita að gangast undir athugun sem fyrirmæli hafa verið gefin um með ákvörðun skv. 4. mgr. 13. gr.,

e) að því er varðar spurningu sem er lögð fyrir í samræmi við e-lið 2. mgr. 13. gr.,

— gefa rangt eða villandi svar,

— leiðrétta ekki, innan tilskilins frests sem framkvæmdastjórnin setur, rangt, ófullnægjandi eða villandi svar sem starfsmaður hefur gefið eða

— svara ekki eða neita að veita fullnægjandi svar um málsatvik sem varða viðfangsefni og tilgang athugunar sem fyrirmæli eru gefin um með ákvörðun skv. 4. mgr. 13. gr.,

f) hafa rofið innsigli sem embættismenn eða fylgdarmenn þeirra, sem hafa umboð framkvæmdastjórnarinnar, hafa komið fyrir í samræmi við d-lið 2. mgr. 13. gr.

2. Framkvæmdastjórnin getur, með ákvörðun, sektað aðilana, sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr., eða viðkomandi fyrirtæki, um fjárhæð sem skal ekki fara yfir 10% af heildarveltu viðkomandi fyrirtækis í skilningi 5. gr. þegar þau, vísvitandi eða af gáleysi:

a) tilkynna ekki um samfylkingu í samræmi við 4. gr. eða 3. mgr. 22. gr. áður en hún kemur til framkvæmda, hafi þau ekki skýrt umboð til þess skv. 2. mgr. 7. gr. eða ákvörðun sem er tekin skv. 3. mgr. 7. gr.,

b) láta samfylkingu, sem brýtur í bága við 7. gr., koma til framkvæmda,

c) láta samfylkingu koma til framkvæmda sem hefur verið lýst ósamrýmanleg sameiginlega markaðnum, með ákvörðun skv. 3. mgr. 8. gr., eða sem gera ekki þær ráðstafanir sem fyrirmæli eru gefin um með ákvörðun skv. 4. eða 5. mgr. 8. gr.,

d) uppfylla ekki skilyrði eða skyldu sem hefur verið lögð á með ákvörðun skv. 6. gr. (b-lið 1. mgr.), 7. gr. (3. mgr.) eða 8. gr. (annarri undirgrein 2. mgr.).

3. Við ákvörðun á fjárhæð sektarinnar skal taka tillit til þess hvers eðlis brotið er, hve alvarlegt það er og hve lengi það hefur staðið yfir.

4. Ákvarðanir, sem teknar eru skv. 1., 2. og 3. mgr., varða ekki við hegningarlög.

15. gr.

Févíti

1. Framkvæmdastjórnin getur, með ákvörðun, lagt á aðilana, sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr., fyrirtæki eða samtök fyrirtækja, févíti sem fer ekki yfir 5% af meðaltali daglegrar heildarveltu viðkomandi fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja, í skilningi 5. gr., fyrir hvern virkan dag sem telst töf, sem reiknast frá þeim degi sem er tiltekinn í ákvörðuninni, til að þvinga þau til:

a) að veita tæmandi og réttar upplýsingar sem hún hefur krafist með ákvörðun skv. 3. mgr. 11. gr.,

b) að gangast undir athugun sem framkvæmdastjórnin hefur gefið fyrirmæli um með ákvörðun skv. 4. mgr. 13. gr.,

c) að uppfylla skyldu sem hefur verið lögð á með ákvörðun skv. 6. gr. (b-lið 1. mgr.), 7. gr. (3. mgr.) eða 8. gr. (annarri undirgrein 2. mgr.) eða

d) að taka tillit til ráðstafana sem gefin hafa verið fyrirmæli um með ákvörðun skv. 4. eða 5. mgr. 8. gr.

2. Þegar aðilar, sem um getur í b-lið 1. mgr. 3. gr., fyrirtæki eða samtök fyrirtækja hafa uppfyllt þá skyldu sem févítinu var ætlað að framfylgja getur framkvæmdastjórnin ákvarðað endanlega fjárhæð févítis lægri en orðið hefði samkvæmt upphaflegu ákvörðuninni.

16. gr.

Endurskoðun dómstólsins

Dómstóllinn hefur ótakmarkaða lögsögu í skilningi 229. gr. sáttmálans til að endurskoða ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar um sektir eða févíti; honum er heimilt að fella niður, hækka og lækka álagða sekt eða févíti.

17. gr.

Þagnarskylda

1. Upplýsingar, sem aflað er með beitingu þessarar reglugerðar, skal einungis nota að því er varðar viðkomandi beiðni, rannsókn eða skýrslugjöf.

2. Með fyrirvara um ákvæði 4. gr. (3. mgr.), 18. gr. og 20. gr. skulu framkvæmdastjórnin og lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum, embættismenn þeirra og aðrir starfsmenn og aðrir aðilar sem vinna undir stjórn þessara yfirvalda, svo og embættismenn og opinberir starfsmenn annarra yfirvalda í aðildarríkjunum, ekki veita þær upplýsingar sem þeir hafa fengið við beitingu þessarar reglugerðar og falla undir þagnarskyldu,

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki koma í veg fyrir birtingu almennra upplýsinga eða kannana sem fela ekki í sér upplýsingar um einstök fyrirtæki eða samtök fyrirtækja.

18. gr.

Skýrslugjöf málsaðila og þriðju aðila

1. Áður en framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun, sem kveðið er á um í 6. gr. (3. mgr.), 7. gr. (3. mgr.), 8. gr. (2.–6. mgr.) og 14. og 15. gr., skal hún veita hlutaðeigandi aðilum, fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja tækifæri, á öllum stigum málsmeðferðar og allt til samráðs við ráðgjafarnefndina, til að skýra frá sjónarmiðum sínum varðandi andmæli sem lögð hafa verið fram gegn þeim.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að taka bráðabirgðaákvörðun skv. 3. mgr. 7. gr. og 5. mgr. 8. gr. án þess að gefa hlutaðeigandi aðilum, fyrirtækjum eða samtökum fyrirtækja fyrst tækifæri til að kynna sjónarmið sín, að því tilskildu að framkvæmdastjórnin gefi þeim færi á því eins fljótt og auðið er eftir að hún hefur tekið ákvörðun sína.

3. Í ákvörðun sinni skal framkvæmdastjórnin einungis að taka til greina þau andmæli sem málsaðilum hefur verið gefinn kostur á að tjá sig um. Réttur til málsvarnar skal virtur að fullu í málsmeðferðinni. Aðgangur að málsskjölum skal vera heimill a.m.k. þeim aðilum sem beina hlutdeild eiga að málinu en taka skal tillit til lögmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

4. Framkvæmdastjórninni eða lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum er einnig heimilt að hlýða á málflutning annarra einstaklinga eða lögaðila, telji þau ástæðu til þess. Einstaklingar eða lögaðilar, sem sýna fram á að þeir eigi nægilega mikilla hagsmuna að gæta, einkum þeir sem sitja í stjórn og framkvæmdastjórn viðkomandi fyrirtækja, eða viðurkenndir fulltrúar starfsmanna þeirra, skulu eiga rétt á að gefa skýrslu, æski þeir þess.

19. gr.

Samstarf við yfirvöld í aðildarríkjunum

1. Framkvæmdastjórnin skal senda lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum afrit af tilkynningum innan þriggja virkra daga og, eins fljótt og auðið er, afrit af mikilvægustu skjölunum sem henni hafa borist eða hún gefið út samkvæmt þessari reglugerð. Meðal slíkra skjala skulu vera skuldbindingar sem viðkomandi fyrirtæki bjóða fram gagnvart framkvæmdastjórninni með það fyrir augum að samfylking geti samrýmst sameiginlega markaðnum skv. 2. mgr. 6. gr. eða annarri undirgrein 2. mgr. 8. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal beita þeirri málsmeðferð sem kveðið er á um í þessari reglugerð í nánu og stöðugu samstarfi við lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum sem eiga rétt á að láta í ljós sjónarmið sín varðandi þessa málsmeðferð. Að því er varðar ákvæði 9. gr. skal hún afla upplýsinga frá lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu, eins og um getur í 2. mgr. þeirrar greinar, og gefa því tækifæri, á öllum stigum málsmeðferðar, til að koma fram með sjónarmið sín allt þar til ákvörðun hefur verið samþykkt skv. 3. mgr. þeirrar greinar; í því skyni skal hún veita yfirvaldinu aðgang að málsskjölum.

3. Hafa skal samráð við ráðgjafarnefnd um samfylkingar áður en ákvörðun er tekin skv. 8. gr. (1.–6. mgr.), 14. gr. eða 15. gr., að undanskildum bráðabirgðaákvörðunum sem eru teknar í samræmi við 2. mgr. 18. gr.

4. Ráðgjafarnefndin skal skipuð fulltrúum lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum. Hvert aðildarríki skal tilnefna einn eða tvo fulltrúa; ef þeir forfallast mega aðrir fulltrúar koma í þeirra stað. Að minnsta kosti einn fulltrúi aðildarríkis skal vera þar til bær að því er varðar samkeppnishömlur og yfirburðastöðu.

5. Samráð skal fara fram á sameiginlegum fundi sem framkvæmdastjórnin boðar til og stýrir. Fundarboðinu skal fylgja samantekt um hvert mál, sem taka á til umfjöllunar, og upplýsingar um helstu málsskjöl ásamt fyrstu drögum að ákvörðun. Fundinn skal ekki halda fyrr en 10 virkum dögum eftir að fundarboðið er sent út. Í undantekningartilvikum er framkvæmdastjórninni heimilt að stytta þennan frest, ef við á, til að komast hjá því að eitt eða fleiri fyrirtæki, sem eiga hlut að samfylkingu, verði fyrir alvarlegu tjóni.

6. Ráðgjafarnefndin skal skila áliti á drögum að ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar, með atkvæðagreiðslu ef þörf krefur. Ráðgjafarnefndinni er heimilt að skila áliti jafnvel þótt einhverjir nefndarmanna séu fjarstaddir og enginn hafi komið í þeirra stað. Álitið skal vera skriflegt og skal það fylgja drögunum að ákvörðuninni. Framkvæmdastjórnin skal taka ítrasta tillit til álits nefndarinnar. Henni ber að greina nefndinni frá því með hvaða hætti álit hennar var haft til hliðsjónar.

7. Framkvæmdastjórnin skal senda þeim sem ákvörðuninni er beint til álit ráðgjafarnefndarinnar og ákvörðunina. Hún skal birta álitið ásamt ákvörðuninni, að teknu tilliti til lögmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

20. gr.

Birting ákvarðana

1. Framkvæmdastjórnin skal birta þær ákvarðanir sem hún tekur skv. 8. gr. (1.–6. mgr.), 14. gr. og 15. gr., að frátöldum bráðabirgðaákvörðunum sem eru teknar í samræmi við 2. mgr. 18. gr., ásamt áliti ráðgjafarnefndarinnar *í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Birta skal nöfn aðila ásamt megininntaki ákvörðunarinnar; við birtinguna skal tekið tillit til lögmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

21. gr.

Beiting reglugerðarinnar og lögsaga

1. Einungis þessi reglugerð skal gilda um samfylkingu, eins og hún er skilgreind í 3. gr., og reglugerðir ráðsins (EB) nr. 1/2003 ([1]), (EBE) nr. 1017/68 ([2]), (EBE) nr 4056/86 ([3]) og (EBE) nr. 3975/87 ([4]) gilda ekki, nema í tengslum við fyrirtæki um sameiginlegt verkefni sem varða ekki hagsmuni Bandalagsins en hafa það að markmiði eða hafa þau áhrif að samræma samkeppnishegðun fyrirtækja sem eru áfram sjálfstæð.

2. Með fyrirvara um endurskoðun dómstólsins er framkvæmdastjórnin ein þar til bær að taka þær ákvarðanir sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

3. Aðildarríkin mega ekki beita innlendum samkeppnislögum sínum gagnvart samfylkingu sem varðar hagsmuni Bandalagsins.

Fyrsta undirgrein er með fyrirvara um vald aðildarríkis til að gera nauðsynlegar rannsóknir þegar beita á ákvæðum 4. mgr. 4. gr., 2. mgr. 9. gr. eða, eftir að máli hefur verið vísað til þess skv. b-lið, fyrstu undirgreinar 3. mgr. 9. gr. eða 5. mgr. 9. gr., til að gera þær ráðstafanir sem eru alveg nauðsynlegar vegna beitingar 8. mgr. 9. gr.

4. Þrátt fyrir ákvæði 2. og 3. mgr. er aðildarríkjum heimilt að gera viðeigandi ráðstafanir til að vernda lögmæta hagsmuni aðra en þá sem eru tilteknir í þessari reglugerð og eru í samræmi við almennar meginreglur og önnur ákvæði í lögum Bandalagsins.

Líta skal á almannaöryggi, fjölmiðlafrelsi og varfærnisreglur sem lögmæta hagsmuni í skilningi fyrstu undirgreinar.

Viðkomandi aðildarríki ber að tilkynna framkvæmdastjórninni um öll önnur hagsmunamál almennings og skal hún viðurkenna þau eftir að metið hefur verið hvort þau samrýmast almennum meginreglum og öðrum ákvæðum í lögum Bandalagsins áður en unnt er að gera ráðstafanirnar sem um getur hér að framan. Framkvæmdastjórnin skal gera hlutaðeigandi aðildarríki grein fyrir ákvörðun sinni innan 25 virkra daga frá tilkynningunni.

([1]) Stjtíð. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 175, 23. 7. 1968, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1/2003 (Stjtíð. EB L 1, 4.1.2003, bls. 1).
([3]) Stjtíð. EB L 378, 31. 12. 1986, bls. 4. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1/2003.
([4]) Stjtíð. EB L 374. 31. 12. 1987, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1/2003.

22. gr.

Vísun máls til framkvæmdastjórnarinnar

1. Eitt eða fleiri aðildarríki geta farið fram á að framkvæmdastjórnin taki til skoðunar samfylkingu, eins og hún er skilgreind í 3. gr., sem varðar ekki hagsmuni Bandalagsins samkvæmt skilningi 1. gr. en hefur áhrif á viðskipti milli aðildarríkja og hætta er á að hefði veruleg áhrif á samkeppni á yfirráðasvæði aðildarríkisins eða -ríkjanna sem leggja fram beiðnina.

Slík beiðni skal lögð fram eigi síðar en 15 virkum dögum eftir þann dag sem tilkynnt var um samfylkinguna eða viðkomandi aðildarríki greint frá henni á annan hátt ef tilkynningar er ekki krafist.

2. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins og viðkomandi fyrirtækjum tafarlaust um beiðnir, sem berast skv. 1. mgr.

Önnur aðildarríki eiga rétt á að verða aðilar að í upphaflegu beiðninni innan 15 virkra daga frá því að tilkynning berst frá framkvæmdastjórninni um hana.

Alla innlenda fresti, sem varða samfylkinguna, skal fella tímabundið úr gildi uns skorið hefur verið úr um, í samræmi við málsmeðferðina sem er sett fram í þessari grein, hvar samfylkingin skuli könnuð. Um leið og aðildarríki hefur veitt framkvæmdastjórninni og hlutaðeigandi fyrirtækjum upplýsingar um að það hyggist ekki eiga hlut að beiðninni skal tímabundinni niðurfellingu innlends frests ljúka.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að ákveða, í síðasta lagi 10 virkum dögum eftir að fresturinn sem er settur í 2. mgr. rennur út, að taka samfylkingu til skoðunar ef hún telur að hún hafi áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna og hætta sé á að hún hafi veruleg áhrif á samkeppni á yfirráðasvæði aðildarríkisins eða -ríkjanna sem leggja fram beiðnina. Taki framkvæmdastjórnin ekki ákvörðun innan þessa frests er litið svo á að hún hafi samþykkt ákvörðun um að taka samfylkinguna til skoðunar í samræmi við beiðnina.

Framkvæmdastjórnin skal tilkynna öllum aðildarríkjunum ásamt hlutaðeigandi fyrirtækjum um ákvörðun sína. Hún getur farið fram á að tilkynning verði lögð fram skv. 4. gr.

Aðildarríkið eða -ríkin, sem lögðu fram beiðnina, skulu ekki lengur beita innlendum samkeppnislögum gagnvart samfylkingunni.

4. Ákvæði 2. gr., 4. gr. (2. til 3. mgr.), 5. og 6. gr. og 8. til 21. gr. skulu gilda þegar framkvæmdastjórnin tekur samfylkingu til skoðunar skv. 3. gr. Ákvæði 7. gr. skulu gilda svo fremi að samfylkingin hafi ekki komið til framkvæmda á þeim degi sem framkvæmdastjórnin upplýsir hlutaðeigandi fyrirtæki um að beiðni hafi verið lögð fram.

Sé tilkynningar skv. 4. gr. ekki krafist skal fresturinn til að hefja málsmeðferð, sem er settur í 1. mgr. 10. gr., hefjast næsta virka dag eftir að framkvæmdastjórnin tilkynnir hlutaðeigandi fyrirtækjum um að hún hafi ákveðið að taka samfylkinguna til skoðunar skv. 3. mgr.

5. Framkvæmdastjórninni er heimilt að tilkynna einu eða fleiri aðildarríkjum um að hún telji samfylkingu uppfylla viðmiðanir 1. mgr. Í slíkum tilvikum getur framkvæmdastjórnin boðið því aðildarríki eða -ríkjum að leggja fram beiðni í samræmi við ákvæði 1. mgr.

23. gr.

Framkvæmdarákvæði

1. Í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr., skal framkvæmdastjórnin hafa valdheimild til að mæla fyrir um:

a) framkvæmdarákvæði varðandi form, efni og önnur atriði er varða tilkynningar og greinargerðir skv. 4. gr.,

b) framkvæmdarákvæði varðandi fresti skv. 4. gr. (4. og 5. mgr.) og 7., 9., 10. og 22. gr.,

c) málsmeðferð og fresti varðandi framlagningu og framkvæmd skuldbindinga skv. 2. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 8. gr.,

d) framkvæmdarákvæði varðandi skýrslugjöf skv. 18. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar ráðgjafarnefndar sem er skipuð fulltrúum aðildarríkjanna.

a) Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við ráðgjafarnefndina áður en hún birtir drög að framkvæmdarákvæðum og áður en hún samþykkir slík ákvæði.

b) Samráð skal fara fram á fundi sem framkvæmdastjórnin boðar til og stýrir. Fundarboðinu skulu fylgja drög að framkvæmdarákvæðunum. Fundinn skal ekki halda fyrr en 10 virkum dögum eftir að fundarboðið er sent út.

c) Ráðgjafarnefndin skal skila áliti á drögum að framkvæmdarákvæðum, með atkvæðagreiðslu ef þörf krefur. Framkvæmdastjórnin skal taka ítrasta tillit til álits nefndarinnar.

24. gr.

Samskipti við þriðju lönd

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um alla erfiðleika almenns eðlis sem fyrirtæki þeirra eiga við að etja í þriðja landi í tengslum við samfylkingar eins og skilgreint er í 3. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal, í fyrsta sinn eigi síðar en einu ári eftir að reglugerð þessi öðlast gildi og eftir það með jöfnu millibili, semja skýrslu þar sem hún tekur til skoðunar, með tilliti til þeirra atriða sem um getur í 3. og 4. mgr., hvaða meðferð þau fyrirtæki fá sem hafa aðsetur eða aðalstarfsvettvang innan Bandalagsins þegar um er að ræða samfylkingar í þriðju löndum. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslurnar fyrir ráðið, ásamt tilmælum, ef við á.

3. Ef framkvæmdastjórnin telur, annaðhvort á grundvelli skýrslnanna sem um getur í 2. mgr. eða á grundvelli annarra upplýsinga, að fyrirtæki, sem hafa aðsetur eða aðalstarfsvettvang innan Bandalagsins, fái ekki meðferð í þriðja landi sambærilega þeirri sem Bandalagið veitir fyrirtækjum frá því landi getur hún lagt tillögur fyrir ráðið um viðeigandi samningsumboð með það fyrir augum að fyrirtæki, sem hafa aðsetur eða aðalstarfsvettvang í Bandalaginu, fái sambærilega meðferð.

4. Ráðstafanir, sem eru gerðar samkvæmt þessari grein, skulu vera í samræmi við skyldur Bandalagsins eða aðildarríkjanna samkvæmt alþjóðasamningum, hvort heldur er tvíhliða eða marghliða, sbr. þó 307. gr. sáttmálans.

25. gr.

Niðurfelling

1. Reglugerð (EBE) nr. 4064/89 og reglugerð (EB) nr. 1310/97 er felld úr gildi frá og með 1. maí 2004, sbr. þó 2. mgr. 26. gr.

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu reglugerðirnar sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í viðaukanum.

26. gr.

Gildistaka og bráðabirgðaákvæði

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá 1. maí 2004.

2. Reglugerð (EBE) nr. 4064/89 gildir áfram um samfylkingar sem samið eða tilkynnt er um eða þegar yfirráða hefur verið aflað í skilningi 1. mgr. 4. gr. þeirrar reglugerðar fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, sbr. þó einkum ákvæði um beitingu sem eru sett fram í 2. og 3. mgr. 25. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4064/89 og 2. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1310/97.

3. Þegar um er að ræða samfylkingar, sem þessi reglugerð gildir um í tengslum við aðild nýrra ríkja, skal dagsetning aðildar koma í stað gildistökudags þessarar reglugerðar.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. janúar 2004.

Fyrir hönd ráðsins,

C. McCREEVY

forseti.

VIÐAUKI

Samsvörunartafla

Reglugerð (EBE) nr. 4064/89	Þessi reglugerð
1., 2. og 3. mgr. 1. gr.	1., 2. og 3. mgr. 1. gr.
4. mgr. 1. gr.	4. mgr. 1. gr.
5. mgr. 1. gr.	5. mgr. 1. gr.
1. mgr. 2. gr.	1. mgr. 2. gr.
—	2. mgr. 2. gr.
2. mgr. 2. gr.	3. mgr. 2. gr.
3. mgr. 2. gr.	4. mgr. 2. gr.
4. mgr. 2. gr.	5. mgr. 2. gr.
1. mgr. 3. gr.	1. mgr. 3. gr.
2. mgr. 3. gr.	4. mgr. 3. gr.
3. mgr. 3. gr.	2. mgr. 3. gr.
4. mgr. 3. gr.	3. mgr. 3. gr.
—	4. mgr. 3. gr.
5. mgr. 3. gr.	5. mgr. 3. gr.
Fyrsti málsliður 1. mgr. 4. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 4. gr.
Annar málsliður 1. mgr. 4. gr.	—
—	Önnur og þriðja undirgrein 1. mgr. 4. gr.
2. og 3. mgr. 4. gr.	2. og 3. mgr. 4. gr.
—	4.–6. mgr. 4. gr.
1.–3. mgr. 5. gr.	1.–3. mgr. 5. gr.
Inngangsorð 4. mgr. 5. gr.	Inngangsorð 4. mgr. 5. gr.
a-liður 4. mgr. 5. gr.	a-liður 4. mgr. 5. gr.
Inngangsorð b-liðar 4. mgr. 5. gr.	Inngangsorð b-liðar 4. mgr. 5. gr.
Fyrsti undirliður b-liðar 4. mgr. 5. gr.	i-liður b-liðar 4. mgr. 5. gr.
Annar undirliður b-liðar 4. mgr. 5. gr.	ii-liður b-liðar 4. mgr. 5. gr.
Þriðji undirliður b-liðar 4. mgr. 5. gr.	iii-liður b-liðar 4. mgr. 5. gr.
Fjórði undirliður b-liðar 4. mgr. 5. gr.	iv-liður b-liðar 4. mgr. 5. gr.
c-, d- og e-liður 4. mgr. 5. gr.	c-, d- og e-liður 4. mgr. 5. gr.
5. mgr. 5. gr.	5. mgr. 5. gr.
Inngangsorð 1. mgr. 6. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 6. gr.
a- og b-liður 1. mgr. 6. gr.	a- og b-liður 1. mgr. 6. gr.
c-liður 1. mgr. 6. gr.	Fyrsti málsliður c-liðar 1. mgr. 6. gr.
2.5. mgr. 6. gr.	2.5. mgr. 6. gr.
1. mgr. 7. gr.	1. mgr. 7. gr.
3. mgr. 7. gr.	2. mgr. 7. gr.
4. mgr. 7. gr.	3. mgr. 7. gr.
5. mgr. 7. gr.	4. mgr. 7. gr.
1. mgr. 8. gr.	Annar málsliður c-liðar 1. mgr. 6. gr.
2. mgr. 8. gr.	1. og 2. mgr. 8. gr.
3. mgr. 8. gr.	3. mgr. 8. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 4064/89	Þessi reglugerð
4. mgr. 8. gr.	4. mgr. 8. gr.
—	5. mgr. 8. gr.
5. mgr. 8. gr.	6. mgr. 8. gr.
6. mgr. 8. gr.	7. mgr. 8. gr.
—	8. mgr. 8. gr.
1.–9. mgr. 9. gr.	1.–9. mgr. 9. gr.
10. mgr. 9. gr.	—
1. og 2. mgr. 10. gr.	1. og 2. mgr. 10. gr.
3. mgr. 10. gr.	Fyrsti málsliður fyrstu undirgreinar 3. mgr. 10. gr.
—	Annar málsliður fyrstu undirgreinar 3. mgr. 10. gr.
—	Önnur undirgrein 3. mgr. 10. gr.
4. mgr. 10. gr.	Fyrsta undirgrein 4. mgr. 10. gr.
—	Önnur undirgrein 4. mgr. 10. gr.
5. mgr. 10. gr.	Fyrsta og fjórða undirgrein 5. mgr. 10. gr.
—	Önnur, þriðja og fimmta undirgrein 5. mgr. 10. gr.
6. mgr. 10. gr.	6. mgr. 10. gr.
1. mgr. 11. gr.	1. mgr. 11. gr.
2. mgr. 11. gr.	—
3. mgr. 11. gr.	2. mgr. 11. gr.
4. mgr. 11. gr.	Fyrsti málsliður 4. mgr. 11. gr.
—	Annar og þriðji málsliður 4. mgr. 11. gr.
Fyrsti málsliður 5. mgr. 11. gr.	—
Annar málsliður 5. mgr. 11. gr.	3. mgr. 11. gr.
6. mgr. 11. gr.	5. mgr. 11. gr.
—	6. og 7. mgr. 11. gr.
12. gr.	12. gr.
Fyrsta undirgrein 1. mgr. 13. gr.	1. mgr. 13. gr.
Inngangsorð annarrar undirgreinar 1. mgr. 13. gr.	Inngangsorð 2. mgr. 13. gr.
a-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 13. gr.	b-liður 2. mgr. 13. gr.
b-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 13. gr.	c-liður 2. mgr. 13. gr.
c-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 13. gr.	e-liður 2. mgr. 13. gr.
d-liður annarrar undirgreinar 1. mgr. 13. gr.	a-liður 2. mgr. 13. gr.
—	d-liður 2. mgr. 13. gr.
2. mgr. 13. gr.	3. mgr. 13. gr.
3. mgr. 13. gr.	Fyrsti og annar málsliður 4. mgr. 13. gr.
4. mgr. 13. gr.	Þriðji málsliður 4. mgr. 13. gr.
5. mgr. 13. gr.	Fyrsti málsliður 5. mgr. 13. gr.
—	Annar málsliður 5. mgr. 13. gr.
Fyrsti málsliður 6. mgr. 13. gr.	6. mgr. 13. gr.
Annar málsliður 6. mgr. 13. gr.	—
—	7. og 8. mgr. 13. gr.
Inngangsorð 1. mgr. 14. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 14. gr.
a-liður 1. mgr. 14. gr.	a-liður 2. mgr. 14. gr.
b-liður 1. mgr. 14. gr.	a-liður 1. mgr. 14. gr.
c-liður 1. mgr. 14. gr.	b- og c-liður 1 mgr. 14. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 4064/89	Þessi reglugerð
d-liður 1. mgr. 14. gr.	d-liður 1. mgr. 14. gr.
—	e- og f-liður 1. mgr. 14. gr.
Inngangsorð 2. mgr. 14 gr.	Inngangsorð 2. mgr. 14. gr.
a-liður 2. mgr. 14. gr.	d-liður 2. mgr. 14. gr.
b- og c-liður 2. mgr. 14. gr.	b- og c-liður 2. mgr. 14. gr.
3. mgr. 14. gr.	3. mgr. 14. gr.
4. mgr. 14. gr.	4. mgr. 14. gr.
Inngangsorð 1. mgr. 15. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 15. gr.
a- og b-liður 1. mgr. 15. gr.	a- og b-liður 1. mgr. 15. gr.
Inngangsorð 2. mgr. 15. gr.	Inngangsorð 1. mgr. 15. gr.
a-liður 2. mgr. 15. gr.	c-liður 1. mgr. 15. gr.
b-liður 2. mgr. 15. gr.	d-liður 1. mgr. 15. gr.
3. mgr. 15. gr.	2. mgr. 15. gr.
16.–20. gr.	16.–20. gr.
1. mgr. 21. gr.	2. mgr. 21. gr.
2. mgr. 21. gr.	3. mgr. 21. gr.
3. mgr. 21. gr.	4. mgr. 21. gr.
1. mgr. 22. gr.	1. mgr. 21. gr.
3. mgr. 22. gr.	—
—	1–3. mgr. 22. gr.
4. mgr. 22. gr.	4. mgr. 22. gr.
5. mgr. 22. gr.	—
—	5. mgr. 22. gr.
23. gr.	1. mgr. 23. gr.
—	2. mgr. 23. gr.
24. gr.	24. gr.
—	25. gr.
1. mgr. 25. gr.	Fyrsta undirgrein 1. mgr. 26. gr.
—	Önnur undirgrein 1. mgr. 26. gr.
2. mgr. 25. gr.	2. mgr. 26. gr.
3. mgr. 25. gr.	3. mgr. 26. gr.
—	Viðauki

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 502/2004 **2007/EES/9/11**

frá 11. mars 2004

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1177/2002 um tímabundnar varnarráðstafanir fyrir skipasmíðaiðnaðinn (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 87. gr. (e-lið 3. mgr.), 89. gr. og 133. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti Evrópuþingsins ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna og ríkisstjórn Lýðveldisins Kóreu undirrituðu samþykkta fundargerð varðandi skipasmíðaiðnað í heiminum 22. júní 2000, hér á eftir nefnd „samþykkta fundargerðin“, með það fyrir augum að koma aftur á sanngjörnum og gagnsæjum samkeppnisskilyrðum. Af hálfu Kóreu hefur þó ekki verið staðið með skilvirkum hætti við skuldbindingar samkvæmt samþykktu fundargerðinni, einkum að því er varðar þá skuldbindingu að tryggja skilvirkt kerfi verðlagseftirlits, og því hefur enn ekki náðst viðunandi niðurstaða.

2) Sem undantekning og til bráðabirgða, og til að veita aðstoð til skipasmíðastöðva Bandalagsins í þeim geirum sem hafa orðið fyrir neikvæðum áhrifum í formi verulegs tjóns og alvarlegs skaða af völdum óréttmætrar samkeppni frá Kóreu, voru þó teknar upp tímabundnar varnarráðstafanir fyrir skipasmíðaiðnaðinn með reglugerð (EB) nr. 1177/2002 ([2]) sem skyldu einungis ná til takmarkaðs markaðsgeira og standa yfir í stuttan og afmarkaðan tíma. Einkum var tekið fram að ekki skyldi heimila tímabundnu varnarráðstafanirnar fyrr en framkvæmdastjórnin hefði hafið málsmeðferð um lausn deilumála gagnvart Lýðveldinu Kóreu og að ekki yrði unnt að heimila þær lengur ef þessari málsmeðferð um lausn deilumála yrði hætt eða henni frestað.

3) Hinn 8. október 2002 hóf framkvæmdastjórnin málsmeðferð um lausn deilumála gagnvart Lýðveldinu Kóreu, í samræmi við ákvörðun 2002/818/EB ([3]), með því að óska eftir því að haft yrði samráð í samræmi við samkomulag Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um reglur og málsmeðferð við lausn deilumála.

4) Ekki náðist viðunandi lausn í samningaviðræðum Lýðveldisins Kóreu og framkvæmdastjórnarinnar í anda samningsins um Alþjóðaviðskiptastofnunina. Hinn 11. júní 2003 fór framkvæmdastjórnin þess á leit við nefnd Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um lausn deilumála að hún skipaði kærunefnd til að fjalla um óréttmæta samkeppni frá Kóreu í skipasmíðaiðnaði.

5) Reglugerð (EB) nr. 1177/2002 fellur úr gildi 31. mars 2004. Lýðveldið Kórea hefur enn ekki staðið að fullu við skuldbindingar sínar samkvæmt samþykktu fundargerðinni og ekki er búist við að málsmeðferð Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar um málsmeðferð við lausn deilumála verði lokið fyrir þann dag. Því er nauðsynlegt að framlengja tímabundnu varnarráðstafanirnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1177/2002 komi eftirfarandi:

„5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún fellur úr gildi 31. mars 2005.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 81, 19.3.2004, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2004 frá 4. júní 2004 um breytingu á XV. viðauka (Ríkisaðstoð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 25.11.2004, bls. 13.

([1]) Álit frá 26. febrúar 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

([2]) Stjtíð. EB L 172, 2.7.2002, bls. 1.

([3]) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/818/EB of 8. október 2002 samkvæmt ákvæðum reglugerðar ráðsins (EB) nr. 3286/94 um viðskiptahætti í Kóreu sem hafa áhrif á verslun með skip til atvinnurekstrar (Stjtíð. EB L 281, 19.10.2002, bls. 15).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. mars 2004.

Fyrir hönd ráðsins,

M. Harney

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 2151/2003 2007/EES/9/12

frá 16. desember 2003

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2195/2002 um sameiginlegt innkaupaorðasafn (CPV) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2195/2002 frá 5. nóvember 2002 um sameiginlegt innkaupaorðasafn (CPV) ([1]), einkum 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 2195/2002 var komið á sameiginlegu flokkunarkerfi fyrir opinber innkaup til að staðla þær tilvísanir sem samningsyfirvöld og samningsstofnanir nota til að lýsa efni samninga sinna.

2) Vera má að þörf sé á að aðlaga eða breyta efnisskipan og kóðum sameiginlega innkaupaorðasafnsins með hliðsjón af markaðsþróun og notendaþörfum.

3) Efnisskipan og kóða sameiginlega innkaupaorðasafnsins skal uppfæra með hliðsjón af sérþörfum aðildarríkja og notenda sameiginlega innkaupaorðasafnsins og leiðrétta verulegar skekkjur sem fundust í útgáfum á mismunandi tungumálum.

4) Tæknilegar breytingar og umbætur, sem tilgreindar voru við lagasetningu er leiddi til samþykktar reglugerðar (EB) nr. 2195/2002 en ekki var hægt að taka mið af í þeirri reglugerð, skal setja inn í viðaukana við þá reglugerð.

5) Í áliti sínu ([2]) um tillögu að reglugerð um sameiginlega innkaupaorðasafnið benti svæðanefndin á að flokkun lyfja þyrfti að lagfæra og mælti með notkun ATC-kerfisins, sem Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin útbjó, til að fullgera efnisskipan og kóða sameiginlega innkaupa-orðasafnsins fyrir lyf.

6) Hagsmunaaðilar og notendur sameiginlega innkaupaorðasafnsins komu með sértækar tillögur að umbótum á sameiginlega innkaupaorðasafninu.

7) Uppfærslur á kóðum og efnisskipan sameiginlega innkaupaorðasafnsins ættu að koma fram í leiðbeinandi töflum sem sýna samsvörun milli sameiginlega innkaupaorðasafnsins og bráðabirgðaaðalvöruflokkunar (CPC Prov.) Sameinuðu þjóðanna, atvinnugreinaflokkunar innan Evrópubandalaganna (Atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins, 1. endursk.) og sameinuðu tollanafnaskrárinnar (SAT).

8) Til glöggvunar skal skipta sameiginlega innkaupaorðasafninu út í heild sinni ásamt samsvörunartöflunni milli sameiginlega innkaupaorðasafnsins og bráðabirgðaaðalvöruflokkunarinnar. Allar breytingar á kóðum sameiginlega innkaupaorðasafnsins eða lýsingum þeirra skal skrá í nýjum sérstökum viðauka við reglugerð (EB) nr. 2195/2002.

9) Gildistaka reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 204/2002 frá 19. desember 2001 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3696/93 um vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA) ([3]) hefur gert upplýsingar í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2195/2002 úreltar, sem sýnir samsvörun milli sameiginlega innkaupaorðasafnsins og vöruflokkunar Evrópubandalagsins 96.

10) Í sameiginlegri afstöðu (EB) nr. 33/2003, samþykkt af ráðinu 20. mars 2003 með það að markmiði að samþykkja tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra verksamninga, vörusamninga og þjónustusamninga ([4]), og sameiginlegri afstöðu (EB) nr. 34/2003, samþykkt af ráðinu 20. mars 2003 með það að markmiði að samþykkja tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins um samræmingu reglna um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og póstþjónustu ([5]), eru vörusvið sem ekki eru ákvörðuð með tilvísun í vöruflokkun Evrópubandalagsins eftir atvinnugreinum (CPA).

11) Af þessum sökum er ekki rétt að uppfæra samsvörunartöfluna milli sameiginlega innkaupaorðasafnsins og vöruflokkunar Evrópubandalagsins 96 sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2195/2002. Sá viðauki skal því felldur niður.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 329, 17.12.2003, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2004 frá 4. júní 2004 um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 25.11.2004, bls. 14

([1]) Stjtíð. EB L 340, 16.12.2002, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB C 192, 12.8.2002, bls. 50.

([3]) Stjtíð. EB L 36, 6.2.2002, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB C 147 E, 24.6.2003, bls. 1.

([5]) Stjtíð. ESB C 147 E, 24.6.2003, bls. 137.

12) Reglugerð (EB) nr. 2195/2002 skal því breytt til samræmis við það.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit ráðgjafarnefndarinnar um opinber innkaup.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 2195/2002 er breytt sem hér segir:

Í stað I. viðauka komi textinn í I. viðauka við þessa reglugerð.

Í stað II. viðauka komi textinn í II. viðauka við þessa reglugerð.

Í stað III. viðauka komi textinn í III. viðauka við þessa reglugerð.

IV. viðauka er breytt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.

V. viðauka er breytt í samræmi við V. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. desember 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Frederik BOLKESTEIN

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

SAMEIGINLEGT INNKAUPAORÐASAFN (CPV)

Efnisskipan flokkunarkerfisins

1. Sameiginlega innkaupaorðasafnið samanstendur af aðalorðasafni og viðbótarorðasafni.

2. Aðalorðasaafnið byggist á stiggerð með kóðum sem eru allt að því níu tölustafir og samsvara lýsingu á vörum, vinnu eða þjónustu sem er viðfangsefni samningsins.

   Talnakóðinn er 8 tölustafir, sem skiptast í:

   — deildir, tilgreindar með tveimur fyrstu tölustöfunum (XX000000-Y),

   — flokkar, tilgreindir með þremur fyrstu tölustöfunum (XXX00000-Y),

   — undirflokkar, tilgreindir með fjórum fyrstu tölustöfunum (XXXX0000-Y),

   — greinar, tilgreindar með fimm fyrstu tölustöfunum (XXXXX000-Y).

   Síðustu þrír tölustafirnir gefa kost á enn meiri nákvæmni innan hverrar greinar.

   Níundi tölustafurinn gegnir því hlutverki að sannprófa tölustafina sem fara á undan.

3. Viðbótarorðasafnið má nota til frekari lýsingar á efni samnings. Liðirnir eru gerðir úr alstafakóða ásamt samsvarandi texta, sem gerir kleift að bæta við nákvæmari upplýsingum um tiltekna tegund eða ákvörðunarstað vara sem ætlunin er að kaupa.

   Alstafakóðinn er samsettur af:

   — efsta stigi með bókstaf sem svarar til tiltekins bálks,

   — öðru stigi með fjórum tölustöfum þar sem þrír fyrstu stafirnir sýna niðurskipan og sá síðasti er notaður til sannprófunar.

AÐALORÐASAFN

CPV-kóði	Lýsing
01000000-7	Landbúnaðar- og garðyrkjuafurðir, veiðivörur og skyldar vörur
01100000-8	Jarðyrkja, garðyrkja
01110000-1	Korn og annað þess háttar
01111000-8	Kornvörur
01111100-9	Hveiti
01111110-2	Harðhveiti
01111120-5	Brauðhveiti
01111200-0	Maís
01111300-1	Rís
01111400-2	Bygg
01111500-3	Rúgur
01111600-4	Hafrar
01111700-5	Malt
01111900-7	Vörur úr grjónum
01112000-5	Kartöflur og þurrkað grænmeti
01112100-6	Kartöflur
01112200-7	Þurrkaðir belgávextir og belgjurtir
01112210-0	Þurrkaðir belgávextir
01112211-7	Linsubaunir
01112212-4	Kjúklingabaunir
01112213-1	Þurrkaðar ertur
01112220-3	Belgjurtir
01113000-2	Olíufræ og olíurík aldin
01113100-3	Sojabaunir
01113200-4	Jarðhnetur
01113300-5	Sólblómafræ
01113400-6	Baðmullarfræ
01113500-7	Sesamfræ
01113600-8	Mustarðskorn
01114000-9	Óunnið tóbak
01115000-6	Plöntur notaðar til sykurframleiðslu
01115100-7	Sykurrófur
01115200-8	Sykurreyr
01116000-3	Hálmur og fóðurjurtir
01116100-4	Hálmur
01116200-5	Fóðurjurtir
01117000-0	Óunnin jurtaefni
01117100-1	Óunnin jurtaefni til nota í textíla
01117110-4	baðmull
01117120-7	Júta
01117130-0	Hör
01118000-7	Vörur úr náttúrlegu gúmmí og latex og tilheyrandi vörur
01118100-8	Náttúrlegt gúmmí
01118200-9	Náttúrlegt latex
01118210-2	Latexvörur
01119000-4	Plöntur til tiltekinnar notkunar
01119100-5	Plöntur sem eru notaðar í ilmvötn og snyrtivörur eða í lyfjavörur eða til framleiðslu á skordýraeitri eða þess háttar

CPV-kóði	Lýsing
01119110-8	Plöntur sem eru notaðar í ilmvörur
01119120-1	Plöntur sem eru notaðar í lyf
01119130-4	Plöntur sem eru notaðar til varnar gegn eða útrýmingar á skordýrum
01119140-7	Plöntur sem eru notaðar til varnar gegn eða útrýmingar á sveppum eða þess háttar
01119200-6	Fræ jurta til tiltekinnar notkunar
01120000-4	Grænmeti, garðyrkjuafurðir og afurðir frá gróðrarstöðvum
01121000-1	Grænmeti
01121100-2	Rótar- og hnýðisgrænmeti
01121110-5	Rótargrænmeti
01121111-2	Rauðrófur
01121112-9	Gulrætur
01121113-6	Laukur
01121114-3	Næpur
01121120-8	Hnýðisgrænmeti
01121200-3	Aldingrænmeti
01121210-6	Baunir
01121211-3	Breiðbaunir
01121212-0	Grænar baunir
01121213-7	Klifurbaunir
01121220-9	Ertur
01121221-6	Garðertur
01121222-3	Sykurertur
01121230-2	Paprikur
01121240-5	Tómatar
01121250-8	Dvergbítar
01121260-1	Sveppir
01121270-4	Gúrkur
01121300-4	Blaðgrænmeti
01121310-7	Salat
01121320-0	Salatblöð
01121330-3	Ætiþistilar
01121340-6	Spínat
01121400-5	Kál
01121410-8	Hvítkál
01121420-1	Blómkál
01121430-4	Spergilkál
01121440-7	Rósakál
01121500-6	Grænmetisfræ
01122000-8	Garðyrkjuafurðir
01122100-9	Lifandi plöntur, blómlaukar, rætur, græðlingar og gróðurkvistir
01122200-0	Afskorin blóm
01122210-3	Blómaskreytingar
01122300-1	Blómafræ
01130000-7	Ávextir, hnetur, jurtir til drykkjargerðar og kryddjurtir
01131000-4	Aldin og hnetur
01131100-5	Hitabeltisávextir og -hnetur
01131110-8	Hitabeltisávextir

CPV-kóði	Lýsing
01131111-5	Bananar
01131112-2	Ananas
01131113-9	Mangó
01131114-6	Döðlur
01131115-3	Rúsínur
01131116-0	Fíkjur
01131117-7	Lárperur
01131118-4	Kíví (loðber)
01131120-1	Kókoshnetur
01131200-6	Sítrusávextir
01131210-9	Sítrónur
01131220-2	Appelsínur
01131230-5	Greipaldin
01131240-8	Tangarínur
01131250-1	Súraldin (límónur)
01131300-7	Ávextir, ekki úr hitabeltinu
01131310-0	Ber
01131311-7	Rifsber og sólber
01131312-4	Garðaber
01131313-1	Jarðarber
01131314-8	Hindber
01131315-5	Trönuber
01131320-3	Epli, perur og kveður
01131321-0	Epli
01131322-7	Perur
01131323-4	Kveður
01131330-6	Steinaldin
01131331-3	Apríkósur
01131332-0	Ferskjur
01131333-7	Kirsuber
01131334-4	Plómur
01131340-9	Vínþrúgur
01131341-6	Vínber
01131342-3	Vínþrúgur
01131400-8	Ólífur
01131500-9	Ávaxtafræ
01132000-1	Jurtir til drykkjargerðar
01132100-2	Kaffibaunir
01132200-3	Terunnar
01132300-4	Maté
01132400-5	Kakóbaunir
01133000-8	Óunnið krydd
01200000-9	Lifandi dýr og vörur úr dýraríkinu
01210000-2	Nautgripir og afurðir af þeim
01211000-9	Nautgripir
01211100-0	Lifandi nautgripir
01211200-1	Kálfar

CPV-kóði	Lýsing
01212000-6	Ný kúamjólk
01213000-3	Sæði úr nautum
01220000-5	Húsdýr og afurðir af þeim
01221000-2	Búfé
01221100-3	Sauðfé
01221200-4	Geitur
01221300-5	Hestar
01222000-9	Nýmjólk úr ám - og geitum
01222100-0	Ærmjólk
01222200-1	Geitamjólk
01223000-6	Ull og dýrahár
01223100-7	Reyfi
01223200-8	Dýrahár
01230000-8	Svín
01240000-1	Lifandi alifuglar og egg
01241000-8	Lifandi alifuglar
01242000-5	Egg
01250000-4	Lítil lifandi dýr og afurðir af þeim
01251000-1	Kanínur og hérar
01251100-2	Kanínur
01251200-3	Hérar
01252000-8	Dýraafurðir
01252100-9	Náttúrlegt hunang
01252200-0	Sniglar
01252300-1	Ætar afurðir úr dýraríkinu
01252400-2	Vax
01300000-0	Afurðir úr blönduðum búskap
01900000-6	Landbúnaðarvörur
02000000-4	Skógræktar- og skógarhöggsafurðir
02100000-5	Viður
02110000-8	Viður barrtrjáa
02120000-1	Hitabeltisviður
02130000-4	Eldiviður
02140000-7	Óunnir trjábolir
02150000-0	Barrviður (mjúkviður)
02160000-3	Viðarúrgangur
02170000-6	Viðarrusl
02180000-9	Trjábolir
02181000-6	Staurar
02182000-3	Rimlar
02190000-2	Smíðatimbur
02191000-9	Timburvörur
02200000-6	Gúmmí
02210000-9	Balsam
02220000-2	Kvoðulakk
02300000-7	Korkur
02400000-8	Skógræktarafurðir

CPV-kóði	Lýsing
02410000-1	Skrautplöntur, grös, mosar og skófir
02500000-9	Afurðir frá trjáræktarstöðvum
02510000-2	Plöntur
02511000-9	Plöntur til útplöntunar
02512000-6	Blómlaukar
02513000-3	Runnar
02520000-5	Tré
05000000-5	Fiskur, fiskafurðir og aðrar aukaafurðir-úr fiskiðnaði
05100000-6	Fiskur
05110000-9	Lifandi fiskur
05120000-2	Fiskur, nýr eða kældur
05121000-9	Flatfiskur, nýr eða kældur
05121100-0	Sólflúra, ný eða kæld
05121200-1	Skarkoli, nýr eða kældur
05122000-6	Fiskur af þorskaætt, nýr eða kældur
05122100-7	Þorskur, nýr eða kældur
05122200-8	Ufsi, nýr eða kældur
05122300-9	Lýsingur, nýr eða kældur
05122400-0	Ýsa, ný eða kæld
05123000-3	Hafsíld, ný eða kæld
05124000-0	Túnfiskur, nýr eða kældur
05125000-7	Lýsa, ný eða kæld
05126000-4	Brislingur og svipaður smáfiskur, nýr eða kældur
05127000-1	Lax, nýr eða kældur
05130000-5	Fiskhold
05200000-7	Krabbadýr
05210000-0	Ný krabbadýr
05220000-3	Ostrur
05230000-6	Skelfiskur
05240000-9	Vatnahryggleysingjar
05300000-8	Vatnadýr og -plöntur
05310000-1	Kórallar eða áþekkar afurðir
05320000-4	Náttúrlegir svampar
05330000-7	Þang og þari
05331000-4	Þörungar
05400000-9	Aukaafurðir úr fiskiðnaði
05410000-2	Fiskimjöl
10000000-3	Kol, brúnkol, mór og aðrar afurðir skyldar kolum
10100000-4	Kol og eldsneyti að stofni til úr kolum
10110000-7	Kol
10120000-0	Eldsneyti að stofni til úr kolum
10121000-7	Harðkol
10122000-4	Töflur
10123000-1	Fast eldsneyti
10124000-8	Jarðefnaeldsneyti
10125000-5	Viðareldsneyti
10200000-5	Brúnkol og mór

CPV-kóði	Lýsing
10210000-8	Brúnkol
10220000-1	Mór
10300000-6	Afurðir tengdar kolum
10310000-9	Olía unnin úr kolum
10320000-2	Koksvörur
10321000-9	Koks
11000000-0	Hráolía, jarðgas, olía og tilheyrandi vörur
11100000-1	Hráolía
11110000-4	Jarðolía og olíuvörur
11111000-1	Olía
11111100-2	Jarðolía
11112000-8	Olíuvörur
11200000-2	Jarðgas
11300000-3	Bik- eða olíuleirsteinn
12000000-7	Úran- og þóríngrýti
12100000-8	Úrangrýti
12200000-9	Þóríngrýti
13000000-4	Málmgrýti
13100000-5	Járngrýti
13200000-6	Málmgrýti sem ekki inniheldur járn
13210000-9	Kopargrýti
13220000-2	Nikkelgrýti
13230000-5	Álgrýti
13240000-8	Góðmálmsgrýti
13250000-1	Blýgrýti
13260000-4	Sinkgrýti
13270000-7	Tingrýti
13300000-7	Ýmis önnur grýti
14000000-1	Námugröftur, vinnsla hráefna úr jörðu og tilheyrandi vörur
14100000-2	Byggingarefni úr steini
14110000-5	Byggingarsteinn
14111000-2	Marmari og kalksteinn til bygginga
14111100-3	Marmari
14111200-4	Travertín
14112000-9	Ýmsir steinar til bygginga
14112100-0	Granít
14112200-1	Sandsteinn
14112300-2	Basalt
14112400-3	Kantsteinar
14120000-8	Kalksteinn, gifs og krít
14121000-5	Kalksteinn og gifs
14121100-6	Gifs
14121200-7	Kalk
14121210-0	Kalk í duftformi
14121300-8	Kalksteinn
14122000-2	Krít og dólómít
14122100-3	Krít
14122200-4	Dólómít
14130000-1	Flögusteinn
14200000-3	Sandur og leir

CPV-kóði	Lýsing
14210000-6	Möl, sandur, mulinn steinn og íblöndunarefni
14211000-3	Sandur
14211100-4	Náttúrlegur sandur
14212000-0	Korn, flísar ,duft úr steinum, steinvölur, möl, brotinn eða mulinn steinn, steinblöndur, sand- og malarblöndur og önnur íblöndunarefni
14212100-1	Steinvölur og möl
14212110-4	Möl
14212120-7	Steinvölur
14212200-2	Íblöndunarefni
14212210-5	Sand- og malarblanda
14212300-3	Brotinn og mulinn steinn
14212310-6	Undirlag
14212320-9	Mulið granít
14212330-2	Mulið basalt
14212400-4	Jarðvegur
14212410-7	Gróðurmold
14212420-0	Jarðvegsgrunnur
14212430-3	Steinflísar
14213000-7	Mulningur, tjöruborinn mulningur og tjörusandur
14213100-8	Mulningur
14213200-9	Tjöruborinn mulningur
14213300-0	Tjörusandur
14220000-9	Leir og kaólín
14221000-6	Leir
14222000-3	Kaólín
14300000-4	Steinefni til efnaiðnaðar og áburðargerðar
14310000-7	Steinefni til áburðargerðar
14311000-4	Náttúrlegt kalsíum, álkalsíumfosfat og óhrein náttúrleg kalíumsölt
14311100-5	Náttúrlegt kalsíum
14311200-6	Álkalsíumfosfat
14311300-7	Óhrein náttúrleg kalíumsölt
14312000-1	Járnkís
14312100-2	Óbrennt járnkís
14320000-0	Steinefni til efnaiðnaðar
14400000-5	Salt og hreint natríumklóríð
14410000-8	Steinsalt
14420000-1	Salt unnið úr sjó
14430000-4	Salt, unnið með uppgufun, og hreint natríumklóríð
14440000-7	Salt til að setja á götur og vegi
14450000-0	Salt í saltlegi
14500000-6	Afurðir tengdar námugreftri og -vinnslu
14510000-9	Bítúmen og asfalt
14511000-6	Bítúmen
14512000-3	Asfalt
14520000-2	Eðalsteinar og hálfeðalsteinar; vikur; smergill; náttúrleg slípiefni; önnur steinefni og góðmálmur

CPV-kóði	Lýsing
14521000-9	Eðalsteinar og hálfeðalsteinar
14521100-0	Eðalsteinar
14521110-3	Demantar
14521120-6	Rúbín
14521130-9	Smaragður
14521140-2	Dust eða duft úr eðalsteinum
14521200-1	Hálfeðalsteinar
14521210-4	Dust eða duft úr hálfeðalsteinum
14522000-6	Demantar til iðnaðarnota, vikur; smergill og önnur náttúrleg slípiefni
14522100-7	Vikur
14522200-8	Demantar til iðnaðarnota
14522300-9	Smergill
14522400-0	Náttúrleg slípiefni
14523000-3	Skyld steinefni, góðmálmur og tilheyrandi vörur
14523100-4	Steinefni
14523200-5	Gull
14523300-6	Silfur
14523400-7	Platína
15000000-8	Matvæli og drykkjarvörur
15100000-9	Dýraafurðir, kjöt og kjötafurðir
15110000-2	Kjöt
15111000-9	Nautgripakjöt
15111100-0	Nautakjöt
15111110-3	Léttsaltað nautakjöt
15111140-2	Nautaskrokkar
15111190-7	Nautakjöt í stykkjum
15111191-4	Nautabuff
15111200-1	Kálfakjöt
15111210-4	Kálfakjöt í stykkjum
15112000-6	Alifuglar
15112100-7	Nýir alifuglar, í heilu
15112110-0	Gæsir
15112120-3	Kalkúnar
15112130-6	Kjúklingar
15112140-9	Endur
15112200-8	Kjöt af alifuglum
15112210-1	Kjöt af kjúklingum
15112220-4	Kjöt af kalkúnum
15112230-7	Kjöt af endum, gæsum og perluhænsnum
15112300-9	Alifuglalifur
15112310-2	Foie gras (fiturík lifur)
15113000-3	Svínakjöt
15113100-4	Svínakótilettur
15113300-6	Svínaskrokkar
15114000-0	Innmatur
15115000-7	Lamba- og kindakjöt
15115100-8	Lambakjöt

CPV-kóði	Lýsing
15115200-9	Kindakjöt
15117000-1	Geitakjöt
15118000-8	Hrossa-, asna-, múldýra- eða múlasnakjöt
15118100-9	Hrossakjöt
15118900-7	Asna-, múldýra- eða múlasnakjöt
15119000-5	Kjöt af ýmsu tagi
15119100-6	Kanínukjöt
15119200-7	Hérakjöt
15119300-8	Villibráð
15119400-9	Froskafætur
15119500-0	Dúfur
15120000-5	Dýraull, -húðir og -skinn
15121000-2	Ull
15122000-9	Dýrahúðir
15123000-6	Dýraskinn
15124000-3	Fuglshamir og -fjaðrir
15130000-8	Kjötafurðir
15131000-5	Niðursoðið kjöt og unnar kjötvörur
15131100-6	Afurðir úr pylsukjöti
15131110-9	Pylsukjöt
15131120-2	Pylsuvörur
15131130-5	Pylsur
15131131-2	Lifrarpylsa
15131132-9	Pylsur úr nautakjöti
15131133-6	Pylsur úr svínakjöti
15131134-3	Blóðpylsa (black pudding) og aðrar afurðir úr blóði
15131135-0	Pylsur úr alifuglakjöti
15131200-7	Þurrkað, saltað, reykt eða kryddað kjöt
15131210-0	Söltuð skinka
15131220-3	Beikon
15131230-6	Salami
15131300-8	Vörur unnar úr lifur
15131310-1	Lifrarkæfa
15131320-4	Framleiðsla úr gæsa- eða andalifur
15131400-9	Vörur úr svínakjöti
15131410-2	Svínalæri
15131420-5	Kjötbollur
15131490-6	Tilbúnir réttir úr svínakjöti
15131500-0	Vörur unnar úr alifuglakjöti
15131600-1	Vörur unnar úr nauta- og kálfakjöti
15131610-4	Bollur úr nautakjöti
15131620-7	Hakkað nautakjöt
15131640-3	Hakkabuff úr nautakjöti
15131700-2	Unnar kjötvörur
15200000-0	Fiskur, unninn eða varinn skemmdum
15210000-3	Fiskflök, lifur og hrogn
15211000-0	Fiskflök

CPV-kóði	Lýsing
15211100-1	Ný fiskflök
15212000-7	Fiskhrogn
15213000-4	Fisklifur
15220000-6	Frystur fiskur, fiskflök og annað fiskkjöt
15221000-3	Frystur fiskur
15222000-0	Fryst fiskflök
15223000-7	Fryst fiskstykki
15229000-9	Frystar fiskafurðir
15230000-9	Þurrkaður eða saltaður fiskur; fiskur í saltlegi; reyktur fiskur
15231000-6	Þurrkaður fiskur
15232000-3	Saltaður fiskur
15233000-0	Fiskur í saltlegi
15234000-7	Reyktur fiskur
15234100-8	Reyktur lax
15234200-9	Reykt síld
15234300-0	Reyktur silungur
15235000-4	Fiskur, varinn skemmdum
15240000-2	Niðursoðinn fiskur eða unninn eða varinn skemmdum á annan hátt
15241000-9	Hjúpaður eða niðursoðinn fiskur
15241100-0	Niðursoðinn lax
15241200-1	Síld, unnin eða varin skemmdum
15241300-2	Sardínur
15241400-3	Niðursoðinn túnfiskur
15241500-4	Makríll
15241600-5	Ansjósa
15241700-6	Fiskstautar
15241800-7	Hjúpaðar, unnar fiskvörur
15242000-6	Tilbúnir fiskréttir
15243000-3	Tilreiddar vörur úr fiski
15244000-0	.Kavíar og kavíarlíki
15244100-1	Kavíar
15244200-2	Kavíarlíki
15250000-5	Fiskur og skeldýr
15251000-2	Fryst krabbadýr
15252000-9	Krabbadýr, unnin eða varin skemmdum
15253000-6	Skelfiskafurðir
15300000-1	Ávextir, grænmeti og skyldar vörur
15310000-4	Kartöflur og vörur úr þeim
15311000-1	Frystar kartöflur
15311100-2	Sneiddar eða franskar kartöflur
15311200-3	Frystar kartöflur í teningum, skífum o. fl.
15312000-8	Vörur úr kartöflum
15312100-9	Tilbúin kartöflustappa
15312200-0	Forsteiktar sneiddar kartöflur
15312300-1	Kartöfluflögur
15312310-4	Bragðbættar kartöfluflögur
15312400-2	Kartöflunasl

CPV-kóði	Lýsing
15312500-3	Kartöflukrókettur
15313000-5	Unnar kartöflur
15320000-7	Ávaxta- og grænmetissafi
15321000-4	Ávaxtasafi
15321100-5	Appelsínusafi:
15321110-8	Appelsínuþykkni
15321200-6	Greipaldinsafi
15321300-7	Sítrónusafi
15321400-8	Ananassafi
15321500-9	Þrúgusafi
15321600-0	Eplasafi
15321700-1	Blöndur af óþykktum safa
15321800-2	Safaþykkni
15322000-1	Grænmetissafi
15322100-2	Tómatsafi
15330000-0	Ávextir og grænmeti
15331000-7	Unnið grænmeti
15331100-8	Nýtt eða fryst grænmeti
15331110-1	Unnið rótargrænmeti
15331120-4	Unnið hnýðisgrænmeti
15331130-7	Baunir, ertur, paprikur, tómatar og annað grænmeti
15331131-4	Unnar baunir
84	8408[.2+.9]+8412—8414	29120000-6	Dælur og þjöppur
84	8408[.2+.9]+8412[.21+.29+.31+.39+.8]	29121000-3	Vökva- eða loftknúnir hreyflar og vélar
84	8408[.2+.9]	29121200-5	Vökvaknúnir hreyflar
84	8408[.2+.9]	29121300-6	Loftknúnir hreyflar
84	8424.3	29242473-3	Vatnsþrýstihreinsitæki
84	8432.40.10	29314100-4	Áburðardreifarar
84	8467[.1—.8]+8508[.1—.8]	29450000-8	Loft- eða vélknúin handverkfæri

Kafli	SAT-númer	Nýir og endurskoðaðir CPV-kóðar og lýsingar	
84	8430+8479	29523100-2	Vélar til mannvirkjagerðar
84	8430.1	29523110-5	Fallhamrar
84	8479.1	29523120-8	Vélar til að leggja vegaklæðningu
84	8479.1	29523121-5	Heflar
84	8479.1	29523122-2	Malardreifarar (chippers)
84	8479.1	29523123-9	Vélar notaðar til malbikunar
84	8479.1	29523124-6	Valtarar
84	8479.1	29523125-3	Vélknúnir valtarar
84	8430.2	29523130-1	Snjóplógar og snjóblásarar
84	8430.2	29523131-8	Snjóplógar
84	8430.2	29523132-5	Snjóblásarar
84	8430.1	29523140-4	Stauratogarar
84	8430.61	29523150-7	Þjöppunarvélar
84	8430.6	29523160-0	Vélar til að leggja kapla
84	8425	29526128-5	Lyftikerfi fyrir olíuborpalla
87	8710	29610000-8	Vélknúnir skriðdrekar og brynvarðir stríðsvagnar.
87	8710	29611000-5	Vélknúnir skriðdrekar
87	8710	29611100-6	Hlutar til vélknúinna skriðdreka
73—84—85	7322+8408+8417+8419+8438+8514	29836000-8	Iðnaðarbúnaður
84	8408	29836100-9	Þjöppunarbúnaður
84	8419	29836200-0	Kælibúnaður
90	8304+8517.21+9008.3	30191000-4	Skrifstofubúnaður
90	9008.3	30191200-6	Myndvarpar
84	8471.70.40	30233171-0	Diskar
94	9405.1	31524200-7	Veggljósabúnaður
94	9405.1	31524210-0	Veggljós
90	9012+9018—9022	33110000-4	Sneiðmyndatæki til lækninga, tannlækninga og dýralækninga
90	9018	33112000-8	Bergmáls-, úthljóðs- og dopplerómtæki
90	9018+9012.1	33112300-1	Úthljóðsskannar
90	9012.1	33112310-4	Litaflæðissjá
90	9012.1	33112320-7	Dopplerbúnaður
90	9018	33112330-0	Heilaómtæki
90	9018	33112340-3	Hjartaómtæki
90	9012.1	33113000-5	Segulómtæki
90	9012.1	33113110-9	Segulskannar
90	9012.1+9018	33115000-9	Sneiðmyndatæki
90	9012.1	33115100-0	Tölvusneiðmyndatæki
90	9012.1	33115200-1	Tölvusneiðmyndatæki (CAT)
84	8419.2	33191000-5	Búnaður sem er notaður til dauðhreinsunar, sótthreinsunar og hreinsunar
84	8419.2	33191100-6	Dauðhreinsunartæki

Kafli	SAT-númer	Nýir og endurskoðaðir CPV-kóðar og lýsingar	
94	9402.9	33192130-2	Rafmagnsrúm
87	8713	33193121-3	Rafknúnir hjólastólar
90	9001+9002	33420000-0	Ljósskautandi efni
90	9002.1+9006.62	33453000-0	Búnaður til nota í ljósmyndavinnustofur
90	9002.1+9006.62	33453100-1	Leifturljós
90	9006.62	33453110-3	Leifturljós til ljósmyndunar
90	9006.62	33453111-0	Leifturkubbar
87	8712	34441000-0	Reiðhjól án vélar
89	8903+8906.00[.1—.9]	35121000-8	Sérhæfðir bátar
92	9207.10.5	36315100-3	Hljóðgervlar

Sameinuð tollanafnaskrá (SAT)		**SAMEIGINLEGT INNKAUPAORÐASAFN (CPV)**	
Kafli	SAT-númer	Nýir og endurskoðaðir CPV-kóðar og lýsingar	
44	4404	02181000-6	Staurar
27	2709-2715	11000000-0	Hráolía, jarðgas, olía og tilheyrandi vörur
27	2709	11100000-1	Hráolía
27	2709	11110000-4	Jarðolía og olíuvörur
27	2709	11111000-1	Olía
27	2709	11111100-2	Jarðolía
27	2709	11112000-8	Olíuvörur
25—31	2510.00[.1—.2]+3104	14310000-7	Steinefni til áburðargerðar
41	4107[.2—.9]+4110+4109+4111	19140000-9	Leður af öðrum dýrum, samsett leður og annað leður
48	4818.40.1	21222220-3	Dauðhreinsaðar skjóður eða sárabindi úr pappír
48	4820.10.50	22817000-0	Dagbækur eða skipulagsbækur
27	2710.00[.26—.36+.51+.55]	23110000-1	Bensín og flugvélabensín
27	2710.00.51	23111000-8	Flugvélabensín
27	2710.00.5	23111200-0	Steinolíukennt eldsneyti
27	2710.00.51	23111210-3	Steinolíukennt þotueldsneyti
27	2710.00[.26—.36]	23112000-5	Bensín
27	2710.00[.26—.36]	23112200-7	Súperbensín (4-star petrol)
27	2710.00[.26—.36]	23113000-2	Jarðolía
27	2710.00[.8—.9]	23135000-2	Smurolía úr jarðolíu
27	2710.00[.8—.9]	23135100-3	Smurolíur
27	2710.00[.8—.9]	23135200-4	Smurefni
27	2710.00.9	23135300-5	Blöndur úr svartolíu
27	2710.00.96	23135310-8	Einangrunarolía
28—31	2808+2814+3102	24151000-7	Köfnunarefnisáburður
31	3103	24152000-4	Fosfóráburður
31	3103	24152100-5	Fosfóráburður úr steinaríkinu
31	3103	24152200-6	Tilbúinn fosfóráburður
31	3101	24154000-8	Áburður úr dýra- eða jurtaríkinu
31	3105	24158000-6	Ýmis áburður

Kafli	SAT-númer	Nýir og endurskoðaðir CPV-kóðar og lýsingar	
30	3002.10	24411000-8	Sermi
30	3002.10	24411200-0	Ónæmisglóbúlín
30	3002.10	24411300-1	Gammaglóbúlín
30	3002.2	24412100-6	Bóluefni handa mönnum
30	3002.2	24412110-9	Bóluefni gegn taugaveiki
30	3002.2	24412120-2	Bóluefni gegn lifrarbólgu B
30	3002.2	24412150-1	Túberkúlín
29	2937	24413000-2	Hormón
29	2937.9	24413200-4	Sterar
29—30	2918.21+2922[.41+.42]+2923+2924[.1+.22+.29]+2932.2+2933[.1+.21+.5+.69]+2934.3—2941+3001+3002.9	24415000-6	Íðefni til lyfjagerðar og til lækninga
29—30	2922[.41+.42]+2923+2924[.1+.22+.29]+2932.2+2933[.1+.21+.5+.69]+2934.3—2941+3001+3002.9	24415100-7	Íðefni til lyfjagerðar
29	2932.2	24415110-0	Lakton
29—30	2918.21+2922[.41+.42]+2923+2924[.1+.22+.29]+2932.29+2933[.1+.21+.5+.69]+2934.3—2941+3001+3002.9	24415200-8	Íðefni til lækninga
29—30	2935+2941+3001+3006	24416000-3	Lyf (drugs)
29—30	2935+2941+3001[.4+.9]+3004[.4+.9]	24416100-4	Lyf (medicines)
29	2941	24416110-7	Sýklalyf
29	2941.10	24416111-4	Penisillín
29	2935	24416120-0	Súlfonamíð
30	3001—3006	24416200-5	Lyf
30	3006	24418000-7	Sérlyf (proprietary pharmaceuticals)
30	3002.90.9	24419200-6	Sýklaeyðandi efni
30	3006+3407+3822	24421000-1	Efnafræðilegar rekstrarvörur til nota við lækningar, að undanskildum rekstrarvörum sem eru notaðar til tannlækninga
30—34—38	3006[.2+.4]+3407+3822	24421100-2	Prófefni
30—38	3006+3822	24421140-4	Prófefni til greiningar
33	3307.4	24511100-0	Ilmefni og lyktareyðandi vörur
40	4005+4006.9+4007—4010+4016.9	25120000-8	Hlutir úr ósúlfuðu og súlfuðu gúmmíi
40	4005+4006.9	25121000-5	Hlutir úr ósúlfuðu gúmmíi
40	4007—4010+4016.9	25122000-2	Hlutir úr súlfuðu gúmmíi
40	4007+4009	25122100-3	Leiðslur, rör og slöngur úr súlfuðu gúmmíi
40	4010+4016.9	25122200-4	Belti eða reimar fyrir færibönd eða drifbúnað, úr súlfuðu gúmmíi
40	4014	25122300-5	Hreinlætis- eða lyfjavörur úr súlfuðu gúmmíi
40	4008.1+4016.91	25122400-6	Gólfefni og mottur úr súlfuðu gúmmíi
40	4016.91	25122410-9	Gólfefni úr súlfuðu gúmmíi
40	4008.1+4016.91	25122420-2	Mottur úr súlfuðu gúmmíi
40	4008—4010+4016	25122500-7	Súlfað gúmmí í ýmsum gerðum
94	9406.00[.3+.9]	28111100-4	Vinnuskúrar

Kafli	SAT-númer	Nýir og endurskoðaðir CPV-kóðar og lýsingar	
73—74—76—82—85	7323+7418.1+7615.1+8210+8515	28512940-5	Sorpfötur úr málmi
84	8431[.43+.49]	28850000-5	Borholutoppar
84	8406[.1+.8]	29112100-8	Gufuaflshverflar
84	8406[.1+.8]	29113100-5	Hlutar til gufuaflshverfla
84	8424.3	29242473-3	Vatnsþrýstihreinsitæki
84	8432.40.10	29314100-4	Áburðardreifarar
84	8467[.1—.8]+8508[.1—.8]	29450000-8	Loft- eða vélknúin handverkfæri
87	8710	29610000-8	Vélknúnir skriðdrekar og brynvarðir stríðsvagnar.
87	8710	29611000-5	Vélknúnir skriðdrekar
87	8710	29611100-6	Hlutar til vélknúinna skriðdreka
90	9023	30191200-6	Kennslubúnaður
90	9018+9022	33110000-4	Myndgerð
90	9022	33111630-6	Röntgenskannar
90	9018	33112000-8	Ómskoðun
90	9018	33112300-1	Heilaómtæki
90	9018	33113000-5	Skanni til notkunar við lækningar
90	9019+9020	33155100-2	Búnaður til sjúkraþjálfunar
90	9021.9	33184310-9	Hjartalokur
84	8419.2	33191000-5	Búnaður sem er notaður til dauðhreinsunar/sæfingar, sótthreinsunar og hreinsunar
84	8419.2	33191100-6	Dauðhreinsunartæki/sæfir
84	9402.9	33192130-2	Rafmagnsrúm
84	8713	33193121-3	Rafknúnir hjólastólar/Rafmagnshjólastólar
90	9012.1	33261220-5	Tölvusneiðmyndatæki
90	9012.1	33261230-8	Tölvusneiðmyndatæki
90	9012.1	33261260-7	Búnaður til myndgerðar
90	9012.1	33261270-0	Segulskanni
90	9001+9002	33420000-0	Ljósskautandi efni
87	8712	34441000-0	Reiðhjól án vélar
89	8903+8906.00[.1—.9]	35121000-8	Sérhæfðir bátar
84	9403.60.3	36122400-6	Sýningarkassar
82	9207.10.5	36315100-3	Hljóðgervlar

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2002/96/EB 2007/EES/9/13

frá 27. janúar 2003

um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndarinnar ([2]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans á grundvelli sameiginlegs texta sáttanefndarinnar frá 8. nóvember 2002 ([4]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Markmiðin með umhverfisstefnu Bandalagsins eru einkum að varðveita, vernda og bæta gæði umhverfisins, vernda heilsu manna og nýta náttúruauðlindir af varfærni og skynsemi. Sú stefna er grundvölluð á varúðarreglunni og þeim meginreglum að girða skuli fyrir umhverfisspjöll, áhersla lögð á úrbætur þar sem tjón á upphaf sitt og bótaskylda lögð á þann sem veldur mengun.

2) Í stefnu- og framkvæmdaáætlun Bandalagsins um umhverfi og sjálfbæra þróun (fimmta aðgerðaáætlunin á sviði umhverfismála) ([5]) kemur fram að til að ná fram sjálfbærri þróun þurfi að verða verulegar breytingar á núverandi þróunar-, framleiðslu-, neyslu-, hegðunar- og atferlismynstri, og þar er m.a. mælt með því að draga úr sóun við notkun náttúruauðlinda og koma í veg fyrir mengun. Í áætluninni er raf- og rafeindabúnaðarúrgangur nefndur sem eitt af þeim sviðum sem nauðsynlegt er að setja reglur um svo að beita megi meginreglunum um að koma í veg fyrir myndun úrgangs, endurnýta hann og farga honum á öruggan hátt.

3) Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 30. júlí 1996 um endurskoðun á áætlun Bandalagsins varðandi meðferð úrgangs kemur fram að þegar ekki er hægt að komast hjá myndun úrgangs skuli endurvinna eða endurnýta efnivið hans eða orku.

4) Í ályktun sinni frá 24. febrúar 1997 um áætlun Bandalagsins varðandi meðferð úrgangs ([6]) undirstrikaði ráðið þörfina á því að stuðla að endurnýtingu úrgangs með það fyrir augum að draga úr magni úrgangs til förgunar og spara náttúruauðlindir, einkum með endurnotkun, endurvinnslu, myltingu og endurnýtingu á orku úr úrgangi, og viðurkenndi að í hverju einstöku tilviki yrði að taka tillit til umhverfis- og efnahagsáhrifa við val á aðferðum en þar til framfarir hafi orðið í vísindum og tækni og greining á endingartíma þróast frekar skuli velja þann kost að endurnota og endurnýta efnivið þegar og að svo miklu leyti sem það er besti kosturinn frá umhverfislegu sjónarmiði. Ráðið hvatti einnig framkvæmdastjórnina til að þróa, eins fljótt og unnt er, viðeigandi leið til að fylgja eftir verkefnum áætlunarinnar um forgangsúrgang, þ.m.t. raf- og rafeindabúnaðarúrgang.

5) Í ályktun sinni frá 14. nóvember 1996 ([7]) fór Evrópuþingið þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún legði fram tillögur að tilskipunum um ýmsar tegundir forgangsúrgangs, þ.m.t. rafmagns- og rafeindaúrgangur, og að þessar tillögur væru byggðar á meginreglunni um ábyrgð framleiðanda. Í sömu ályktun fór Evrópuþingið þess á leit við ráðið og framkvæmdastjórnina að lagðar yrðu fram tillögur um það hvernig draga mætti úr magni úrgangs.

6) Í tilskipun ráðsins 75/442/EBE frá 15. júlí 1975 um úrgang ([8]) er kveðið á um að heimilt sé að setja sérstakar reglur með sértilskipunum um ákveðin tilvik eða til viðbótar ákvæðum tilskipunar 75/442/EBE að því er varðar meðferð tiltekinna flokka úrgangs.

7) Magn raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, sem myndast í Bandalaginu, eykst hratt. Innihald hættulegra íhluta í raf- og rafeindabúnaði er verulegt áhyggjuefni við meðferð úrgangsins og raf- og rafeindabúnaðarúrgangur er ekki endurunninn í nægilega miklum mæli.

8) Aðildarríkin geta ekki, hvert í sínu lagi, náð því markmiði á skilvirkan hátt að bæta meðferð raf- og rafeindabúnaðarúrgangs. Einkum getur mismunandi beiting ríkjanna á meginreglunni um ábyrgð framleiðandans leitt til verulegs misræmis í fjárhagsbyrði rekstraraðila. Mismunandi stefna aðildarríkjanna að því er varðar meðferð raf- og rafeindabúnaðarúrgangs hamlar gegn skilvirkri endurvinnslustefnu. Þess vegna ber að mæla fyrir um grundvallarviðmiðanir á vettvangi Bandalagsins.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2004 frá 4. júni 2004 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 25.11.2004, bls. 15.

([1]) Stjtíð. EB C 365 E, 19.12.2000, bls. 184 og Stjtíð. EB C 240 E, 28.8.2001, bls. 298.

([2]) Stjtíð. EB C 116, 20.4.2001, bls. 38.

([3]) Stjtíð. EB C 148, 18.5.2001, bls. 1.

([4]) Álit Evrópuþingsins frá 15. maí 2001 (Stjtíð. EB C 34 E, 7.2.2002, bls. 115), sameiginleg afstaða ráðsins frá 4. desember 2001 (Stjtíð. EB C 110 E, 7.5.2002, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 10. apríl 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB). Ákvörðun Evrópuþingsins frá 18. desember 2002 og ákvörðun ráðsins frá 16. desember 2002.

([5]) Stjtíð. EB C 138, 17.5.1993, bls. 5.

([6]) Stjtíð. EB C 76, 11.3.1997, bls. 1.

([7]) Stjtíð. EB C 362, 2.12.1996, bls. 241.

([8]) Stjtíð. EB L 194, 25.7.1975, bls. 47. Tilskipuninni var síðast breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/350/EB (Stjtíð. EB L 135, 6.6.1996, bls. 32).

9) Ákvæði þessarar tilskipunar gilda um vörur og framleiðendur, óháð söluaðferðum, þ.m.t. fjarsala og rafræn sala. Í þessu sambandi skulu sömu skyldur lagðar á sama hátt á framleiðendur og dreifingaraðila, sem nota fjarsölu og rafræna sölu, til að forðast að þeir sem nota aðrar dreifingarleiðir þurfi að bera kostnað af að framfylgja þeim ákvæðum þessarar tilskipunar sem varða raf- og rafeindabúnaðarúrgang þar sem búnaðurinn er seldur í fjarsölu eða rafrænni sölu.

10) Þessi tilskipun nær yfir allan raf- og rafeindabúnað fyrir neytendur og raf- og rafeindabúnað sem er ætlaður til notkunar í atvinnuskyni. Þessi tilskipun gildir með fyrirvara um löggjöf Bandalagsins um öryggis- og heilbrigðiskröfur til verndar öllum þeim sem komast í snertingu við raf- og rafeindabúnaðarúrgang og einnig sérstaka löggjöf Bandalagsins um meðferð úrgangs, einkum tilskipun ráðsins 91/157/EBE frá 18. mars 1991 um rafhlöður og rafgeyma sem innihalda tiltekin hættuleg efni ([1]).

11) Endurskoða þarf tilskipun 91/157/EBE eins fljótt og unnt er, einkum með hliðsjón af þessari tilskipun.

12) Ábyrgð framleiðenda, sem komið er á með þessari tilskipun, er ein leið til að hvetja til þess að raf- og rafeindabúnaður sé hannaður og framleiddur á þann hátt að tekið sé fullt tillit til og stuðlað að viðgerðum, hugsanlegum endurbótum, endurnotkun, sundurtekningu og endurvinnslu.

13) Til að tryggja öryggi og heilbrigði starfsmanna dreifingaraðila sem vinna við endurviðtöku og meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs skulu aðildarríkin, í samræmi við landslög og löggjöf Bandalagsins um öryggis- og heilbrigðiskröfur, ákvarða skilyrði fyrir því að dreifingaraðilar geti synjað um endurviðtöku.

14) Aðildarríkin skulu hvetja til þess að raf- og rafeindabúnaður sé hannaður og framleiddur á þann hátt að tekið sé tillit til sundurhlutunar og endurnýtingar og hún auðvelduð, einkum endurnotkun og endurvinnsla raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, íhluta hans og efniviðar. Framleiðendur skulu ekki koma í veg fyrir endurnotkun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs með sérstakri hönnun eða framleiðsluferli nema þessi sérstaka hönnun eða framleiðsluferli hafi í för með sér yfirgnæfandi kosti, t.d. með tilliti til umhverfisverndar og/eða öryggiskrafna.

15) Forsendan fyrir því að unnt sé að tryggja sérstaka meðhöndlun og endurvinnslu raf- og rafeindabúnaðarúrgangs er að honum sé safnað sérstaklega, og er það nauðsynlegt til að ná því verndarstigi sem ákveðið hefur verið fyrir heilsu manna og umhverfið í Bandalaginu. Til að slík söfnun geti tekist verða neytendur að leggja sitt af mörkum og skulu þeir hvattir til þess að skila raf- og rafeindabúnaðarúrgangi. Í því augnamiði er rétt að koma upp heppilegri aðstöðu fyrir skil á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi, þ.m.t. almennar söfnunarstöðvar þar sem hægt er að skila úrgangi frá heimilum a.m.k. án þess að greiða fyrir það.

16) Til að unnt sé að ná því verndarstigi sem ákveðið hefur verið, svo og samhæfðum umhverfismarkmiðum Bandalagsins, skulu aðildarríkin samþykkja viðeigandi ráðstafanir til að halda því í lágmarki að raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sé fargað með óflokkuðu sorpi og ná því fram að miklum hluta slíks búnaðar sé safnað sérstaklega. Til að tryggja að aðildarríkin leitist við að koma upp skilvirkum söfnunarkerfum skal þeim gert að safna sem mestu af raf- og rafeindabúnaðarúrgangi frá heimilum.

17) Óhjákvæmilegt er að raf- og rafeindabúnaðarúrgangur fái sérstaka meðhöndlun til að komast hjá því að mengunarefni berist í endurunna efnið eða úrganginn. Slík meðhöndlun er skilvirkasta aðferðin við að tryggja að virt sé það verndarstig fyrir umhverfið innan Bandalagsins sem ákveðið hefur verið. Allar starfsstöðvar eða fyrirtæki, sem annast endurvinnslu og meðhöndlun, skulu uppfylla lágmarksstaðla til að koma í veg fyrir að meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs hafi neikvæð áhrif á umhverfið. Nota skal fullkomnustu tækni sem völ er á við meðhöndlun, endurnýtingu og endurvinnslu, að því tilskildu að unnt sé að tryggja heilsu manna og öfluga umhverfisvernd. Skilgreina má nánar fullkomnustu tækni sem völ er á við meðhöndlun, endurnýtingu og endurvinnslu í samræmi við ákvæði tilskipunar 96/61/EB.

18) Ef við á skal endurnotkun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, íhluta hans, undireininga og aukahluta hafa forgang. Ef endurnotkun er ekki ákjósanleg skal senda allan raf- og rafeindabúnaðarúrgang, sem hefur verið safnað sérstaklega, til endurnýtingar með það að markmiði að ná sem mestri endurvinnslu og endurnýtingu. Auk þess skal hvetja framleiðendur til að nota endurunnið efni í nýjan búnað.

19) Setja verður grundvallarreglur á vettvangi Bandalagsins um fjármögnun á meðferð raf- og rafeindabúnaðarúrgangs og þurfa fjárhagsáætlanir að stuðla að söfnun í miklum mæli og einnig að framkvæmd meginreglunnar um ábyrgð framleiðanda.

20) Notendur raf- og rafeindabúnaðar á heimilum skulu eiga möguleika á því að skila raf- og rafeindabúnaðarúrgangi, a.m.k. án þess að greiða fyrir það. Það eru því framleiðendur sem eiga að fjármagna söfnun frá söfnunarstöðvum og meðhöndlun, endurnýtingu og förgun á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi. Til að hugmyndin um ábyrgð framleiðanda beri sem mestan árangur skal hver framleiðandi bera ábyrgð á því að fjármagna meðferð úrgangs frá eigin framleiðslu. Framleiðandinn getur valið um það hvort hann uppfyllir þessa skyldu einn eða með því að taka þátt í sameiginlegu kerfi. Hver framleiðandi skal, þegar hann setur vöru á markaðinn, leggja fram fjárhagslega tryggingu til að koma í veg fyrir að kostnaður við meðferð raf- og rafeindabúnaðarúrgangs frá vöru, sem er ekki lengur framleidd, falli á samfélagið eða aðra

([1]) Stjtíð. EB L 78, 26.3.1991, bls. 38. Tilskipuninni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/101/EB (Stjtíð. EB L 1, 5.1.1999, bls. 1).

framleiðendur. Rétt er að ábyrgðin af að fjármagna meðferð eldri úrgangs skiptist á milli allra starfandi framleiðenda í sameiginlegu fjármögnunarkerfi sem allir framleiðendur, sem starfa á markaðnum þegar kostnaðurinn verður til, leggja fjármagn til í réttu hlutfalli. Sameiginleg fjármögnunarkerfi skulu ekki hafa þau áhrif að útiloka þá sem framleiða fyrir markaðskima og í litlu magni, innflytjendur eða nýja aðila á markaðnum. Á aðlögunartímabili skal framleiðendum vera það í sjálfsvald sett hvort þeir vekja athygli kaupenda á kostnaðinum við söfnun, meðhöndlun og umhverfisvæna förgun eldri úrgangs við sölu nýrrar vöru. Framleiðendur, sem nýta sér þetta ákvæði, skulu sjá til þess að tilgreindur kostnaður sé ekki meiri en raunverulegur kostnaður.

21) Til að söfnun á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi verði árangursrík er óhjákvæmilegt að veita notendum upplýsingar um þá kröfu að slíkum búnaði sé ekki fargað sem óflokkuðu sorpi heldur safnað sérstaklega og um söfnunarkerfin og hlutverk þeirra sjálfra í meðferð raf- og rafeindabúnaðarúrgangs. Slíkar upplýsingar kalla á að raf- og rafeindabúnaður, sem gæti hugsanlega endað í sorptunnum eða áþekkum ílátum fyrir sorphirðu, sé merktur á viðeigandi hátt.

22) Til að auðvelda meðferð raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, einkum meðhöndlun hans og endurnýtingu/endurvinnslu, er mikilvægt að framleiðendur veiti upplýsingar um það hvað auðkennir íhluti og efnivið hans.

23) Aðildarríkin skulu tryggja að skoðunar- og vöktunarkerfi geri kleift að sannreyna rétta framkvæmd þessarar tilskipunar, m.a. að teknu tilliti til tilmæla Evrópuþingsins og ráðsins 2001/331/EB frá 4. apríl 2001 þar sem kveðið er á um lágmarksviðmiðanir um umhverfiseftirlit í aðildarríkjunum ([1]).

24) Til að fylgjast með því hvort markmið þessarar tilskipunar hafi náðst er nauðsynlegt að hafa upplýsingar um þyngd eða, ef það er ekki mögulegt, fjölda eininga raf- eða rafeindabúnaðar, sem settur er á markað í Bandalaginu, og um árangur af söfnun, endurnotkun (þ.m.t. endurnotkun heilla tækja eins og unnt er), endurnýtingu eða endurvinnslu og útflutningi á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem hefur verið safnað í samræmi við þessa tilskipun.

25) Aðildarríkin geta kosið að láta tiltekin ákvæði þessarar tilskipunar koma til framkvæmda með samningum milli lögbærra yfirvalda og þeirrar atvinnugreinar sem um er að ræða, að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

26) Framkvæmdastjórnin skal, með nefndarmeðferð, laga tiltekin ákvæði tilskipunarinnar að framförum á sviði vísinda og tækni, svo og skrána yfir vörur í flokkunum sem eru tilgreindir í I. viðauka A, sérmeðhöndlun á efnivið og íhlutum raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, tæknilegar kröfur um geymslu og meðferð raf- og rafeindabúnaðarúrgangs og táknin sem raf- og rafeindabúnaður er merktur með.

27) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari tilskipun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([2]).

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Markmiðið með þessari tilskipun er fyrst og fremst að koma í veg fyrir myndun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs en einnig að endurnota, endurvinna og endurnýta hann á annan hátt til að draga úr förgun úrgangs. Einnig er markmiðið að auka umhverfisvitund allra rekstraraðila sem koma að málum á endingartíma raf- og rafeindabúnaðar, t.d. framleiðenda, dreifingaraðila og neytenda og einkum þeirra rekstraraðila sem koma á beinan hátt að meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs.

2. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun gildir um raf- og rafeindabúnað í flokkunum sem eru tilgreindir í I. viðauka A, að því tilskildu að viðkomandi búnaður sé ekki hluti af annarri gerð búnaðar sem fellur ekki undir gildissvið þessarar tilskipunar. Í I. viðauka B er skrá yfir vörur sem eru í flokkunum sem um getur í I. viðauka A.

2. Tilskipun þessi gildir með fyrirvara um löggjöf Bandalagsins um öryggis- og heilbrigðiskröfur og sérstaka löggjöf Bandalagsins um meðferð úrgangs.

3. Ákvæði þessarar tilskipunar gilda ekki um búnað sem tengist vernd grundvallaröryggishagsmuna aðildarríkjanna, vopnum, skotfærum og hergögnum. Þau gilda þó um vörur sem eru ekki ætlaðar sérstaklega til hernaðar.

([1]) Stjtíð. EB L 118, 27.4.2001, bls. 41.

([2]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

3. gr.

Skilgreiningar

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „raf- og rafeindabúnaður“: búnaður sem þarf rafstraum eða rafsegulsvið til að geta starfað á réttan hátt og búnaður til að framleiða, flytja og mæla slíkan rafstraum og rafsegulsvið, sem er í einhverjum af þeim flokkum sem eru tilgreindir í I. viðauka A og hannaður til notkunar við rafspennu sem fer ekki yfir 1000 volt þegar um er að ræða riðstraum og ekki yfir 1 500 volt þegar um er að ræða jafnstraum,

b) „raf- og rafeindabúnaðarúrgangur“: raf- eða rafeindabúnaður sem telst til úrgangs í skilningi a-liðar 1. gr. í tilskipun 75/442/EBE, þ.m.t. allir íhlutir, undireiningar og aukahlutir sem eru hluti af vörunni þegar henni er fleygt,

c) „forvarnir“: ráðstafanir sem miða að því að draga úr magni og skaðsemi fyrir umhverfið af völdum raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, efniviðar hans og efna sem í honum eru,

d) „endurnotkun“: öll starfsemi þar sem úr sér genginn raf- og rafeindabúnaður eða íhlutar hans eru notaðir í sama tilgangi og þeim var ætlað upphaflega, þ.m.t. áframhaldandi notkun búnaðar eða íhluta hans sem er skilað til söfnunarstöðva, dreifingaraðila, endurvinnsluaðila eða framleiðenda,

e) „endurvinnsla“: endurtekið framleiðsluferli úrgangsefnanna í upphaflegum tilgangi eða öðrum tilgangi að undanskilinni endurnýtingu orku, sem felst í að nota brennanlegan úrgang til að framleiða orku með því að brenna hann beint, einan sér eða með öðrum úrgangi þar sem hitinn er nýttur,

f) „endurnýting“: allar viðeigandi aðgerðir sem kveðið er á um í II. viðauka B við tilskipun 75/442/EBE,

g) „förgun“: allar viðeigandi aðgerðir sem kveðið er á um í II. viðauka A við tilskipun 75/442/EBE,

h) „meðhöndlun“: öll starfsemi sem fer fram eftir að komið hefur verið með raf- og rafeindabúnaðarúrgang til stöðvar til hreinsunar, sundurtekningar, tætingar, endurnýtingar eða undirbúnings fyrir förgun og hvers kyns annarra aðgerða sem eru framkvæmdar til endurnýtingar og/eða förgunar raf- og rafeindabúnaðarúrgangs,

i) „framleiðandi“: aðili sem, óháð þeirri sölutækni sem er notuð, þ.m.t. notkun fjarsamskiptamiðla í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB frá 20. maí 1997 um neytendavernd að því er varðar fjarsölusamninga ([1]),

   i) framleiðir og selur raf- og rafeindabúnað undir eigin vörumerki,

   ii) endurselur búnað, undir eigin vörumerki, sem aðrir birgjar framleiða en endursöluaðilinn telst þó ekki vera „framleiðandi“ ef vörumerki framleiðandans er á búnaðinum eins og kveðið er á um í i-lið, eða

   iii) flytur raf- og rafeindabúnað inn eða út úr aðildarríki í atvinnuskyni.

   Sá sem eingöngu leggur til fjármagn samkvæmt einhvers konar samningi um fjármögnun skal ekki teljast „framleiðandi“ nema hann starfi einnig sem framleiðandi í skilningi i- til iii-liðar,

j) „dreifingaraðili“: sá sem sér notanda raf- og rafeindabúnaðar fyrir slíkum búnaði á viðskiptagrundvelli,

k) „raf- og rafeindabúnaðarúrgangur frá heimilum“: raf- og rafeindabúnaðarúrgangur sem kemur frá heimilum eða frá verslun, iðnaði, stofnunum og annars staðar frá og er að eðli og umfangi svipaður þeim sem kemur frá heimilum,

l) „hættulegt efni eða efnablanda“: efni eða efnablanda sem verður að teljast hættuleg samkvæmt tilskipun ráðsins 67/548/EBE ([2]) eða tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB ([3]),

m) „fjármögnunarsamningur“: samningur eða fyrirkomulag varðandi lán, eignarleigu, leigu eða sölu með afborgunum á hvers konar búnaði, hvort sem skilmálar þess samnings eða fyrirkomulags eða hvers konar viðbótarsamningur eða -fyrirkomulag gerir ráð fyrir því að eignarréttur á þeim búnaði hafi verið eða verði framseldur.

4. gr.

Vöruhönnun

Aðildarríkin skulu hvetja til þess að raf- og rafeindabúnaður sé hannaður og framleiddur á þann hátt að tekið sé tillit til sundurhlutunar og endurnýtingar og hún auðvelduð, einkum endurnotkun og endurvinnsla raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, íhluta hans og efniviðar. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að framleiðendur komi ekki í veg fyrir endurnotkun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs með sérstakri hönnun eða framleiðsluferli nema slík hönnun eða framleiðsluferli hafi í för með sér yfirgnæfandi kosti, t.d. með tilliti til umhverfisverndar og/eða öryggiskrafna.

5. gr.

Sérstök söfnun

1. Aðildarríkin skulu samþykkja viðeigandi ráðstafanir til að draga úr því að raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sé fargað með óflokkuðu húsasorpi og ná því fram að verulegum hluta af slíkum búnaði sé safnað sérstaklega.

([1]) Stjtíð. EB L 144, 4.6.1997, bls. 19.

([2]) Stjtíð. EB 196, 16.8.1967, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/59/EB (Stjtíð. EB L 225, 21.8.2001, bls. 1).

([3]) Stjtíð. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1. Tilskipuninni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2001/60/EB (Stjtíð. EB L 226, 22.8.2001, bls. 5).

2. Að því er varðar raf- og rafeindabúnaðarúrgang frá heimilum skulu aðildarríkin sjá til þess að eigi síðar en 13. ágúst 2005:

a) sé komið upp kerfum sem gera síðustu eigendum og dreifingaraðilum kleift að skila slíkum úrgangi a.m.k. án þess að greiða fyrir það. Aðildarríkin skulu sjá til þess að nauðsynlegar söfnunarstöðvar séu tiltækar og aðgengilegar, einkum að teknu tilliti til þéttleika byggðar,

b) að dreifingaraðilar séu ábyrgir fyrir því, þegar þeir bjóða fram nýja vöru, að hægt sé að skila slíkum úrgangi til þeirra á skiptigrundvelli (einn fyrir einn) til dreifingaraðilans a.m.k. án þess að greiða fyrir það svo lengi sem búnaðurinn er af sambærilegri gerð og gegndi sama hlutverki og búnaðurinn sem er í boði. Aðildarríkin geta vikið frá þessu ákvæði, að því tilskildu að þau tryggi að með því sé síðasta eiganda ekki gert það erfiðara að skila raf- og rafeindabúnaðarúrgangi og að því tilskildu að þessi kerfi verði áfram ókeypis fyrir síðasta eiganda. Aðildarríki, sem nýta sér þetta ákvæði, skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það,

c) með fyrirvara um ákvæði a- og b-liðar skal framleiðendum vera heimilt að setja upp og starfrækja, hver í sínu lagi og/eða sameiginlega, skilakerfi fyrir raf- og rafeindabúnaðarúrgang frá heimilum, að því tilskildu að þessi kerfi séu í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar,

d) með hliðsjón af heilbrigðis- og öryggiskröfum, innlendum og í Bandalaginu, er hægt, skv. a- og b-lið, að synja um viðtöku á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem getur stofnað heilsu og öryggi starfsmanna í hættu vegna mengunar.

Aðildarríkin skulu gera sérstakar ráðstafanir vegna slíks raf- og rafeindabúnaðarúrgangs. Aðildarríkin geta gert sérstakar ráðstafanir vegna skila á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi skv. a- og b-lið ef helstu íhluti vantar í búnaðinn eða ef hann inniheldur annan úrgang en raf- og rafeindabúnaðarúrgang.

3. Þegar um er að ræða annan raf- og rafeindabúnaðarúrgang en frá heimilum, og með fyrirvara um 9. gr., skulu aðildarríkin sjá til þess að framleiðendur eða þriðju aðilar fyrir þeirra hönd sjá um að slíkum úrgangi sé safnað.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að allur raf- og rafeindabúnaðarúrgangur, sem er safnað skv. 1., 2. og 3. lið hér að framan, sé fluttur til viðurkenndra meðhöndlunarstöðva skv. 6. gr. nema tækin séu endurnotuð í heilu lagi. Aðildarríkin skulu sjá til þess að fyrirhuguð endurnotkun leiði ekki til þess að ákvæði þessarar tilskipunar séu sniðgengin, einkum að því er varðar 6. og 7. gr. Safna skal og flytja raf- og rafeindabúnaðarúrgang, sem hefur verið safnað sérstaklega, á þann hátt að endurnotkun og endurvinnsla íhluta eða heilla tækja, sem hægt er að endurnota eða endurvinna, verði sem mest.

5. Með fyrirvara um 1. mgr. skulu aðildarríkin sjá til þess að eigi síðar en 31. desember 2006 verði hlutfall sérstakrar söfnunar á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi frá heimilum komið í a.m.k. fjögur kíló að meðaltali á hvern íbúa á ári.

Að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að teknu tilliti til fenginnar reynslu aðildarríkjanna að því er varðar tæknilegu og fjárhagslegu hliðina skulu Evrópuþingið og ráðið setja nýtt, ófrávíkjanlegt markmið eigi síðar en 31. desember 2008. Það getur miðast við hundraðshluta þess magns raf- og rafeindabúnaðar sem hefur verið seldur til heimilisnota á undanfarandi árum.

6. gr.

Meðhöndlun

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framleiðendur eða þriðju aðilar fyrir þeirra hönd í samræmi við löggjöf Bandalagsins setji upp kerfi til meðhöndlunar á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi þar sem notuð er fullkomnasta tækni, sem völ er á, við meðhöndlun, endurnýtingu og endurvinnslu. Framleiðendur geta komið upp þessum kerfum hver í sínu lagi og/eða sameiginlega. Til að tryggja að farið sé að ákvæðum 4. gr. í tilskipun 75/442/EBE skal meðhöndlunin að lágmarki fela það í sér að allur vökvi er fjarlægður, svo og sérmeðferð í samræmi við II. viðauka þessarar tilskipunar.

Bæta má annars konar meðhöndlunartækni, er tryggi a.m.k. sama stig heilsu- og umhverfisverndar, við í II. viðauka, samkvæmt málsmeðferðinni sem um getur í 2. mgr. 14. gr.

Aðildarríkin geta sett lágmarksgæðastaðla fyrir meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, sem hefur verið safnað, til verndar umhverfinu. Aðildarríki, sem kjósa að setja slíka gæðastaðla, skulu greina framkvæmdastjórninni frá því og skal hún birta staðlana.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að allar starfsstöðvar eða fyrirtæki, sem sjá um meðhöndlun, fái leyfi lögbærra yfirvalda í samræmi við 9. og 10. gr. tilskipunar 75/442/EBE.

Beita má undanþágunni frá tilskildu leyfi sem um getur í b-lið 1. mgr. 11. gr. í tilskipun 75/442/EBE þegar um er að ræða starfsemi til endurnýtingar á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi ef lögbær yfirvöld láta fara fram skoðun áður en skráning fer fram til að tryggja að farið sé að ákvæðum 4. gr. tilskipunar 75/442/EBE.

Í skoðun þessari skal hafa eftirlit með:

a) gerð og magni úrgangs sem meðhöndla á,

b) almennum, tæknilegum kröfum sem uppfylla skal,

c) öryggisráðstöfunum sem gerðar skulu,

Skoðunin skal fara fram a.m.k. einu sinni á ári og skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni niðurstöðurnar.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að allar starfsstöðvar og fyrirtæki, sem sjá um meðhöndlun, geymi og meðhöndli raf- og rafeindabúnaðarúrgang í samræmi við tæknilegu kröfurnar sem eru settar fram í III. viðauka.

4. Aðildarríkin skulu tryggja að leyfið eða skráningin, sem um getur í 2. mgr., feli í sér öll nauðsynleg skilyrði fyrir því að kröfurnar í 1. og 3. mgr. séu uppfylltar og að unnt sé að ná endurnýtingarmarkmiðunum sem eru sett fram í 7. gr.

5. Meðhöndlunin getur einnig átt sér stað utan viðkomandi aðildarríkis eða utan Bandalagsins, að því tilskildu að flutningur raf- og rafeindabúnaðarúrgangs sé í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 frá 1. febrúar 1993 um umsjón og eftirlit með flutningi úrgangs innan, til og út úr Evrópubandalaginu ([1]).

Raf- og rafeindabúnaðarúrgangur, sem er fluttur út úr Bandalaginu í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93, reglugerð ráðsins (EB) nr. 1420/1999 ([2]) frá 29. apríl 1999 um sameiginlegar reglur og málsmeðferð við flutning á tilteknum tegundum úrgangs til tiltekinna landa utan Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1547/1999 ([3]) frá 12. júlí 1999 um eftirlitsaðferðir samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 259/93 sem gilda um flutning á tilteknum tegundum úrgangs til tiltekinna landa, sem lokagerð ákvörðunar Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD), C(92)39, gildir ekki um, skal einungis teljast uppfylla skyldur og markmið 1. og 2. mgr. 7. gr. þessarar tilskipunar ef útflytjandinn getur sannað að endurnýtingin, endurnotkunin og/eða endurvinnslan hafi farið fram við aðstæður sem eru sambærilegar við það sem krafist er í þessari tilskipun.

6. Aðildarríkin skulu hvetja starfsstöðvar og fyrirtæki sem sjá um meðhöndlun til að koma á fót vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 761/2001 frá 19. mars 2001 um að heimila frjálsa aðild stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS) ([4]).

7. gr.

Endurnýting

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framleiðendur, eða þriðju aðilar fyrir þeirra hönd, setji upp kerfi, annaðhvort einir eða sameiginlega í samræmi við löggjöf Bandalagsins, fyrir endurnýtingu á raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem er safnað sérstaklega í samræmi við 5. gr. Aðildarríkin skulu láta endurnotkun heilla tækja hafa forgang. Fram til þess dags, sem um getur í 4. mgr., skal ekki taka tillit til slíkra tækja við útreikning markmiðanna, sem um getur í 2. mgr.

2. Að því er varðar raf- og rafeindabúnaðarúrgang sem sendur er til meðhöndlunar í samræmi við 6. gr. skulu aðildarríkin sjá til þess að framleiðendur nái eftirfarandi markmiðum eigi síðar en 31. desember 2006:

a) að því er varðar raf- og rafeindabúnaðarúrgang í 1. og 10. flokki í I. viðauka A,

   — skal endurnýtingarhlutfall hafa aukist í a.m.k. 80% miðað við meðalþyngd hvers tækis, og

   — endurnotkun og endurvinnsla íhluta, efniviðar og efna skal hafa aukist í a.m.k. 75% miðað við meðalþyngd hvers tækis,

b) að því er varðar raf- og rafeindabúnaðarúrgang í 3. og 4. flokki í I. viðauka A,

   — skal endurnýtingarhlutfall hafa aukist í a.m.k. 75% miðað við meðalþyngd hvers tækis, og

   — endurnotkun og endurvinnsla íhluta, efniviðar og efna skal hafa aukist í a.m.k. 65% miðað við meðalþyngd hvers tækis,

c) að því er varðar raf- og rafeindabúnaðarúrgang í 2., 5., 6., 7. og 9. flokki í I. viðauka A,

   — skal hlutfall endurnýtingar hafa aukist í a.m.k. 70% miðað við meðalþyngd hvers tækis, og

   — endurnotkun og endurvinnsla íhluta, efniviðar og efna skal hafa aukist í a.m.k. 50% miðað við meðalþyngd hvers tækis,

d) að því er varðar gasúrhleðslulampa skal endurnýtingar- og endurvinnsluhlutfall íhluta, efniviðar og efna ná 80% af þyngd lampanna.

3. Aðildarríkin skulu sjá til þess, m.t.t útreiknings á þessum markmiðum, að framleiðendur eða þriðju aðilar fyrir þeirra hönd haldi skýrslur yfir massa raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, íhluta, efniviðar eða efna hans þegar hann kemur inn (ílag) eða fer út (frálag) úr meðhöndlunarstöðinni og/eða þegar hann fer inn (ílag) í endurnýtingar- eða endurvinnslustöðina.

Framkvæmdastjórnin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 14. gr., setja nákvæmar reglur um eftirlit með því hvort aðildarríkin nái þeim markmiðum sem sett eru í 2. mgr., þ.m.t. um forskriftir fyrir efnivið. Framkvæmdastjórnin skal gera þessa ráðstöfun eigi síðar en 13. ágúst 2004.

4. Að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar skulu Evrópuþingið og ráðið, eigi síðar en 31. desember 2008, setja ný markmið um endurnýtingu og endurnotkun/endurvinnslu, þ.m.t. endurnotkun tækja í heilu lagi, eftir því sem við á, og um vörur í 8. flokki í I. viðauka A. Þetta skal gert að teknu tilliti til umhverfislegs ávinnings af raf- og rafeindabúnaði sem í notkun er, svo sem betri nýtingar auðlinda í kjölfar þróunar á sviði efniviðar og tækni. Einnig ber að taka tilliti til tæknilega framfara að því er varðar endurnotkun, endurnýtingu og endurvinnslu, vörur og efnivið og fenginnar reynslu aðildarríkjanna og atvinnugreinarinnar.

5. Aðildarríkin skulu hvetja til þróunar nýrrar tækni við endurnýtingu, endurvinnslu og meðhöndlun.

([1]) Stjtíð. EB L 30, 6.2.1993, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2557/2001 (Stjtíð. EB L 349, 31.12.2001, bls. 1).

([2]) Stjtíð. EB L 166, 1.7.1999, bls. 6. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2243/2001 (Stjtíð. EB L 303, 20.11.2001, bls. 11).

([3]) Stjtíð. EB L 185, 17.7.1999, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2243/2001.

([4]) Stjtíð. EB L 114, 24.4.2001, bls. 1.

8. gr.

Fjármögnun á meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs frá heimilum

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að frá og með 13. ágúst 2005 fjármagni framleiðendur a.m.k. söfnun, meðhöndlun, endurnýtingu og umhverfisvæna förgun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs frá heimilum sem er afhentur í söfnunarstöðvar sem komið er á fót skv. 2. mgr. 5. gr.

2. Þegar um er að ræða vörur sem settar eru á markað eftir 13. ágúst 2005 skal hver framleiðandi bera ábyrgð á því að fjármagna starfsemi sem um getur í 1. mgr. og tengist úrgangi frá hans eigin framleiðslu. Framleiðandinn getur valið um það hvort hann uppfyllir skyldur sínar einn eða með því að taka þátt í sameiginlegu kerfi.

Aðildarríkin skulu tryggja að hver framleiðandi leggi fram tryggingu, þegar hann setur vöru á markaðinn, fyrir því að meðferð alls raf- og rafeindabúnaðarúrgangs verði fjármögnuð og að framleiðendur merki vörur sínar greinilega í samræmi við 2. mgr. 11. gr. Þessi trygging skal taka af allan vafa um að starfsemin, sem um getur í 1. mgr. varðandi þessa vöru, verði fjármögnuð. Tryggingin getur verið í formi þátttöku framleiðandans í viðeigandi fjármögnunarkerfum fyrir meðferð raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, endurvinnslutryggingar eða lokaðs bankareiknings.

Við sölu á nýjum búnaði skal ekki sýna kaupanda sérstaklega kostnað við söfnun, meðhöndlun og umhverfisvæna förgun.

3. Ábyrgjast skal fjármögnun vegna kostnaðar við meðferð raf- og rafeindabúnaðarúrgangs vara, sem settar eru á markað fyrir þann dag, sem nefndur er í 1. mgr. (gamall úrgangur), með einu eða fleiri kerfum sem allir framleiðendur, sem eru á markaðnum þegar viðkomandi kostnaður myndast, leggja fram fé til hlutfallslega, þ.e. í réttu hlutfalli við hlut þeirra í mörkuðum fyrir hinar ýmsu gerðir búnaðar.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að á 8 ára aðlögunartímabili (10 ár í 1. flokki í I. viðauka A) eftir gildistöku þessarar tilskipunar sé framleiðendum heimilt að sýna kaupendum kostnaðinn við söfnun, meðhöndlun og umhverfisvæna förgun þegar ný vara er seld. Tilgreindur kostnaður skal ekki vera meiri en raunverulegur kostnaður.

4. Aðildarríkin skulu sjá til þess að framleiðendur, sem nota fjarsamskiptamiðla til að bjóða fram raf- eða rafeindabúnað, uppfylli einnig kröfurnar sem eru settar í þessari grein varðandi búnað sem er boðinn fram í aðildarríkinu þar sem kaupandi hans er búsettur.

9. gr.

Fjármögnun á meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs frá öðrum en heimilum

Aðildarríkin skulu sjá til þess að eigi síðar en 13. ágúst 2005 fjármagni framleiðendur söfnun, meðhöndlun, endurnýtingu og umhverfisvæna förgun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs frá öðrum en heimilum að því er tekur til vara sem eru settar á markað eftir 13. ágúst 2005.

Að því er varðar raf- og rafeindabúnaðarúrgang vara, sem settar eru á markað fyrir 13. ágúst 2005 (gamall úrgangur), skulu framleiðendur fjármagna kostnaðinn við meðferð. Í annan stað geta aðildarríkin kveðið á um að aðrir notendur en á heimilum séu einnig, að hluta til eða að öllu leyti, ábyrgir fyrir þessari fjármögnun.

Framleiðendur og notendur, aðrir en á heimilum geta gert samninga þar sem aðrar fjármögnunaraðferðir eru ákveðnar, sbr. þó ákvæði þessarar tilskipunar.

10. gr.

Upplýsingar til notenda

1. Aðildarríkin skulu tryggja að notendur raf- og rafeindabúnaðar á heimilum fái nauðsynlegar upplýsingar um:

a) þá kröfu að raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sé ekki fargað sem óflokkuðu húsasorpi heldur sé honum safnað sérstaklega,

b) endurnýtingar- og söfnunarkerfi sem þeir hafa aðgang að,

c) hlutverk sitt varðandi endurnotkun, endurvinnslu og aðrar leiðir til endurnýtingar raf- og rafeindabúnaðarúrgangs,

d) hugsanleg áhrif hættulegra efna í raf- og rafeindabúnaði á umhverfið og heilsu manna,

e) merkingu táknsins sem er sýnt í IV. viðauka.

2. Aðildarríki skulu samþykkja viðeigandi ráðstafanir til að fá neytendur til að taka þátt í söfnun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs og hvetja þá til að auðvelda endurnotkunar-, meðhöndlunar- og endurvinnsluferlið.

3. Með það fyrir augum að halda því í lágmarki að raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sé fargað sem óflokkuðu húsasorpi og til að auðvelda að honum sé safnað sérstaklega skulu aðildarríkin sjá til þess að framleiðendur merki raf- og rafeindabúnað sem settur er á markað eftir 13. ágúst 2005 á viðeigandi hátt með tákninu sem er sýnt í IV. viðauka. Í undantekningartilvikum, þegar það er nauðsynlegt vegna stærðar eða virkni búnaðarins, skal táknið vera prentað á umbúðir, notkunarleiðbeiningar og ábyrgðarskírteini raf- og rafeindabúnaðarins.

4. Aðildarríkin geta krafist þess að framleiðendur og/eða dreifingaraðilar veiti sumar eða allar upplýsingarnar, sem um getur í 1. til 3. mgr., t.d. í notkunarleiðbeiningum eða á sölustað.

11. gr.

Upplýsingar til meðhöndlunarstöðva

1. Til að auðvelda endurnotkun og rétta og umhverfisvæna meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, þ.m.t. viðhald, uppfærsla, endurnýjun, og endurvinnsla, skulu aðildarríkin gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að framleiðendur veiti upplýsingar um endurnotkun og meðhöndlun hverrar gerðar af nýjum raf- og rafeindabúnaði, sem er settur á markað, innan eins árs frá því að búnaðurinn kemur á markaðinn. Í upplýsingunum skal tilgreina, að svo miklu leyti sem endurnotkunarmiðstöðvum, meðhöndlunar- og endurvinnslustöðvum er nauðsynlegt til að geta uppfyllt ákvæði þessarar tilskipunar, mismunandi íhluti og efnivið raf- og rafeindabúnaðar og einnig staðsetningu hættulegra efna og efnablandna í slíkum búnaði. Framleiðendur raf- og rafeindabúnaðar skulu hafa upplýsingarnar tiltækar fyrir endurnotkunarmiðstöðvar, meðhöndlunar- og endurvinnslustöðvar í formi handbóka eða á rafrænum miðlum (t.d. geisladiskum eða með beinlínuþjónustu).

2. Aðildarríki skulu tryggja að öll raf- og rafeindatæki, sem sett eru á markað eftir 13. ágúst 2005, séu greinilega merkt framleiðanda. Til að ákvarða megi ótvírætt hvenær tækið er sett á markað skal enn fremur koma fram á merkingunni á tækinu að það hafi verið sett á markað eftir 13. ágúst 2005. Framkvæmdastjórnin skal stuðla að því að settir verði Evrópustaðlar í þessum tilgangi.

12. gr.

Upplýsingar og skýrslugjöf

1. Aðildarríkin skulu taka saman skrá yfir framleiðendur og safna ár hvert upplýsingum, ásamt rökstuddu mati, um magn og flokka raf- og rafeindabúnaðar sem settur er á markað þeirra, er safnað eftir öllum leiðum, endurnotaður, endurunninn og endurnýttur í aðildarríkjunum, og um úrgang sem hefur verið safnað og hann fluttur út, eftir vigt eða, ef það er ekki hægt, eftir fjölda tækja.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að framleiðendur, sem bjóða fram raf- eða rafeindabúnað með fjarsamskiptamiðlum, veiti upplýsingar um það hvort þeir uppfylla kröfurnar sem eru settar fram í 4. mgr. 8. gr. og um magn og flokka raf- og rafeindabúnaðar sem settur er á markað í aðildarríkinu þar sem kaupandi búnaðarins er búsettur.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að upplýsingarnar, sem krafist er, séu sendar til framkvæmdastjórnarinnar annað hvert ár innan 18 mánaða frá lokum þess tímabils sem um er að ræða. Fyrsti hluti upplýsinganna skal ná yfir árin 2005 og 2006. Veita skal upplýsingarnar í formi sem skal ákveðið innan eins árs frá gildistöku þessarar tilskipunar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 14. gr. með það fyrir augum að koma á fót gagnasafni um raf- og rafeindabúnaðarúrgang og meðhöndlun hans.

Aðildarríkin skulu sjá til þess að upplýsingaskipti séu nægileg til að uppfylla ákvæði þessarar málsgreinar, einkum að því er varðar meðhöndlun sem um getur í 5. mgr. 6. gr.

2. Með fyrirvara um kröfur 1. mgr. skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar á þriggja ára fresti. Skýrslan skal byggjast á spurningalista eða eyðublaði sem framkvæmdastjórnin tekur saman í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 6. gr. tilskipunar ráðsins 91/692/EBE frá 23. desember 1991 um að staðla og einfalda skýrslur um framkvæmd tiltekinna tilskipana um umhverfismál ([1]). Spurningalistann eða eyðublaðið skal senda aðildarríkjunum sex mánuðum fyrir upphaf tímabilsins sem skýrslan fjallar um. Skýrslan skal send framkvæmdastjórninni innan níu mánaða frá lokum þriggja ára tímabilsins sem hún tekur til.

Fyrsta skýrslan skal ná yfir þriggja ára tímabilið frá 2004 til 2006.

Framkvæmdastjórnin skal gefa út skýrslu um framkvæmd þessarar tilskipunar innan níu mánaða frá því að skýrslur aðildarríkjanna hafa borist henni.

13. gr.

Aðlögun að framförum í vísindum og tækni

Allar breytingar, sem eru nauðsynlegar til að laga 3. mgr. 7. gr., I. viðauka B (einkum með það í huga að bæta hugsanlega við ljósabúnaði á heimilum, glóþráðarperum og ispennuljósnemabúnaði, þ.e. sólarrafhlöðuplötum), II. viðauka (einkum með tilliti til nýjunga í tækniþróun við meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs) og III. og IV. viðauka að framförum í vísindum og tækni, skulu samþykktar samkvæmt málsmeðferðinni sem um getur í 2. mgr. 14. gr.

Áður en viðaukunum er breytt skal framkvæmdastjórnin m.a. hafa samráð við framleiðendur raf- og rafeindabúnaðar, endurvinnsluaðila, meðhöndlunaraðila, umhverfissamtök og starfsmanna- og neytendasamtök.

14. gr.

Nefnd

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar sem komið er á fót með 18. gr. tilskipunar 75/442/EBE.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

([1]) Stjtíð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 48.

15. gr.

Viðurlög

Aðildarríkin skulu ákveða viðurlög sem gilda skulu um brot á innlendum ákvæðum sem samþykkt eru samkvæmt þessari tilskipun. Þessi viðurlög skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

16. gr.

Skoðun og eftirlit

Aðildarríkin skulu sjá til þess að skoðun og eftirlit geri kleift að sannprófa að þessi tilskipun sé framkvæmd á réttan hátt.

17. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 13. ágúst 2004. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni það þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði allra laga og stjórnsýslufyrirmæla sem þau samþykkja á því sviði sem tilskipun þessi nær til.

3. Að því tilskildu að markmiðin, sem sett eru í þessari tilskipun, náist er aðildarríkjunum heimilt að taka upp ákvæðin sem mælt er fyrir um í 6. gr. (6. mgr.), 10. gr. (1. mgr.) og 11. gr. með samningum milli lögbærra yfirvalda og þeirra atvinnuvega sem um er að ræða. Þessir samningar skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) samningar skulu vera framkvæmanlegir,

b) í samningum verður að tilgreina markmið ásamt viðeigandi tímamörkum,

c) samningar skulu birtir í innlendum stjórnartíðindum eða opinberu skjali, sem almenningur hefur jafnt aðgengi að, og komið á framfæri við framkvæmdastjórnina,

d) reglulegt eftirlit skal vera með þeim niðurstöðum sem nást, gefa skal skýrslu um þær til lögbærra yfirvalda og framkvæmdastjórnarinnar og koma þeim á framfæri við almenning samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru í samningnum,

e) lögbær yfirvöld skulu sjá til þess að framfarir, sem nást samkvæmt samningnum, verði kannaðar,

f) ef ekki er staðið við samninginn skulu aðildarríkin beita viðeigandi ákvæðum þessarar tilskipunar með laga- eða stjórnsýslufyrirmælum.

4. a) Grikkland og Írland, sem, vegna:

— skorts á grunnvirkjum til endurvinnslu,

— landfræðilegra aðstæðna, s.s. mikils fjölda lítilla eyja og dreifbýlis- og fjallasvæða,

— strjálbýlis, og

— lítillar notkunar raf- og rafeindabúnaðar,

eru hvorki eru fær um að ná markmiðinu um söfnun, sem um getur í fyrstu undirgrein 5. mgr. 5. gr., né markmiðunum um endurnýtingu, sem um getur í 2. mgr. 7. gr., og sem geta, samkvæmt þriðju undirgrein 2. mgr. 5. gr. í tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs, sótt um framlengingu frestsins sem um getur í þeirri grein,

hafa heimild til að framlengja frestinn, sem um getur í 5. mgr 5. gr. og 2. mgr. 7. gr. þessarar tilskipunar, í allt að 24 mánuði.

Þessi aðildarríki skulu greina framkvæmdastjórninni frá ákvörðunum sínum fyrir lögleiðingu þessarar tilskipunar.

b) Framkvæmdastjórninni ber að tilkynna öðrum aðildarríkjum og Evrópuþinginu um þessar ákvarðanir.

5. Innan fimm ára frá gildistöku þessarar tilskipunar skal framkvæmdastjórnin senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu sem byggð er á reynslunni af beitingu þessarar tilskipunar, einkum að því er varðar kerfi fyrir sérstaka söfnun, meðhöndlun, endurnýtingu og fjármögnun. Enn fremur skal skýrslan byggjast á tækniþróuninni, fenginni reynslu, kröfum í umhverfismálum og starfsemi innri markaðarins. Þessari skýrslu skulu, eftir því sem við á, fylgja tillögur um endurskoðun á viðeigandi ákvæðum þessarar tilskipunar.

18. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

19. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. janúar 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	G. DRYS
forseti.	*forseti.*

(1) Stjtíð. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1.

I. VIÐAUKI A

Flokkar raf- og rafeindabúnaðar sem þessi tilskipun gildir um

1. Stór heimilistæki
2. Lítil heimilistæki
3. Upplýsingatækni- og fjarskiptabúnaður
4. Neytendabúnaður
5. Ljósabúnaður
6. Raf- og rafeindatæki (að frátöldum stórum, föstum tækjum til iðnaðar)
7. Leikföng, tómstunda-, íþrótta- og útivistarbúnaður
8. Lækningatæki (að frátöldum ígræðsluvörum og vörum sem bera smit)
9. Vöktunar og eftirlitstæki
10. Sjálfsalar

I. VIÐAUKI B

Skrá yfir vörur sem taka skal tillit til að því er varðar þessa tilskipun og sem teljast til flokka I. viðauka A

1. Stór heimilistæki

Stór kælitæki

Kæliskápar

Frystar

Önnur stór tæki notuð til kælingar, varðveislu og geymslu matvæla

Þvottavélar

Þurrkarar

Uppþvottavélar

Eldunartæki

Rafmagnsarnar

Rafmagnshellur

Örbylgjuofnar

Önnur stór tæki notuð til eldunar og annarrar vinnslu matvæla

Rafmagnshitunartæki

Rafmagnsofnar

Önnur stór tæki til að hita upp herbergi, rúm eða sæti

Rafmagnsviftur

Loftjöfnunartæki

Annar viftu- útblásturs- og loftjöfnunarbúnaður

2. Lítil heimilistæki

Ryksugur

Teppahreinsarar

Önnur hreingerningatæki

Tæki sem eru notuð til að sauma, prjóna, vefa og til annarrar textílvinnslu

Straujárn og önnur tæki sem eru notuð til að strauja, rulla og hirða um fatnað á annan hátt

Brauðristar

Steikarpönnur

Kvarnir, kaffivélar og búnaður til að opna eða innsigla ílát eða umbúðir

Rafmagnshnífar

Hárskurðartæki, hárþurrkur, rafmagnstannburstar, rakvélar, nuddtæki og önnur tæki, notuð til snyrtingar

Klukkur, armbandsúr og búnaður til að mæla, gefa til kynna eða skrá tíma

Vogir

3. Upplýsingatækni- og fjarskiptabúnaður

Miðlæg gagnavinnsla:

Stórtölvur

Smátölvur

Prenttæki

Einkatölvur:

Einkatölvur (miðverk, mús, skjár og lyklaborð meðtalið)

Fartölvur (miðverk, mús, skjár og lyklaborð meðtalið)

Fistölvur

Lófatölvur

Prentarar

Afritunarbúnaður

Rafmagns- og rafeindaritvélar

Vasa- og borðreiknivélar og önnur tæki og búnaður til að safna, geyma, vinna úr, setja fram eða miðla upplýsingum með rafrænum hætti

Endabúnaður og -kerfi notanda

Bréfasími

Fjarriti

Símar

Símasjálfsalar

Þráðlausir símar

Hólfskiptir símar

Símsvarar og önnur tæki eða búnaður til að flytja hljóð, myndir eða aðrar upplýsingar með fjarskiptatækni

4. Neytendabúnaður

Útvarpstæki

Sjónvarpstæki

Myndbandsupptökutæki

Myndbandstæki

Hi-fi-upptökutæki

Magnarar

Hljóðfæri

og önnur tæki eða búnaður sem er notaður til hljóð- eða myndupptöku eða -flutnings, þ.m.t. merki eða annars konar tækni við dreifingu hljóðs og myndar en með fjarskiptum

5. Ljósabúnaður

Ljós fyrir flúrlampa að frátöldum þeim sem eru notuð á heimilum

Aflangir flúrlampar

Samþjappaðir flúrlampar

Hástyrksúrhleðslampar, þ.m.t. þrýstingsnatríumlampar og málmhalógenlampar

Lágþrýstingsnatríumlampar

Annars konar ljós eða ljósabúnaður sem þjónar þeim tilgangi að dreifa ljósi eða takmarka ljós, að frátöldum glóþráðarperum

6. Raf- og rafeindatæki (að frátöldum stórum, föstum tækjum til iðnaðar)

Borar

Sagir

Saumavélar

Búnaður til að renna, sverfa, slípa, fínpússa, saga, skera, klippa, bora, hola, gata, brjóta saman, beygja eða vinna timbur, málm eða önnur efni á svipaðan hátt

Verkfæri til að hnoða, negla eða skrúfa eða fjarlægja hnoð, nagla og skrúfur eða til svipaðra nota

Tæki til að logsjóða eða lóða eða til svipaðra nota

Búnaður til sprautunar, dreifingar, úðunar eða annarrar meðhöndlunar með vökva eða loftkenndum efnum

Sláttutæki eða önnur tæki til garðvinnu

7. Leikföng, tómstunda-, íþrótta- og útivistarbúnaður

Rafknúnar lestar eða bílabrautir
Handstjórnborð myndbandsleikja
Skjáleikir
Tölvur til hjólreiða, köfunar, hlaupa, róðrar o.s.frv.
Íþrótta- og útivistarbúnaður með raf- eða rafeindaíhlutum
Spilakassar

8. Lækningatæki (að frátöldum ígræðsluvörum og vörum sem bera smit)

Búnaður til geislameðferðar
Hjartalækningatæki
Skilunarbúnaður
Öndunartæki
Búnaður til geislalækninga
Búnaður á rannsóknarstofu til sjúkdómsgreiningar í glasi
Greiningartæki
Frystar
Búnaður til frjóvgunarprófana
Önnur tæki til að greina, fyrirbyggja, vakta, veita meðferð og ráða bót á sjúkdómum, meiðslum og fötlun

9. Vöktunar- og eftirlitstæki

Reykskynjarar
Hitajafnarar
Hitastillar
Mælitæki, vogir- eða stillibúnaður fyrir heimili eða rannsóknarstofur
Önnur vöktunar- og eftirlitstæki sem notuð eru í iðjuverum (t.d. á stjórnborðum)

10. Sjálfsalar

Sjálfsalar fyrir heita drykki
Sjálfsalar fyrir heitar eða kaldar flöskur eða dósir
Sjálfsalar fyrir vörur í föstu formi
Sjálfsalar til að skipta peningum
Öll tæki sem afhenda sjálfvirkt hvers konar vörur

II. VIÐAUKI

Sérmeðhöndlun efniviðar og íhluta raf- og rafeindabúnaðarúrgangs í samræmi við 1. mgr. 6. gr.

1. Að lágmarki skal fjarlægja eftirfarandi efni, efnablöndur og íhluti úr öllum raf- og rafeindabúnaðarúrgangi sem safnað er sérstaklega:
   - fjölklóruð býfenýl (PCB) sem innihalda þétta í samræmi við tilskipun ráðsins 96/59/EB frá 16. september 1996 um förgun fjölklóraðra bífenýla og fjölklóraðra terfenýla (PCB/PCT) ([1]),
   - íhluti sem innihalda kvikasilfur, s.s. rofa eða lampa til baklýsingar,
   - rafhlöður,
   - prentplötur, yfirleitt úr farsímum en einnig úr öðrum tækjum ef yfirborð prentplötunnar er stærra en 10 fersentimetrar,
   - blekhylki, fljótandi eða krem, einnig litahylki,
   - plast sem inniheldur brómað logavarnarefni,
   - asbestúrgangur og íhlutir sem innihalda asbest,
   - bakskautslampar,
   - klórflúrkolefni (CFC), vetnisklórflúrkolefni (HCFC) eða vetnisflúrkolefni (HFC) og vetniskolefni (HC),
   - gasúrhleðslulampar,
   - vökvakristalskjáir (ásamt umgerð ef við á) með stærra yfirborð en 100 fersentimetra og allir slíkir skjáir sem eru baklýstir með gasúrhleðslulömpum,
   - utanáliggjandi rafleiðslur,
   - íhlutir sem innihalda eldfastar keramíktrefjar eins og lýst er í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/69/EB frá 5. desember 1997 um aðlögun að tækniframförum á tilskipun ráðsins 67/548/EBE um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna ([2]),
   - íhlutar sem innihalda geislavirk efni, að frátöldum íhlutum sem eru undir undantekningarmörkunum sem eru sett í 3. gr. og I. viðauka tilskipunar ráðsins 96/29/KBE frá 13. maí 1996 um grundvallaröryggisstaðla um verndun heilbrigðis starfsmanna og almennings gegn hættu af völdum jónandi geislunar ([3]),
   - rafkleyfir þéttar sem innihalda skaðleg efni (hæð > 25 mm, þvermál > 25 mm eða hlutfallslega svipað magn)

   Farga skal þessum efnum, efnablöndum og íhlutum eða endurnýta þau í samræmi við 4. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE.
2. Eftirfarandi íhlutar raf- og rafeindabúnaðarúrgangs, sem er safnað sérstaklega, skulu meðhöndlaðir á eftirfarandi hátt:
   - bakskautslampar: fjarlægja skal flúrhúðun,
   - búnaður sem inniheldur lofttegundir sem eru ósoneyðandi eða hafa hitahækkunarmátt (GWP) sem fer yfir 15, t.d. í froðu og kælirásum: draga verður lofttegundirnar út og meðhöndla þær á réttan hátt. Ósoneyðandi lofttegundir verður að meðhöndla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr 2037/2000 frá 29. júní 2000 um efni sem eyða ósonlaginu ([4]),
   - gasúrhleðslulampar: fjarlægja skal kvikasilfur
3. Að teknu tilliti til umhverfissjónarmiða og þess hve endurnotkun og endurvinnsla er æskileg skal beita 1. og 2. lið á þann hátt að umhverfisvæn endurnotkun og endurvinnsla íhluta eða heilla tækja sé ekki hindruð.
4. Við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 14. gr., skal framkvæmdastjórnin hafa það sem forgangsmál að meta, m.t.t. eftirfarandi færslna:
   - prentplötur úr farsímum, og
   - vökvakristalskjáir

   hvort þeim þurfi að breyta.

([1]) Stjtíð. EB L 243, 24.9.1996, bls. 31.
([2]) Stjtíð. EB L 343, 13.12.1997, bls. 19.
([3]) Stjtíð. EB L 159, 29.6.1996, bls. 1.
([4]) Stjtíð. EB L 244, 29.9.2000, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2039/2000 (Stjtíð. EB L 244, 29.9.2000, bls. 26).

III. VIÐAUKI

Tæknilegar kröfur í samræmi við 3. mgr. 6. gr.

1. Geymslustaðir (þ.m.t. bráðabirgðageymsla) raf- og rafeindabúnaðarúrgangs áður en meðhöndlun hefst (með fyrirvara um kröfurnar í tilskipun ráðsins 1999/31/EB):

   — hentug svæði með ógagndræpu yfirborði þar sem fyrir hendi er aðstaða til lekasöfnunar og, ef við á, fellingar- og fituhreinsunarbúnaður,

   — heppileg svæði með vatnsheldu yfirborði.

2. Staðir fyrir meðhöndlun raf- og rafeindabúnaðarúrgangs:

   — vogir til að vigta meðhöndlaðan úrgang,

   — hentug svæði með ógagndræpu yfirborði og vatnsþéttri yfirbyggingu þar sem fyrir hendi er aðstaða til lekasöfnunar og, ef við á, fellingar- og fituhreinsunarbúnaður,

   — heppileg geymsla fyrir varahluti úr búnaði sem tekinn hefur verið í sundur,


   — heppileg ílát til að geyma í rafhlöður, þétta sem innihalda PCB eða PCT og annan hættulegan úrgang, s.s. geislavirkan úrgang,

   — búnaður til að hreinsa vatn, í samræmi við heilbrigðis- og umhverfisreglugerðir.

IV. VIÐAUKI

Tákn til merkingar á raf- og rafeindabúnaði

Táknið, sem gefur til kynna að raf- og rafeindabúnaði sé safnað sérstaklega, er mynd af yfirstrikaðri sorptunnu á hjólum eins og sýnt er hér á eftir. Merkið skal prentað þannig að það sé sýnilegt, læsilegt og óafmáanlegt.



REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 2257/2003 2007/EES/9/14

frá 25. nóvember 2003

um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu að því er varðar aðlögun á skránni yfir könnunaratriði (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Vinnumarkaðskönnunin, sem á að fara fram samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 ([2]), skal taka til nýrra og nýframkominna einkenna vinnumarkaðarins á viðunandi hátt.

2) Samkvæmt evrópskri framkvæmdaáætlun um félagsmál, sem leiðtogaráðið samþykkti á fundi sínum í Nice í desember 2000, ákvörðun ráðsins 2002/177/EB frá 18. febrúar 2002 um viðmiðunarreglur stefnu aðildarríkjanna í atvinnumálum fyrir árið 2002 ([3]) og tilmælum ráðsins 2002/549/EB frá 21. júní 2002 um almennar viðmiðunarreglur efnahagsstefnu aðildarríkjanna og Bandalagsins ([4]) skal það hvernig vinna er skipulögð lagað bæði að þörfum fyrirtækja og einstaklinga.

3) Könnunaratriðin, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 577/98, voru ákveðin með hliðsjón af þáverandi þörf á tölfræðilegum upplýsingum og því ástandi sem þá ríkti á vinnumarkaðnum.

4) Gagnasöfnun skal ekki vera óhóflega íþyngjandi fyrir svarendur miðað við þær niðurstöður sem notendur könnunarinnar geta af sanngirni vænst.

5) Framkvæmdastjórnin hefur haft samráð við hagskýrsluáætlunarnefndina sem komið var á fót með ákvörðun ráðsins 89/382/EBE, KBE frá 19. júní 1989([5]).

6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 577/98 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 577/98:

1. Í stað b-, c-, d- og g-liðar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„b) atvinnustaða:
- — atvinnustaða í viðmiðunarviku,
- — áframhaldandi útborgun launa,
- — ástæða fyrir að hafa ekki stundað vinnu þrátt fyrir að viðkomandi sé í starfi,
- — atvinnuleit fyrir atvinnulausa einstaklinga,
- — tegund vinnu sem leitað er að (sem sjálfstætt starfandi eða launamaður),
- — aðferðir við atvinnuleit,
- — möguleiki á að geta hafið störf,

c) einkenni á aðalstarfi:
- — starfsheiti,
- — atvinnustarfsemi starfstöðvar,
- — starf,
- — stjórnunarábyrgð,
- — fjöldi einstaklinga sem vinnur í starfsstöð,
- — land vinnustaðar,
- — landsvæði vinnustaðar,
- — ár og mánuður þegar einstaklingur hóf núverandi starfi,
- — þátttaka opinberrar vinnumiðlunar við leit að núverandi atvinnu,
- — hvort um fast starf er að ræða (ástæður fyrir því),
- — lengd tímabundins starfs eða ráðningarsamnings,
- — hvort um fast starf er að ræða (ástæður fyrir því),
- — samningur við fyrirtæki um framleigu starfsmanna,
- — hvort unnið er heima,

d) fjöldi vinnustunda:
- — vanalegur fjöldi vinnustunda á viku,
- — raunverulegur fjöldi vinnustunda,
- — fjöldi yfirvinnustunda í viðmiðunarviku,
- — aðalástæða þess að raunverulegur fjöldi vinnustunda er annar en vanalegur fjöldi vinnustunda,“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 336, 23.12.2003, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2004 frá 4. júní 2004 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 25.11.2004, bls. 16.

([1]) Álit Evrópuþingsins frá 2. september 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB); ákvörðun ráðsins frá 4. nóvember 2003.

([2]) Stjtíð. EB L 77, 14.3.1998, bls. 3. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2104/2002 (Stjtíð. EB L 324, 29.11.2002, bls. 14).

([3]) Stjtíð. EB L 60, 1.3.2002, bls. 60.

([4]) Stjtíð. EB L 182, 11.7.2002, bls. 1.

([5]) Stjtíð. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

„g) atvinnuleit:

— tegund vinnu sem leitað er að,

— hve lengi atvinnuleit hefur staðið,

— aðstæður rétt áður en einstaklingur hóf atvinnuleit,

— skráning á opinberri atvinnumiðlun og hvort viðkomandi er á bótum,

— áhugi einstaklings, sem ekki er í atvinnuleit, á að vinna,

— ástæður fyrir því að einstaklingur hefur ekki leitað að atvinnu,

— skortur á gæslu barna og annarra skjólstæðinga.“

2. Eftirfarandi liður bætist við í 1. mgr.:

„n) óhefðbundinn vinnutími:

— vaktavinna,

— kvöldvinna,

— næturvinna,

— laugardagsvinna,

— sunnudagsvinna.“

3. Í stað þriðja undirliðar 2. mgr. komi eftirfarandi:

„—umfang sérstakrar einingar skal takmarkast við 11 breytur.“

4. Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Að tillögu framkvæmdastjórnarinnar er hægt að velja breytur, hér á eftir nefndar „skipulagsbreytur“, úr þeim könnunaratriðum sem eru tilgreind í 1. mgr., sem einungis þarf að safna sem ársmeðaltali, miðað við 52 vikur, en ekki sem ársfjórðungsmeðaltali. Skráin yfir skipulagsbreytur, lágmarksúrtak og könnunartíðni verður tekin saman í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 8. gr. Spánn, Finnland og Breska konungsríkið geta safnað skipulagsbreytunum á ársfjórðungsgrundvelli á aðlögunartímabili fram til ársloka 2007.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. nóvember 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

L. MORATTI

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 29/2004 2007/EES/9/15

frá 8. janúar 2004

um samþykkt forskrifta fyrir sérstaka einingu um samþættingu vinnu og fjölskyldulífs fyrir árið 2005 sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 577/98 frá 9. mars 1998 um skipulag vinnumarkaðskönnunar í Bandalaginu ([1]), einkum 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 246/2003 ([2]) um samþykkt áætlunar um sérstakar einingar fyrir tímabilið 2004 til 2006 fyrir vinnumarkaðskönnunina er að finna sérstaka einingu um samþættingu vinnu og fjölskyldulífs.

2) Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 577/98 skal taka saman sundurliðaða skrá yfir upplýsingar, sem safna skal innan sérstakrar einingar, að minnsta kosti tólf mánuðum áður en viðmiðunartímabilið fyrir þá einingu hefst.

3) Þörf er á yfirgripsmiklum og samanburðarhæfum gögnum um samþættingu vinnu og fjölskyldulífs, eins og um getur í stefnumiðum Evrópusambandsins um jafnrétti kynjanna í atvinnulífinu, sem eru tilgreind í viðmiðunarreglum um atvinnumál 2003, sem ráðið samþykkti 22. júlí 2003(3), með sértækri viðmiðunarreglu um „jafnrétti kynjanna“.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Sundurliðaða skráin yfir upplýsingar, sem taka skal saman á árinu 2005 innan ramma sérstakrar einingar, er sett fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 8. janúar 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Pedro SOLBES MIRA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 57. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2004 frá 4. júní 2004 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 25.11.2004, bls. 17.

([1]) Stjtíð. EB L 77, 14.3.1998, bls. 3. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2257/2003 (Stjtíð. ESB L 336, 23.12.2003, bls. 6).

([2]) Stjtíð. ESB L 34, 11.2.2003, bls. 3.

([3]) Stjtíð. ESB L 197, 5.8.2003, bls. 13.

VIÐAUKI

VINNUMARKAÐSKÖNNUN

Forskrift að sérstakri einingu um samþættingu vinnu og fjölskyldulífs fyrir árið 2005

1. Hlutaðeigandi aðildarríki og svæði: öll.

2. Breyturnar verða kóðaðar með eftirfarandi hætti:

Dálkur	Kóði	Lýsing	Sía
237		*Helsta tegund barnagæslu sem er notuð fyrir eigið barn eða barn maka, sem er yngra en 15 ára, þegar einstaklingur er í vinnu (að frátalinni skólaskyldu; í venjulegri viku, að undanskildum skólafríum og neyðaraðstæðum)*	Allir sem eru 15 til 64 ára með a.m.k. eitt eigið barn eða barn maka sem er yngra en 15 ára og býr á heimilinu og C24 = 1, 2
	1	Barnagæsluþjónusta (þ.m.t. daggæsla sem greitt er fyrir), forskóli	
	2	Maki sem býr á heimilinu	
	3	Ættingjar/nágrannar/vinir (ólaunað)	
	4	Engin barnagæsla notuð	
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Óútfyllt	Ekkert svar	
238		*Einstaklingur annast reglulega önnur börn, sem eru yngri en 15 ára, eða veik, fötluð, aldraða ættingja/vini sem eru 15 ára eða eldri og þarfnast umönnunar*	Allir á aldrinum 15 til 64 ára
	1	Já, önnur börn yngri en 15 ára	
	2	Já, ættingja/vini sem eru 15 ára eða eldri og þarfnast umönnunar	
	3	Já, önnur börn sem eru yngri en 15 ára *og* ættingja/vini sem eru 15 ára eða eldri og þarfnast umönnunar	
	4	Nei	
	9	Á ekki við (einstaklingur er yngri en 15 ára eða eldri en 64 ára)	
	Óútfyllt	Ekkert svar	
239		*Vilja skipuleggja vinnu og umönnunarskyldur að nýju*	Allir á aldrinum 15 til 64 ára og ((eiga a.m.k. eitt eigið barn eða barn maka sem er yngra en 15 ára og býr á heimilinu) eða (C238 = 1, 2, 3))
	1	Nei	
	2	Vilja vinna eða vilja vinna meira (og verja minni tíma til umönnunar)	
	3	Vilja vinna minna til þess að hafa meiri tíma fyrir umönnun	
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Óútfyllt	Ekkert svar	
240		*Helsta ástæða (sem tengist barnagæslu) fyrir því að vinna ekki eða að vinna ekki meira*	C239 = 2 og ((eiga a.m.k. eitt eigið barn eða barn maka yngra en 15 ára og býr á heimilinu) eða (C238 = 1, 3))
	1	Skortur á barnagæslu að degi til	
	2	Skortur á barnagæslu í sérstökum tilvikum	
	3	Skortur á barnagæslu að degi til eða í sérstökum tilvikum	
	4	Barnagæsluþjónusta er of dýr	

Dálkur	Kóði	Lýsing	Sía
	5	Barnagæsluþjónusta sem völ er á er ekki nógu góð	
	6	Önnur ástæða sem ekki tengist skorti á hentugri barnagæsluþjónustu	
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Óútfyllt	Ekkert svar	
241		*Í skólafríum eða þegar venjuleg barnagæsluþjónusta er lokuð eða umönnunaraðili er í orlofi:* *Einstaklingur hefur á síðastliðnum tólf mánuðum tekið frídaga, fækkað vinnustundum eða að öðru leyti breytt vinnufyrirkomulagi sínu til þess að gæta barna*	Allir á aldrinum 15 til 64 ára með a.m.k. eitt eigið barn eða barn maka sem er yngra en 15 ára og býr á heimilinu og C24 = 1, 2
	1	Nei	
	2	Já, vegna skorts á annarri barnagæsluþjónustu að degi til	
	3	Já, vegna skorts á annarri barnagæsluþjónustu í sérstökum tilvikum	
	4	Já, vegna þess að önnur barnagæsluþjónusta var of dýr	
	5	Já, vegna þess að önnur barnagæsluþjónusta var ekki nógu góð	
	6	Já, en alltaf af öðrum ástæðum	
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Óútfyllt	Ekkert svar	
242		*Helsta ástæða (sem tengist umönnun veikra, fatlaðra, aldraðra ættmenna/vina sem eru 15 ára eða eldri og þarfnast umönnunar) fyrir því að vinna ekki eða að vinna ekki meira*	C239 = 2 og (C238 = 2, 3)
	1	Skortur á umönnunarþjónustu að degi til	
	2	Skortur á umönnunarþjónustu í sérstökum tilvikum	
	3	Skortur á umönnunarþjónustu að degi til eða í sérstökum tilvikum	
	4	Umönnunarþjónusta er of dýr	
	5	Umönnunarþjónusta sem völ er á er ekki nógu góð	
	6	Önnur ástæða sem tengist ekki skorti á hentugri umönnunarþjónustu	
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Óútfyllt	Ekkert svar	
243		*Möguleiki á að hefja vinnudag eða/og ljúka vinnudegi á mismunandi tíma af fjölskylduástæðum (a.m.k. ein klukkustund)*	Allir á aldrinum 15 til 64 ára og C24 = 1, 2
	1	Oftast mögulegt	
	2	Sjaldan mögulegt	
	3	Ekki mögulegt	
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Óútfyllt	Ekkert svar	

Dálkur	Kóði	Lýsing	Sía
244		*Möguleiki á að skipuleggja vinnutímann þannig að hægt sé af fjölskylduástæðum að taka heila frídaga (án þess að nota orlofsdaga og sérstakt orlof)*	Allir á aldrinum 15 til 64 ára og C24 = 1, 2
	1	Oftast mögulegt	
	2	Sjaldan mögulegt	
	3	Ekki mögulegt	
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Óútfyllt	Ekkert svar	
245		*Frí tekið frá vinnu á síðastliðnum tólf mánuðum vegna veikinda eða neyðarástands í fjölskyldu (án þess að nota orlofsdaga)*	Allir á aldrinum 15 til 64 ára og C24 = 1, 2
	1	Nei	
	2	Já, „sérstakt orlof“ á launum	
	3	Já, „sérstakt orlof“ án launa	
	4	Já, annað fyrirkomulag alltaf notað	
	9	Á ekki við (ekki meðtalið í síu)	
	Óútfyllt	Ekkert svar	
246		*Foreldraorlof (tilskipun ráðsins 96/34/EB (Stjtíð EB L 145, 19.6.1996, bls. 4)) tekið á síðastliðnum tólf mánuðum vegna eigin barna sem búa á heimilinu*	Allir á aldrinum 15 til 64 ára
	1	Nei	
	2	Já, heilir dagar teknir í einu lagi á launum	Að því er varðar C246/247 geta löndin síað spurningarnar eftir innlendum reglum um foreldraorlof.
	3	Já, heilir dagar teknir í einu lagi án launa	
	4	Já, dagpartar teknir á launum	
	5	Já, dagpartar teknir án launa	Kóða skal undirþýði, sem ekki er talið með, eftir viðeigandi flokkum.
	6	Já, tekið samkvæmt öðru eða blönduðu fyrirkomulagi og á launum	
	7	Já, tekið samkvæmt öðru eða blönduðu fyrirkomulagi og án launa	
	9	Á ekki við (einstaklingur er yngri en 15 ára eða eldri en 64 ára)	
	Óútfyllt	Ekkert svar	
247		*Helsta ástæða þess að hafa ekki á síðastliðnum tólf mánuðum tekið foreldraorlof vegna eigin barna sem búa á heimilinu*	C246 = 1
	1	Átti engan lagalegan rétt til foreldraorlofs	
	2	Engar launagreiðslur eða þær eru of lágar	
	3	Ónógir möguleikar á að velja tíma til foreldraorlofs	
	4	Neikvæð áhrif á almannatryggingar	
	5	Neikvæð áhrif á starfsferil/neikvæð afstaða vinnuveitanda	
	6	Nýtti ekki foreldraorlof af öðrum ástæðum en tilgreint er í kóðum 2 til 5	
	7	Önnur ástæða	
	9	Á ekki við (C246 ekki jafnt og 1)	
	Óútfyllt	Ekkert svar	

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1980/2003 2007/EES/9/16

frá 21. október 2003

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skilgreiningar og uppfærslu á skilgreiningum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 frá 16. júní 2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC)([1]), einkum c-lið 2. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 1177/2003 var settur sameiginlegur rammi um kerfisbundna hagskýrslugerð Bandalagsins um tekjur og lífskjör sem tekur til samanburðarhæfra þversniðs- og langsniðsgagna um tekjur, sem safnað er tímanlega, um fjölda fátækra og félagslega útskúfaðra og hlutfall þeirra af íbúafjölda, bæði á innlendum vettvangi og á vettvangi Evrópusambandsins.

2) Framkvæmdaráðstafanir eru nauðsynlegar skv. c-lið 2. liðar 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1177/2003 til að samræma skilgreiningar, einkum notkun skilgreininga á tekjum, heimilismönnum og fyrrverandi heimilismönnum og tímaáætlun um hvenær skuli bæta við mismunandi tekjubreytum.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í I. viðauka er mælt fyrir um skilgreiningar, sem krafist er skv. c-lið 2. liðar 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1177/2002 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC), einkum í þeim tilgangi að taka upp skilgreiningar á tekjum sem tilgreindar eru í l- og m-lið 2. gr.

Í II. viðauka er mælt fyrir um skilyrði fyrir afhendingu upplýsinga um vergar tekjur fyrir hvern þátt og tímaáætlun um hvenær skal bæta við mismunandi tekjuþáttum.

2. gr.

Skilgreiningar, sem eru tilgreindar í þessari reglugerð að undanskildum skilgreiningum um fyrrverandi heimilismenn og afhendingu gagna um tekjur, gilda bæði um þversniðs- og langsniðsþætti hagskýrslna Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC).

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. október 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Pedro SOLBES MIRA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 298, 17.11.2003, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2004 frá 4. júní 2004 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 25.11.2004, bls. 19.

([1]) Stjtíð. ESB L 165, 3.7.2003, bls. 1.

I. VIÐAUKI

SKILGREININGAR Á HEIMILISMÖNNUM OG FYRRVERANDI HEIMILISMÖNNUM, LÍFEYRI ÚR SÉREIGNASJÓÐI, FRAMLAGI TIL SÉREIGNALÍFEYRIRSJÓÐA, VERGUM HEILDARTEKJUM OG RÁÐSTÖFUNARTEKJUM HEIMILISINS, HEILDARTEKJUM OG RÁÐSTÖFUNARTEKJUM HEIMILIS FYRIR FÉLAGSLEGAR GREIÐSLUR (AÐ UNDANSKILDUM BÓTUM VEGNA ELLI OG TIL EFTIRLIFENDA, AÐ MEÐTÖLDUM BÓTUM VEGNA ELLI OG TIL EFTIRLIFENDA OG VERGUM/HREINUM TEKJUÞÁTTUM

1. HEIMILISMENN OG FYRRVERANDI HEIMILISMENN

1.1. **Heimilismenn** ([1])

Telja skal eftirfarandi einstaklinga til heimilismanna ef þeir taka þátt í heimilisútgjöldum, samanber þó frekari og sérstök skilyrði hér á eftir:

1. Einstaklingar sem að jafnaði búa á heimilinu og eru skyldir öðrum heimilismönnum.

2. Einstaklingar sem að jafnaði búa á heimilinu en eru ekki skyldir öðrum heimilismönnum.

3. Heimilismenn sem eru kostgangarar eða leigjendur.

4. Gestir.

5. Heimilisþjónar og ungmenni sem eru ráðin í vist (au pair) og búa á heimilinu.

6. Einstaklingar sem búa að jafnaði á heimilinu en eru tímabundið fjarverandi (vegna sumarleyfis, starfs, menntunar o.þ.h.).

7. Börn sem búa á heimilinu en hljóta menntun fjarri því.

8. Einstaklingar sem eru fjarverandi langtímum saman en hafa tengsl við heimilið: einstaklingar sem vinna fjarri heimilinu.

9. Einstaklingar sem eru tímabundið fjarverandi en hafa tengsl við heimilið: einstaklingar sem dvelja á sjúkrahúsi, hjúkrunarheimilum eða öðrum stofnunum.

Frekari skilyrði sem þarf að uppfylla til að teljast heimilismaður:

a) 3., 4. og 5. flokkur:

Slíkir einstaklingar mega ekki jafnframt hafa annað heimilisfang; eða raunveruleg eða fyrirhuguð dvöl verður að vera sex mánuðir eða lengri.

b) 6. flokkur:

Slíkir einstaklingar mega ekki jafnframt hafa annað heimilisfang; eða raunveruleg eða fyrirhuguð fjarvera frá heimilinu verður að vera skemmri en sex mánuðir.

7. og 8. flokkur:

Án tillits til raunverulegrar eða fyrirhugaðrar lengdar fjarveru mega slíkir einstaklingar ekki jafnframt hafa annað heimilisfang, þeir skulu vera sambýlismaður/-kona eða barn heimilismanns og skulu viðhalda nánum tengslum við heimilið og telja það vera sitt fasta heimili.

c) 9. flokkur:

Slíkur einstaklingur skal hafa skýr fjárhagsleg tengsl við heimilið og skal raunveruleg eða væntanleg fjarvera frá heimilinu vera skemmri en sex mánuðir.

([1]) Aðildarríki sem nota almenna skilgreiningu á heimili í hagskýrslum Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) mega skilgreina „heimilismenn“ samkvæmt þeirri skilgreiningu.

Þátttaka í heimilisútgjöldum

Þátttaka í heimilisútgjöldum felur ekki einungis í sér að leggja sitt af mörkum til heimilisútgjalda heldur einnig að njóta góðs af útgjöldum (t.d. börn, tekjulausir einstaklingar). Ef viðkomandi einstaklingur tekur ekki þátt í heimilisútgjöldum stofnar einstaklingurinn sérstakt heimili á sama heimilisfangi.

„Að jafnaði heimilisfastur einstaklingur“

Einstaklingur skal að jafnaði teljast heimilisfastur ef hann/hún hefur varið mestum hluta daglegs hvíldartíma á heimilinu undanfarna sex mánuði. Einstaklingar sem stofna nýtt heimili eða flytja á annað heimili skulu að jafnaði teljast heimilismenn á nýja staðnum; eins skulu þeir sem flytja brott til að búa annars staðar ekki lengur teljast heimilismenn á upphaflega heimilinu. Í stað framangreindra viðmiðana „undanfarnir sex mánuði“ komi fyrirhuguð dvöl í sex mánuði eða lengur á nýjum búsetustað.

„Fyrirhuguð dvöl í sex mánuði eða lengur“

Taka skal tillit til þess hvað geti talist til „varanlegs“ flutnings inn á eða af heimilum. Einstaklingur sem hefur flust inn á heimili í óákveðinn tíma eða í þeim ásetningi að dvelja þar í sex mánuði eða lengur telst því vera heimilismaður jafnvel þótt viðkomandi einstaklingur hafi ekki áður dvalið á heimilinu í sex mánuði og hafi í raun dvalið megnið af þeim tíma á öðrum búsetustað. Á sama hátt skal einstaklingur sem hefur flust af heimili til einhvers annars búsetustaðar með þeim ásetningi að vera fjarverandi í sex mánuði eða lengur ekki teljast vera heimilismaður á heimilinu þar sem hann dvaldi áður.

„Tímabundin fjarvera frá einkaheimili“

Hvort einstaklingur, sem er tímabundið fjarverandi frá einkaheimili, telst heimilismaður á þessu heimili (eða hinu) ræðst af lengd fjarverunnar. Í undantekningartilvikum mega tilteknir flokkar einstaklinga, sem hafa náin tengsl við heimilið, teljast til heimilismanna óháð lengd fjarverunnar, að því tilskildu að þeir teljist ekki til heimilismanna á öðru einkaheimili.

Tilgangurinn með beitingu þessara viðmiðana er að draga eins og hægt er úr þeirri hættu að einstaklingar sem hafa tvö heimilisföng, þar sem mögulegt er að telja þá til heimilis, séu tvítaldir í úrtaksrammanum. Á sama hátt er tilgangurinn að draga eins og hægt er úr hættunni á að sumir einstaklingar séu ekki taldir heimilismenn á neinu heimili jafnvel þótt þeir tilheyri í raun einkaheimilissviðinu.

1.2. **Fyrrverandi heimilismaður**

Hugtakið „fyrrverandi heimilismaður“ vísar til einstaklings sem er ekki núverandi heimilismaður á heimilinu og var ekki skráður sem heimilismaður á þessu heimili í síðustu bylgju en dvaldi á þessu heimili í a.m.k. þrjá mánuði á tekjuviðmiðunartímabilinu.

Fyrrverandi heimilismaður skal einungis teljast til langsniðsþáttar hagskýrslna Bandalagsins um tekjur og lífskjör.

2. VERGIR TEKJUÞÆTTIR

2.1. **Launatekjur**

Launatekjur eru skilgreindar sem heildarlaun, í peningum eða í fríðu, sem vinnuveitandi greiðir starfsmanni fyrir vinnu hins síðarnefnda á tekjuviðmiðunartímabilinu.

Tekjur starfsmanns eru sundurliðaðar í:

1. Vergar launatekjur í peningum eða ígildi peninga (PY010G).

2. Vergar launatekjur í öðru formi en peningum (PY020G).

3. Framlag vinnuveitanda til félagslegra trygginga (PY030G).

2.1.1. *Vergar launatekjur í peningum eða ígildi peninga(PY010G)*

Þetta vísar til peningaþáttar launa sem vinnuveitanda ber að greiða starfsmanni í peningum. Það vísar til virðis hvers konar framlags til félagslegra kerfa og tekjuskatts sem starfsmanni ber að greiða eða vinnuveitanda fyrir hönd hans til almannatryggingakerfa eða skattayfirvalda.

Vergar launatekjur í peningum eða ígildi peninga fela í sér eftirfarandi þætti:

— laun sem eru greidd í peningum fyrir unninn tíma eða unnið verk í aðal- eða aukastörfum eða íhlaupastörfum,

— greiðslu fyrir óunninn tíma (t.d. orlofsgreiðslur),

— hærri launagreiðslur fyrir yfirvinnu,

— þóknun sem er greidd stjórnendum fyrirtækja sem eru með réttarstöðu lögaðila,

— ákvæðislaunagreiðslur,

— greiðslur fyrir fósturbörn,

— umboðslaun, þjórfé og ógreglulegar aukagreiðslur,

— viðbótargreiðslur (t.d. laun fyrir 13. mánuðinn),

— hagnaðarhlutdeild og kaupaukar í peningum

— viðbótargreiðslur sem byggjast á framleiðni,

— styrki sem eru greiddir vegna starfa á fjarlægum stöðum (taldir vera hluti af starfsskilyrðum),

— styrki til að ferðast í og úr vinnu,

— viðbótargreiðslur frá vinnuveitendum til starfsmanna eða fyrrverandi starfsmanna og annarra sem eiga rétt á slíku frá almannatryggingakerfum til viðbótar greiðslum vegna veikinda, fötlunar, fæðingarorlofs eða eftirlifendabóta þegar ekki reynist unnt að skilgreina slíkar greiðslur á skýran og aðgreindan hátt sem félagslegar bætur,

— greiðslur til starfsmanna frá vinnuveitendum í stað launa i gegnum almannatryggingakerfi þegar viðkomandi er ófær um að sinna starfi sínu vegna veikinda, fötlunar eða fæðingarorlofs þegar ekki reynist unnt að skilgreina slíkar greiðslur á skýran og aðgreindan hátt sem félagslegar bætur.

Þær fela ekki í sér:

— endurgreiðslur frá vinnuveitanda vegna starfstengds kostnaðar (t.d. viðskiptaferðir),

— biðlaun og greiðslur vegna starfsloka til að bæta starfsmönnum upp starfslok áður en starfsmaðurinn hefur náð venjulegum eftirlaunaaldri í viðkomandi starfi og greiðslur vegna uppsagnar (þær eru innifaldar í breytunni „Atvinnuleysisbætur“ (PY090G)),

— styrkir fyrir hreinum starfstengdum kostnaði, s.s. fyrir ferða- og dvalarkostnaði eða til kaupa á hlífðarfatnaði,

— eingreiðslu þegar venjulegum eftirlaunaaldri er náð (innifaldar í breytunni „Bætur vegna elli“ (PY100G)),

— verkfallsgreiðslur frá verkalýðsfélögum.

2.1.2. *Vergar launatekjur í öðru formi en peningum (PY020G)*

Þetta vísar til ópeningalegra tekjuþátta sem vinnuveitandi veitir starfsmanni endurgjaldslaust eða á niðursettu verði sem hluti af launakjörum ([1]).

Vergar launatekjur í öðru formi en peningum fela m.a. í sér:

— fyrirtækjabifreið og tengdan kostnað (t.d. ókeypis eldsneyti, bílatryggingar, tollar og skattar eftir því sem við á)

— ókeypis eða niðurgreiddar máltíðir, matarmiða,

— endurgreiðslu eða greiðslu kostnaðar sem tengist húsnæði (t.d. gas-, rafmagns-, vatns-, síma- eða farsímareikningar),

— aðrar vörur og þjónustu sem vinnuveitandi veitir starfsmönnum sínum endurgjaldslaust eða á niðursettu verði þegar þær eru mikilvægur tekjuþáttur á landsvísu eða í tilteknum flokkum heimila.

Reikna skal virði vara og þjónustu sem er veitt endurgjaldslaust í samræmi við markaðsvirði þessara vara og þjónustu. Reikna skal virði vara og þjónustu, sem er veitt á niðursettu verði, sem mismuninn á markaðsvirði og fjárhæð sem starfsmaður greiðir.

Það felur ekki í sér:

— kostnað sem vinnuveitandi ber af því að veita þessar vörur og þjónustu ef hún er nauðsynleg til að starfsmenn geti unnið störf sín,

— gistiaðstöðu á vinnustað sem heimilismenn á heimili, sem starfmenn tilheyra, geta ekki notað,

— gistiaðstöðu sem vinnuveitandi veitir starfsmönnum endurgjaldslaust eða í formi lækkaðrar leigu sem fast heimili fjölskyldunnar (tilreiknað virði gistiaðstöðu, sem er veitt endurgjaldslaust eða í formi lækkaðrar leigu, og er innifalið í breytunni „Húsaleiguígildi“ (HY030G)),

— gistiaðstöðu sem starfsmanni er veitt endurgjaldslaust eða í formi lækkaðrar leigu, sem aukahúsnæði heimilisins,

— styrk til starfsmanna til kaupa á verkfærum, búnaði, fötum o.s.frv. sem eru eingöngu eða aðallega ætluð til nota við vinnu þeirra,

— sérstakar máltíðir eða drykkjarföng sem eru nauðsynleg vegna óvenjulegra vinnuaðstæðna,

— allar vörur og þjónustu sem starfsmönnum er veitt á vinnustað eða sem krafist er vegna eðlis starfs þeirra (t.d. læknisskoðun sem krafist er vegna starfs).

2.1.3. *Framlag vinnuveitenda til félagslegra trygginga (PY030G)*

Framlög vinnuveitenda eru skilgreind sem greiðslur vinnuveitenda til vátryggjenda í þágu starfsmanna á tekjuviðmiðunartímabilinu (almannatryggingasjóða og einkasjóða) sem ná yfir lögboðin, hefðbundin eða samningsbundin framlög vegna trygginga m.t.t. félagslegrar áhættu.

Það felur í sér:

— framlög vinnuveitenda til séreignalífeyrissjóða (eftirlaunalífeyrissjóða),

— framlög vinnuveitenda til séreigna(eftirlauna)lífeyrissjóða,

— framlög vinnuveitenda til líftryggingar,

— framlög vinnuveitanda til annarra tryggingakerfa vinnuveitanda (t.d. fötlunar),

— framlög vinnuveitenda til opinberra tryggingakerfa (almannatrygginga) (þ.m.t. launaskattar sem eru lagðir á m.t.t. almannatrygginga).

([1]) Ef vörur eða þjónusta er veitt bæði til einka- og starfsnota skal meta einkanot sem hlutfall af heildarnotkun og margfalda heildarvirðið með því.

2.2. **Tekjur af sjálfstæðri atvinnustarfsemi**

Tekjur af sjálfstæðri atvinnustarfsemi eru skilgreindar sem tekjur einstaklinga eða aðstandenda þeirra á viðmiðunartímabilinu vegna núverandi eða fyrri þátttöku í sjálfstæðri atvinnustarfsemi. Störf í sjálfstæðri atvinnustarfsemi eru störf þar sem launakjör byggjast beint á hagnaði (eða möguleika á hagnaði) af framleiddum vörum og þjónustu (þar sem eigin neysla er talin vera hluti af hagnaði). Sjálfstætt starfandi einstaklingur tekur ákvarðanir um rekstur fyrirtækisins eða felur slíkar ákvarðanir öðrum en ber áfram ábyrgð á velferð fyrirtækisins. („Fyrirtæki“ merkir hér einyrkjarekstur). Ef einstaklingur fær greidd laun við tómstundaiðkun skal .það teljast til sjálfstæðrar atvinnustarfsemi.

Ef gögn um tekjur, sem safnað er eða tekin eru saman, samsvara tímabili á undan viðmiðunartímabilinu skulu gerðar leiðréttingar til að uppfæra gögnin fyrir tekjuviðmiðunartímabilið.

Tekjur af sjálfstæðri atvinnustarfsemi eru sundurliðaðar í:

1. Vergur hagnaður eða -tap af sjálfstæðri atvinnustarfsemi (þ.m.t. rétthafagreiðslur).

2. Virði vara sem framleiddar eru til eigin neyslu (PY070G).

2.2.1. *Vergur hagnaður eða -tap af sjálfstæðri atvinnustarfsemi (þ.m.t. rétthafagreiðslur) (PY050G)*

Það felur í sér:

— hreinan rekstrarhagnað eða hreint rekstrartap starfandi eigenda eða meðeigenda í fyrirtæki sem er ekki með réttarstöðu lögaðila, að frádregnum vöxtum af viðskiptalánum,

— rétthafagreiðslur fyrir höfundarrétt, einkaleyfishæfar uppfinningar o.s.frv. sem reiknast ekki með í hagnaði/tapi fyrirtækis sem er ekki með réttarstöðu lögaðila,

— leigu af atvinnuhúsnæði, ökutækjum, búnaði o.s.frv. sem reiknast ekki með í hagnaði/tapi af fyrirtækjum sem eru ekki með réttarstöðu lögaðila, að frádregnum tengdum kostnaði eins og vöxtum af tengdum lánum, viðgerðum og viðhaldi og vátryggingakostnaði.

Það felur ekki í sér:

— stjórnarlaun eigenda fyrirtækja sem eru með réttarstöðu lögaðila (og innifalin í breytunni „Vergar launatekjur í peningum eða ígildi peninga“ (PY010G)),

— arð sem fyrirtæki, sem eru með réttarstöðu lögaðila, greiða (sem er innifalinn í breytunni „Vextir, arðgreiðslur, hagnaður af fjárfestingum í fyrirtæki sem er ekki með réttarstöðu lögaðila“ (HY090G)),

— hagnað af fjárfestingum í fyrirtæki, sem eru ekki með réttarstöðu lögaðila þar sem einstaklingurinn starfar ekki („óvirkir félagar“) (þessi hagnaður er innifalinn í breytunni „Vextir, arðgreiðslur, hagnaður af fjárfestingum í fyrirtæki sem er ekki með réttarstöðu lögaðila“(HY090G)),

— leigutekjur af landi og tekjur af kostgöngurum eða leigjendum (sem eru innifaldar í breytunni „Leigutekjur af eignum eða landi“ (HY040G),

— leigutekjur af húsnæði sem reiknast ekki með í hagnaði/tapi af fyrirtækjum sem eru ekki með réttarstöðu lögaðila (sem eru innifaldar í breytunni „Leigutekjur af eignum eða landi“ (HY040G)).

Tekjur af sjálfstæðri atvinnustarfsemi skulu reiknast sem:

— markaðsframleiðsla (heildartekjur af veltu, þ.m.t. virði vara sem fyrirtækið framleiðir en sem sjálfstætt starfandi einstaklingur eða heimilismenn á heimili hans nota),

— að viðbættu markaðsvirði vara og þjónustu sem keypt er inn fyrir fyrirtæki, sem er ekki með réttarstöðu lögaðila, en sem atvinnurekandi eða heimilismenn á heimili hans nota,

— að viðbættum eignatekjum af fjárhagseignum og öðrum eignum fyrirtækisins,

— að frádregnum aðföngum (hráefnis-, sölu-, dreifingar, viðhaldakostnaði, skrifstofu- og stjórnunarkostnaði o.s.frv.),

— að frádregnum launum og launatengdum gjöldum (launum og framlögum til almannatrygginga fyrir starfsmenn),

— að frádregnum sköttum á framleiðslu og innflutning,

— að frádregnum vöxtum af viðskiptalánum,

— að frádregnum leigugreiðslum af landi og annarri efnislegri eign sem er ekki framleidd og fyrirtæki tekur á leigu,

— að frádregnum afskriftum,

— að viðbættum styrkjum.

Ef sjálfstætt starfandi einstaklingur eða fyrirtæki semur ársreikninga í skattalegum tilgangi skulu vergar tekjur eða vergt tap, sem fram kemur í þessu skattauppgjöri fyrir næstliðið 12 mánaða tímabil, reiknað sem hreinar rekstrartekjur eða hreint rekstrartap áður en tekjuskattur og lögboðnar greiðslur til félagslegra trygginga eru dregin frá.

Ef ekki liggur fyrir ársreikningur, annaðhvort í skattalegum tilgangi eða sem hluti af reikningshaldi fyrirtækis, skal önnur aðferð við að mæla tekjur af sjálfstæðri atvinnustarfsemi vera að reikna þá fjárhæð (og vörur) sem hefur verið tekin út úr fyrirtækinu til einkanota (til neyslu eða sparnaðar, þ.m.t. markaðsvirði vara sem fyrirtækið hefur framleitt eða keypt en hefur verið varið til einkanota).

2.2.2. *Virði vara sem framleiddar eru til eigin neyslu (PY070G).*

Virði vara, sem eru framleiddar til eigin nota, vísar til virðis matvæla og drykkjarvara sem eru framleiddar og þeirra neytt á sama heimili.

Reikna skal virði vara, sem eru framleiddar til eigin neyslu, sem markaðsvirði framleiddra vara að frádregnum hvers kyns framleiðslukostnaði.

Reikna skal virði matvæla og drykkjarvara með þegar þær eru mikilvægur tekjuþáttur á landsvísu eða í tilteknum flokkum heimila.

Þetta gildi felur ekki í sér:

— virði þjónustu innan heimilis,

— hvers kyns framleiðslu fyrir sölu og úttekt úr sjálfstæðri atvinnustarfsemi (þessi gildi eru innifalin í breytunni „Vergur hagnaður eða tap af sjálfstæðri atvinnustarfssemi“ (þ.m.t. rétthafagreiðslur) (PY050G)).

2.3. **Áætluð leiga**

2.3.1. *Húsaleiguígildi (HY030G)*

Húsaleiguígildi vísar til virðis sem áætla skal fyrir öll heimili sem tilkynna að þau borgi ekki fulla húsaleigu, annaðhvort af því að íbúi býr í eigin húsnæði, húsaleigan er undir markaðsverði eða af því að ekki er innheimt leiga fyrir húsnæðið.

Húsaleiguígildi skal einungis metið fyrir húsnæði (og tengdar byggingar eins og bílskúr) sem er notað sem fast heimili fjölskyldna.

Tilreiknað virði skal jafngilda markaðsleigu fyrir samsvarandi húsnæði að frádreginni raunleigu sem er greidd (ef leigan er undir markaðsverði), að frádregnum styrkjum frá hinu opinbera eða frá sjálfseignarstofnun (ef eigandinn nýtir eigin húsnæði eða leigan fyrir húsnæðið er undir markaðsverði), að frádregnum minniháttar viðgerðum eða kostnaði vegna endurnýjunar sem íbúi í eigin húsnæði lætur gera á fasteigninni en leigusalar myndu að öllu jöfnu sjá um.

Markaðsleiga er leiga sem er greidd fyrir rétt til afnota af húsnæði án húsgagna á lokuðum markaði að undanskildum upphitunar-, vatns-, rafmagnskostnaði o.s.frv.

2.4. **Eignatekjur**

Eignatekjur eru skilgreindar sem tekjur, að frádregnum áföllnum kostnaði, sem eigandi fjáreignar eða efnislegrar eignar, sem er ekki framleidd (land), hefur á tekjuviðmiðunartímabilinu, í staðinn fyrir að afhenda annarri stofnanaeiningu til umráða fé eða efnislega eign sem er ekki framleidd.

Eignatekjur eru sundurliðaðar í eftirfarandi:

1. Vexti, arðgreiðslur, hagnað af fjárfestingum í fyrirtæki sem er ekki með réttarstöðu lögaðila (HY090G).

2. Leigutekjur af eignum eða landi (HY040G).

2.4.1. *Vextir, arðgreiðslur, hagnaður af fjárfestingum í fyrirtæki sem er ekki með réttarstöðu lögaðila(HY090G)*

Vextir (ekki innifaldir í hagnaði/tapi fyrirtækis sem er ekki með réttarstöðu lögaðila), arðgreiðslur og hagnaður af fjárfestingum í fyrirtæki, sem er ekki með réttarstöðu lögaðila, vísa til vaxtatekna af eignum, eins og af bankareikningum, innlánsskírteinum, skuldabréfum o.s.frv., arðgreiðslna og hagnaðar af fjárfestingum í fyrirtæki sem hefur ekki réttarstöðu lögaðila þar sem einstaklingurinn starfar ekki, sem er móttekið á tekjuviðmiðunartímabilinu að frádregnum kostnaði sem stofnað er til.

2.4.2. *Leigutekjur af eignum eða landi (HY040G)*

Leigutekjur af eignum eða landi vísa til tekna á tekjuviðmiðunartímabilinu af leigu eignar (t.d. leigutekjur af húsnæði sem eru ekki innifaldar í hagnaði/tapi fyrirtækis sem er ekki með réttarstöðu lögaðila, greiðslur frá kostgöngurum eða leigjendum eða leigutekjur af landi) að frádregnum kostnaði s.s. vöxtum sem greiddir eru af veðlánum, minniháttar viðgerðum, viðhaldi, vátryggingum og öðrum kostnaði.

2.5. **Mótteknar tekjutilfærslur**

2.5.1. *Félagslegar bætur*

Félagslegar bætur ([1]) eru skilgreindar sem rekstrartilfærslur heimila á tekjuviðmiðunartímabilinu ([2]) frá sameiginlega skipulögðum kerfum eða, ef ekki er um að ræða slík kerfi, frá hinu opinbera eða sjálfseignarstofnunum til að létta fjárhagslega byrði heimilanna í tengslum við ýmiss konar áhættu eða þarfir.

Þetta felur í sér virði hvers konar framlags til félagslegra kerfa og tekjuskatt sem bótaþega ber að greiða til almannatryggingakerfa eða skattayfirvalda.

Til að unnt sé að líta á tilfærslu sem félagslegar bætur þarf hún að uppfylla aðra af eftirfarandi tveimur viðmiðunum:

— gildissviðið skal vera lögboðið (samkvæmt lögum, reglum eða almennum kjarasamningi) fyrir viðkomandi flokk,

— hún skal byggjast á meginreglunni um félagslega samstöðu (ef lífeyririnn byggist t.d. á tryggingu eru iðgjaldið og réttindin ekki hlutfallsleg miðað við einstaklingsbundna áhættu þeirra sem eru með lífeyristryggingu).

([1]) Félagslegar bætur í hagsskýrslum Bandalagsins um tekjur og lífskjör, að undanskildum húsnæðisbótum, takmarkast við bætur í peningum.

([2]) Til að unnt sé að draga upp nákvæmari mynd af velferð heimilisins skal fara með eingreiðslu bóta á tekjuviðmiðunartímabilinu í samræmi við tæknileg tilmæli Hagstofu Evrópubandalaganna. Eins er unnt að taka tillit til og reikna út eingreiðslur, sem tekið er við áður en unnt er að taka tekjuviðmiðunartímabilið með í áætlanir í samræmi við tilmæli Hagstofu Evrópubandalaganna.

Félagslegar bætur eru sundurliðaðar í eftirfarandi:

1. Bætur tengdar fjölskyldu/börnum (HY050G).

2. Húsnæðisbætur (HY070G).

3. Atvinnuleysisbætur (PY090G).

4. Bætur vegna elli (PY100G).

5. Bætur til eftirlifenda (PY110G).

6. Sjúkrabætur (PY120G).

7. Örorkubætur (PY130G).

8. Greiðslur tengdar menntun (PY140G).

9. Félagslega útilokun sem er ekki skilgreind annars staðar (HY060G).

Félagslegar bætur fela ekki í sér:

— bætur greiddar úr kerfum sem viðtakandi hefur eingöngu greitt í á grundvelli frjálsra framlaga, óháð vinnuveitanda eða stjórnvöldum (sem eru innifaldar í breytunni „Lífeyrir úr séreignasjóðum, öðrum en þeim sem fjallað er um í ESSPROS“ (Evrópskt kerfi samþættra hagskýrslna um almannatryggingar) (PY080G)).

2.5.1.1. Bætur tengdar fjölskyldu/börnum (HY050G).

Tilgangur bóta til handa fjölskyldu/börnum er:

— að veita heimilum fjárstuðning við að ala upp börn,

— að veita fólki fjárstuðning sem hefur önnur skyldmenni en börn á sínu framfæri.

Það felur í sér:

— greiðslur vegna barnsfæðingar: föst greiðsla eða tekjutengdar greiðslur sem er ætlað að bæta foreldri tekjumissi vegna vinnutaps fyrir og/eða eftir barnsburð eða í tengslum við ættleiðingu,

— styrk vegna barnsburðar: bætur sem eru venjulega í formi eingreiðslu eða reglubundinna greiðslna ef um er að ræða barnsburð eða ættleiðingu,

— bætur vegna foreldraorlofs: bætur sem annaðhvort móðir eða faðir fær greiddar, ef truflun verður á starfi eða starfshlutfall minnkar, í þeim tilgangi að annast barn, venjulega á unga aldri,

— fjölskyldu- eða barnabætur: reglulegar greiðslur til heimilismanns sem hefur börn á framfæri sínu til að taka þátt í kostnaði við uppeldi þeirra,

— aðrar bætur í peningum: bætur sem eru greiddar óháð fjölskyldugreiðslum til að styðja við heimili og aðstoða þau við að standa undir sérstökum kostnaði, eins og kostnaði vegna sérstakra þarfa fjölskyldna einstæðra foreldra eða fjölskyldna fatlaðra barna. Greiða má þessar bætur með reglubundnu millibili eða sem eingreiðslu.

Það felur ekki í sér:

— greiðslur til starfsmanna frá vinnuveitendum í stað launa í gegnum almannatryggingakerfi þegar viðkomandi er ófær um að sinna starfi sínu vegna fæðingarorlofs ef ekki reynist unnt að skilgreina slíkar greiðslur á skýran og aðgreindan hátt sem félagslegar bætur (þessar greiðslur eru innifaldar í breytunni „Vergar launatekjur í peningum eða ígildi peninga“ (PY010G)),

— frekari greiðslur til starfsmanna frá vinnuveitendum til viðbótar við greiðslur vegna fæðingarorlofs sem þeir eiga rétt á í gegnum almannatryggingakerfi ef ekki reynist unnt að skilgreina slíkar greiðslur á skýran og greinargóðan hátt sem félagslegar bætur (þessar greiðslur eru innifaldar í breytunni „Vergar launatekjur í peningum eða ígildi peninga“ (PY010G)),

2.5.1.2. Húsnæðisgreiðslur (HY070G)

Húsnæðisgreiðslur fela í sér íhlutun opinberra yfirvalda til að aðstoða heimili við að greiða kostnað af húsnæði. Mikilvæg viðmiðun við skilgreiningu á umfangi húsnæðisgreiðslna er athugun á þörf á félagslegri aðstoð.

Það felur í sér:

— húsaleigubætur: núverandi athugun um þörf á félagslegri aðstoð sem opinber yfirvöld veita leigjendum tímabundið eða til langs tíma til að aðstoða þá við greiðslu húsaleigu,

— bætur til fólks í eigin húsnæði: athugun á þörf á félagslegri aðstoð í formi greiðslna sem opinber yfirvöld greiða fólki í eigin húsnæði til að létta undir með því við að greiða kostnað við núverandi húsnæði, í raun oft til að aðstoða við að greiða af veðlánum og/eða vexti.

Það felur ekki í sér:

— félagsbústaðastefnu sem byggist á skattakerfinu (þ.e. skattaívilnunum),

— allar fjármagnstilfærslur (einkum fjárfestingarstyrkir).

2.5.1.3. Atvinnuleysisbætur (PY090G)

Atvinnuleysisbætur fela í sér bætur sem koma að öllu leyti eða að hluta til í stað tekjutaps starfsmanns vegna launaðs starfs sem hann missir, þær veita einstaklingum, sem hefja þátttöku á vinnumarkaðnum eða eiga endurkomu þangað, lífsviðurværi eða (betri) tekjur, bæta upp tekjutap vegna atvinnuleysis að hluta til, koma alveg eða að hluta til í stað tekna sem eldri starfsmaður, sem hættir launuðu starfi, verður af áður en löglegum eftirlaunaaldri er náð vegna fækkunar starfa af hagrænum ástæðum, leggja fram fé vegna kostnaðar við þjálfun eða endurþjálfun fólks í atvinnuleit eða til að styrkja atvinnulausa einstaklinga við ferðalög eða flutning til að afla sér atvinnu.

Það felur í sér:

— fullar atvinnuleysisbætur: bætur sem bæta upp tekjutap ef einstaklingur er fær um að vinna og tiltækur í vinnu en ófær um að finna sér viðeigandi starf, þ.m.t. einstaklingar sem hafa ekki áður verið ráðnir til starfa,

— atvinnuleysisbætur sem greiddar eru að hluta til: bætur sem bæta upp launamissi vegna ráðningarfyrirkomulags til skamms tíma og/eða vinnutíma með tímabundnum hléum, óháð hver orsökin er (efnahagslægð eða tæknileg vandamál, veðurfarslegar aðstæður, slys o.s.frv.) og þar sem sambandið milli vinnuveitanda og starfsmanns heldur áfram,

— snemmtekin eftirlaun vegna aðstæðna á vinnumarkaði: reglubundnar greiðslur til eldri starfsmanna sem hætta störfum áður en hefðbundnum eftirlaunaaldri er náð vegna atvinnuleysis eða fækkunar starfa af sökum efnahagsráðstafana, s.s. endurskipulagningar atvinnugreinar eða fyrirtækis. Þessar greiðslur falla venjulega niður þegar rétthafi öðlast rétt á ellilífeyri,

— greiðslur vegna starfsþjálfunar: greiðslur frá almannatryggingasjóðum eða ríkisstofnunum til markhópa á vinnumarkaðnum sem taka þátt í þjálfunaráætlunum sem ætlað er að auka möguleika þeirra á að fá atvinnu,

— greiðslur vegna búferlaflutninga: greiðslur frá almannatryggingasjóðum eða ríkisstofnunum til atvinnulausra einstaklinga til að hvetja þá til að flytja á annan stað eða skipta um starfsvettvang í því skyni að leita að starfi eða fá starf,

— biðlaun og greiðslur vegna starfsloka (til að bæta starfsmönnum upp starfslok áður en starfsmaðurinn hefur náð venjulegum eftirlaunaaldri í viðkomandi starfi),

— greiðslur vegna uppsagna: eingreiðslur til starfsmanna sem hefur verið vikið úr starfi í fyrirtæki án þess að þeir eigi þar neina sök þar eð til stendur að loka fyrirtækinu eða draga úr starfsemi þess,

— aðrar bætur í peningum: annar fjárhagsstuðningur, einkum greiðslur til einstaklinga sem hafa verið atvinnulausir um langt skeið.

Það felur ekki í sér:

— fjölskyldugreiðslur vegna barna á framfæri (sem eru innifaldar í breytunni „Bætur tengdar fjölskyldu/börnum“ (HY050G)).

2.5.1.4. Bætur vegna elli (PY100G)

Bætur vegna elli fela í sér ákvæði um félagslega tryggingu gegn áhættu tengdri elli, tekjutapi, ónógum tekjum, skorti á sjálfstæði við dagleg störf, minni þátttöku í félagslífi o.s.frv.

Bætur vegna elli taka til bóta sem koma í stað tekna þegar aldraðir hætta störfum á vinnumarkaðnum eða tryggja einstaklingi tilteknar tekjur þegar hann hefur náð tilskildum aldri.

Það felur í sér:

— ellilífeyri: reglubundnar greiðslur sem er ætlað að viðhalda tekjum rétthafa þegar hann hættir í launuðu starfi á hefðbundnum aldri eða vera til stuðnings við tekjur aldraðra,

— ellilífeyri veittur fyrir venjulegan eftirlaunaaldur: reglubundnar greiðslur sem er ætlað að viðhalda tekjum rétthafa sem hættir störfum áður en hefðbundnum eftirlaunaaldri er náð eins og skilgreint er í viðeigandi kerfi eða viðmiðunarkerfi. Ellilífeyrir, sem er veittur fyrir venjulegan eftirlaunaaldur, getur valdið því að venjulegur lífeyrir lækkar eða stendur í stað.

— eftirlaunalífeyrir sem veittur er að hluta: reglubundnar greiðslur á hluta eða fullum eftirlaunalífeyri eldri starfsmanna sem halda áfram að vinna en fækka vinnustundum sínum eða þar sem tekjur þeirra af atvinnustarfsemi eru undir skilgreindum mörkum,

— umönnunargreiðslur: bætur greiddar til eldra fólks sem þarfnast tíðrar eða stöðugrar aðstoðar við að bera aukakostnað af umönnun (að undanskilinni læknisþjónustu) þegar bæturnar eru ekki endurgreiðsla á staðfestum kostnaði,

— bætur til eftirlifenda sem eru greiddar eftir að hefðbundnum eftirlaunaaldri er náð,

— örorkubætur í peningum sem eru greiddar eftir að hefðbundnum eftirlaunaaldri er náð,

— eingreiðslur þegar venjulegum eftirlaunaaldri er náð,

— aðrar bætur í peningum: aðrar reglubundnar bætur og eingreiðsla bóta sem eru greiddar þegar eftirlaunaaldri er náð eða sökum elli, eins og fjárhæðir sem eru greiddar einstaklingum sem uppfylla ekki fyllilega kröfur um reglubundinn eftirlaunalífeyri eða þeim sem voru aðilar að kerfi þar sem eingöngu er um að ræða eingreiðslu þegar eftirlaunaaldri er náð.

Það felur ekki í sér:

— fjölskyldugreiðslur vegna barna á framfæri (sem eru innifaldar í breytunni „Bætur tengdar fjölskyldu/börnum“ (HY050G)).

— snemmteknar eftirlaunabætur sem eru greiddar af völdum aðstæðna á vinnumarkaði eða minnkaðrar starfsgetu (þær eru annars vegar innifaldar í „Atvinnuleysisbætur“ (PY090G) eða í „Örorkubætur“ (PY130G)),

— bætur sem eru greiddar til eldra fólks sem þarfnast tíðrar eða stöðugrar aðstoðar við að bera aukakostnað af umönnun þegar bæturnar eru endurgreiddar samkvæmt staðfestum kostnaði.

2.5.1.5. Bætur til eftirlifandi (PY110G)

Bætur til eftirlifandi fela í sér tímabundnar eða varanlegar tekjur fyrir fólk sem er undir eftirlaunaaldri eftir dauða maka, sambýlismanns/-konu eða náins ættingja, venjulega þegar hinn síðarnefndi er aðalfyrirvinna eftirlaunaþegans.

Eftirlifendur sem eiga rétt á bótum geta verið maki eða fyrrverandi maki hins látna, börn hans eða hennar, barnabörn, foreldrar eða önnur skyldmenni. Í sumum tilvikum er einnig heimilt að greiða bæturnar til einhvers sem er ekki hluti af fjölskyldunni.

Bætur til eftirlifenda eru venjulega veittar á grundvelli afleiddra réttinda, þ.e. réttar sem upphaflega tilheyrir öðrum einstaklingi en andlát hans er skilyrði fyrir veitingu bótanna.

Það felur í sér:

— eftirlifendalífeyrir: reglubundnar greiðslur til einstaklinga þar sem réttur þeirra ákvarðast af sambandi þeirra við hinn látna sem er tryggð með kerfi (ekill, ekkja, munaðarleysingjar o.þ.h.),

— dánarstyrkur: eingreiðsla til einhvers þar sem réttur hans/hennar ákvarðast af sambandi við hinn látna (ekill, ekkja, munaðarleysingjar og svipað),

— aðrar bætur í peningum: aðrar reglubundnar greiðslur eða eingreiðslur vegna afleidds réttar eftirlifanda.

Það felur ekki í sér:

— fjölskyldugreiðslur vegna barna á framfæri (þessar bætur eru innifaldar í breytunni „Bætur tengdar fjölskyldu/börnum“ (HY050G)),

— útfararkostnaður,

— frekari greiðslur frá vinnuveitendum til annarra einstaklinga sem eiga rétt á slíku til viðbótar við eftirlifendabætur sem þeir eiga rétt á í gegnum almannatryggingakerfi þegar ekki reynist unnt að skilgreina slíkar greiðslur á skýran og greinargóðan hátt sem félagslegar bætur (þessar greiðslur eru innifaldar í breytunni „Vergar launatekjur í peningum eða ígildi peninga“ (PY010G)),

— bætur til eftirlifenda sem eru greiddar eftir að hefðbundnum eftirlaunaaldri er náð (þessar bætur eru innifaldar í breytunni „Bætur vegna elli“ (PY100G)).

2.5.1.6. Sjúkrabætur (PY120G)

Sjúkrabætur fela í sér bætur í peningum sem koma að öllu leyti eða að hluta til í stað tapaðra tekna vegna tímabundinnar vanhæfni til að stunda vinnu af völdum veikinda eða slysa.

Sjúkrabætur fela í sér:

— launað veikindaleyfi: fast framlag eða tekjutengdar greiðslur sem er ætlað að tryggja einstakling að öllu leyti eða að hluta til gegn tekjutapi af völdum tímabundinnar vanhæfni að stunda vinnu af völdum veikinda eða slysa. Þessar bætur geta komið úr sjálfstæðum almannatryggingasjóðum en þær geta einnig komið frá vinnuveitanda í formi áframhaldandi launagreiðslna í veikindaleyfinu,

— launað veikindaleyfi, ef um er að ræða veikindi eða slys á börnum á framfæri,

— aðrar bætur í peningum: ýmsar greiðslur til þeirra einstaklinga sem eru tryggðir að því er varðar veikindi eða slys.

Það felur ekki í sér:

— bætur í peningum sem koma í stað tapaðra tekna vegna tímabundinnar vanhæfni til að stunda vinnu af völdum þungunar (þessar bætur eru innifaldar í breytunni „Bætur tengdar fjölskyldu/börnum“ (HY050G)),

— bætur í peningum sem koma í stað tekjutaps vegna tímabundinnar vanhæfni til að stunda vinnu af völdum fötlunar (þessar bætur eru innifaldar í breytunni „Örorkubætur“ (PY130G)),

— greiðslur til starfsmanna frá vinnuveitendum í stað launa í gegnum almannatryggingakerfi þegar viðkomandi er ófær um að sinna starfi sínu vegna veikinda ef ekki reynist unnt að skilgreina slíkar greiðslur á skýran og aðgreindan hátt sem félagslegar bætur (þessar greiðslur eru innifaldar í breytunni „Vergar launatekjur í peningum eða ígildi peninga“ (PY010G)),

— frekari greiðslur til starfsmanna frá vinnuveitendum til viðbótar við greiðslur vegna veikindaleyfis sem þeir eiga rétt á frá almannatryggingakerfi ef ekki reynist unnt að skilgreina slíkar greiðslur á skýran og aðgreindan hátt sem félagslegar bætur (þessar greiðslur eru innifaldar í breytunni „Vergar launatekjur í peningum eða ígildi peninga“ (PY010G)),

2.5.1.7. Örorkubætur (PY130G)

Örorkubætur fela í sér bætur, sem tryggja þeim einstaklingum tekjur sem eru undir hefðbundnum eftirlaunaaldri, sem hafa skerta getu til að stunda vinnu og afla tekna og sem eru yfir þeim lágmarksmörkum, sem mælt er fyrir um í löggjöf af völdum líkamlegrar eða andlegrar fötlunar.

Fötlun er takmörkuð eða algjör vanhæfni til að taka þátt í atvinnustarfsemi eða að lifa eðlilegu lífi af völdum líkamlegra eða andlegra erfiðleika sem eru líklegir til að vera annaðhvort varanlegir eða vara lengur en tilskilið lágmarkstímabil.

Það felur í sér:

— lífeyri vegna fötlunar: reglubundnar greiðslur sem er ætlað að viðhalda eða vera uppbót á tekjum einstaklinga sem eru undir hefðbundnum eftirlaunaaldri og eiga við fötlun að stríða sem skerðir getu þeirra til að stunda vinnu eða afla tekna sem eru yfir þeim lágmarksmörkum sem mælt er fyrir um í löggjöf.

— snemmtekin eftirlaun vegna skertrar starfshæfni: reglubundnar greiðslur til eldri starfsmanna sem fara á eftirlaun áður en hefðbundnum eftirlaunaaldri er náð af völdum skertrar starfshæfni. Þessar greiðslur stöðvast venjulega þegar rétthafi öðlast rétt á ellilífeyri,

— umönnunargreiðslur: bætur sem eru greiddar fötluðum einstaklingum, sem eru undir hefðbundnum eftirlaunaaldri og þurfa tíðrar eða stöðugrar aðstoðar til að standa straum af aukakostnaði af umönnun (að undanskilinni læknisþjónustu). Bæturnar skulu ekki vera endurgreiðsla á staðfestum kostnaði,

— efnahagsleg samþætting fatlaðra einstaklinga: greiðslur til fatlaðra einstaklinga þegar þeir stunda vinnu sem er sniðin að þeirra aðstæðum, venjulega á vernduðum vinnustöðum, eða þegar þeir eru í starfsþjálfun,

— örorkubætur fyrir föltuð börn í þeirra eigin þágu, óháð framfærslu,

— aðrar bætur í peningum: reglubundnar greiðslur og eingreiðslur sem falla ekki undir framgreinda liði, s.s. tilfallandi tekjuuppbót o.s.frv.

Það felur ekki í sér:

— bætur sem eiga að koma alveg eða að hluta til í stað tekna vegna tímabundinnar vanhæfni til að stunda vinnu vegna veikinda eða slysa (þessar bætur eru innifaldar í breytunni „Sjúkrabætur“ (PY120G)),

— fjölskyldugreiðslur til örorkubótaþega (þessar bætur eru innifaldar í breytunni „Bætur tengdar fjölskyldu/börnum“ (HY050G)),

— bætur sem eru greiddar eftirlifendum sem voru á framfæri fatlaðra einstaklinga, s.s. lífeyrir (þessar bætur eru innifaldar í breytunni „Bætur til eftirlifenda“ (PY110G)),

— bætur sem eru endurgreiðsla á staðfestum kostnaði,

— örorkubætur sem eru greiddar í peningum eftir að hefðbundnum eftirlaunaaldri er náð (þessar bætur eru innifaldar í breytunni „Bætur vegna elli“ (PY100G)),

— greiðslur til starfsmanna frá vinnuveitanda eða fyrrum vinnuveitanda í stað launa í gegnum almannatryggingakerfi þegar viðkomandi er ófær um að sinna starfi sínu vegna fötlunar ef ekki reynist unnt að skilgreina slíkar greiðslur á skýran og aðgreindan hátt sem félagslegar bætur (þessar greiðslur eru innifaldar í breytunni „Vergar launatekjur í peningum eða ígildi peninga“ (PY010G)),

— viðbótargreiðslur til starfsmanna frá vinnuveitanda eða fyrrum vinnuveitanda til viðbótar við greiðslur vegna veikindaleyfis af völdum fötlunar sem þeir eiga rétt á frá almannatryggingakerfi ef ekki reynist unnt að skilgreina slíkar greiðslur á skýran og aðgreindan hátt sem félagslegar bætur (þessar greiðslur eru innifaldar í breytunni „Vergar launatekjur í peningum eða ígildi peninga“ (PY010G)).

2.5.1.8. Bætur tengdar menntun (PY140G)

Bætur vegna menntunar fela í sér fjárstyrki, námsstyrki og aðra aðstoð sem nemendum er veitt til að mennta sig.

2.5.1.9. Félagsleg útskúfun sem er ekki skilgreind annars staðar (HY060G)

Félagslegar bætur sem tengjast „félagslegri útilokun sem er ekki skilgreind annars staðar “ fela í sér „félagslega útilokun“ eða „þá sem eiga á hættu að verða fyrir félagslegri útilokun“. Almennt séð geta markhóparnir (m.a.) verið bjargræðislaust fólk, innflytjendur, flóttamenn, eiturlyfjaneytendur, áfengissjúklingar eða fórnarlömb ofbeldisbrota.

Það felur í sér:

— tekjuuppbót: reglubundnar greiðslur til fólks sem hefur ekki nægileg fjárráð. Skilyrði fyrir rétti til bóta tengjast ekki einungis persónulegum fjárráðum heldur einnig þjóðerni, búsetu, aldri, atvinnumöguleikum og fjölskyldustöðu. Bæturnar geta verið greiddar í takmarkaðan eða ótakmarkaðan tíma; þær geta verið greiddar einstaklingi eða fjölskyldu og veittar af hálfu ríkis eða sveitarfélaga,

— aðrar bætur greiddar í peningum: stuðningur við bjargræðislausa og berskjaldaða einstaklinga til að draga úr fátækt eða aðstoða við erfiðar aðstæður. Þessar bætur geta verið greiddar af einkareknum stofnunum sem eru ekki reknar í hagnaðarskyni.

2.5.2. Reglubundnar, mótteknar peningatilfærslur milli heimila (HY080G)

Reglubundnar mótteknar peningatilfærslur milli heimila fela í sér fjárhæðir sem eru mótteknar reglulega frá öðrum heimilum eða einstaklingum á tekjuviðmiðunartímabilinu.

Það felur í sér:

— lögboðið meðlag og barnabætur,

— frjálst meðlag og barnabætur sem eru mótteknar reglulega,

— reglubundin peningaframlög frá einstaklingum öðrum en heimilismönnum,

— regluleg peningaframlög frá heimilum í öðrum löndum.

Það felur ekki í sér:

— Ókeypis eða niðurgreitt húsnæði sem annað heimili veitir (sem er innifalið í breytunni „Húsaleiguígildi“ (HY030G)).

2.6. **Aðrar mótteknar tekjur**

2.6.1. *Tekjur einstaklinga yngri en 16 ára (HY110G)*

Tekjur einstaklinga yngri en 16 ára eru skilgreindar sem vergar tekjur allra heimilismanna yngri en 16 ára á tekjuviðmiðunartímabilinu.

Það felur ekki í sér:

— tilfærslur milli heimilismanna,

— tekjur sem heimilið fær (þ.e.a.s. breyturnar HY040G, HY050G, HY060G, HY070G, HY080G og HY090G).

2.7. **Vaxtagreiðslur**

2.7.1. *Vextir sem greiddir eru af veðlánum (HY100G)*

Vextir sem greiddir eru af veðláni fela í sér verga heildarfjárhæð fyrir skattaafslátt af vöxtum sem greiddir eru af láni með veði í föstu heimili fjölskyldunnar á tekjuviðmiðunartímabilinu.

Felur ekki í sér:

— aðrar greiðslur í tengslum við veðlán, annaðhvort vextir eða höfuðstóll, sem eiga sér stað samtímis, s.s. vátrygging vegna láns með veði í fasteign eða heimilis- og innbústrygging,

— greiðslur af viðbótarveðlánum til að fjármagna útgjöld vegna húsnæðis (t.d. til viðgerðar, endurnýjunar, viðhalds o.s.frv.) eða til annarra nota,

— endurgreiðslur lánsfjárhæðar eða höfuðstóls.

2.8. **Greiddar rekstrartilfærslur**

Greiddar rekstrartilfærslur eru sundurliðaðar í:

1. Tekjuskatt og framlög til félagslegra trygginga (HY140G).

2. Eigna- og fjármagnstekjuskatt (HY120G).

3. Framlag vinnuveitanda til félagslegra trygginga (PY030G).

4. Reglubundnar peningatilfærslur milli heimila sem eru greiddar (HY130G).

2.8.1. *Tekjuskattur og framlög til félagslegra trygginga (HY140G)*

Skattar á tekjur fela í sér skatta á tekjur, hagnað og söluhagnað. Þeir eru lagðir á vegna raunverulegra eða væntanlegra tekna einstaklinga, heimila eða gjaldeiningar. Þeir fela í sér skatta af eign, landi eða fasteign þegar slíkt eignarhald er notað sem grunnur til að áætla tekjur eigendanna.

Tekjuskattar fela í sér:

— skatta á einstaklinga, heimili eða tekjur skattskyldrar einingar (tekjur af atvinnu, eignum, framtakssemi, lífeyri o.s.frv.) þ.m.t. skattar sem vinnuveitendur draga frá (staðgreiðsluskattar), aðra staðgreiðsluskatta og skatta af tekjum eigenda fyrirtækja, sem eru ekki með réttarstöðu lögaðila, sem eru greiddir á tekjuviðmiðunartímabilinu,

— aðildarríki sem nota gögn úr skrám og önnur aðildarríki, sem telja þetta hentugustu aðferðina, mega í undantekningartilvikum tilkynna skatt á „mótteknar tekjur“ á tekjuviðmiðunartímabilinu að því tilskildu að það hafi einungis takmörkuð áhrif á samanburðarhæfi,

— endurgreiðslur á skatti á tekjuviðmiðunartímabilinu að því er varðar skatt sem er greiddur af mótteknum tekjum á tekjuviðmiðunartímabilinu eða á fyrri árum. Þessi fjárhæð telst vera lækkun á greiddum skatti,

— alla vexti af ógreiddum, gjaldföllnum skuldum og sektir sem skattyfirvöld leggja á.

Tekjuskattar fela ekki í sér:

— gjald sem er greitt fyrir veiði-, skot og fiskveiðiréttindi.

Framlög til félagslegra trygginga eru framlög sem vinnuveitendur, sjálfstætt starfandi einstaklingar, atvinnulausir, ellilífeyrisþegar og aðrir einstaklingar hafa greitt til lögboðinna kerfa stjórnvalda eða vinnuveitenda (lífeyrir, sjúkratrygging o.s.frv.) á tekjuviðmiðunartímabilinu.

2.8.2. *Eigna- og fjármagnstekjuskattur (HY120G)*

Eigna- og fjármagnstekjuskattar felur í sér skatta sem eigendur greiða reglulega af eignarhaldi eða notkun á landi eða húseignum ásamt álögðum eignarsköttum ársins og sköttum á aðrar eignir (skartgripi, önnur ytri merki um ríkidæmi). Eigna- og fjármagnstekjuskattar, sem á að skýra frá, eru skattar sem á að greiða á tekjuviðmiðunartímabilinu.

Það felur í sér vexti af gjaldföllnum, ógreiddum skuldum og sektir sem skattyfirvöld leggja á og eru greiddar á tekjuviðmiðunartímabilinu og eignaskattar sem leigjendur greiða beint til skattyfirvalda á tekjuviðmiðunartímabilinu.

Það felur ekki í sér:

— skatta sem greiddir eru í einni greiðslu, s.s erfðafjárskattar, dánargjöld eða skattar á gjafir milli manna,

— skatta sem eru lagðir á eign, land eða fasteign þegar slíkt eignarhald er notað sem grunnur til að áætla tekjur eigenda þeirra (þessir skattar eru innifaldir í breytunni „Tekjuskattur og framlög til félagslegra trygginga“ (HY140G)).

— skatta á land, húseignir eða aðrar eignir sem fyrirtæki eiga eða leigja og nota til framleiðslu (þessir skattar teljast vera skattar á framleiðslu og þeir dragast frá markaðsframleiðslu tekna af sjálfstæðum rekstri til að byggja upp þáttinn „Vergur hagnaður eða tap af sjálfstæðri atvinnustarfsemi“ (þ.m.t. rétthafagreiðslur) (PY050G)).

2.8.3. *Framlag vinnuveitanda til félagslegra trygginga (PY030G)*

Framlag vinnuveitanda til félagslegra trygginga er skilgreint í tekjum starfsmanna.

2.8.4. *Reglubundnar greiddar peningatilfærslur milli heimila (HY130G)*

Reglubundnar, greiddar tilfærslur milli heimila fela í sér reglubundnar fjárhæðir sem eru greiddar til annarra heimila á tekjuviðmiðunartímabilinu.

Reglubundnar greiddar tilfærslur milli heimila fela í sér:

— lögboðið meðlag og barnabætur,

— frjálst meðlag og barnabætur sem eru greiddar reglulega,

— regluleg peningaframlög til einstaklinga annarra en heimilismanna,

— regluleg peningaframlög til heimila í öðrum löndum.

3. HREINIR TEKJUÞÆTTIR

Hreinir tekjuþættir eru reiknaðir út frá samsvarandi vergum tekjuþáttum að frádreginni staðgreiðslu tekjuskatta og framlagi til félagslegra trygginga.

Unnt er að tilgreina hreina tekjuþætti:

1. án staðgreiðslu tekjuskatts og félagslegra framlaga,

2. án staðgreiðslu tekjuskatts,

3. án félagslegra framlaga.

4. VERGAR HEILDARTEKJUR OG RÁÐSTÖFUNARTEKJUR HEIMILIS

4.1. **Vergar heildartekjur heimilis (HY010) eru reiknaðar á eftirfarandi hátt:**

Summa einstaklingsbundinna vergra tekjuþátta allra heimilismanna (Vergar launatekjur í peningum eða ígildi peninga (PY010G), vergar launatekjur í öðru formi en peningum (PY020G), framlag vinnuveitanda til félagslegra trygginga (PY030G), vergur hagnaður eða tap af sjálfstæðri atvinnustarfsemi (þ.m.t. rétthafagreiðslur) (PY050G), virði vara sem framleiddar eru til eigin neyslu (PY070G), atvinnuleysisbætur (PY090G), bætur vegna elli (PY100G), bætur til eftirlifenda (PY110G), sjúkrabætur (PY120G), örorkubætur (PY130G) og greiðslur tengdar menntun (PY140G)) ásamt vergum tekjuþáttum heimilis (húsaleiguígildi (HY030G), leigutekjur af eignum eða landi (HY040G), bætur tengdar fjölskyldu/börnum (HY050G), félagsleg útilokun sem er ekki skilgreind annars staðar (HY060G), húsnæðisgreiðslur (HY070G), reglubundnar mótteknar peningatilfærslur milli heimila (HY080G), vextir, arðgreiðslur, hagnaður af fjárfestingum í fyrirtæki sem er ekki með réttarstöðu lögaðila (HY090G), tekjur einstaklinga yngri en 16 ára (HY110G)) að frádregnum vöxtum sem eru greiddir af veðlánum (HY100G).

4.2. **Heildarráðstöfunartekjur heimilis (HY020) má reiknaða á eftirfarandi hátt:**

Summa einstaklingsbundinna vergra tekjuþátta allra heimilismanna (Vergar launatekjur í peningum eða ígildi peninga (PY010G), vergar launatekjur í öðru formi en peningum (PY020G), framlag vinnuveitanda til félagslegra trygginga (PY030G), vergur hagnaður eða tap af sjálfstæðri atvinnustarfsemi (þ.m.t. rétthafagreiðslur) (PY050G), virði vara sem framleiddar eru til eigin neyslu (PY070G), atvinnuleysisbætur (PY090G), bætur vegna elli (PY100G), bætur til eftirlifenda (PY110G), sjúkrabætur (PY120G), örorkubætur (PY130G) og bætur tengdar menntun (PY140G)) ásamt vergum tekjuþáttum heimilis (húsaleiguígildi (HY030G), leigutekjur af eignum eða landi (HY040G), bætur tengdar fjölskyldu/börnum (HY050G), félagsleg útilokun sem er ekki skilgreind annars staðar (HY060G), húsnæðisgreiðslur (HY070G), reglubundnar mótteknar peningatilfærslur milli heimila (HY080G), vextir, arðgreiðslur, hagnaður af fjárfestingum í fyrirtæki sem er ekki með réttarstöðu lögaðila (HY090G), tekjur einstaklinga yngri en 16 ára (HY110G)) að frádregnu framlagi vinnuveitanda til félagslegra trygginga (PY030G), vöxtum sem eru greiddir af veðlánum (HY100G), eigna- og fjármagnstekjusköttum (HY120G), reglubundnum mótteknum peningatilfærslum milli heimila (HY130G), tekjuskatti og framlögum til félagslegra trygginga (HY140G)).

Breytan HY140G felur í sér endurgreiðslu/móttöku leiðréttinga á tekjuskatti, staðgreiðsluskatti og framlagi til félagslegra trygginga (ef við á).

eða:

summu hreinna tekjuþátta allra heimilismanna (af staðgreiðslu tekjuskatta og framlagi til félagslegra trygginga), einstaklingsbundnir tekjuþættir (launatekjur eða peningaígildistekjur starfsmanns (PY010N)), launatekjur í öðru formi en peningum (PY020N), hagnað eða tap af sjálfstæðum rekstri (þ.m.t. þóknanir) (PY050N), virði vara sem framleiddar eru til eigin neyslu (PY070N), atvinnuleysisbætur (PY090N), bætur vegna elli (PY100N), bætur til eftirlifenda (PY110N), sjúkrabætur (PY120N), örorkubætur (PY130N) og bætur tengdar menntun (PY140N)) ásamt hreinum tekjuþáttum (af staðgreiðslu tekjuskatta og framlagi til félagslegra trygginga) heimilisins (húsaleiguígildi (HY030G), leigutekjur af eignum eða landi (HY040N), bætur tengdar fjölskyldu/börnum (HY050N), félagsleg útilokun sem er ekki skilgreind annars staðar (HY060N), húsnæðisgreiðslur (HY070N), reglubundnar mótteknar peningatilfærslur milli heimila (HY080N), vextir, arðgreiðslur, hagnaður af fjárfestingum í fyrirtæki sem er ekki með réttarstöðu lögaðila (HY090N), tekjur einstaklinga yngri en 16 ára (HY110N)) að frádregnum (vöxtum sem eru greiddir af veðlánum (HY100N), eigna- og fjármagnstekjusköttum (HY120G), reglubundnum mótteknum peningatilfærslum milli heimila (HY130N), endurgreiðslur/móttaka leiðréttinga á skatti (HY145N)).

eða:

summa tekjuþátta allra heimilismanna ásamt tekjuþáttum heimilisins þar sem sumir þeirra eru hreinir tekjuþættir (að frádregnum tekjuskatti, að frádregnum framlögum til félagslegra kerfa eða að frádregnu hvorutveggja) og aðrir eru vergir tekjuþættir, eða allir hreinir tekjuþættir en í sumum tilvikum að frádregnum staðgreiðsluskatti, í öðrum tilvikum að frádregnum framlögum til félagslegra kerfa eða að frádregnu hvorutveggja, eftir að tekjuskattur og framlög til félagslegra trygginga hafa verið dregin frá (HY140N), eigna- og fjármagnstekjuskattur, reglubundnar greiddar tilfærslur milli heimila og framlög vinnuveitanda til félagslegra trygginga.

Að því er varðar suma tekjuþætti gæti HY140N falið í sér endurgreiðslur/móttöku leiðréttinga á skatti, staðgreiðslu tekjuskatta og framlag til félagslegra trygginga fyrir suma tekjuþætti.

4.3. **Heildarráðstöfunartekjur heimilis fyrir félagslegar greiðslur aðrar en bætur vegna elli og til eftirlifenda (HY022) eru skilgreindar á eftirfarandi hátt:**

Heildarráðstöfunartekjur (HY020) að frádregnum hreinum heildartilfærslum, að meðtöldum bótum vegna elli (PY100N) og bótum til eftirlifandi (PY110N) (þ.e. heildarráðstöfunartekjur (HY020) að frádregnum atvinnuleysisbótum (PY090N), sjúkrabótum (PY120N), örorkubótum (PY130N), bótum tengdum menntun (PY140N), bótum tengdum fjölskyldu/börnum (HY050N), félagslegri útilokun sem er ekki skilgreind annars staðar (HY060N) og húsnæðisbótum (HY070N)).

4.4. **Heildarráðstöfunartekjur heimilis fyrir félagslegar greiðslur, að meðtöldum bótum vegna elli og til eftirlifenda (HY022), eru skilgreindar á eftirfarandi hátt:**

Heildarráðstöfunartekjur (HY020) að frádregnum hreinum heildartilfærslum (atvinnuleysisbótum (PY090N), bótum vegna elli (PY120N), bótum til eftirlifenda (PY130N), sjúkrabótum (PY120N), örorkubótum (PY130N) bótum tengdum menntun (PY140N), bótum tengdum fjölskyldu/börnum (HY050N), félagslegri útilokun, sem er ekki skilgreind annars staðar (HY060N), og húsnæðisbótum (HY070N).

5. AÐRIR ÞÆTTIR SEM EKKI TELJAST TIL TEKNA

5.1. **Framlög til séreignarlífeyrirsjóða (PY035G)**

Framlög til séreignarlífeyrissjóða á tekjuviðmiðunartímabilinu fela í sér lífeyristryggingu sem einstök heimili taka að eigin frumkvæði og í eigin þágu, án tillits til vinnuveitanda eða opinberra stjórnvalda og utan almannatryggingakerfa.

Þessi framlög eru hliðstæðar lífeyrisgreiðslur úr séreignarsjóðum (öðrum en þeim sem fjallað er um í evrópsku kerfi samþættra hagskýrslna um almannatryggingar (ESSPROS)) (PY080G).

Það felur í sér: framlög í séreignarlífeyrissjóði vegna elli, eftirlifenda, veikinda, fötlunar og atvinnuleysis.

5.2. **Lífeyrir úr séreignarsjóðum (öðrum en þeim sem fjallað er um í ESSPROS) (PY080G)**

Reglubundinn lífeyrir úr séreignasjóðum (öðrum en þeim sem fjallað er um í ESSPROS) felur í sér lífeyri og árlegar greiðslur sem eru mótteknar á tekjuviðmiðunartímabilinu í formi tekna af vöxtum og arði úr séreignartryggingasjóðum, þ.e. opinberlega skipulögðum sjóðum þar sem framlögin eru háð ákvörðun iðgjaldagreiðenda óháð vinnuveitendum þeirra eða stjórnvöldum.

Það felur í sér:

— móttekinn ellilífeyri, lífeyri til eftirlifenda, sjúkralífeyri, lífeyri vegna fötlunar og atvinnuleysis sem vexti eða arð úr einkatryggingasjóðum.

Það felur ekki í sér:

— lífeyri úr lögboðnum kerfum stjórnvalda,

— lífeyri úr lögboðnum kerfum vinnuveitanda.

TAFLA 1

Markbreytur fyrir vergar tekjur hvers þáttar

Tekjuþættir	Heiti breytu	Markbreyta
2.1. Vergar launatekjur	PY010G	Vergar launatekjur í peningum eða ígildi peninga ([1])
	PY020G	Vergar launatekjur í öðru formi en peningum
	PY030G	Framlag vinnuveitanda til félagslegra kerfa
2.2. Tekjur af sjálfstæðri atvinnustarfsemi	PY050G	Vergur hagnaður eða tap af sjálfstæðri atvinnustarfsemi (þ.m.t. rétthafagreiðslur)
	PY070G	Virði vara sem framleiddar eru til eigin neyslu
2.3. Húsaleiguígildi	HY030G	Húsaleiguígildi

Tekjuþættir	Heiti breytu	Markbreyta
2.4. Eignatekjur	HY090G	Vextir, arðgreiðslur, hagnaður af fjárfestingum í fyrirtæki sem er ekki með réttarstöðu lögaðila
	HY040G	Leigutekjur af eignum eða landi
2.5. Mótteknar rekstrartilfærslur		
	Félagslegar bætur	
	HY050G	Bætur tengdar fjölskyldu/börnum
	HY060G	Félagsleg útilokun sem er ekki skilgreind annars staðar
	HY070G	Húsnæðisbætur
	PY090G	Atvinnuleysisbætur
	PY100G	Bætur vegna elli
	PY110G	Bætur til eftirlifenda
	PY120G	Sjúkrabætur
	PY130G	Örorkubætur
	PY140G	Bætur tengdar menntun
	Reglubundnarmótteknar peningatilfærslur milli heimila	
	HY080G	Reglubundnar mótteknar peningatilfærslur milli heimila
2.6. Aðrar mótteknar tekjur	HY110G	Tekjur einstaklinga yngri en 16 ára
2.7. Vaxtagreiðslur	HY100G	Vextir sem greiddir eru af veðlánum
2.8. Greidd rekstrartilfærsla	HY140G	Tekjuskattur og framlög til félagslegra trygginga
	HY120G	Eigna- og fjármagnstekjuskattur
	PY030G	Framlag vinnuveitanda til félagslegra kerfa
	HY130G	Reglubundnar mótteknar peningatilfærslur milli heimila

([1]) Af hagkvæmnisástæðum er unnt að sameina suma tekjuþætti öðrum (t.d. er unnt að skrá bifreið fyrirtækisins, sem upphaflega fellur undir launatekjur í öðru formi en peningum, undir launatekjur í peningum).

TAFLA 2

Markbreytur fyrir hreinar tekjur hvers þáttar

Tekjuþættir	Heiti breytu	Markbreyta
2.1. Hreinar launatekjur	PY010N	Hreinar launatekjur eða tekjur í ígildi peninga ([1])
	PY020N	Hreinar launatekjur í öðru formi en peningum
2.2. Tekjur af sjálfstæðri atvinnustarfsemi	PY050N	Hreinn hagnaður eða tap af sjálfstæðri atvinnustarfsemi (þ.m.t. rétthafagreiðslur)
	PY070N=PY070G	Virði vara sem framleiddar eru til eigin neyslu
2.3. Húsaleiguígildi	HY030N=HY030G	Húsaleiguígildi
2.4. Eignartekjur	HY090N	Vextir, arðgreiðslur, hagnaður af fjárfestingum í fyrirtæki sem er ekki með réttarstöðu lögaðila
	HY040N	Leigutekjur af eignum eða landi
2.5. Mótteknar rekstrartilfærslur		
	Félagslegar bætur	
	HY050N	Bætur tengdar fjölskyldu/börnum
	HY060N	Félagsleg útilokun sem er ekki skilgreind annars staðar
	HY070N	Húsnæðisbætur
	PY090N	Atvinnuleysisbætur
	PY100N	Bætur vegna elli
	PY110N	Bætur til eftirlifenda
	PY120N	Sjúkrabætur
	PY130N	Örorkubætur
	PY140N	Bætur tengdar menntun
	Reglubundnar mótteknar peningatilfærslur milli heimila	
	HY080N	Reglubundnar, mótteknar peningatilfærslur milli heimila

Tekjuþættir	Heiti breytu	Markbreyta
2.6. Aðrar mótteknar tekjur	HY110N	Tekjur einstaklinga yngri en 16 ára
2.7. Vaxtagreiðslur	HY100N	Vextir sem greiddir eru af veðlánum
2.8. Greidd rekstrartilfærsla	HY140N	Tekjuskattur og framlög til félagslegra trygginga
	HY145N	Endurgreiðslur/móttaka leiðréttinga á skatti,
	HY120N= HY120G	Eigna- og fjármagnstekjuskattur
	HY130N	Reglubundnar mótteknar peningatilfærslur milli heimila

([1]) Af hagkvæmnisástæðum er unnt að sameina suma tekjuþætti öðrum (t.d. er unnt að skrá bifreið fyrirtækisins, sem upphaflega fellur undir launatekjur í öðru formi en peningum, undir launatekjur í peningum).

Ef skattar eða félagsleg framlög hafa ekki verið dregin frá sem staðgreiðsluskattur skal þessi tekjuþáttur teljast „vergur“.

TAFLA 3

Aðrir þættir sem ekki teljast til tekna

Tekjuþættir	Heiti breytu	Markbreyta
2.6. Aðrar mótteknar tekjur	HY110N	Tekjur einstaklinga yngri en 16 ára
2.7. Vaxtagreiðslur	HY100N	Vextir sem greiddir eru af veðlánum

II. VIÐAUKI

AFHENDING GAGNA UM TEKJUR

1. Meginmarkmiðið með hagskýrslum Bandalagsins um tekjur og lífskjör er að afhenda traust og samanburðarhæf gögn um heildarráðstöfunartekjur heimilis fyrir tilfærslur (aðrar en bætur vegna elli og til eftirlifenda, ásamt bótum vegna elli og bótum til eftirlifenda), vergar heildartekjur og vergar tekjur á þáttastigi.

2. Þessu markmiði skal náð í tveimur áföngum þar sem aðildarríkjunum verður leyft að fresta afhendingu sumra framangreindra gagna til loka fyrsta rannsóknarársins. Einu gögnin sem ekki er lögboðið að afhenda frá og með fyrsta rannsóknarárinu eru:

   — óþeningalegir þættir launatekna (að undanskildum fyrirtækjabifreiðum sem á að reikna með frá og með fyrsta árinu sem aðgerðin stendur yfir) og tekjur sjálfstætt starfandi einstaklinga, húsaleiguígildi og vaxtagreiðslur. Þessir þættir eru valfrjálsir frá og með fyrsta árinu sem aðgerðin stendur yfir og eru lögboðnir frá og með 2007.

   — verg framlög vinnuveitenda til almannatrygginga skulu meðtalin frá og með árinu 2007 ef niðurstöður hagkvæmnisathugana eru jákvæðar.

3. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. eru Grikkland, Spánn, Frakkland, Ítalía og Portúgal undanþegin frá því að afhenda gögn um vergar tekjur fyrir fyrsta árið sem aðgerðin stendur. Þessi lönd skulu hins vegar gera allt sem í þeirra valdi stendur til að afhenda þessi gögn eins fljótt og auðið er og eigi síðar en 2007.

   Þangað til skal framkvæmdastjórnin gera ítarlegar hagkvæmniathuganir á þessu sviði í samvinnu við löndin og veita þeim í upphafi tæknilega aðstoð við að uppfylla kröfuna um afhendingu gagna um vergar tekjur.

   Löndin skulu árlega greina í gæðaskýrslum sínum frá því hvernig þeim miðar að breyta úr hreinum tekjum yfir í vergar.

4. Ef Grikkland, Spánn, Frakkland, Ítalía eða Portúgal geta ekki afhent gögn um vergan tekjuþátt frá og með fyrsta rekstrarári skulu þau afhenda samsvarandi hreinan tekjuþátt.

   Á þennan hátt verður tekjuþáttur ætíð skráður á sama hátt (vergar tekjur, án staðgreiðslu tekjuskatta og félagslegra framlaga, án staðgreiðslu tekjuskatta og án félagslegra framlaga) í samræmi við venjulega skilgreiningu á þessum tekjuþætti í viðkomandi landi.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1981/2003 2007/EES/9/17

frá 21. október 2003

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar framkvæmdarþætti og tilreikningsaðferðir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 frá 16. júní 2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) ([1]), einkum e-lið 2. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 1177/2003 var settur sameiginlegur rammi um kerfisbundna hagskýrslugerð Bandalagsins um tekjur og lífskjör sem tekur til samanburðarhæfra og viðeigandi þversniðs- og langsniðsgagna um tekjur og um umfang og samsetningu fátæktar og félagslegrar útilokunar, bæði á innlendum vettvangi og á vettvangi Evrópusambandsins.

2) Samkvæmt e-lið 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1177/2003 eru framkvæmdaráðstafanir nauðsynlegar til að samræma aðferðir og skilgreiningar varðandi framkvæmdarþætti og tilreikningsaðferðir.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdarþættir, þ.m.t. kenninúmer heimila og kenninúmer einstaklinga, reglur og leiðbeiningar um notkun staðgöngu og tilreikningsaðferðir, skulu vera eins og mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. október 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Pedro SOLBES MIRA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 298, 17.11.2003, bls. 23. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2004 frá 4. júní 2004 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 25.11.2004, bls. 19.

([1]) Stjtíð. ESB L 165, 3.7.2003, bls. 1.

VIÐAUKI

1. SKILGREININGAR

Í þessari reglugerð gilda eftirfarandi skilgreiningar um langsniðsþátt hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör:

a) Upphaflegt úrtak: úrtak heimila eða einstaklinga á þeim tíma sem það er valið til að taka það með í hagskýrslur Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör.

b) Úrtakseinstaklingar: allir heimilismenn eða hlutmengi heimilismanna í upphaflega úrtakinu sem hafa náð tilteknum aldri.

c) Aldurstakmark fyrir skilgreiningu úrtakseinstaklinga:

Í panilkönnun, sem spannar fjögur ár, skal aldurstakmarkið ekki vera hærra en 14 ár. Í löndum þar sem panilkönnun spannar fjögur ár og notað er úrtak heimilisfanga eða heimila skulu allir heimilismenn í upphaflega úrtakinu, sem eru 14 ára og eldri, teljast vera úrtakseinstaklingar. Í löndum, þar sem panilkönnun spannar fjögur ár og notað er úrtak einstaklinga, skal velja a.m.k. einn slíkan einstakling á hverju heimili.

Framangreindur lágmarksaldur er hafður lægri ef panilkönnun spannar lengra tímabil. Ef panilkönnun varir lengur en átta ár skulu heimilismenn á öllum aldri í upphaflega úrtakinu vera úrtakseinstaklingar og börn, sem fæðast á því tímabili þegar móðirin er í panilkönnuninni, skulu talin með sem úrtakseinstaklingar.

d) Úrtaksheimili: heimili með a.m.k. einum úrtakseinstaklingi. Hagskýrslur Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör skulu, við söfnun eða samantekt ítarlegra upplýsinga, ná yfir úrtaksheimili ef a.m.k. einn úrtakseinstaklingur sem er 16 ára eða eldri býr þar.

e) Aðrir íbúar heimilis (einstaklingar sem eru ekki í úrtakinu): allir núverandi íbúar úrtaksheimilis nema þeir sem eru skilgreindir hér að framan sem úrtakseinstaklingar.

f) Núverandi heimilismenn: heimilismenn á þeim tíma þegar gögnum er safnað eða þau tekin saman. Skilyrði fyrir því að hægt sé að flokka einstakling sem heimilismann eru sett í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1980/2003([1]) um skilgreiningar og uppfærðar skilgreiningar.

g) Fyrrverandi heimilismaður: einstaklingur sem er ekki núverandi heimilismaður og var ekki skráður heimilismaður viðkomandi heimilis í fyrri bylgju en dvaldi þar í a.m.k. þrjá mánuði á tekjuviðmiðunartímabilinu.

h) Óskipt heimili:

Úrtaksheimili telst vera óskipt (heilt) ef það er áfram eitt heimili án þess að viðbótarheimili sé stofnað og án þess að það leysist upp, jafnvel þó að samsetning þess kunni að hafa breyst frá fyrri bylgju vegna dauðsfalla, flutnings heimilismanna eða vegna þess að aðrir íbúar þess hafa farið þaðan, aðrir bæst við eða vegna fæðinga.

i) Upphaflegt heimili/sprotaheimili:

Litið er svo á að úrtaksheimili úr bylgju x „skiptist“ ef úrtakseinstaklingar þess úr bylgju x hafa, í bylgju x+1, fasta búsetu á fleiri en einu einkaheimili innan innlendra svæða markþýðisins.

Þegar heimili skiptist skal skilgreina eitt (og aðeins eitt) þeirra heimila, sem þá verða til, sem „upphaflegt“ heimili en eitt eða fleiri hinna kallast „sprotaheimili“.

Nota skal eftirfarandi aðferð til þess að greina á milli „upphaflegra heimila“ og „sprotaheimila“:

— hafi úrtakseinstaklingur úr bylgju x sama heimilisfang og í síðustu bylgju skal skilgreina heimili hans sem „upphaflegt“ heimili. Allir úrtakseinstaklingar, sem hafa flutt, stofna eitt eða fleiri „sprotaheimili“,

([1]) Stjtíð. ESB L 298, 17.11.2003, bls. 1.

— ef enginn úrtakseinstaklingur hefur sama heimilisfang og í síðustu bylgju skal heimili þess úrtakseinstaklings, sem í síðustu bylgju var með lægsta einstaklingsnúmerið í skránni, teljast upphaflegt heimili. Sé þessi einstaklingur ekki lengur á lífi eða búi hann ekki lengur á einkaheimili innan innlends svæðis markþýðisins skal upphaflega heimilið teljast vera heimili úrtakseinstaklingsins með lægsta einstaklingsnúmerið.

j) Samruni:

Úrtakseinstaklingar frá mismunandi úrtaksheimilum úr fyrri bylgju stofna nýtt heimili saman.

Um þversniðs- og langsniðsþátt hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör gildir eftirfarandi skilgreining:

k) Einstaklingsnúmer: það númer sem einstaklingur fær í „heimilisskránni“ í fyrsta sinn sem hann er skráður sem heimilismaður. Í þversniðsþættinum og undir nýjum heimilum í langsniðsþættinum skal það samsvara stöðu einstaklingsins í „heimilisskránni“.

2. KENNINÚMER EINSTAKLINGA OG HEIMILA

2.1. **Kenninúmer heimilis**

1. Í þversniðsþættinum er fast kenninúmer (ID) heimilisins raðtala.

2. Í langsniðsþættinum er kenninúmer heimilis sett saman úr heimilisnúmeri og númeri sprotaheimilis. Heimilisnúmerið er raðtala. Númer sprotaheimilis hefur alltaf gildið „00“ fyrir fyrstu bylgju.

Ef heimilið er áfram óskipt heldur það heimilisnúmerinu og númeri sprotaheimilis frá einni bylgju til þeirrar næstu.

Verði til sprotaheimili heldur upphaflega heimilið heimilisnúmeri og númeri sprotaheimilis frá einni bylgju til þeirrar næstu. Hin heimilin, þ.e. sprotaheimilin, halda sama heimilisnúmerinu en fá næsta lausa, staka raðnúmer fyrir sprotaheimili.

Við samruna tveggja úrtaksheimila skal nýja heimilið, haldi það fyrra heimilisfangi, halda heimilisnúmerinu og númeri þess sprotaheimilis sem hafði þetta heimilisfang í fyrri bylgju. Ef nýja heimilið hefur nýtt heimilisfang skal nota heimilisnúmer og númer sprotaheimilis þess úrtakseinstaklings sem þá er með lægsta einstaklingsnúmerið í „heimilisskránni“.

2.2. **Kenninúmer einstaklings**

1 Í þversniðs- og langsniðsþáttunum er kenninúmer einstaklings samsett úr kenninúmeri heimilis og einstaklingsnúmeri.

2. Í langsniðsþættinum er einstaklingsnúmer nýs einstaklings á heimili búið til með því að bæta tölunni „1“ við hæsta einstaklingsnúmerið, sem er notað öll könnunarárin, og við kenninúmer heimilisins.

3. Í langsniðsþættinum skal kenninúmer heimilis vera kenninúmer þess heimilis þar sem einstaklingur kemur fyrst fyrir í panilkönnun.

4. Í langsniðsþættinum skal fastsetja sama kenninúmer einstaklings fyrir allan þann tíma sem einstaklingur er þátttakandi í könnuninni.

3. UPPLÝSINGAR SEM BER AÐ SAFNA

1. Á upphaflegu heimili skal safna öllum tilskildum upplýsingum um núverandi heimilismenn, grunnupplýsingum um fyrrverandi heimilismenn og grunnupplýsingum um heimilismenn úr fyrri bylgju sem eru ekki lengur heimilismenn.

2. Á sprotaheimili skal einungis safna öllum tilskildum upplýsingum um núverandi heimilismenn.

3. Allar tilskildar upplýsingar um núverandi heimilismenn, grunnupplýsingar um fyrrverandi heimilismenn og grunnupplýsingar um heimilismenn úr fyrri bylgju, sem eru ekki lengur heimilismenn, eru settar fram í skránni yfir aðalmarkbreytur í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1983/2003 ([1]).

4. Ef úrtakseinstaklingur er þátttakandi í könnun lengur en í eitt ár skal afla um það upplýsinga hvort hann hefur sama heimilisfang eða það hefur breyst milli ára.

4. SVARANDI HEIMILISSPURNINGALISTA

1. Einn eða fleiri heimilismenn, sem rætt er við, skulu veita upplýsingar er varða allt heimilið og almennar upplýsingar um hvern heimilismann. Velja skal svaranda fyrir heimili samkvæmt eftirfarandi forgangi:

   — Forgangur 1: sá einstaklingur sem ber ábyrgð á íverustaðnum.

   — Forgangur 2: sá heimilismaður, 16 ára eða eldri, sem er best til þess fallinn að veita upplýsingarnar.

2. Fyrir aðra og síðari bylgjur langsniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör skal velja svaranda fyrir heimili samkvæmt eftirfarandi skrá um forgang:

   — Forgangur 1: svarandi fyrir heimilið í síðustu bylgju.

   — Forgangur 2: „úrtakseinstaklingur“, 16 ára eða eldri, og skal sá einstaklingur hafa forgang sem ber ábyrgð á íverustaðnum eða er best til þess fallinn að veita upplýsingarnar.

   — Forgangur 3: „einstaklingur sem er ekki í úrtakinu“, 16 ára eða eldri.

5. FRAMKVÆMD AÐ ÞVÍ ER VARÐAR ÚRTAK

1. Hvert aðildarríki skal fylgja viðeigandi verklagsreglum og sínum „bestu starfsvenjum“ til þess að ná fram hámarkssvarhlutfalli. Í viðtalskönnunum skal hringja a.m.k. þrisvar áður en litið er svo á að heimili eða einstaklingur hafi ekki svarað, nema afgerandi ástæður séu fyrir því að það sé ekki hægt (t.d. að samstarfi sé staðfastlega neitað, að kringumstæður stofni öryggi viðmælanda í hættu o.s.frv.).

2. Hagskýrslur Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör skulu byggjast á vali líkindaúrtaks og framkvæmd með tilliti til þess. Alla jafna skulu þær einingar sem eru kannaðar vera nákvæmlega þær sömu og valdar voru í þessum tilgangi í samræmi við úrtakssniðið, þ.e. ekki má nota aðrar einingar í þeirra stað.

3. Halda skal skýrslur um niðurstöður um hvert heimili og þann einstakling sem er valinn í úrtakið og gera greinarmun á (i) hæfum einingum sem verið er að kanna, (ii) hæfum einingum sem verða ekki kannaðar, (iii) völdum einingum, sem ekki töldust hæfa könnuninni, og (iv) einingum sem hafa ekki verið kannaðar vegna þess að ekki var hægt að ákveða hvort þær voru hæfar. Skrá skal ástæður þess að ekki tekst að kanna hæfar einingar og tilgreina a.m.k. helstu flokka, t.d. að ekki náist í viðkomandi, hann neiti eða sé ekki fær um að svara (s.s. vegna veikinda). Enn fremur skal skrá aðstæður eininga sem teljast óhæfar eða eru í óvissuflokki m.t.t. hæfis.

4. Takmarka skal notkun staðgengla eins og unnt er fyrir einstaklingsbundnar tekjubreytur og fyrir hverja breytu sem er nauðsynleg fyrir a.m.k. einn heimilismann sem er 16 ára eða eldri.

5. Í þversniðsþættinum og á fyrsta ári hverrar panilkönnunar, sem myndar langsniðsþáttinn, má einungis leyfa stýrða staðgöngu ef svarhlutfallið fer niður fyrir 60% og eitt af eftirfarandi liggur fyrir:

   — ekki næst í heimilisfang vegna þess að það finnst ekki eða aðgangur fæst ekki að því,

   — samband næst við heimilisfang en viðtali er ólokið vegna þess að heimilisfólk neitar samstarfi, allt heimilisfólk er tímabundið að heiman eða ekki fært um að svara.

([1]) Stjtíð. ESB L 298, 17.11.2003, bls. 34.

Ekki skal leyfa neina staðgöngu fyrir aðra og síðari bylgjur panilkönnunar í langsniðsþættinum.

Viðhafa skal sérstök vinnubrögð til að tryggja að staðgönguferlinu sé stýrt eins og hægt er. Það felur í sér að notað er snið sem tryggir að staðgenglar séu valdir þannig að þeir samsvari staðgöngueiningunum náið m.t.t mikilvægra eiginleika. Staðgöngur skulu því aðeins leyfðar að sérstök viðleitni hafi verið sýnd í því að tala um fyrir þeim sem hafa neitað og að með kerfisbundnum hætti hafi verið reynt að ná sambandi við aðra sem hafa ekki svarað. Í stað heimilis skal ekki setja annað heimili sem er ekki úrtaksheimili en hefur sama heimilisfang.

6. LENGD OG TÍMASETNING KÖNNUNAR

1. Takmarka skal tímabilið frá lokum tekjuviðmiðunartímabilsins þar til viðtal er tekið við hlutaðeigandi svaranda við átta mánuði svo sem framast er unnt. Þetta gildir bæði um úrtak heimila og einstaklinga, án tillits til þess hvort viðmiðunartímabilið er fastsett sem almanaksdagar fyrir allt úrtakið eða er breytilegt viðmiðunartímabil, ákveðið út frá tímasetningu viðtalsins fyrir heimilið eða einstaklinginn.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. skal takmarka tímabilið frá lokum tekjuviðmiðunartímabilsins þar til viðtal er tekið varðandi núverandi breytur við tólf mánuði ef tekjubreyturnar eru teknar úr skrám.

3. Ef öllum gögnum er safnað með viðtölum á vettvangi og fast tekjuviðmiðunartímabil notað skal takmarka heildartíma gagnasöfnunar fyrir úrtakið við fjóra mánuði svo sem framast er unnt.

4. Ef gögnum er safnað með viðtölum á vettvangi, notað er breytilegt tekjuviðmiðunartímabil og vettvangsvinnan varir lengur en þrjá mánuði skiptist samanlagt árlegt úrtak nokkurn veginn jafnt milli mánaða í vettvangsvinnu. Í því tilviki skal öll vettvangsvinnan fyrir þversniðsþáttinn og hverja bylgju langsniðsþáttarins ekki vara lengur en tólf mánuði.

5. Fyrir langsniðsþáttinn skal reynt að láta söfnun eða samantekt gagna um tiltekna einingu (heimili eða einstakling), sem fram fer milli tveggja bylgna, ekki vara lengur eða skemur en tólf mánuði.

7. TILREIKNINGSAÐFERÐIR

7.1. **Tegundir gagna sem vantar**

1. Þekjuskekkjur og skekkjur við val á úrtaki: t.d. ef einingar í markþýði eru ekki í úrtaksrammanum eða líkur á vali einingar raskist eða aðrar skekkjur eru í vali á úrtaki.

2. Brottfall einingar: þegar upplýsingar vantar frá heilum einingum (heimilum og/eða einstaklingum) sem völdust í úrtakið.

3. Brottfall einingar að hluta til: þær aðstæður þegar búið er að kanna suma en ekki alla hæfa heimilismenn sem hafa verið valdir í einstaklingsviðtal.

4. Brottfall liða: þær aðstæður þegar úrtakseining hefur verið könnuð en ekki hafa fengist allar nauðsynlegar upplýsingar

7.2. **Eiginleikar tilreikningsaðferða**

Að því er gögnin varðar koma tvær aðferðir (sem hægt er að nota saman) til greina:

— Tilreikningur: upplýsingar sem vantar eru áætlaðar á grundvelli tölfræðilegra tengsla innan gagnasafnsins.

— Reiknilíkön: notuð eru tengsl og upplýsingar sem liggja utan gagnasafnsins.

Með þeirri aðferð sem beitt er á gögnin skulu breytingar á og samsvörun breytna haldast. Aðferðir, þar sem „skekkjuþættir“ eru teknir með í tilreiknuðu gildin, skulu teknar fram yfir aðferðir þar sem áætlað gildi er einungis tilreiknað.

Aðferðir, þar sem tillit er tekið til samsvörunar (eða annarra eiginleika við samdreifingu á breytum), skulu teknar fram yfir jaðaraðferð eða einvíða aðferð.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1982/2003 2007/EES/9/18

frá 21. október 2003

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (ESB-SILC) að því er varðar reglur um úrtöku og eftirfylgni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 frá 16. júní 2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (ESB-SILC) ([1]), einkum d-lið 2. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 1177/2003 var settur sameiginlegur rammi um kerfisbundna hagskýrslugerð Bandalagsins um tekjur og lífskjör sem tekur til samanburðarhæfra og viðeigandi þversniðs- og langsniðsgagna um tekjur og umfangs og samsetningar fátæktar og félagslegrar útilokunar, bæði á innlendum vettvangi og á vettvangi Evrópusambandsins.

2) Samkvæmt d-lið 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1177/2003 eru framkvæmdarráðstafanir nauðsynlegar til að samræma aðferðir og skilgreiningar varðandi það sem lýtur að úrtöku og reglum um eftirfylgni.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglur og leiðbeiningar um úrtöku og eftirfylgni og skilgreiningarnar, sem nota ber við hagskýrslugerð Bandalagsins um tekjur og lífskjör, skulu vera eins og mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. október 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Pedro SOLBES MIRA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 298, 17.11.2003, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2004 frá 4. júní 2004 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 25.11.2004, bls. 19.

([1]) Stjtíð. ESB L 165, 3.7.2003, bls. 1.

VIÐAUKI

1. SKILGREININGAR

Í þessari reglugerð gilda eftirfarandi skilgreiningar um langsniðsþátt hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör:

a) Upphaflegt úrtak: úrtak heimila eða einstaklinga á þeim tíma sem það er valið til að verða hluti af hagskýrslum Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör.

b) Úrtakseinstaklingar: allir heimilismenn eða hlutmengi heimilismanna í upphaflega úrtakinu sem hafa náð tilteknum aldri.

c) Aldurstakmark fyrir skilgreiningu úrtakseinstaklinga:

Í panilkönnun sem spannar fjögur ár skal aldurstakmarkið ekki vera hærra en 14 ár. Í löndum þar sem panilkönnun spannar fjögur ár og notað er úrtak heimilisfanga eða heimila skulu allir heimilismenn, sem eru 14 ára og eldri í upphaflega úrtakinu, teljast vera úrtakseinstaklingar. Í löndum, þar sem panilkönnun spannar fjögur ár og notað er úrtak einstaklinga, skal velja a.m.k. einn slíkan einstakling frá hverju heimili.

Framangreindur lágmarksaldur er hafður lægri ef panilkönnun spannar lengra tímabil. Ef panilkönnun varir lengur en átta ár skulu heimilismenn á öllum aldri í upphaflega úrtakinu vera úrtakseinstaklingar og börn, sem fæðast á því tímabili sem móðirin er í panilkönnuninni, skulu talin með sem úrtakseinstaklingar.

d) Tímabil panilkönnunar: sá fjöldi ára sem úrtakseinstaklingar, sem hafa verið valdir í úrtakið, teljast til panilkönnunarinnar vegna söfnunar eða samantektar langsniðsupplýsinga.

e) Úrtaksheimili: heimili með a.m.k. einum úrtakseinstaklingi. Hagskýrslur Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör skulu, við söfnun eða samantekt ítarlegra upplýsinga, ná yfir úrtaksheimili ef a.m.k. einn úrtakseinstaklingur, sem er 16 ára eða eldri, býr þar.

f) Ítarlegar upplýsingar: þær persónuupplýsingar (heilsufar, aðgangur að heilbrigðisþjónustu, nákvæmar upplýsingar um atvinnu, fyrri störf og yfirlit yfir þau) sem þarf um a.m.k. einn úrtakseinstakling, 16 ára eða eldri, á hverju heimili.

g) Aðrir íbúar heimilis (einstaklingar sem eru ekki í úrtakinu): allir núverandi íbúar úrtaksheimilis nema þeir sem hér að framan eru skilgreindir sem úrtakseinstaklingar.

h) Skiptisnið: val á úrtaki sem byggist á ákveðnum fjölda hlutaúrtaka, sem öll eru lík að því er varðar stærð og snið og dæmigerð fyrir þýðið í heild sinni. Frá ári til árs er sumum hlutaúrtökum haldið eftir, á meðan önnur eru felld út og ný hlutaúrtök látin koma í þeirra stað.

Þegar um er að ræða skiptisnið, sem byggist á fjórum hlutaúrtökum, þar sem skipt er um eitt hlutaúrtak á ári, skal eitt hlutaúrtak fellt út strax eftir fyrsta árið, annað skal látið haldast í tvö ár, það þriðja í þrjú ár og það fjórða í fjögur ár. Eftir annað árið skal nýtt hlutaúrtak tekið upp ár hvert og látið haldast í fjögur ár.

Um þversniðs- og langsniðsþátt hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör gilda eftirfarandi skilgreiningar:

i) Aldur: aldur við lok tekjuviðmiðunartímabils.

j) Heimilismenn: skilyrði fyrir því að hægt sé að flokka einstakling sem heimilismann eins og sett er fram í I. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1980/2003 ([1]) um skilgreiningar og uppfærðar skilgreiningar.

k) Stofnanaheimili: sameiginlegur dvalarstaður, sem er ekki stofnun, s.s. gistiheimili, heimavist í skólastofnun eða aðrar vistarverur sem fleiri en fimm einstaklingar nýta sameiginlega án þess að bera sameiginlegan kostnað við heimilishald. Einnig eru með taldir einstaklingar sem eru leigjendur á heimilum ef þeir eru fleiri en fimm.

l) Stofnun: elliheimili, heilsugæslustofnanir, stofnanir trúfélaga (nunnu- og munkaklaustur), betrunarhús og fangelsi. Í aðalatriðum eru stofnanir aðskildar frá sameiginlegum heimilum á þann hátt að í þeim fyrrnefndu bera íbúarnir enga persónulega ábyrgð á heimilishaldinu. Í sumum tilvikum má líta á elliheimili sem sameiginleg heimili á grundvelli þessarar reglu.

([1]) Stjtíð. ESB L 298, 17. 11. 2003, bls 1.

2. MARKÞÝÐI HAGSKÝRSLNA EVRÓPUSAMBANDSINS UM TEKJUR OG LÍFSKJÖR

Markþýði hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör skal vera heimilisfólk á einkaheimilum svo og fólk sem dvelur þar og er búsett á yfirráðasvæði aðildarríkisins þegar gagnasöfnunin fer fram. Einstaklingar, sem búa á sameiginlegum heimilum eða stofnunum, flokkast vanalega ekki sem markþýði.

Smærri hlutar innlenda yfirráðasvæðisins, sem nema ekki meira en 2% af innlendu þýði, og innlenda yfirráðasvæðið, sem er skráð hér á eftir, kann að vera undanþegið hagskýrslum Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör að fengnu samkomulagi á milli viðkomandi aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofa Evrópubandalaganna).

TAFLA 1

Innlent yfirráðasvæði sem kann að vera undanþegið hagskýrslum Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör

Land	Yfirráðasvæði
Frakkland	Frönsk umdæmi og yfirráðasvæði handan hafsins
Holland	Vestur-frísnesku eyjarnar að frátalinni eyjunni Texel
Írland	Allar eyjar undan ströndum landsins að frátöldum eyjunum Achill, Bull, Cruit, Gorumna, Inishnee, Lettermore, Lettermullan og Valentia
Breska konungsríkið	Skotland norðan við Kaledóníuskurðinn, Scilly-eyjarnar

3. VAL Á ÚRTAKI

1. Í öllum þáttum hagskýrslna Evrópubandalagsins um tekjur og lífskjör (hvort heldur er á grundvelli kannana eða skráningar) skulu þversniðs- og langsniðsgögn (upphaflegt úrtak) byggð á dæmigerðu líkindaúrtaki úr þýði íbúa, sem búa á einkaheimilum í landinu, óháð því hver staða þeirra er m.t.t. tungumáls, þjóðernis og löglegrar búsetu. Öll einkaheimili og allir einstaklingar, 16 ára og eldri, á heimilinu uppfylla valforsendur.

2. Dæmigerð líkindaúrtök skulu tekin frá heimilum sem mynda grunneiningar úrtaksins fyrir bæði gagnasöfnun og gagnagreiningu svo og frá einstaklingum í markþýðinu.

3. Úrtaksrammi og aðferðir við val á úrtaki skal tryggja að líkindi hvers einstaklings og heimilis í markþýðinu sé þekkt stærð yfir núlli.

4. Í undantekningartilvikum skal 1. til 3. liður eingöngu gilda í Þýskalandi um þann hluta úrtaksins sem er byggður á líkindaúrtaki í samræmi við 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör.

4. DÆMIGERT ÚRTAK

Þegar um er að ræða kröfur um nákvæmni varðandi mikilvægustu breyturnar og það markmið að árangur náist, bæði í einstökum löndum og á vettvangi Evrópusambandsins í heild sinni, er, í 9. gr. og II. viðauka reglugerðar (EB) nr. 1177/2003, vísað til minnstu, skilvirku úrtaksstærðar sem þarf að nást.

Í einstökum löndum kunna að koma fram óskir um stærra úrtak til að uppfylla kröfur innanlands. Þegar meta skal sniðáhrif úrtaksins, með það fyrir augum að ákvarða þá úrtaksstærð sem notuð verður, skal nota grunnhagvísi þversniðs fyrir hættu á fátækt innanlands, samkvæmt skilgreiningu ráðsins, sem viðmiðun. Varðandi langsniðsþáttinn er hægt að ákvarða þennan þversniðsvísi út frá fyrsta ári hverrar raðar af langsniðsgögnum. Meta skal í hverju landi hvaða stuðul skuli nota til að stækka úrtakið eins og þörf krefur svo að tekið sé tillit til áhrifa brottfalls og sniðs á grundvelli fyrri reynslu og fyrirhugaðs könnunarsniðs og fá samþykki framkvæmdastjórnarinnar (Hagstofu Evrópubandalaganna).

5. KRÖFUR UM NÁKVÆMNI VIÐ BIRTINGU GAGNA

Kröfur um nákvæmni við birtingu gagna, sem er safnað vegna hagskýrslna Evrópubandalagsins um tekjur og lífskjör, skulu settar fram sem fjöldi úrtaksathugana sem hagskýrslurnar eru byggðar á og brottfall liða (auk brottfalls heilla eininga). Framkvæmdastjórnin skal ekki birta mat ef það byggist á færri en 20 úrtaksathugunum eða ef brottfall í viðkomandi lið fer yfir 50%. Framkvæmdastjórnin skal birta gögnin með kennimerki ef matið byggist á 20 til 49 úrtaksathugunum eða ef brottfall í viðkomandi lið fer yfir 20% og er 50% eða minna. Framkvæmdastjórnin skal birta gögnin á venjulegan hátt þegar þau byggjast á 50 eða fleiri úrtaksathugunum og brottfall í viðkomandi lið fer ekki yfir 20%.

Öll birting gagna skal fela í sér tæknilegar upplýsingar fyrir hvert aðildarríki um skilvirka úrtaksstærð svo og almennar upplýsingar um staðalskekkju á mati, a.m.k. í helstu niðurstöðum.

6. EFTIRFYLGNI VEGNA ÚRTAKSEINSTAKLINGA, ÚRTAKSHEIMILA OG ANNARRA ÍBÚA HEIMILIS Í LANGSNIÐSÞÆTTI HAGSKÝRSLNA EVRÓPUBANDALAGSINS UM TEKJUR OG LÍFSKJÖR

1. Til að athuga breytingar yfir tíma á einstaklingsgrundvelli, og til að reikna út vísi félagslegrar samheldni að því er varðar viðvarandi lágar tekjur, skulu allir úrtakseinstaklingar, sem halda til eða flytja inn á einkaheimili á innlendu yfirráðasvæðivæði, sem könnunin nær til, vera áfram í úrtaki hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör á tímabili panilkönnunar sem spannar a.m.k. fjögur ár.

2. Sem undantekning frá 1. lið, í þeim aðildarríkjum þar sem notað er skiptisnið, getur panilkönnun staðið yfir í allt frá einu til a.m.k. fjögurra ára varðandi þær sem eru gerðar fyrsta árið.

3. Reglur um eftirfylgni vegna úrtakseinstaklinga, úrtaksheimila og annarra íbúa heimilis koma fram hér á eftir.

TAFLA 2

Reglur um eftirlit með úrtakseinstaklingum, úrtaksheimilum og öðrum íbúum heimilis

Úrtakseinstaklingar:	Skulu
Sem flytja inn á einkaheimili á innlendu yfirráðasvæði sem könnunin nær til	flytjast yfir á nýja heimilið þar sem það er staðsett
Aðrir einstaklingar sem eru fjarverandi tímabundið en eru ennþá taldir vera heimilismenn	teljast með á heimilinu sem þeir tilheyra
Einstaklingar sem eru ekki lengur heimilismenn á einkaheimili eða hafa flutt brott af innlenda yfirráðasvæðinu sem könnunin nær til	falla brott úr könnuninni
Úrtaksheimili	Skulu
Eitt ár ekki talið með vegna þess að ekki var hægt að finna heimilisfangið eða enginn býr eða dvelur þar, íbúar hafa horfið (engar upplýsingar eru um hvað varð af þeim) eða heimilisfólk neitar að gefa upplýsingar	falla brott
Ekki næst samband fyrsta ár panilkönnunar eða ekki næst samband í tvö ár samfleytt vegna þess að ekki tekst að hafa uppi á heimilisfanginu eða vegna þess að allir heimilismenn eru fjarverandi um stundarsakir eða ófærir um að svara eða veikir	falla brott

Aðrir íbúar heimilis	Skulu
Búa á heimili með a.m.k. einum úrtakseinstaklingi.	halda áfram
Búa á heimili þar sem enginn úrtakseinstaklingur er.	falla brott

7. TILREIKNINGUR OG VOG

1. Þegar brottfall svara um tekjubreytur í hverjum þætti, hafa þau áhrif að gögn vantar skal beita viðeigandi tilreikningsaðferðum við hagskýrslugerð.

2. Ef breytu fyrir vergar tekjur á grundvelli þáttar er ekki safnað beint skal beita viðeigandi tilreikningsaðferðum við hagskýrslugerð og/eða reiknilíkönum til að fá fram þær markbreytur sem leitað er eftir.

3. Ef brottfall verður á einstökum spurningalista á úrtaksheimili skal nota viðeigandi aðferðir við hagskýrslugerð fyrir vægi og/eða tilreikning til að meta heildartekjur heimilisins.

4. Vægisstuðull skal reiknaður eins og krafist er svo að tekið sé tillit til vallíkinda einingarinnar, brottfalls og, eftir því sem við á, til að laga úrtakið að ytri gögnum í tengslum við dreifingu heimila og einstaklinga í markþýðinu, s.s. sem eftir kyni, aldri (fimm ára aldurshópar), stærð heimilis og samsetningu og svæði (flokkun hagskýrslusvæða, NUTS II), eða í tengslum við tekjugögn frá öðrum innlendum heimildum þar sem viðkomandi aðildarríki telur að slík ytri gögn séu nægilega áreiðanleg.

5. Aðildarríkin skulu veita framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) allar upplýsingar sem krafist er varðandi skipulag og aðferðafræði við könnunina og skulu þau einkum tilgreina viðmiðanirnar sem hafa verið samþykktar við val á sniði og stærð úrtaksins.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1983/2003 2007/EES/9/19

frá 7. nóvember 2003

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar skrá yfir aðalmarkbreytur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 frá 16. júní 2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) ([1]), einkum a-lið 2. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 1177/2003 var settur sameiginlegur rammi um kerfisbundna hagskýrslugerð Bandalagsins um tekjur og lífskjör sem tekur til samanburðarhæfra og viðeigandi þversniðs- og langsniðsgagna um tekjur og um umfang og samsetningu fátæktar og félagslegrar útilokunar, bæði á innlendum vettvangi og á vettvangi Evrópusambandsins.

2) Samkvæmt a-lið 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1177/2003 eru framkvæmdarráðstafanir nauðsynlegar til að skilgreina skrána yfir aðalmarkbreytur sem teknar eru með á hverju sviði fyrir þversniðsþáttinn og á skránni yfir markbreytur sem hafðar eru með í langsniðsþættinum, þ.m.t. lýsing á kóðum breytanna og tæknilegt snið gagnasendinga.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skráin yfir aðalmarkbreytur, kóðar breytanna og tæknilegt snið gagnasendinga vegna aðalvinnslu hagskýrslugerðar Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC), skulu vera eins og mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. nóvember 2003.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Pedro SOLBES MIRA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 298, 17.11.2003, bls. 34. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2004 frá 4. júní 2004 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 25.11.2004, bls. 19.

([1]) Stjtíð. ESB L 165, 3.7.2003, bls. 1.

VIÐAUKI

Þáttur	Heiti breytu	Kóði	Markbreyta
Skrá um heimili			**Grunngögn**
GRUNNGÖGN UM HEIMILI, Þ.M.T. STIG ÞÉTTBÝLISÞRÓUNAR			
X,L	DB010	*Ár*	**Könnunarár** *Fjögurra stafa ártal*
X,L	DB020	*Landskóði*	**Land** *Sjá viðauka*
X,L	DB030	*Kenninúmer*	**Kenninúmer heimilis** Kenninúmer heimilis
X,L	DB040	*Kóði flokkunar hagskýrslusvæða 2 (NUTS 2)* ([1])	**Svæði** Flokkun hagskýrslusvæða (NUTS)
	DB040_F	-1 1	Vantar Gildi breytu tilgreint
X,L	DB050	0001 — 9999	**Fyrsta val í lagskiptu úrtaki** ([2]) Fyrsta lag
	DB050_F	-2 1	Á ekki við Gildi breytu tilgreint
X,L	DB060	0001 — 9999	**Frumúrtakseining (PSU-1 (fyrsti áfangi)) sem notuð er við val á úrtaki** ([2]) Frumúrtakseining (PSU)
	DB060_F	-2 1	Á ekki við Gildi breytu tilgreint
X,L	DB062	0001 — 9999	**Frumúrtakseining (PSU-2 (annar áfangi)) sem notuð er við val á úrtaki** ([2]) Frumúrtakseining (PSU)
	DB062_F	-2 1	Á ekki við Gildi breytu tilgreint
X,L	DB070	0001 — 9999	**Röð frumúrtakseininga sem notuð eru við val á úrtaki** ([2]) Röð frumúrtakseininga
	DB070_F	-2 1	Á ekki við Gildi breytu tilgreint

Þáttur	Heiti breytu	Kóði	Markbreyta
Skrá um heimili			**Grunngögn**
GRUNNGÖGN UM HEIMILI, Þ.M.T. STIG ÞÉTTBÝLISMYNDUNAR			
X,L	DB075		*Skiptihópur*
		1 — 8	sem hlutaúrtakið er úr
	DB075_F	-2	Á ekki við (skiptisnið er ekki notað)
		1	Gildi breytu tilgreint
X,L	DB080		*Sniðvog heimilis*
		0+(forsnið 2.5)	Vog
	DB080_F	-2 (L)	Eingöngu langsniðsgögn: Á ekki við (heimilið er ekki í fyrsta sinn í könnuninni eða það er s.k. sprotaheimili)
		1	Gildi breytu tilgreint
X,L	DB090		*Þversniðsvog heimilis*
		0+(forsnið 2.5)	Vog
	DB090_F	1	Gildi breytu tilgreint
X,L	DB100		*Stig þéttbýlisþróunar*
		1	Þéttbýlt svæði
		2	Meðalþéttbýlt svæði
		3	Strjálbýlt svæði
	DB100_F	1	Gildi breytu tilgreint
L	DB110		*Staða heimilis*
			Heimili úr fyrri bylgju
		1	Sama heimilisfang og þegar síðasta viðtal var tekið
		2	Allt heimilisfólk hefur flutt á einkaheimili innanlands
			Heimilið er ekki lengur í könnuninni
		3	Allt heimilisfólk hefur flutt á stofnanaheimili eða stofnun innanlands
		4	Heimilisfólk hefur flust til útlanda
		5	Allt heimilisfólk er látið
		6	Á heimilinu er enginn sem lent hefur í úrtaki könnunarinnar
			Ekki náðist samband við fólk með þetta heimilisfang
		7	Ekki næst í heimili í heimilisfangi (ekki fæst aðgangur að heimilisfanginu eða það er týnt, þ.e.a.s. engin skráð gögn eru til um það hvað af heimilinu varð)

Þáttur	Heiti breytu	Kóði	Markbreyta
Skrá um heimili			**Grunngögn**
GRUNNGÖGN UM HEIMILI, Þ.M.T. STIG ÞÉTTBÝLISÞRÓUNAR			
			Nýtt heimili í þessari bylgju
		8	Sprotaheimili
		9	Nýtt heimilisfang bætist við úrtakið í þessari bylgju eða þeirri fyrstu
			Samruni
		10	Samruni
	DB110_F	1	Gildi breytu tilgreint
X,L	DB120		*Skráð samband við heimilisfang*
		11	Samband náðist við fólk með þetta heimilisfang
			Ekki náðist samband við fólk með þetta heimilisfang
		21	Heimilisfang finnst ekki
		22	Heimilisfang ekki aðgengilegt
		23	Heimilisfangið er ekki til, þar býr enginn, þar dvelst enginn eða þar hefur enginn fasta búsetu
	DB120_F	-2 (L)	Eingöngu langsniðsgögn: á ekki við (DB110 ekki = 2, 8 eða 9)
		-1	Vantar
		1	Gildi breytu tilgreint
X,L	DB130		*Niðurstöður spurningalista fyrir heimili*
		11	Lokið við að fylla út spurningalista fyrir heimili
			Viðtali ekki lokið
		21	Samstarfi neitað
		22	Allt heimilisfólk var tímabundið að heiman allan þann tíma sem framkvæmd könnunarinnar stóð
		23	Heimilisfólk ófært um að svara (sökum veikinda, vanhæfni o.s.frv.)
		24	Aðrar ástæður
	DB130_F	-2	Á ekki við (DB120 ekki = 11 og DB110 ekki = 1)
		-1	Vantar
		1	Gildi breytu tilgreint
X,L	DB135		*Viðtalið við heimili tækt*
		1	Viðtal tækt í gagnagrunn
		2	Hafnað (því engu einstaklingsviðtali er lokið)
	DB135_F	-2	Á ekki við (DB130 ekki = 11)
		-1	Vantar
		1	Gildi breytu tilgreint

Þáttur	Heiti breytu	Kóði	Markbreyta
Skrá um einstakling			**Grunngögn**
GRUNNGÖGN UM EINSTAKLING			
X,L	RB010	*Ár*	**Könnunarár** *Fjögurra stafa ártal*
X,L	RB020	*Landskóði*	**Land** *Sjá viðauka*
X,L	RB030	*Kenninúmer*	**Kenninúmer einstaklings** Kenninúmer einstaklings
L	RB040	*Kenninúmer*	**Núverandi kenninúmer heimilis** Kenninúmer heimilis
X	RB050	0+(forsnið 2.5)	**Þversniðsvog einstaklings** Vog
	RB050_F	1	Gildi breytu tilgreint
L	RB060	0+(forsnið 2.5)	**Grunnvog einstaklings** Vog
	RB060_F	1	Gildi breytu tilgreint
L	RB100	1 2	**Úrtakseinstaklingur í eða annar íbúi heimilis** Úrtakseinstaklingur Annar íbúi heimilis
	RB100_F	-1 1	Vantar Gildi breytu tilgreint
LÝÐFRÆÐILEG GÖGN			
X,L	RB070	1 — 12	**Fæðingarmánuður** Fæðingarmánuður
	RB070_F	-1 1	Vantar Gildi breytu tilgreint
X,L	RB080	1890 — könnunarár	**Fæðingarár** Fæðingarár
	RB080_F	-1 1	Vantar Gildi breytu tilgreint

Þáttur	Heiti breytu	Kóði	Markbreyta
Skrá um einstakling			**Grunngögn**
		LÝÐFRÆÐILEG GÖGN	
X,L	RB090		**Kyn**
		1	Karl
		2	Kona
	RB090_F	-1	Vantar
		1	Gildi breytu tilgreint
L	RB110		**Staða heimilisfólks**
			Núverandi heimilisfólk
		1	Var á þessu heimili í fyrri bylgjum eða er heimilismaður nú
		2	Flutti á þetta heimili af öðru heimili í úrtaki eftir fyrri bylgju
		3	Flutti á þetta heimili af heimili utan úrtaks eftir fyrri bylgju
		4	Nýfæddur á þessu heimili eftir síðustu bylgju
			Ekki heimilismaður nú
		5	Fluttist brott eftir fyrri bylgju eða eftir síðasta viðtal hafi samband ekki náðst við viðkomandi í fyrri bylgju
		6	Lést
		7	Bjó á heimilinu í a.m.k. þrjá mánuði á tekjuviðmiðunartímabilinu en var ekki skráður í heimilisskrá þessa heimilis
	RB110_F	-1	Vantar
		1	Gildi breytu tilgreint
L	RB120		**Hvert flutti einstaklingurinn?**
		1	Á einkaheimili innanlands
		2	Á stofnanaheimili eða stofnun innanlands
		3	Úr landi
		4	Einstaklingsins er saknað
	RB120_F	-2	Á ekki við (RB110 ekki = 5)
		1	Gildi breytu tilgreint
L	RB140		**Mánuðurinn þegar einstaklingurinn flutti eða lést**
		1 — 12	Mánuður
	RB140_F	-2	Á ekki við (RB110 ekki = 5 eða 6)
		-1	Vantar
		1	Gildi breytu tilgreint

Þáttur	Heiti breytu	Kóði	Markbreyta
Skrá um einstakling			**Grunngögn**
		LÝÐFRÆÐILEG GÖGN	
L	RB150		**Árið þegar einstaklingurinn flutti eða lést**
		Ár	*Fjögurra stafa ártal*
	RB150_F	-2	á ekki við (RB110 ekki = 5 eða 6)
		-1	Vantar
		1	Gildi breytu tilgreint
L	RB160		**Fjöldi mánaða á heimilinu á tekjuviðmiðunartímabili**
		0 — 12	Fjöldi mánaða
	RB160_F	-2	Á ekki við (RB110 ekki = 5 eða 6 eða 7)
		-1	Vantar
		1	Gildi breytu tilgreint
L	RB170		**Atvinnustaða lengst af á tekjuviðmiðunartímabili**
		1	Í vinnu
		2	Atvinnulaus
		3	Á eftirlaunum eða snemmteknum eftirlaunum
		4	Annar einstaklingur utan vinnumarkaðar
	RB170_F	-2	á ekki við (RB110 ekki = 5 eða 6 eða 7)
		-1	Vantar
		1	Gildi breytu tilgreint
L	RB180		**Mánuðurinn þegar einstaklingurinn flutti inn á heimilið**
		1 — 12	Mánuður
	RB180_F	-2	á ekki við (RB110 ekki = 3)
		-1	Vantar
		1	Gildi breytu tilgreint
L	RB190		**Árið þegar einstaklingurinn flutti inn á heimilið**
		Ár	*Fjögurra stafa ártal*
	RB190_F	-2	Á ekki við (RB110 ekki = 3)
		-1	Vantar
		1	Gildi breytu tilgreint

Þáttur	Heiti breytu	Kóði	Markbreyta
Skrá um einstakling			**Grunngögn**
		LÝÐFRÆÐILEG GÖGN	
X,L	RB200		**Búsetustaða**
		1	Býr á heimilinu nú
		2	Fjarverandi tímabundið
	RB200_F	-2 (L)	Eingöngu langsniðsgögn: Á ekki við (RB110 ekki = 1 eða 2 eða 3 eða 4)
		-1	Vantar
		1	Gildi breytu tilgreint
X,L	RB210		**Grunnatvinnustaða**
		1	Í vinnu
		2	Atvinnulaus
		3	Á eftirlaunum eða snemmteknum eftirlaunum
		4	Annar einstaklingur, utan vinnumarkaðar
	RB210_F	-2 (L)	Eingöngu langsniðsgögn: á ekki við (RB110 ekki = 1 eða 2 eða 3 eða 4)
		-1	Vantar
		1	Gildi breytu tilgreint
X,L	RB220		**Kenninúmer föður (ID)**
		Kenninúmer (ID)	Kenninúmer föður (PID)
	RB220_F	-2	á ekki við (faðir er ekki heimilismaður) eða eingöngu langsniðsgögn (RB110 ekki = 1, 2, 3 eða 4)
		-1	Vantar
		1	Gildi breytu tilgreint
X,L	RB230		**Kenninúmer móður (ID)**
		Kenninúmer (ID)	Kenninúmer móður (PID)
	RB230_F	-2	á ekki við (móðir er ekki heimilismaður) eða eingöngu langsniðsgögn (RB110 ekki = 1 eða 2 eða 3 eða 4)
		-1	Vantar
		1	Gildi breytu tilgreint
X,L	RB240		**Kenninúmer maka/sambýlismanns/-konu**
		Kenninúmer (ID)	Kenninúmer maka/sambýlismanns/-konu (PID)

Þáttur	Heiti breytu	Kóði	Markbreyta
Skrá um einstakling			**Grunngögn**
			LÝÐFRÆÐILEG GÖGN
	RB240_F	-2	á ekki við (einstaklingurinn á ekki maka/sambýlismann/-konu eða maki/sambýlismaður/-kona er ekki heimilismaður) eða eingöngu langsniðsgögn (RB110 ekki = 1 eða 2 eða 3 eða 4)
		-1	Vantar
		1	Gildi breytu tilgreint
			GRUNNGÖGN UM EINSTAKLING
X,L	RB245		**Staða svarenda**
			Viðtal tekið við allt heimilisfólk 16 ára eða eldra
		1	Núverandi heimilisfólk 16 ára eða eldra
			Eingöngu valinn heimilismaður 16 ára eða eldri
		2	Svarandi sem var valinn
		3	Svarandi sem ekki var valinn
			Heimilisfólk, yngra en 16 ára, við lok tekjuviðmiðunartímabils
		4	Einstaklingur, ekki tækur
	RB245_F	-2 (L)	Eingöngu langsniðsgögn: á ekki við (RB110 ekki = 1 eða 2 eða 3 eða 4)
		1	Gildi breytu tilgreint
X,L	RB250		**Staða gagna**
			Upplýsingaöflun eða viðtali lokið
		11	Upplýsingaöflun lokið eingöngu á grundvelli viðtals
		12	Upplýsingaöflun lokið eingöngu á grundvelli upplýsinga úr skrám
		13	Upplýsingaöflun lokið á grundvelli hvors tveggja, viðtala og upplýsinga úr skrám
			Viðtali ekki lokið þótt samband hafi náðst við einstaklinginn
		21	Einstaklingur ófær um að svara (sökum veikinda, vanhæfni o.s.frv.) og enginn til svara sem farið getur með umboð hans
		22	Skilaði ekki spurningalista sem svarendur fylla út sjálfir
		23	Samstarfi neitað
			Ekki náðist samband við einstaklinginn af eftirtöldum ástæðum:
		31	Einstaklingur tímabundið að heiman og enginn til svara sem farið getur með umboð hans
		32	Samband náðist ekki af öðrum ástæðum
			Upplýsingaöflun ekki lokið
		33	Upplýsingaöflun ekki lokið af ókunnum ástæðum
	RB250_F	-2	á ekki við (RB245 ekki = 1 eða 2 eða 3)
		1	Gildi breytu tilgreint

Þáttur	Heiti breytu	Kóði	Markbreyta
Skrá um einstakling			**Grunngögn**
		GRUNNGÖGN UM EINSTAKLING	
X,L	RB260		**Tegund viðtals**
		1	Spurningalisti útfylltur (viðtal augliti til auglitis-PAPI)
		2	Spurningalisti útfylltur (viðtal augliti til auglitis-CAPI)
		3	Spurningalisti útfylltur (CATI)
		4	Svarandi fyllir sjálfur út spurningaeyðublaðið
		5	Viðtal við þann sem fer með umboð fyrir einstaklinginn
	RB260_F	-2	á ekki við (RB250 ekki = 11 eða 13)
		-1	Vantar
		1	Gildi breytu tilgreint
X,L	RB270		**Kenninúmer einstaklingsins sem fyllti út spurningalista fyrir einstakling**
		Kenninúmer (ID)	Kenninúmer einstaklingsins sem fyllti út spurningalistann fyrir einstakling
	RB270_F	-2	á ekki við (RB260 ekki = 5)
		-1	Vantar
		1	Gildi breytu tilgreint
Skrá um einstakling			**Upplýsingar um atvinnu**
		UMÖNNUN BARNA	
X	RL010		**Forskólastig**
		0 — 99([3])	Fjöldi stunda í venjulegri viku
	RL010_F	-2	Á ekki við (einstaklingurinn fær ekki inngöngu í forskóla sakir aldurs, er í skyldunámi eða er eldri en 12 ára eða er fyrrverandi heimilismaður)
		-1	Vantar
		1	Gildi breytu tilgreint
X	RL020		**Skyldunám**
		0 — 99([3])	Fjöldi stunda í venjulegri viku
	RL020_F	-2	Á ekki við (einstaklingurinn fær ekki inngöngu í skóla á skyldunámsstigi sakir aldurs, er eldri en 12 ára eða er fyrrverandi heimilismaður)
		-1	Vantar
		1	Gildi breytu tilgreint

Þáttur	Heiti breytu	Kóði	Markbreyta
Skrá um einstakling			**Upplýsingar um atvinnu**
		UMÖNNUN BARNA	
X	RL030		**Dagvistun barna á dagheimilum utan venjulegs skólatíma (fyrir/eftir)**
		0 — 99	Fjöldi stunda í venjulegri viku
	RL030_F	-2	Á ekki við (einstaklingurinn er hvorki í forskóla né í skóla, er eldri en 12 ára eða er fyrrverandi heimilismaður)
		-1	Vantar
		1	Gildi breytu tilgreint
X	RL040		**Dagvistun barna á dagheimilum**
		0 — 99	Fjöldi stunda í venjulegri viku
	RL040_F	-2	Á ekki við (einstaklingurinn er eldri en 12 ára eða er fyrrverandi heimilismaður)
		-1	Vantar
		1	Gildi breytu tilgreint
X	RL050		**Barnagæsla hjá dagmóður, heima hjá barni eða heima hjá dagmóður**
		0 — 99	Fjöldi stunda í venjulegri viku
	RL050_F	-2	Á ekki við (einstaklingurinn er eldri en 12 ára eða er fyrrverandi heimilismaður)
		-1	Vantar
		1	Gildi breytu tilgreint
X	RL060		**Barnagæsla hjá ömmum eða öfum, heimilisfólki öðru en foreldrum, öðrum ættingjum, vinum eða nágrönnum**
		0 — 99	Fjöldi stunda í venjulegri viku
	RL060_F	-2	Á ekki við (einstaklingurinn er eldri en 12 ára eða er fyrrverandi heimilismaður)
		-1	Vantar
		1	Gildi breytu tilgreint
Gögn um heimili			**Grunngögn**
		GRUNNGÖGN UM HEIMILI	
X,L	HB010		**Könnunarár**
		Ár	*Fjögurra stafa ártal*
X,L	HB020		**Land**
		Landskóði	*Sjá viðauka*

Þáttur	Heiti breytu	Kóði	Markbreyta
Gögn um heimili			**Grunngögn**
		GRUNNGÖGN UM HEIMILI	
X,L	HB030		**Kenninúmer heimilis**
		Kenninúmer (ID)	Kenninúmer heimilis (HID)
X,L	HB040		**Dagurinn þegar heimilisviðtalið fór fram**
		01 — 31	Dagur
	HB040_F	-1	Vantar
		1	Gildi breytu tilgreint
X,L	HB050		**Mánuðurinn þegar heimilisviðtalið fór fram**
		1 — 12	Mánuður
	HB050_F	-1	Vantar
		1	Gildi breytu tilgreint
X,L	HB060		**Árið þegar heimilisviðtalið fór fram**
		Ár	*Fjögurra stafa ártal*
	HB060_F	1	Gildi breytu tilgreint
X,L	HB070		**Kenninúmer einstaklingsins sem svaraði spurningalista fyrir heimili**
		Kenninúmer (ID)	Kenninúmer einstaklingsins sem fyllti út spurningalistann fyrir heimili
	HB070_F	-1	Vantar
		1	Gildi breytu tilgreint
X,L	HB080		**Kenninúmer einstaklings 1 sem ber ábyrgð á húsnæðinu**
		Kenninúmer (ID)	Kenninúmer einstaklings 1 sem ber ábyrgð á húsnæðinu
	HB080_F	-1	Vantar
		1	Gildi breytu tilgreint
X,L	HB090		**Kenninúmer einstaklings 2 sem ber ábyrgð á húsnæðinu**
		Kenninúmer (ID)	Kenninúmer einstaklings 2 sem ber ábyrgð á húsnæðinu
	HB090_F	-2	Á ekki við (engum næstráðanda er til að dreifa)
		-1	Vantar
		1	Gildi breytu tilgreint

Þáttur	Heiti breytu	Kóði	Markbreyta
Gögn um heimili			**Grunngögn**
		GRUNNGÖGN UM HEIMILI	
X,L	HB100		**Fjöldi mínútna sem tekur að fylla út spurningalista fyrir heimili**
		1 — 90	Fjöldi mínútna sem tekur að fylla út spurningalista fyrir heimili
	HB100_F	-1	Vantar
		1	Gildi breytu tilgreint
Gögn um heimili			**Tekjur**
		HEILDARTEKJUR HEIMILIS ([4])	
X,L	HY010		**Vergar heildartekjur heimilis** (*án tillits til verðbólgu*)
		-999999.99 — 999999.99	Heildarfjárhæð
	HY010_F	-5([5])	Óútfyllt: Enginn umreikningur yfir í vergar fjárhæðir
		-1([6])	Vantar
		Kennimerki tekna ([7])([8])	
		Fyrsti tölustafur	*Hreinar/vergar (við gagnaöflun)*
		0	Engar tekjur (*enginn tölustafur á eftir fyrsta staf*)
		1	Hreinar
		2	Vergar
		3	Hreinir og vergir (hluti þátta, sem er safnað, er hreinn en hluti þeirra vergur)
		4	Ekki vitað
		Næstu tölustafir ([9])	*Tilreikningsstuðull*
		000.00000 — 100.00000	Gildi safnaðra gagna/skráð gildi
X,L	HY020		**Heildarráðstöfunartekjur heimilis** (*án tillits til verðbólgu*)
		-999999.99 — 999999.99	Heildarfjárhæð
	HY020_F	-1([6])	Vantar
		Viðeigandi kennimerki	*Sjá HY010_F*
X,L	HY022		**Heildarráðstöfunartekjur heimilis fyrir félagslegar greiðslur <u>aðrar</u> en bætur vegna elli og til eftirlifenda** (*án tillits til verðbólgu*)
		-999999.99 — 999999.99	Heildarfjárhæð
	HY022_F	-1 ([6])	Vantar
		Kennimerki	*Sjá HY010_F*

Þáttur	Heiti breytu	Kóði	Markbreyta
Gögn um heimili			**Tekjur**
		HEILDARTEKJUR HEIMILIS ([4])	
X,L	HY023		**Heildarráðstöfunartekjur heimilis fyrir félagslegar greiðslur <u>þ.m.t.</u> bætur vegna elli og til eftirlifenda** (*án tillits til verðbólgu*)
		-999999.99 — 999999.99	Heildarfjárhæð
	HY023_F	-1([6])	Vantar
		Kennimerki	*Sjá HY010_F*
X,L	HY025		Hækkunarstuðull vegna brottfalls innan heimilis ([10])
		1.00000 — 5.00000	Stuðull
	HY025_F	-1	Vantar
		1	Gildi breytu tilgreint
		RÖÐ HREINNA TEKJUÞÁTTA EFTIR HEIMILUM ([4])	
X,L	HY030N		**Húsaleiguígildi** ([11]),
		1 — 999999.99	Fjárhæð
		0	Engar tekjur
	HY030N_F	-5	Óútfyllt: gildi breytu vergrar raðar er tilgreint
		-1 ([6])	Vantar
		0	Engar tekjur
		1	Tekjur (gildi breytu tilgreint)
X,L	HY040N		**Hreinar leigutekjur af eignum eða landi**
		1 — 999999.99	Fjárhæð
		0	Engar tekjur
	HY040N_F	-5	Óútfyllt: gildi breytu vergrar raðar er tilgreint
		-1 ([6])	Vantar
		Kennimerki tekna ([12])	
		Fyrsti tölustafur	*Hreinar/vergar (við gagnaöflun)*
		0	Engar tekjur (*engir tölustafir á eftir*)
		1	Án staðgreiðslu tekjuskatts og framlaga til félagslegra kerfa
		2	Án staðgreiðslu tekjuskatts,
		3	Án framlaga til félagslegra kerfa
		4	Vergar ([13])
		5	Ekki vitað

Þáttur	Heiti breytu	Kóði	Markbreyta
Gögn um heimili			**Tekjur**
		RÖÐ HREINNA TEKJUÞÁTTA EFTIR HEIMILUM ([4])	
		Annar stafur	*Hreinar tekjur (skráðar)*
		1	Án staðgreiðslu tekjuskatts og framlaga til félagslegra kerfa
		2	Án staðgreiðslu tekjuskatts
		3	Án framlaga til félagslegra kerfa
		5	Ekki vitað (því aðeins mögulegt að fyrsti tölustafur sé = 5)
		Næstu stafir	*Tilreikningsstuðull*
		000.00000 — 100.00000	Söfnuð gildi/skráð gildi
X,L	HY050N		**Greiðslur tengdar fjöldskyldu/börnum**
		1 — 999999.99	Fjárhæð
		0	Engar tekjur
	HY050N_F	-5	Óútfyllt: Gildi breytu vergrar raðar er tilgreint
		-1 ([6])	Vantar
		Kennimerki	*Sjá HY040N_F*
X,L	HY060N		**Félagsleg útskúfun sem er ekki skilgreind annars staðar**
		1 — 999999.99	Fjárhæð
		0	*Engar tekjur*
	HY060N_F	-5	Óútfyllt: Gildi breytu vergrar raðar er tilgreint
		-1 ([6])	Vantar
		Kennimerki	*Sjá HY040N_F*
X,L	HY070N		**Húsnæðisgreiðslur**
		1 — 999999.99	Fjárhæð
		0	Engar tekjur
	HY070N_F	-5	Óútfyllt: Gildi breytu vergrar raðar er tilgreint
		-1 ([6])	Vantar
		Kennimerki	*Sjá HY040N_F*
X,L	HY080N		**Reglulega mótteknar peningatilfærslur milli heimila**
		1 — 999999.99	Fjárhæð
		0	Engar tekjur
	HY080N_F	-5	Óútfyllt: gildi breytu vergrar raðar er tilgreint
		-1 ([6])	Vantar
		Kennimerki	*Sjá HY040N_F*

Þáttur	Heiti breytu	Kóði	Markbreyta
Gögn um heimili			**Tekjur**
		RÖÐ HREINNA TEKJUÞÁTTA EFTIR HEIMILUM ([4])	
X,L	HY090N		**Hreinir vextir, arðgreiðslur, hagnaður af fjárfestingum í óskráðum fyrirtækjum**
		1 — 999999.99	Fjárhæð
		0	Engar tekjur
	HY090N_F	-5	Óútfyllt: gildi breytu vergrar raðar er tilgreint
		-1 ([6])	Vantar
		Kennimerki	*Sjá HY040N_F*
X,L	HY100N		**Vextir sem greiddir eru af veði** ([11])
		1 — 999999.99	Fjárhæð
		0	Engar tekjur
	HY100N_F	-5	Óútfyllt: gildi breytu vergrar raðar er tilgreint
		-1 ([6])	Vantar
		Kennimerki tekna	
		Fyrsti stafur	
		0	Engar tekjur (*engir stafir á eftir*)
		1	Tekjur (gildi breytu tilgreint)
		Næstu stafir	*Tilreikningsstuðull*
		000.00000 — 100.00000	Gildi safnaðra gagna/skráð gildi
X,L	HY110N		**Hreinar tekjur einstaklinga yngri en 16 ára,**
		1 — 999999.99	Fjárhæð
		0	Engar tekjur
	HY110N_F	-5	Óútfyllt: gildi breytu vergrar raðar er tilgreint
		-1 ([6])	Vantar
		Kennimerki	*Sjá HY040N_F*
X,L	HY120N		**Eigna-og fjármagnstekjuskattur**
		1 — 999999.99	Fjárhæð
		0	Engar tekjur
	HY120N_F	-5	Óútfyllt: gildi breytu vergrar raðar er tilgreint
		-4	Fjárhæð talin með í öðrum tekjuþætti
		-1 ([6])	Vantar

Þáttur	Heiti breytu	Kóði	Markbreyta
Gögn um heimili			**Tekjur**
		RÖÐ HREINNA TEKJUÞÁTTA EFTIR HEIMILUM ([4])	
		Kennimerki tekna	
		Fyrsti stafur	
		0	Engar tekjur (*engir stafir á eftir)*
		1	Tekjur (gildi breytu tilgreint)
		Næstu stafir	*Tilreikningsstuðull*
		000.00000 — 100.00000	Söfnuð gildi/skráð gildi
X,L	HY130N		**Reglulega mótteknar peningatilfærslur milli heimila**
		1 — 999999.99	Fjárhæð
		0	Engar tekjur
	HY130N_F	-5	Óútfyllt: gildi breytu vergrar raðar er tilgreint
		-1 ([6])	Vantar
		Kennimerki	*Sjá HY040N_F*
X,L	HY140N		**Tekjuskattur og framlög til félagslegra trygginga**
		-999999.99 — 999999.99	Fjárhæð
		0	Engar tekjur
	HY140N_F	-5	Óútfyllt: gildi breytu vergrar raðar er tilgreint
		-1 ([6])	Vantar
		Kennimerki tekna	
		Fyrsti stafur	
		0	Engar tekjur (*engir stafir á eftir*)
		1	Tekjur (gildi breytu tilgreint)
		Næstu stafir	*Tilreikningsstuðull*
		000.00000 — 100.00000	Gildi safnaðra gagna/skráð gildi
X,L	HY145N		**Leiðrétting vegna oftekinna eða vangoldinna skatta**
		-999999.99 — -1	Móttaka greiðslna vegna vangoldinna skatta
		1 — 999999.99	Endurgreiðslur oftekinna skatta
		0	Engar tekjur
	HY145N_F	-5	Óútfyllt: gildi breytu vergrar raðar er tilgreint
		-1 ([6])	Vantar

Þáttur	Heiti breytu	Kóði	Markbreyta
Gögn um heimili			**Tekjur**
		RÖÐ HREINNA TEKJUÞÁTTA EFTIR HEIMILUM ([4])	
		Kennimerki tekna	
		Fyrsti stafur	
		0	Engar tekjur (engir stafir á eftir)
		1	Tekjur (gildi breytu tilgreint)
		Næstu stafir	*Tilreikningsstuðull*
		000.00000 — 100.00000	Söfnuð gildi/skráð gildi
		RÖÐ VERGRA TEKJUÞÁTTA EFTIR HEIMILUM °([4])(	
X,L	HY030G		**Húsaleiguígildi** ([11]),
		1 — 999999.99	Fjárhæð
		0	Engar tekjur
	HY030G_F	-5	Óútfyllt: breyta hreinnar raðar fær tilgreint gildi
		-1 ([6])	Vantar
		0	Engar tekjur
		1	Tekjur (gildi breytu tilgreint)
X,L	HY040G		**Vergar leigutekjur af eignum eða landi**
		1 — 999999.99	Fjárhæð
		0	Engar tekjur
	HY040G_F	-5	Óútfyllt: breyta hreinnar raðar fær tilgreint gildi
		-1 ([6])	Vantar
		Kennimerki tekna ([12])	
		Fyrsti stafur	*Hreinar/vergar (við gagnaöflun)*
		0	Engar tekjur (*engir stafir á eftir*)
		1	Án staðgreiðslu tekjuskatts og framlaga til félagslegra kerfa
		2	Án staðgreiðslu tekjuskatts
		3	Án framlaga til félagslegra kerfa
		4	Fyrir skatt og greiðslu framlaga til félagslegra kerfa ([3])
		5	Ekki vitað
		Næstu stafir	*Tilreikningsstuðull*
		000.00000 — 100.00000	Söfnuð gildi/skráð gildi

Þáttur	Heiti breytu	Kóði	Markbreyta
Gögn um heimili			**Tekjur**
RÖÐ VERGRA TEKJUÞÁTTA EFTIR HEIMILUM °([4])([14])([15])			
X,L	HY050G		**Greiðslur tengdar fjöldskyldu/börnum**
		1 — 999999.99	Fjárhæð
		0	Engar tekjur
	HY050G_F	-5	Óútfyllt: breyta hreinnar raðar fær tilgreint gildi
		-1 ([6])	Vantar
		Kennimerki	*Sjá HY040G_F*
X,L	HY060G		*Félagsleg útskúfun sem er ekki skilgreind annars staðar*
		1 — 999999.99	Fjárhæð
		0	Engar tekjur
	HY060G_F	-5	Óútfyllt: breyta hreinnar raðar fær tilgreint gildi
		-1 ([6])	Vantar
		Kennimerki	*Sjá HY040G_F*
X,L	HY070G		**Húsnæðisgreiðslur**
		1 — 999999.99	Fjárhæð
		0	Engar tekjur
	HY070G_F	-5	Óútfyllt: breyta hreinnar raðar fær tilgreint gildi
		-1 ([6])	Vantar
		Kennimerki	*Sjá HY040G_F*
X,L	HY080G		**Reglulega mótteknar peningatilfærslur milli heimila**
		1 — 999999.99	Fjárhæð
		0	Engar tekjur
	HY080G_F	-5	Óútfyllt: breyta hreinnar raðar fær tilgreint gildi
		-1 ([6])	Vantar
		Kennimerki	*Sjá HY040G_F*
X,L	HY090G		**Vergir vextir, arðgreiðslur, hagnaður af fjárfestingum í óskráðum fyrirtækjum**
		1 — 999999.99	Fjárhæð
		0	Engar tekjur
	HY090G_F	-5	Óútfyllt: breyta hreinnar raðar fær tilgreint gildi
		-1 ([6])	Vantar
		Kennimerki	*Sjá HY040G_F*

Þáttur	Heiti breytu	Kóði	Markbreyta
Gögn um heimili			**Tekjur**
RÖÐ VERGRA TEKJUÞÁTTA EFTIR HEIMILUM ([4])([14])([15])			
X,L	HY100G		**Vextir sem greiddir eru af veði** ([11])
		1 — 999999.99	Fjárhæð
		0	Engar tekjur
	HY100G_F	-5	Óútfyllt: breyta hreinnar raðar fær tilgreint gildi
		-1 ([6])	Vantar
		Kennimerki tekna	
		Fyrsti stafur	
		0	Engar tekjur (*engir tölustafir á eftir*)
		1	Tekjur (gildi breytu tilgreint)
		Næstu stafir	*Tilreikningsstuðull*
		000.00000 — 100.00000	Gildi safnaðra gagna/skráð gildi
X,L	HY110G		**Vergar tekjur einstaklinga yngri en 16 ára**
		1 — 999999.99	Fjárhæð
		0	Engar tekjur
	HY110G_F	-5	Óútfyllt: breyta hreinnar raðar fær tilgreint gildi
		-1 ([6])	Vantar
		Kennimerki	*Sjá HY040G_F*
([2]) Ef PM060 eða PM080 = 4, 5, 6 eða 7 er átt við síðasta starfið.
([3]) ISCO-88(COM): Alþjóðlega starfsgreinaflokkunin (m.t.t. Evrópu) 1988.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 28/2004 2007/EES/9/21

frá 5. janúar 2004

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC) að því er varðar sundurliðaðar áfanga- og lokagæðaskýrslur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1177/2003 frá 16. júní 2003 um hagskýrslur Bandalagsins um tekjur og lífskjör (EU-SILC)([1]), einkum b-lið 2. mgr. 15. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 1177/2003 var settur sameiginlegur rammi um kerfisbundna hagskýrslugerð Bandalagsins um tekjur og lífskjör sem tekur til samanburðarhæfra og tímanlegra þversniðs- og langsniðsgagna um tekjur og um fjölda og samsetningu fátækra og félagslega útilokaðra á innlendum vettvangi og á vettvangi Evrópusambandsins.

2) Framkvæmdarráðstafanir eru nauðsynlegar skv. b-lið 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 1177/2003 til að ákvarða ítarlegu áfangagæðaskýrsluna um sameiginlega þversniðsvísa ESB á grundvelli þversniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör og ítarlegu lokagæðaskýrsluna með áherslu á innri nákvæmni sem nær bæði yfir þversniðsþáttinn og langsniðsþáttinn.

3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit hagskýrsluáætlunarnefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningarnar, sem nota ber fyrir áfangagæðaskýrslurnar og lokagæðaskýrslurnar í hagskýrslum Bandalagsins um tekjur og lífskjör, skulu vera eins og mælt er fyrir um í I. viðauka.

2. gr.

Viðmiðanir fyrir gæðamat og ítarlegu áfangagæðaskýrsluna, sem aðildarríkin skulu gera um sameiginlega þversniðsvísa ESB á grundvelli þversniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör, skulu vera eins og mælt er fyrir um í II. viðauka.

3. gr.

Viðmiðanir fyrir gæðamat og ítarlegu lokagæðaskýrsluna, sem aðildarríkin skulu gera um þversniðs- og langsniðsþætti hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör með áherslu á innri nákvæmni, skulu vera eins og mælt er fyrir um í III. viðauka.

4. gr.

Efni áfangagæðaskýrslunnar og fullunnu gæðaskýrslunnar, sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) gerir til samanburðar, skal vera eins og mælt er fyrir um IV. viðauka.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. janúar 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Pedro SOLBES MIRA

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 42. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2004 frá 4. júní 2004 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 25.11.2004, bls. 21.

([1]) Stjtíð. ESB L 165, 3.7.2003, bls. 1.

I. VIÐAUKI

SKILGREININGAR

a) „staðganga“: aðrar einingar koma í stað upphaflegu eininganna sem valdar voru í úrtakið en veita ekki nauðsynlegar upplýsingar, annaðhvort vegna þess að heimilisfang finnst ekki eða er óaðgengilegt eða vegna þess að heimilismenn neita að taka þátt í könnuninni, allir heimilismenn eru fjarverandi um stundarsakir eða þeir geta ekki svarað.

b) „tilreikningur“: áætlun líklegra (en tilbúinna) skiptigilda í stað gilda sem vantar

c) „ráðstöfunartekjur á neyslueiningu“: heildarráðstöfunartekjur heimilis deilt með „jafngildisstærð “ heimilisins

d) „jafngildisstærð“: breyttur kvarði Efnahags- og framfarastofnunarinnar (þar sem fyrsti fullorðni einstaklingurinn fær vogtöluna 1,0, aðrir einstaklingar, sem eru eldri en 14 ára eða búa á heimilinu, fá 0,5 og hvert barn, sem er yngra en 14 ára, fær 0,3)

e) „úrtaksrammi“: þýði eininga sem úrtak er tekið úr.

f) „nákvæmni“: hversu nærri útreikningar eða mat er raungildum eða sanngildum

g) „úrtaksskekkja“: tilviljanakennt frávik vegna þess að notað er úrtak en ekki allir spurðir

h) „aðrar skekkjur en úrtaksskekkjur“: skekkjur sem verða á öllum stigum gagnasöfnunar og vinnsluferlis

Skekkjur aðrar en úrtaksskekkjur eru af fjórum gerðum:

— „þekjuskekkjur“: skekkjur sem verða vegna mismunar á markþýðinu og úrtaksrammanum. Þekjuskekkjur eru m.a. of- eða vanþekjuskekkjur og rangflokkun:

  — „ofþekja“: felur annaðhvort í sér einingar sem eru ranglega flokkaðar og falla í reynd utan markþýðisins eða einingar sem í reynd eru ekki til

  — „vanþekja“: einingar falla ekki inn í úrtaksrammann

  — „rangflokkun“: röng flokkun eininga sem heyra til markþýðisins.

— „mælingarskekkjur“: skekkjur sem verða við gagnasöfnun. Um er að ræða margs konar skekkjur sem snerta t.d. könnunarverkfærið, upplýsingakerfið, spyrjandann og aðferðina við gagnasöfnun

— „úrvinnsluskekkjur“: skekkjur í eftirvinnslu gagna, s.s. við gagnaskráningu, kóðun, ritfærslu og vægi

— „brottfallsskekkjur“: skekkjur vegna árangurslausra tilrauna til að afla nauðsynlegra upplýsinga hjá hæfri einingu. Tekið er mið af tveimur helstu gerðum brottfallsskekkna:

  — „brottfall einingar“: þegar upplýsingar vantar frá heilum einingum (heimilum og/eða einstaklingum) sem völdust í úrtakið

  — „brottfall liða“: úrtakseiningin hefur verið spurð en ekki hafa fengist allar nauðsynlegar upplýsingar

i) „mikilvægi“: að hve miklu leyti hagskýrslur uppfylla þarfir núverandi og hugsanlegra notenda. Með því er átt við hvort allar tölulegar upplýsingar sem þörf er á, komi fram og að hve miklu leyti þau hugtök, sem notuð eru (skilgreiningar, flokkun, o.s.frv.), endurspegli þarfir notenda

j) „tímanleiki og rétt tímasetning“:

— „tímanleiki upplýsinga“: lýtur að tímanum sem líður frá því að atburður eða fyrirbæri, sem veittar eru upplýsingar um, á sér stað þar til upplýsingarnar verða tiltækar

— „rétt tímasetning“: lýtur að tímanum milli raunverulegs afhendingardags til Hagstofu Evrópubandalaganna á gögnum og dagsins þegar hefði átt að afhenda þau, t.d. með tilliti til dagsetninga sem miðað er við í opinberum útgáfuáætlunum sem mælt er fyrir um í reglugerðum eða aðilar hafa áður komið sér saman um

k) „aðgengi og skýrleiki“:

— „aðgengi“: aðstæður notenda við öflun upplýsinga: hvert á snúa sér, hvernig á að panta þær, afhendingartími, skýr verðlagningarstefna, hentugar markaðssetningaraðstæður (höfundarréttur o.s.frv.), hvort einstaklingsgögn eða þjóðhagsreikningagögn liggja fyrir, ýmsir miðlar (pappír, skrár, geisladiskar, Netið) o.s.frv.

— „skýrleiki“: upplýsingaumhverfi gagnanna, hvort gögnum fylgja viðeigandi lýsigögn, skýringarmyndir, s.s. línurit og kort, hvort upplýsingar um gæði þeirra séu einnig fyrirliggjandi (þ.m.t. takmarkanir á notkun) og að hvaða marki innlendar hagstofur veita viðbótaraðstoð

II. VIÐAUKI

Viðmiðanir fyrir gæðamat og efni áfangagæðaskýrslunnar sem aðildarríkin skulu semja

1. SAMEIGINLEGIR ÞVERSNIÐSVÍSAR EVRÓPUSAMBANDSINS

1.1. **Sameiginlegir þversniðsvísar Evrópusambandsins á grundvelli þversniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör**

Aðildarríkin skulu afhenda leiðtogaráðinu sameiginlega þversniðsvísa Evrópusambandsins á grundvelli þversniðsúrtaks fyrir árið N, til birtingar í árlegri vorskýrslu fyrir árið (N+2).

Sameiginlegir þversniðsvísar Evrópusambandsins eiga við þá vísa sem ráðið hefur samþykkt í tengslum við opnu samræmingaraðferðina þar sem hagskýrslur Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör eru lagðar til grundvallar.

1.2. **Aðrir vísar**

1.2.1. *Ráðstöfunartekjur á neyslueiningu*

1.2.2. *Óleiðréttur launamunur kynjanna*

Aðildarríkin, sem reikna óleiðréttan launamun kynjanna á grundvelli hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör, skulu leggja þann vísi fram.

2. NÁKVÆMNI

2.1. ***Úrtaksnið***

Veita skal upplýsingar um eftirfarandi:

2.1.1. *Gerð úrtakssniðs (lagskipt, þrepskipt, klasa)*

2.1.2. *Úrtakseiningar (eitt þrep, tvö þrep)*

2.1.3. *Viðmiðanir fyrir lagskiptingu og undirlagskiptingu*

2.1.4. *Úrtaksstærð og viðmiðanir fyrir skiptingu*

2.1.5. *Fyrirkomulag við val á úrtaki*

2.1.6. *Dreifing úrtaks yfir tíma*

2.1.7. *Endurnýjun úrtaks: skiptihópar*

2.1.8. *Vægi*

2.1.8.1. *Áhrif úrtakssniðs*

2.1.8.2. Leiðréttingar vegna brottfalls

2.1.8.3. Leiðréttingar á ytri gögnum (þrep, breytur, sem notaðar eru, og heimildir)

2.1.8.4. Endanleg þversniðsvog

2.1.9. *Staðganga*

Aðildarríki, sem nota staðgengla þegar eining svarar ekki, skulu veita upplýsingar um eftirfarandi:

2.1.9.1. Aðferð við val á staðgenglum

2.1.9.2. Helstu einkenni staðgöngueininga í samanburði við upphaflegu einingarnar eftir landssvæðum (hagskýrslusvæði 2), ef þau eru tiltæk.

2.1.9.3. Dreifingu staðgöngueininganna eftir því hvort samband náðist við heimilið í heimilisfangi (DB120), eftir niðurstöðum spurningalista heimila (DB130) og eftir því hvort heimilismenn hafa samþykkt viðtöl (DB135) upphaflegu eininganna.

2.2. **Úrtaksskekkjur**

2.2.1. *Staðalskekkja og stærð raunúrtaks*

Veita skal upplýsingar um eftirfarandi:

— stærð raunúrtaks sameiginlegra þversniðsvísa Evrópusambandsins á grundvelli þversniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör miðað við ráðstöfunartekjur á neyslueiningu og óleiðréttan launamun kynjanna (ef við á),

— staðalskekkjur fyrir sameiginlega þversniðsvísa Evrópusambandsins á grundvelli þversniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör miðað við ráðstöfunartekjur á neyslueiningu og óleiðréttan launamun kynjanna (ef við á).

2.3. **Aðrar skekkjur en úrtaksskekkjur**

2.3.1. *Úrtaksrammi og þekjuskekkjur*

Leggja skal fram lýsingu á úrtaksrammanum (þ.m.t. upplýsingar um aðferðina, sem notuð er til að uppfæra rammann, tíðni og tvítalningu) og lýsingu á helstu þekjuvandamálum (rangflokkun, vanþekju og ofþekju) ef þær liggja fyrir.

Aðildarríki, sem nota skiptisnið, skulu eingöngu gera grein fyrir úrtaksramma nýrra þátttakenda.

2.3.2. *Mælingar- og úrvinnsluskekkjur*

2.3.2.1. *Mælingarskekkjur*

Eftirfarandi upplýsingar skulu tilgreindar:

— lýsing á mismunandi uppruna mælingarskekkna sem líklegt er að sé að finna í könnuninni,

— lýsing á uppbyggingu spurningalistans, notkun hugfræðilegra rannsóknarstofa (e. cognitive laboratories), ef við á, vettvangsprófun spurningalistans, áhrifum sniðs, innihalds og orðalags hans,

— upplýsingar um umfang og árangur þjálfunar í viðtalstækni: fjöldi þjálfunardaga, hæfnisprófanir áður en vettvangsvinna hefst (árangurshlutfall o.s.frv.),

— upplýsingar um rannsóknir, eins og endurtekin viðtöl, rannsóknir til staðfestingar á færslum eða tilraunir með skipt úrtök, ef þær liggja fyrir,

— niðurstöður líkana, t.d. til að meta áhrif þess að nota fjárhagsár í stað almanaksárs, ef þær liggja fyrir.

2.3.2.2. Úrvinnsluskekkjur

Eftirfarandi upplýsingar skulu tilgreindar:

— lýsing á stjórnun gagnaskráningar, stjórnun kóðunar og ritfærslukerfi sem beitt er á gögnin. helstu skekkjur sem uppgötvast við eftirvinnslu gagna,

— hlutfall mistaka við ritfærslu tekjubreytna.

2.3.3. *Brottfallsskekkjur*

Eftirfarandi upplýsingar skulu tilgreindar:

2.3.3.1. Raunstærð úrtaks

— fjöldi heimila sem veitti viðtöl sem tekin voru í gagnagrunninn. Sundurliðun skiptihópa (ef við á) og heildarfjöldi,

— fjöldi einstaklinga 16 ára eða eldri á heimilum sem veittu viðtöl og tekin voru í gagnagrunninn og luku einstaklingsviðtali. Sundurliðun skiptihópa (ef við á) og heildarfjöldi,

— fjöldi valinna svarenda (ef við á) á heimilum sem veittu viðtöl og voru tekin í gagnagrunninn og luku einstaklingsviðtali. Sundurliðun skiptihópa (ef við á) og heildarfjöldi,

2.3.3.2. Brottfall úr einingum

Aðildarríki sem nota skiptisnið skulu veita upplýsingar um brottfall úr einingum þegar um nýja þátttakendur er að ræða í samræmi við formúlurnar hér á eftir.

Fyrir heildarúrtakið skal reikna brottfall úr einingum með því að undanskilja úr teljaranum og nefnaranum í formúlunum hér á eftir þær einingar sem samkvæmt reglum um eftirfylgni eru utan markþýðisins.

— Hlutfall brottfalls heimila (NRh) skal reiknað sem hér segir:

NRh = (1-(Ra * Rh)) * 100

Þar sem:

$$Ra = \frac{\text{Fjöldi heimila sem samband náðist við í heimilisfangi}}{\text{Fjöldi gildra heimilisfanga sem valin voru}} = \frac{\Sigma\left[DB120 = 11\right]}{\Sigma\left[DB120 = all\right] - \Sigma\left[DB120 = 23\right]}$$

Ra eru heimili sem samband næst við í heimilisfangi

$$Rh = \frac{\text{Fjöldi heimilisviðtala sem lokið er og tekin voru í gagnagrunninn}}{\text{Fjöldi heimila sem uppfylltu skilyrði og samband var haft við í heimilisfangi}} = \frac{\Sigma\left[DB135 = 1\right]}{\Sigma\left[DB130 = all\right]}$$

Rh er hlutfall lokinna heimilisviðtala sem tekin eru í gagnagrunninn

DB120 er skrá yfir heimili sem samband náðist við í heimilisfanginu

DB130 eru niðurstöður spurningalista heimilisins, og

DB135 eru niðurstöður samþykktra heimilisviðtala.

Fyrir aðildarríki, þar sem staðganga fer fram þegar einingar falla brott, skal reikna brottfallshlutfall fyrir og eftir staðgönguna.

— Brottfallshlutfall einstaklinga (NRp) skal reiknað sem hér segir:

NRp=(1-(Rp)) * 100

Þar sem:

$$Rp = \frac{\text{Fjöldi einstaklingsviðtala sem lokið er}}{\text{Fjöldi einstaklinga sem uppfylltu skilyrði á heimilum þar sem viðtölum var lokið og þau tekin í gagnagrunninn}}$$

$$= \frac{\Sigma\,[RB250 = 11 + 12 + 13]}{\Sigma\,[RB245 = 1 + 2 + 3]}$$

Rp er hlutfall lokinna einstaklingsviðtala á heimilunum sem tekin eru í gagnagrunninn

RB245 er staða svarenda og

RB250 er staða gagna.

— Hlutfall heildarbrottfalls einstaklinga (*NRp) skal reiknað sem hér segir: * NRp = (1-(Ra * Rh * Rp)) * 100

Fyrir aðildarríki þar sem skipti fara fram þegar um brottfallseiningar er að ræða skal reikna brottfallshlutfall fyrir og eftir staðgöngu.

Fyrir þau aðildarríki þar sem úrtak einstaklinga var tekið fram yfir úrtak heimila (heimilisfanga) skal reikna brottfallshlutfall einstaklinga fyrir „valinn svaranda“ (RB245 = 2), fyrir alla einstaklinga 16 ára eða eldri (RB245 = 2 + 3) og fyrir svaranda sem ekki var valinn (RB245 = 3).

2.3.3.3. Dreifingu heimila (upphaflegra eininga) eftir því hvort „samband náðist við heimilið í heimilisfangi“ (DB120), „niðurstöður spurningalista heimila“ (DB130) og hvort „heimili hafa samþykkt viðtöl“ (DB135) fyrir hvern skiptihóp (ef við á) og í heildina

2.3.3.4. Dreifingu eininga sem skipt er (ef við á) eftir því hvort „samband náðist við heimilið í heimilisfangi“ (DB120), „niðurstöður spurningalista heimila“ (DB130) og hvort „heimili hafa samþykkt viðtöl“ (DB135) fyrir hvern skiptihóp (ef við á) og í heildina

2.3.3.5. Brottfallsliður

Eftirfarandi upplýsingar skulu tilgreindar fyrir tekjubreytur:

— hlutfall heimila (eftir tekjuþáttum sem safnað er eða eru teknir saman fyrir heimilið) eða einstaklinga (eftir tekjuþáttum sem er safnað eða eru teknir saman fyrir einstaklinga) með fjárhæð í hverjum tekjuþætti,

— hlutfall gilda sem vantar fyrir hvern tekjuþátt sem er safnað eða tekinn saman fyrir heimili/einstaklinga,

— hlutfall upplýsinga sem vantar hluta af fyrir hvern tekjuþátt sem er safnað eða tekinn saman fyrir heimili/einstaklinga. >PIC FILE= "L_2004005EN.004701.TIF">

Brottfallsliður	(A)	(B)	(C)
	Hlutfall heimila sem hafa móttekið fjárhæð	Hlutfall heimila sem gildi vantar fyrir (fyrir tilreikning)	Hlutfall heimila þar sem hluta upplýsinga vantar (fyrir tilreikning)
Vergar heildartekjur heimilis ([1])			
Heildarráðstöfunartekjur heimilis			
Heildarráðstöfunartekjur heimilis fyrir félagslegar greiðslur aðrar en bætur vegna elli og bætur til eftirlifenda			
Heildarráðstöfunartekjur heimilis að meðtöldum bótum vegna elli og bótum til eftirlifenda			
Hreinir tekjuþættir heimilis ([2])			
(ein lína fyrir hvern tekjuþátt heimilis sem safnað er)			
Vergir tekjuþættir heimilis ([3])			
(ein lína fyrir hvern tekjuþátt heimilis sem er tilgreindur)			
	Hlutfall einstaklinga 16 ára eða eldri sem hafa móttekið fjárhæð	**Hlutfall einstaklinga sem gildi vantar fyrir (fyrir tilreikning)**	**Hlutfall einstaklinga sem hluta upplýsinga vantar fyrir (fyrir tilreikning)**
Hreinir tekjuþættir einstaklinga ([2])			
(ein lína fyrir hvern tekjuþátt einstaklings sem safnað er)			
Vergir tekjuþættir einstaklings ([3])			
(ein lína fyrir hvern tekjuþátt einstaklings sem er tilgreindur)			

([1]) Skylt frá og með 2007.
([2]) Aðeins fyrir aðildarríki sem safna hreinum tekjum á þáttastigi.
([3]) Fyrir aðildarríki sem tilgreina vergar tekjur á þáttastigi. Skylt fyrir önnur aðildarríki frá og með 2007.

2.3.3.6. Heildarfjöldi brottfallslíða og fjöldi athugasemda í úrtakinu á einingarstigi sameiginlegra þversniðsvísa Evrópusambandsins á grundvelli þversniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör miðað við ráðstöfunartekjur á neyslueiningu og óleiðréttan launamun kynjanna (ef við á),

2.4. **Gagnasöfnunaraðferð**

Fyrir aðildarríki sem nota úrtak heimilisfanga/heimila skal tilgreina dreifingu heimilismanna 16 ára eða eldri eftir „gagnastöðu“ (RB250) og eftir „tegund viðtals“ (RB260) fyrir hvern skiptihóp (ef við á) og fyrir heildina.

Fyrir aðildarríki sem nota úrtak einstaklinga skal tilgreina dreifingu „valinna svarenda“, dreifingu „heimilismanna 16 ára eða eldri“, og dreifingu „svarenda sem ekki eru valdir“ eftir „gagnastöðu“ (RB250) og eftir „tegund viðtals“ (RB260) fyrir hvern skiptihóp (ef við á) og í heildina.

2.5. **Lengd viðtala**

Tilgreina skal upplýsingar um meðallengd heimilisviðtala.

Meðallengd viðtals á hverju heimili skal reiknuð sem samtala lengdar allra heimilisviðtala og samtala lengdar allra einstaklingsviðtala deilt með fjölda spurningalista heimila sem hefur verið lokið við og teknir hafa verið í gagnagrunninn.

3. SAMANBURÐARHÆFI

3.1. **Grunnhugtök og skilgreiningar**

Gera skal grein fyrir innlendum hugtökum, sem eru notuð, mismun á innlendum hugtökum og stöðluðum hugtökum hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör og mati, ef það liggur fyrir, á því hvað sá mismunur hefur í för með sér fyrir eftirfarandi svið:

— viðmiðunarþýðið,

— skilgreininguna á einkaheimili,

— heimilismenn,

— tekjuviðmiðunartímabilið eða -tímabilin sem notuð eru,

— tekjuskattstímabilið og tímabil framlaga til félagslegra trygginga,

— viðmiðunartímabil eigna- og fjármagnstekjuskatta,

— tímaskekkjuna milli tekjuviðmiðunartímabils og núverandi breytna,

— heildartímabil gagnasöfnunar úrtaksins,

— grunnupplýsingar um atvinnustöðu á tekjuviðmiðunartímabili.

3.2. **Tekjuþættir**

3.2.1. *Gera skal grein fyrir mismun á innlendum skilgreiningum og stöðluðum skilgreiningum í hagskýrslum Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör og mati, ef það er liggur fyrir, á því hvað mismunurinn hefur í för með sér fyrir eftirfarandi markbreytur:*

— vergar tekjur heimilis,

— heildarráðstöfunartekjur heimilis,

— heildarráðstöfunartekjur heimilis fyrir félagslegar greiðslur aðrar en bætur vegna elli og bætur til eftirlifenda,

— heildarráðstöfunartekjur heimilis fyrir félagslegar greiðslur að meðtöldum bótum vegna elli og bótum til eftirlifenda,

— húsaleiguígildi ([1]),

— leigutekjur af fasteignum eða landi,

— bætur tengdar fjölskyldu/börnum,

— greiðslur vegna félagslegrar útilokunar sem ekki eru skilgreindar annars staðar,

([1]) Skylt frá og með 2007.

— húsnæðisbætur,

— reglubundnar peningatilfærslur milli heimila sem eru mótteknar,

— vextir, arðgreiðslur, hagnaður af fjárfestingum í óskráðum fyrirtækjum,

— vextir sem greiddir eru af veðlánum ([2]),

— tekjur einstaklinga yngri en 16 ára,

— eigna- og fjármagnstekjuskattar,

— reglubundnar tilfærslur milli heimila sem eru greiddar,

— tekjuskattur og framlög til félagslegra trygginga,

— endurgreiðslur/móttaka leiðréttinga á skatti,

— tekjur launafólks í peningum eða ígildi peninga,

— tekjur launafólks í öðru formi en peningum ([3])

— framlag vinnuveitanda til félagslegra trygginga ([4]),

— peningahagnað eða -tap af sjálfstæðum rekstri (þ.m.t. rétthafagreiðslur),

— virði vara sem framleiddar eru til eigin neyslu ([5]),

— atvinnuleysisbætur,

— bætur vegna elli,

— bætur til eftirlifenda,

— sjúkrabætur,

— örorkubætur,

— bætur tengdar menntun,

— vergar mánaðartekjur launafólks°([6]).

3.2.2. *Heimild eða aðferð sem notuð er við söfnun tekjubreytna*

3.2.3. *Form tekjubreytna sem safnað hefur verið á þáttastigi (t.d. vergar, að frádreginni staðgreiðslu tekjuskatts og félagslegum framlögum, að frádreginni staðgreiðslu tekjuskatts, að frádregnum félagslegum framlögum)*

3.2.4. *Aðferðin sem notuð er til að afla tekjumarkbreytna á því formi sem krafist er (þ.e. sem vergum gildum)*

4. SAMRÆMI

4.1. **Samanburður tekjumarkbreytna og fjölda einstaklinga sem fá tekjur úr hverjum „tekjuþætti“ við utanaðkomandi heimildir**

Samanburður við utanaðkomandi heimildir fyrir allar tekjumarkbreytur og fjölda einstaklinga sem fá tekjur úr hverjum „tekjuþætti“

([1]) Skylt frá og með 2007.
([2]) Þessari breytu (að undanskyldum fyrirtækisbíl) verður safnað frá og með 2007.
([3]) Þessi breyta verður skráð frá og með 2007 ef hagkvæmniathuganir sýna að það er mögulegt.
([4]) Einungis aðildarríkjum, sem hafa ekki aðrar heimildir en hagskýrslur Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör til að reikna launamun kynjanna, er þetta skylt.

III. VIÐAUKI

Viðmiðanir fyrir gæðamat og efni lokagæðaskýrslunnar sem aðildarríkin skulu gera

1. SAMEIGINLEGIR LANGSNIÐSVÍSAR EVRÓPUSAMBANDSINS Á GRUNDVELLI LANGSNIÐSÞÁTTAR HAGSKÝRSLNA EVRÓPUSAMBANDSINS UM TEKJUR OG LÍFSKJÖR

Aðildarríkin skulu tilgreina sameiginlega langsniðsvísa Evrópusambandsins á grundvelli langsniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör.

Sameiginlegir langsniðsvísar Evrópusambandsins eiga við þá vísa sem ráðið hefur samþykkt í tengslum við opnu samræmingaraðferðina þar sem hagskýrslur Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör eru lagðar til grundvallar.

2. NÁKVÆMNI

2.1. **Úrtakssnið**

Eftirfarandi upplýsingar skulu tilgreindar varðandi fyrstu bylgju langsniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör

2.1.1. *Gerð úrtakssniðs (lagskipt, fjölþrepa, klasi)*

2.1.2. *Úrtakseiningar (eitt þrep, tvö þrep)*

2.1.3. *Viðmiðanir fyrir lagskiptingu og undirskiptingu*

2.1.4. *Úrtaksstærð og viðmið fyrir skiptingu*

2.1.5. *Fyrirkomulag við úrtaksval*

2.1.6. *Dreifing úrtaks yfir tíma*

2.1.7. *Endurnýjun úrtaks: skiptihópar*

2.1.8. *Vægi*

2.1.8.1. Áhrif sniðs

2.1.8.2. Leiðréttingar vegna brottfalls

2.1.8.3. Leiðréttingar á ytri gögnum (stig, breytur sem notaðar eru og heimildir)

2.1.8.4. Endanleg langsniðsvog

Eftirfarandi upplýsingar skulu tilgreindar fyrir aðra og síðari bylgjur langsniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör:

2.1.8.5. Leiðréttingar vegna brottfalls

2.1.8.6. Leiðréttingar á ytri gögnum (stig, breytur sem notaðar eru og heimildir)

2.1.8.7. Endanleg langsniðsvog

2.1.8.8. Endanleg þversniðsvog heimilis

Tilgreina skal eftirfarandi upplýsingar fyrir aðildarríki sem nota staðgengla þegar eining svarar ekki fyrir fyrstu bylgju langsniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör.

2.1.9. *Staðganga*

2.1.9.1. Aðferðin sem beitt er til að ákveða skiptin

2.1.9.2. Helstu könnunaratriði staðgöngueininganna í samanburði við upphaflegu einingarnar eftir landssvæðum (hagskýrslusvæði 2) ef þau eru tiltæk

2.1.9.3. Dreifing staðgöngueininganna eftir því hvort samband náðist við heimilið í heimilisfangi (DB120), niðurstöðum spurningalista heimila (DB130) og því hvort heimilismenn hafi samþykkt viðtöl (DB135) í samanburði við upphaflegu einingarnar.

2.2. **Úrtaksskekkjur**

Eftirfarandi upplýsingar skulu tilgreindar fyrir þversniðsþátt hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör og fyrir hverja bylgju langsniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör:

— Meðaltal, heildarfjöldi athugana (fyrir og eftir tilreikning) og staðalskekkjur fyrir eftirfarandi tekjuþætti: >PIC FILE= "L_2004005EN.005101.TIF">

Tekjuþættir	Meðaltal	Fjöldi athugana		staðalskekkja
		Fyrir tilreikninga	Eftir tilreikninga	
Vergar tekjur heimilis ([1])				
Heildarráðstöfunartekjur heimilis				
Heildarráðstöfunartekjur heimilis fyrir félagslegar greiðslur aðrar en bætur vegna elli og bætur til eftirlifenda				
Heildarráðstöfunartekjur heimilis að meðtöldum bótum vegna elli og bótum til eftirlifenda				
Hreinir tekjuþættir heimilis ([2])				
(ein lína fyrir hvern tekjuþátt heimilis sem safnað er)				
Vergir tekjuþættir heimilis ([3])				
(ein lína fyrir hvern tekjuþátt heimilis sem safnað er)				
Hreinir tekjuþættir einstaklinga ([3])				
(ein lína fyrir hvern tekjuþátt einstaklings sem er tilgreindur)				
Vergir tekjuþættir einstaklings ([3])				
(ein lína fyrir hvern tekjuþátt einstaklings sem er tilgreindur)				

([1]) Skylt frá og með 2007
([2]) Aðeins fyrir aðildarríki sem safna hreinum tekjum á þáttastigi.
([3]) Fyrir aðildarríki sem tilgreina vergar tekjur á þáttastigi. Skylt fyrir önnur aðildarríki frá og með 2007.

— Meðaltal, heildarfjöldi athugana (fyrir og eftir tilreikninga) og staðalskekkja ráðstöfunartekna á neyslueiningu sundurliðað eftir kyni, aldursflokkum og stærð heimila:

Tekjuþættir	Meðaltal	Fjöldi athugana		staðalskekkja
		Fyrir tilreikninga	Eftir tilreikninga	
Undirflokkar eftir stærð heimilis				
1 heimilismaður				
2 heimilismenn				
3 heimilismenn				
4 eða fleiri				
Þýði skipt eftir aldursflokkum				
< 25				
25 til 34				
35 til 44				
45 til 54				
55 til 64				
65+				
Þýði skipt eftir kyni				
Karlkyns				
Kvenkyns				

2.3. **Aðrar skekkjur en úrtaksskekkjur**

2.3.1. *Úrtaksrammi og þekjuskekkjur*

Fyrir fyrstu bylgju langsniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör skal tilgreina upplýsingar um úrtaksramma og þekjuskekkjur eins og þær eru skilgreindar í lið 2.3.1 í II. viðauka við þessa reglugerð.

2.3.2. *Mælingar- og úrvinnsluskekkjur*

Fyrir hverja bylgju langsniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör skal tilgreina upplýsingar um mælingar- og úrvinnsluskekkjur eins og þær eru skilgreindar í lið 2.3.2 í II. viðauka við þessa reglugerð.

2.3.3. *Brottfallsskekkjur*

2.3.3.1. Raunstærð úrtaks

Eftirfarandi upplýsingar skulu tilgreindar fyrir hverja bylgju langsniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör:

— fjöldi heimila sem veitti viðtöl sem tekin voru í gagnagrunninn,

— fjöldi einstaklinga 16 ára eða eldri, fjöldi einstaklinga í úrtakinu og fjöldi annarra íbúa á heimilum, sem veittu viðtöl sem tekin voru í gagnagrunninn og sem luku einstaklingsviðtali.

2.3.3.2. Brottfallseining

Eftirfarandi upplýsingar skulu tilgreindar fyrir fyrstu bylgju langsniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör:

— brottfallshlutfall heimila (NRh) eins og það er skilgreint í lið 2.3.3.2 í II. viðauka við þessa reglugerð,

— brottfallshlutfall einstaklinga (NRp) eins og það er skilgreint í lið 2.3.3.2 í II. viðauka við þessa reglugerð,

— heildarbrottfallshlutfall einstaklinga (*NRp) eins og það er skilgreint í lið 2.3.3.2 í II. viðauka við þessa reglugerð,

Fyrir aðra og síðari bylgjur langsniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör skulu tilgreindar eftirfarandi upplýsingar:

— Svarhlutfall heimila

  — Svarhlutfall eftir bylgjum

    Hlutfall heimila þar sem tekið hefur verið fullnægjandi viðtal (DB135 = 1) sem voru flutt áfram í bylgju t (úr bylgju t-1) eða voru tekin nýlega eða bætt við bylgju t, að undanskildum þeim sem falla utan markþýðisins (samkvæmt reglum um eftirfylgni) eða eru ekki til.

  — Hlutfall langsniðseftirfylgni

    Hlutfall heimila sem voru flutt áfram í bylgju t+1 til eftirfylgni við þau heimili sem tekin voru upp í bylgju t úr bylgju t-1, að undanskildum þeim sem falla utan markþýðisins (samkvæmt reglum um eftirfylgni) eða eru ekki til.

  — Eftirfylgnihlutfall

    Fjöldi heimila sem hafa verið flutt úr bylgju t í bylgju t+1 í samanburði við fjölda heimila sem tekin voru til eftirfylgni í bylgju t úr bylgju t-1.

  — Hlutfall raunstærðar úrtaks

    Hlutfall fjölda heimila sem tekin voru í gagnagrunninn (DB135 = 1) í bylgju t og fjölda heimila sem samþykkt voru í gagnagrunninn (DB135 = 1) í bylgju t-1.

— Svarhlutfall einstaklinga

  — Svarhlutfall eftir bylgjum

    Hlutfall einstaklinga í úrtakinu sem tekið hefur verið fullnægjandi viðtal við (RB250 = 11,12,13) af þeim sem fluttir voru í bylgju t (úr bylgju t-1) eða voru tekin nýlega eða bætt við bylgju t, að undanskildum þeim sem falla utan markþýðisins (samkvæmt reglum um eftirfylgni).

    Hlutfall annarra íbúa á heimili sem valdir voru í fyrstu bylgju og fullnægjandi viðtal var tekið við (RB = 11,12,13) meðal þeirra sem fluttir voru í bylgju t (úr bylgju t-1).

— Hlutfall langsniðseftirfylgni

Hlutfall einstaklinga í úrtakinu sem tekið hefur verið fullnægjandi viðtal við (RB250 = 11,12,13) í bylgju t af öllum einstaklingum í úrtakinu sem voru valdir að undanskildum þeim sem hafa dáið eða eru ekki tækir (utan markþýðis), sundurliðað eftir ástæðu brottfalls.

— Hlutfall raunstærðar úrtaks

Hlutfall fjölda persónulegra viðtala sem lokið er (RB250 = 11,12,13) í bylgju t og fjölda einstaklingsviðtala sem lokið er í bylgju t-1.

Þetta hlutfall verður skilgreint fyrir einstaklinga í úrtakinu og alla einstaklinga sem valdir voru í fyrstu bylgjunni að meðtöldum einstaklingum sem eru ekki í úrtakinu og eru 16 ára eða eldri og öðrum íbúum 16 ára eða eldri.

— Svarhlutfall einstaklinga sem eru ekki í úrtakinu

Hlutfall fjölda einstaklingsviðtala sem lokið er (RB250 = 11,12,13) við einstaklinga sem eru ekki í úrtakinu og eru 16 ára eða eldri í bylgju t og allra einstaklinga sem eru ekki í úrtakinu og eru 16 ára eða eldri sem skráðir eru á heimilunum sem tekin voru í gagnagrunninn (DB135 = 1) í bylgju t eða skráðir í nýjustu heimilisviðtölum sem tekin hafa verið og sem voru flutt úr bylgju t-1 í bylgju t til eftirfylgni en ekki var unnt að ljúka fullnægjandi viðtölum við í bylgju t.

2.3.3.3. Dreifing heimila eftir stöðu heimilis (DB110), hvort samband náðist við heimilið í heimilisfangi (DB120), niðurstöðum spurningalista heimila (DB130) og hvort heimili hafi samþykkt viðtöl (DB135).

Tilgreina skal fyrir hverja bylgju langsniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör dreifingu heimila eftir stöðu heimilis, hvort samband náðist við heimilið í heimilisfangi, niðurstöðum spurningalista heimila og hvort heimili hafi samþykkt viðtöl.

2.3.3.4. Dreifing einstaklinga eftir stöðu á heimilinu (RB110)

Tilgreina skal fyrir aðra og síðari bylgjur langsniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör dreifingu einstaklinga eftir stöðu þeirra á heimilinu .

2.3.3.5. Brottfallsliður

Eftirfarandi upplýsingar skulu tilgreindar í hverri bylgju langsniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör fyrir tekjubreytur:

— hlutfall heimila (eftir tekjuþáttum sem safnað er eða teknir eru saman fyrir heimilið)/einstaklinga (eftir tekjuþáttum sem safnað er eða teknir eru saman fyrir einstaklinga) sem hafa fengið fjárhæð í hverjum tekjuþætti,

— hlutfall gilda sem vantar fyrir hvern tekjuþátt sem safnað er eða tekinn er saman fyrir heimili/einstaklinga,

— hlutfall upplýsinga sem vantar hluta af fyrir hvern tekjuþátt sem safnað er eða tekinn er saman fyrir heimili/einstaklinga.

2.4. **Gagnasöfnunaraðferð**

Fyrir hverja bylgju langsniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör skal tilgreina dreifingu heimilismanna 16 ára eða eldri eftir „gagnastöðu“ (RB250) og eftir „tegund viðtals“ (RB260) fyrir sérhvern einstakling í úrtakinu, fyrir aðra íbúa og í heildina.

2.5. **Aðferð við tilreikning**

Greina skal frá aðferðinni sem notuð er við tilreikning brottfallsliða, ef notuð er önnur aðferð en sú sem Hagstofa Evrópubandalaganna notar, breytunum sem tilreiknaðar eru og hlutfalli tilreikninga miðað við heildarfjölda athugana fyrir hverja markbreytu fyrir þversniðsþátt hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör og fyrir hverja bylgju langsniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör.

2.6. **Húsaleiguígildi**

Greina skal frá aðferðinni sem notuð er við útreikning á húsaleiguígildi, ef notuð er önnur aðferð en sú sem Hagstofa Evrópubandalaganna notar, fyrir þversniðsþátt hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör og fyrir hverja bylgju langsniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör

2.7. **Bifreiðar fyrirtækis**

Greina skal frá aðferðinni sem notuð er við að tilreikna gildi fyrir einkanotkun á „bifreið fyrirtækis“ fyrir þversniðsþátt hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör og fyrir hverja bylgju langsniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör.

3. SAMANBURÐARHÆFI

3.1. **Grunnhugtök og skilgreiningar**

Fyrir fyrstu bylgju langsniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör skal leggja fram upplýsingar um grunnhugtök og skilgreiningar (lýst í lið 3.1 í II. viðauka við þessa reglugerð), um mismun á innlendum skilgreiningum og stöðluðum skilgreiningum í hagskýrslum Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör og um mat, ef það liggur fyrir, á því hvað mismunurinn, sem getið er, hefur í för með sér.

Fyrir aðra bylgju og síðari bylgjur skal greina frá breytingum á grunnhugtökum og skilgreiningum frá því sem var í fyrstu bylgjunni.

3.2. **Tekjuþættir**

3.2.1. Mismunur á innlendum skilgreiningum og stöðluðum skilgreiningum í hagskýrslum Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör og mat (ef það liggur fyrir) á því hvað mismunurinn, sem getið er hefur í för með sér

Fyrir fyrstu bylgju langsniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör skal leggja fram þær upplýsingar um tekjuþætti sem lýst er í lið 3.2.1 í II. viðauka við þessa reglugerð (að undanskildum „vergum mánaðartekjum starfsfólks“).

Fyrir aðra bylgju og síðari bylgjur skal greina frá breytingum á skilgreiningum tekjuþátta frá því sem var í fyrstu bylgjunni.

3.2.2. *Heimild eða aðferð sem notuð er við söfnun tekjubreytna*

Fyrir fyrstu bylgju langsniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör skal tilgreina heimild eða verklagsreglur sem notaðar eru við söfnun tekjubreytna.

Greina skal frá breytingum á uppruna eða aðferðum sem notaðar eru við söfnun tekjubreytna fyrir aðra bylgju og síðari bylgjur.

3.2.3. *Form tekjubreytna þegar þeim var safnað á þáttastigi*

Tilgreina skal form tekjubreytna á þáttastigi sem safnað hefur verið fyrir fyrstu bylgju langsniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör (t.d. vergar, án staðgreiðslu tekjuskatta og félagslegra framlaga, án staðgreiðslu tekjuskatta og án félagslegra framlaga).

Fyrir aðra bylgju og síðari bylgjur skal greina frá breytingum á formi tekjubreytna á þáttastigi sem hefur verið safnað.

3.2.4. *Aðferðin sem notuð er til að afla tekjumarkbreytna á því formi sem krafist er (þ.e. sem vergum gildum)*

Fyrir fyrstu bylgju langsniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör skal tilgreina aðferðina sem notuð er til að afla marktekjubreytna á því formi sem krafist er (þ.e. verg gildi).

Fyrir aðra bylgju og síðari bylgjur skal frá breytingum á heimildinni eða aðferðinni sem er notuð við söfnun tekjubreytna.

3.3. **Reglur um eftirfylgni**

Fyrir langsniðsþátt hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör skal tilgreina mismun á innlendum reglum um eftirfylgni og stöðluðum reglum um eftirfylgni í hagskýrslum Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör.

4. SAMRÆMI

4.1. **Samanburður á utanaðkomandi heimildum um marktekjubreytur og fjölda einstaklinga sem fá tekjur úr hverjum „tekjuþætti“**

Fyrir hverja bylgju langsniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör skal leggja fram samanburð á utanaðkomandi heimildum um marktekjubreytur og fjölda einstaklinga sem fá tekjur úr hverjum „tekjuþætti“ ef hlutaðeigandi aðildarríki telja slík ytri gögn nógu áreiðanleg.

IV. VIÐAUKI

Efni samanburðarskýrslna, bæði gæðaskýrslna til bráðabirgða og fullunninna gæðaskýrslna, sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal gera

ÁFANGAGÆÐASKÝRSLA TIL SAMANBURÐAR

Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal, á grundvelli áfangagæðaskýrslnanna sem aðildarríkin leggja fram, semja áfangagæðaskýrslu til samanburðar þar sem er að finna eftirfarandi gæðaviðmiðanir:

1. Nákvæmni

1.1. Úrtakssnið

1.2. Úrtaksskekkjur

1.2.1. Áætlað gildi, frávikstuðull, 95% öryggismörk og stærð raunúrtaks sameiginlegra þversniðsvísa Evrópusambandsins, sem byggjast á grundvelli þversniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör miðað við ráðstöfunartekjur á neyslueiningu og óleiðréttan launamun kynjanna (ef við á)

1.3. Aðrar skekkjur en úrtaksskekkjur

1.4. Gagnasöfnunaraðferð

1.5. Lengd viðtala

2. Samanburðarhæfi

2.1. Grunnhugtök og skilgreiningar

2.2. Tekjuþættir

3. Samaræmi

FULLUNNIN GÆÐASKÝRSLA TIL SAMANBURÐAR

Framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópubandalaganna) skal, á grundvelli lokagæðaskýrslnanna sem aðildarríkin gera, leggja fram lokagæðaskýrslu með eftirfarandi gæðaviðmiðunum:

1. Mikilvægi

— lýsing og flokkun notenda

— lýsing á mismunandi þörfum notenda (eftir flokki notenda)

2. Nákvæmni

2.1. Úrtakssnið

2.2. Úrtaksskekkjur

Fyrir hverja bylgju þversniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins og hverja bylgju langsniðsþáttar hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör skal leggja fram eftirfarandi upplýsingar:

— meðaltal, heildarfjöldi athugana (fyrir og eftir tilreikning), frávikstuðull og 95% öryggismörk fyrir tekjuþætti

— meðaltal, heildarfjöldi athugana (fyrir og eftir tilreikning), frávikstuðull og 95% öryggismörk fyrir ráðstöfunartekjur á neyslueiningu, sundurliðaðar eftir kyni, aldursflokkum og heimilisstærð

2.3. Aðrar skekkjur en úrtaksskekkjur

2.4. Gagnasöfnunaraðferð

2.5. Aðferð við tilreikning

2.6. Húsaleiguígildi

2.7. Bifreiðar fyrirtækis

3. Tímanleiki og rétt tímasetning

— meðaltímanleiki gagna

— gagnatíðni og hve nýleg gögnin eru að meðaltali

— hlutfall gagna sem er birt of seint miðað við áætlaðar dreifingardagsetningar sem mælt er fyrir um í rammareglugerð hagskýrslna Evrópusambandsins um tekjur og lífskjör

— meðalseinkun gagna sem ekki eru afhent tímanlega (í fjölda vikna)

— ástæður þess að þau eru afhent seint

4. Aðgengi og skýrleiki

— lýsing á skilyrðum fyrir aðgangi að gögnum (miðlar, stuðningur, markaðssetningaraðstæður, takmarkanir, upplýsingaleynd o.s.frv.)

— lýsing á skilyrðum fyrir birtingu gagna

5. Samanburðarhæfi

5.1. Grunnhugtök og skilgreiningar

5.2. Tekjuþættir

5.3. Reglur um eftirfylgni

6. Samræmi

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 48/2004 2007/EES/9/22

frá 5. desember 2003

um árlega hagskýrslugerð Bandalagsins um stáliðnaðinn fyrir viðmiðunarárin 2003-2009 (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([3]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hagskýrslur um stáliðnaðinn byggðust á stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu (ECSC) sem leið undir lok 23. júlí 2002.

2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1840/2002 ([4]) frá 30. september 2002 var samþykkt til að tryggja að hagskýrslukerfi Kola- og stálbandalags Evrópu (ECSC) um stál yrði framlengt til 31. desember 2002 þegar sáttmáli Kola- og stálbandalags Evrópu fellur úr gildi.

3) Nauðsynlegt er að halda áfram að safna hagtölum um stáliðnaðinn til að geta framkvæmt stefnu Bandalagsins varðandi stáliðnaðinn í framtíðinni. Ekkert annað hagskýrslukerfi er til á vettvangi Bandalagsins sem getur uppfyllt þörfina fyrir slíkar hagskýrslur. Þess vegna er þörf á nýrri reglugerð á grundvelli sáttmála Evrópubandalagsins um söfnun á hagtölum Bandalagsins um stáliðnaðinn.

4) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur Bandalagsins ([5]) er settur viðmiðunarrammi um ákvæði þessarar reglugerðar.

5) Þörf er á aðlögunaráfanga á tímabilinu frá 2003 til 2009 til að ákvarða hvort hægt sé að fella hagskýrslur um stál inn í önnur hagskýrslukerfi.

6) Fyrirtæki í stáliðnaðinum þarfnast alþjóðlegra upplýsinga um fjárfestingar og afkastagetu til að geta metið hugsanlega van- eða umframafkastagetu í framtíðinni í tilteknum flokkum stálframleiðslu. Hagskýrslur Bandalagsins um fjárfestingu og afköst verða hluti af hnattrænu netkerfi upplýsinga um stálframleiðslugetu heimsins, sem var komið á fót á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD).

7) Hagtölur um orkunotkun í stáliðnaðinum veita ekki aðeins upplýsingar um orkunotkun og framleiðslu innan stáliðnaðarins heldur einnig um losun mengandi efna.

8) Þörf er á hagskýrslum um birgðir brotamálms úr járni og stáli til að unnt sá að fylgjast með notkun þessa mikilvæga hráefnis í stálvinnslu.

9) Ráðstafanirnar, sem eru nauðsynlegar vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar, ber að samþykkja í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([6]).

10) Samráð hefur verið haft við hagskýrsluáætlunarnefndina í samræmi við 3. gr. ákvörðunar ráðsins 89/382/EBE, KBE ([7]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Markmiðið með þessari reglugerð er að setja sameiginlegan ramma um kerfisbundna gerð hagskýrslna Bandalagsins um stáliðnaðinn á viðmiðunarárunum 2003 til 2009.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð hafa hugtökin „hagskýrslur Bandalagsins“ og „gerð hagskýrslna“ sömu merkingu og í reglugerð (EB) nr. 322/97.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 7, 13.1.2004, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2004 frá 4. júní 2004 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 25.11.2004, bls. 21.

([1]) Stjtíð. ESB C 45 E, 25.2.2003, bls. 154.

([2]) Stjtíð. ESB C 133, 6.6.2003, bls. 88.

([3]) Álit Evrópuþingsins frá 13. maí 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 17. nóvember 2003.

([4]) Stjtíð. EB L 279, 17.10.2002, bls. 1.

([5]) Stjtíð. EB L 52, 22.2.1997, bls. 1.

([6]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

([7]) Stjtíð. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

3. gr.

Gildissvið

Þessi reglugerð tekur til gagna um stáliðnaðinn, sem eru skilgreind sem flokkur 27.1 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE, 1. endursk.), sem var innleidd með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 ([1]).

Ef vinnsluvirði á þáttaverði fyrirtækja í stáliðnaði aðildarríkis er innan við 1% af heildarvinnsluvirði í Bandalaginu þarf ekki að safna gögnum um þau könnunaratriði.

4. gr.

Könnunaratriði

Gögn sem eru afhent, sem skulu vera í samræmi við það snið sem er sett fram í viðaukanum, skulu tengjast könnunaratriðum rekstrareininga, eins og skilgreint er í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 696/93 frá 15. mars 1993 um hagskýrslueiningar fyrir athugun og greiningu á framleiðslukerfi Bandalagsins ([2]), og fyrirtækjum sem hafa 50 eða fleiri starfsmenn.

5. gr.

Tímaviðmiðanir og tímabil

Aðildarríkin skulu árlega taka saman gögnin sem eru tilgreind í viðaukanum, í fyrsta skipti fyrir árið 2003 og fyrir hvert ár eftir það fram til ársins 2009.

6. gr.

Afhending gagna

1. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) gögn og lýsigögn um stáliðnaðinn sem eru tekin saman um einingarnar sem um getur í 4. gr.Meðal annars skal afhenda trúnaðargögn í samræmi við gildandi ákvæði Bandalagsins um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum.

2. Aðildarríkin skulu afhenda gögnin og lýsigögnin á rafrænu formi. Afhendingin skal vera í samræmi við viðeigandi staðal um gagnaskipti sem er samþykktur í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 8. gr. Hagstofa Evrópubandalaganna skal koma á framfæri ítarlegum upplýsingum varðandi samþykkta staðla og veita leiðbeiningar um hvernig skuli beita þessum stöðlum samkvæmt kröfum þessarar reglugerðar.

3. Aðildarríkin skulu afhenda gögn og lýsigögn innan sex mánaða frá lokum viðmiðunarársins. Framkvæmdastjórnin getur þó, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 8. gr., lengt þetta tímabil í 12 mánuði við fyrstu afhendingu þeirra aðildarríkja sem eiga í erfiðleikum með framkvæmd reglugerðarinnar.

7. gr.

Framkvæmdarráðstafanir

Eftirfarandi ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu ákveðnar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 8. gr.:

a) allar breytingar á skránni yfir könnunaratriði, að því tilskildu að engar verulegar byrðar séu lagðar aukalega á aðildarríkin,

b) með hvaða sniði afhending skuli vera og fyrsta afhendingartímabilið.

8. gr.

Málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar hagskýrslu-áætlunarnefndar sem komið var á fót með 1. gr. ákvörðunar 89/382/EBE, KBE.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Tímabilið, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

9. gr.

Skýrslur.

Framkvæmdastjórnin skal, innan fimm ára frá gildistöku þessarar reglugerðar, leggja skýrslu um framkvæmd hennar fyrir Evrópuþingið og ráðið.

Skýrslan skal m.a. fela í sér:

a) mat á þeim ávinningi sem Bandalagið, aðildarríkin og veitendur og notendur tölfræðilegra upplýsinga hafa af gerð hagskýrslna, miðað við kostnað,

b) mat á gæðum þeirra hagskýrslna sem eru gerðar,

c) staðfestingu á samvirkni við aðra starfsemi Bandalagsins,

d) tillögur um hvers konar breytingar sem eru nauðsynlegar til að bæta beitingu þessarar reglugerðar.

10. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

([1]) Stjtíð. EB L 293, 24.10.1990, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. EB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

([2]) Stjtíð. EB L 76, 30.3.1993, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. desember 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	P. LUNARDI
forseti.	*forseti.*

VIÐAUKI

GÖGN, SEM UM GETUR Í 4., 5. OG 6. GR., SEM Á AÐ AFHENDA TIL HAGSTOFU EVRÓPUBANDALAGANNA

1. Árlegar hagskýrslur um reikningsjöfnuð brotamálms úr stáli og steypujárni

(Eining: tonn)

Kóði	Heiti
	Reikningsjöfnuður brotamálms úr stáli og steypujárni
1010	Birgðir á fyrsta degi ársins
1020	Birgðir sem verða til við eigin starfsemi
1030	Birgðaaukning (1031+1032+1033)
1031	— í heimalandinu
1032	— frá öðrum aðildarríkjum Bandalagsins
1033	— frá þriðju löndum
1040	Samanlagt (1010+1020+1030)
1050	Notkun samtals …
1051	… þar af rafmagnsofnar
1052	… þar af ryðfrír brotamálmur
1060	Afhendingar
1070	Birgðir á síðasta degi ársins (1040-1050-1060)

2. Eldsneytis- og orkunotkun og reikningsjöfnuður raforku í stáliðnaðinum

A-hluti Árlegar hagskýrslur um notkun eldsneytis og orku, sundurliðað eftir tegundum verkstöðva (*)

(Eining: tonn eða gígajúl (GJ))

Kóði	Heiti	Athugasemd
	Eldsneyti og orkunotkun	
2010	Fast eldsneyti (2011+2012)	tonn
2011	Koks	tonn
2012	Annað eldsneyti í föstu formi	tonn
2020	Fljótandi eldsneyti	tonn
2030	Gas (2031+2032+2033+2034)	GJ
2031	Háofnagas	GJ
2032	Koksofnagas	GJ
2033	Málmbræðsluofnagas	GJ
2034	Annað gas	GJ
2040	Afhending á háofnagasi til annarra	GJ
2050	Afhending á gasi fyrir málmbræðsluofna til annarra	GJ

(*) Hleðslublöndunarstöð: Völsunarstöðvar
Háofnar og rafknúnir járnbræðsluofnar: Raforkuver
Málmbræðsla: Aðrar stöðvar

B-hluti Árlegar hagskýrslur um reikningsjöfnuð raforku í stáliðnaðinum

(Eining: MWh)

Kóði	Heiti
	Reikningsjöfnuður raforku í stáliðnaðinum
3100	Tilföng (3101+3102)
3101	Verg framleiðsla
3102	Birgðir frá öðrum stöðvum
3200	Notað (1031+1032+1033)
3210	Notkun eftir starfsstöðvum (3211+3212+3213+3214+3215+3216+3217)
3211	Glæðingarverksmiðjur og hleðslublöndunarstöðvar
3212	Háofnar og rafknúnir járnbræðsluofnar:
3213	Rafknúnar bræðslustöðvar og stöðug málmsteypa
3214	Aðrar bræðslustöðvar og stöðug málmsteypa
3215	Völsunarstöðvar
3216	Raforkuver
3217	Aðrar stöðvar
3220	Afhending til annarra stöðva
3230	Rýrnun

3. Rannsókn á fjárfestingum í járn- og stáliðnaðinum (kostnaður og afkastageta)

A-hluti Árlegar hagskýrslur um kostnað

(Eining: miljónir evra)

Kóði	Heiti
	Fjárfestingarkostnaður í járn- og stáliðnaði
4010	Koksvinnslustöð
4020	Hleðslublöndunarstöð:
4030	Stöð fyrir framleiðslu á járni og járnblendi (þ.m.t. háofnar)
4040	Stálbræðsla:
4041	… þar af rafknúin
4050	Stöðug málmsteypa
4060	Völsunarstöðvar (4061+4062+4063+4064)
4061	Flatar vörur
4062	Langar vörur
4063	Kaldvölsun fyrir breiðbönd
4064	Húðunarbúnaður
4070	Aðrar stöðvar
4100	Samanlagt (4010+4020+4030+4040+4050+4060+4070)
4200	… þar af til að vinna gegn mengun

B-hluti Árlegar hagskýrslur um afkastagetu

(Eining: miljónir evra)

Kóði	Heiti
	Hámarksframleiðsla í járn- og stáliðnaðinum (afkastageta)
5010	Koks
5020	Hleðslublanda
5030	Steypujárn og járnblendi
5040	Hrástál
5041	— þar af rafknúin
5042	— þar af stöðug málmsteypa
5050	Vörur sem eru framleiddar beint með hitavölsun (5051+5052)
5051	Flatar vörur
5052	Langar vörur
5060	Vörur sem eru framleiddar úr hitavölsuðum vörum (þó ekki húðaðar vörur)
5061	… þar af vörur sem eru framleiddar með kaldvölsun
5070	Húðaðar vörur

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2003/107/EB **2007/EES/9/23**

frá 5. desember 2003

um breytingu á tilskipun ráðsins 96/16/EB um tölfræðilegar kannanir vegna mjólkur og mjólkurafurða (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 251 gr. sáttmálans ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipun ráðsins 96/16/EB ([2]) hefur þann tilgang að veita áreiðanleg og samanburðarhæf gögn um mjólkurframleiðslu og mjólkurnýtingu og áreiðanlegar skammtímaupplýsingar með vissu millibili um afhendingu mjólkur til fyrirtækja sem meðhöndla eða vinna mjólk og um framleiðslu mjólkurafurða í aðildarríkjunum.

2) Í ljósi vaxandi efnahagslegs mikilvægis prótíninnihalds í mjólk er sífellt mikilvægara að ráða yfir tölulegum upplýsingum um prótíninnihald helstu mjólkurafurða.

3) Sérhæfing í landbúnaði fer almennt vaxandi og í mjólkurgeiranum verður einkum vart við sérhæfingu eftir svæðum sem hefur í för með sér gríðarlegan mun á milli svæða í sama aðildarríki og skapar það þörf fyrir nákvæmar upplýsingar um svæðin.

4) Til að tryggja að niðurstöður séu samanburðarhæfar er nauðsynlegt að taka saman aðferðafræðilegar skýrslur með stöðluðu sniði,

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun ráðsins 96/16/EB er breytt sem hér segir:

1. Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

   a) eftirfarandi bætist við b-lið 1. mgr.:

      „iv) prótíninnihaldi helstu mjólkurafurða, á grundvelli þeirra mælingar- eða matsaðferða sem eru líklegastar til að tryggja að gögn séu áreiðanleg;

      v) því magni kúamjólkur sem er framleitt á bújörðum á svæðisvísu (svæðiseining skv. flokkun hagskýrslusvæða 2 (NUTS 2)) með þeirri mælingar- eða matsaðferð sem hentar best til að tryggja áreiðanleika gagnanna.“,

   b) ákvæði 2. mgr. falli brott.

2. Í stað síðasta málsliðar í 2. mgr. 5. gr. komi eftirfarandi:

   „Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni árlega upplýsingar um aðferðir varðandi upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. 4. gr. og nota til þess staðlaðan spurningalista sem framkvæmdastjórnin semur í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 7. gr.“

3. Ákvæðum 3. mgr. 6. gr. er breytt sem hér segir:

   a) annar undirliður b-liðar falli niður,

   b) í stað c-liðar komi eftirfarandi:

      „c) í september árið eftir viðmiðunardaginn, niðurstöðurnar sem um getur í 2. mgr. 1. gr. og v. lið b-liðar og c-lið 1. mgr. 4. gr.“

2. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. mars 2004. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. desember 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	P. LUNARD
forseti.	*forseti.*

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 7, 13.1.2004, bls. 40. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2004 frá 4. júní 2004 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 25.11.2004, bls. 21.

([1]) Álit Evrópuþingsins frá 2. september 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 17. nóvember 2003.

([2]) Stjtíð. EB L 78, 28.3.1996, bls. 27.

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 2256/2003/EB **2007/EES/9/24**

frá 17. nóvember 2003

um samþykkt áætlunar til margra ára (2003-2005) um eftirlit með aðgerðaáætluninni um rafræna Evrópu 2005, miðlun góðra starfsvenja og aukið net- og upplýsingaöryggi (MODINIS) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 3. mgr. 157. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([2]),

með hliðsjón af áliti svæðanefndarinnar ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 251. gr. sáttmálans ([4]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Á fundi sínum í Lissabon 23. og 24. mars 2000 setti leiðtogaráðið það markmið að gera Evrópusambandið að samkeppnishæfasta og öflugasta þekkingarhagkerfi í heimi og lýsti því yfir að þörf væri á opinni samræmingaraðferð til að mæla framþróunina.

2) Á fundi sínum í Feira 19. og 20. júní 2000 samþykkti leiðtogaráðið aðgerðaáætlunina um rafræna Evrópu 2002 og lagði sérstaka áherslu á nauðsyn þess að móta langtímasýn fyrir þekkingarhagkerfið og stuðla að því að allir borgarar fengju aðgang að nýrri tækni og á fundi ráðsins (innri markaðurinn) 30. nóvember 2000 var lögð fram skrá með 23 vísum til að mæla framþróun aðgerðaáætlunarinnar um rafræna Evrópu 2002.

3) Framkvæmdastjórnin birti 28. maí 2002 orðsendingu til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópu og svæðanefndarinnar og ber hún yfirskriftina: „Rafræn Evrópa 2005 – upplýsingasamfélag fyrir alla“ og á fundi sínum í Sevilla 21. og 22. júní 2002 samþykkti leiðtogaráðið heildarmarkmið aðgerðaáætlunarinnar.

4) Framkvæmdastjórnin birti 22. janúar 2001 orðsendingu til Evrópuþingsins, ráðsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópu og svæðanefndarinnar og ber hún yfirskriftina: „Mótun öruggara upplýsingasamfélags með bættu öryggi upplýsingagrunnvirkja og baráttu gegn tölvutengdum afbrotum“.

5) Í niðurstöðum fundar leiðtogaráðsins í Stokkhólmi 23. og 24. mars 2001 var mælst til þess að ráðið ásamt framkvæmdastjórninni þróaði heildstæða áætlun um öryggi rafrænna neta, þ.m.t. raunhæf framkvæmdaáætlun. Orðsendingin um: „Net- og upplýsingaöryggi: tillaga að Evrópustefnu“ frá 6. júní 2001 var fyrsta svar framkvæmdastjórnarinnar við þessum tilmælum.

6) Í ályktun ráðsins frá 30. maí 2001 um aðgerðaáætlun um rafræna Evrópu: upplýsinga- og netöryggi, ályktun ráðsins frá 28. janúar 2002 um sameiginlega nálgun og sértækar aðgerðir á sviði net- og upplýsingaöryggis ([5]), ályktun ráðsins frá 18. febrúar 2003 um evrópska nálgun á net- og upplýsingaöryggismenningu ([6]) og ályktun Evrópuþingsins frá 22. október 2002 um net- og upplýsingaöryggi: tillaga að Evrópustefnu voru aðildarríkin hvött til þess að grípa til sértækra aðgerða til að bæta öryggi rafrænna samskiptaneta og upplýsingakerfa.. Evrópuþingið og ráðið fögnuðu enn fremur þeim fyrirætlunum framkvæmdastjórnarinnar um að þróa m.a. áætlun um traustari og öruggari rekstur Netgrunnvirkja og að semja tillögu um framtíðarskipulag net- og upplýsingaöryggismála á evrópskum vettvangi.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 336, 23.12.2003, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 87/2004 frá 4. júní 2004 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 25.11.2004, bls. 23.

([1]) Stjtíð. EB C 291 E, 26.11.2002, bls. 243.

([2]) Stjtíð. ESB C 61, 14.3.2003, bls. 184.

([3]) Stjtíð. ESB C 128, 29.5.2003, bls. 19.

([4]) Álit Evrópuþingsins frá 12. febrúar 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 26. maí 2003 (Stjtíð. ESB C 159 E, 8.7.2003, bls. 11) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 25. september 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB). Ákvörðun ráðsins frá 27. október 2003.

([5]) Stjtíð. EB C 43, 16.2.2002, bls. 2.

([6]) Stjtíð. ESB C 48, 28.2.2003, bls. 1.

7) Í aðgerðaáætluninni um rafræna Evrópu 2005, sem er staðfest að þessu leyti með ályktun ráðsins frá 18. febrúar 2003, er m.a. lagt til að komið verði á framtíðarskipulagi net- og upplýsingaöryggismála á evrópskum vettvangi.

8) Á grundvelli nýrra tegunda efnahagslegra, pólitískra og félagslegra tengsla getur aðlögun að upplýsingasamfélaginu hjálpað Evrópusambandinu að takast á við viðfangsefni þessarar aldar og stuðlað að vexti, samkeppnishæfni og atvinnusköpun. Upplýsingasamfélagið breytir smám saman eðli atvinnustarfsemi og félagsmála og hefur mikilvæg gagnkvæm áhrif þvert á svið sem fram að þessu hafa verið óháð hvert öðru. Nauðsynlegar ráðstafanir til að koma því í framkvæmd verða að taka mið af efnahagslegri og félagslegri samheldni Bandalagsins, þeirri áhættu sem fylgir því að standa utan við stafræna þróun og skilvirkri starfsemi innri markaðarins. Aðgerðir Evrópusambandsins og aðildarríkjanna í tengslum við upplýsingasamfélagið eiga að stuðla enn frekar að því að illa settir hópar taki þátt í upplýsingasamfélaginu.

9) Þörf er á fyrirkomulagi við eftirlit og miðlun reynslu sem gerir aðildarríkjunum kleift að bera saman og greina árangur og endurmeta framvinduna í tengslum við aðgerðaáætlunina um rafræna Evrópu 2005.

10) Setning viðmiðana gerir aðildarríkjunum kleift að meta hvort innlent frumkvæði, sem þau hafa tekið innan ramma aðgerðaáætlunarinnar um rafræna Evrópu 2005, hefur borið árangur sem er hliðstæður árangri bæði í öðrum aðildarríkjum og á alþjóðavísu og hvort tæknimöguleikar eru nýttir til fulls.

11) Enn fremur er hægt að styðja aðgerðir af hálfu aðildarríkjanna innan ramma aðgerðaáætlunarinnar um rafræna Evrópu 2005 með miðlun góðra starfsvenja. Evrópskur virðisauki, sem næst með setningu viðmiðana og góðum starfsvenjum, felur í sér samanburðarmat á árangri af mismunandi ákvörðunum, og er árangurinn mældur með sameiginlegum eftirlits- og greiningaraðferðum.

12) Nauðsynlegt er að greina efnahagslegar og samfélagslegar afleiðingar upplýsingasamfélagsins með það fyrir augum að auðvelda umfjöllun um stefnumál. Það gerir aðildarríkjunum kleift að nýta betur efnahags- og atvinnumöguleikana í tækniþróuninni, einkum á sviði upplýsingasamfélagsins.

13) Net- og upplýsingaöryggi er orðið nauðsynleg forsenda frekari þróunar öruggs viðskiptaumhverfis. Vegna þess hve net- og upplýsingaöryggi er flókið í eðli sínu skulu staðaryfirvöld, innlend yfirvöld og, eftir því sem við á, evrópsk yfirvöld, þegar þau gera ráðstafanir varðandi stefnumótun á þessu sviði, taka tillit til margháttaðra pólitískra, efnahagslegra, skipulagslegra og tæknilegra þátta og hafa í huga sjálfstætt og alþjóðlegt eðli samskiptaneta. Verði fyrirhuguðu framtíðarskipulagi net- og upplýsingaöryggismála á evrópskum vettvangi komið á verða aðildarríkin og Bandalagið betur undir það búin að bregðast við alvarlegum net- og upplýsingaöryggisvanda. Undirbúningsvinna verður að hefjast árið 2003.

14) Framangreind starfsemi er með því markmiði að stuðla að samvirkni og samvinnu milli aðildarríkjanna, landa Evrópska efnahagssvæðisins, landa sem hafa sótt um aðild að Evrópusambandinu og umsóknarlanda auk samstarfsríkjanna í Mið- og Austur-Evrópu og því getur framkvæmdastjórnin hvatt til þess í framtíðinni að þessi lönd taki meiri þátt í starfsemi áætlunarinnar.

15) Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um fjárhagsramma sem gildir meðan áætlunin varir og er helsta viðmiðun fjárveitingavaldsins við árlega fjárlagagerð í skilningi 33. liðar samstarfssamnings frá 6. maí 1999 milli stofnana Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um eftirlit með fjárlögum og endurbætur á afgreiðslu fjárlaga.

16) Samþykkja ber nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari ákvörðun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([1]).

17) Stöðugt skal fylgjast með framvindu þessarar áætlunar.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Áætlun til margra ára (2003 til 2005) um eftirlit með aðgerðaáætluninni um rafræna Evrópu 2005, miðlun góðra starfsvenja og aukið net- og upplýsingaöryggi (hér á eftir nefnd „áætlunin“ er hér með samþykkt.

Markmiðin með áætluninni eru eftirfarandi:

a) að fylgjast með árangri aðildarríkjanna og innan þeirra og bera hann saman við það sem best gerist í heiminum með því að nota opinberar hagtölur ef hægt er,

b) að styðja viðleitni aðildarríkjanna innan ramma aðgerðaáætlunarinnar um rafræna Evrópu 2005 á innlendum, svæðisbundnum eða staðbundnum vettvangi með greiningu á góðum starfsvenjum varðandi rafræna Evrópu og frekara samspili í þróun fyrirkomulags á miðlun reynslu,

c) að greina efnahagslegar og félagslegar afleiðingar upplýsingasamfélagsins með það fyrir augum að auðvelda umfjöllun um stefnumál, einkum að því er varðar samkeppnishæfni atvinnulífsins og samheldni og einnig að því er varðar félagslega aðlögun; að veita stýrihópi rafrænnar Evrópu nauðsynlegar upplýsingar til að hann geti skorið úr um hentuga starfsstefnu aðgerðaáætlunarinnar um rafræna Evrópu 2005,

([1]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

d) að undirbúa uppsetningu framtíðarskipulags net- og upplýsingaöryggismála á evrópskum vettvangi, sem gert er ráð fyrir í ályktun ráðsins frá 28. janúar 2002 og aðgerðaáætlun um rafræna Evrópu 2005, með það fyrir augum að bæta net- og upplýsingaöryggi.

Sú starfsemi sem fellur undir áætlunina skal ganga þvert á atvinnugreinar og styðja þannig við aðgerðir Bandalagsins á öðrum sviðum. Engin þessara aðgerða skal vera endurtekning á þeirri vinnu sem er unnin á þessum sviðum samkvæmt öðrum áætlunum Bandalagsins. Aðgerðir, sem gripið er til samkvæmt áætluninni og varða setningu viðmiðana, góðar starfsvenjur og samræmda stefnu, skulu miða að því að ná markmiðum aðgerðaáætlunarinnar um rafræna Evrópu 2005, að efla net- og upplýsingaöryggi og breiðband og efla rafræna stjórnsýslu, rafræn viðskipti, rafræna heilbrigðisþjónustu og rafrænt nám.

Áætlunin skal enn fremur vera sameiginlegur rammi fyrir frekara samspil mismunandi innlendra, svæðisbundinna og staðbundinna vettvanga á evrópskum vettvangi.

2. gr.

Til að ná markmiðunum, sem um getur í 1. gr., skal ráðist í eftirfarandi flokk aðgerða:

a) Aðgerð 1

Eftirlit með og samanburður á árangri:

— af söfnun og greiningu gagna á grundvelli viðmiðunarvísa um setningu viðmiðana, sem skilgreindir eru í ályktun ráðsins frá 18. febrúar 2003 um framkvæmd aðgerðaáætlunar um rafræna Evrópu 2005 ([1]), þ.m.t. svæðisbundnir efnahagsvísar eftir því sem við á. Einkum ber að leggja áherslu á gögn er varða helstu markmið aðgerðaáætlunarinnar um rafræna Evrópu 2005,

b) Aðgerð 2

Miðlun góðra starfsvenja:

— athuganir í þeim tilgangi að grafast fyrir um góðar starfsvenjur á innlendum, svæðisbundnum og staðbundnum vettvangi og stuðla þannig að árangursríkri framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar um rafræna Evrópu 2005,

— stuðningur við markvissar ráðstefnur, málstofur eða vinnufundi til stuðnings markmiðum aðgerðaáætlunarinnar um rafræna Evrópu 2005 í þeim tilgangi að efla samvinnu og miðla reynslu og góðum starfsvenjum innan sameiginlegs ramma fyrir frekara samspil sem er skilgreint í b-lið 1. gr.,

c) Aðgerð 3

Greining og skipulagsumfjöllun:

— styðja starf félagsfræðinga og hagfræðinga með það fyrir augum að útvega framkvæmdastjórninni og, samkvæmt beiðni, stýrihópi rafrænnar Evrópu tilföng fyrir greiningu á framtíðarstefnu,

— styðja stýrihóp rafrænnar Evrópu til að veita skipulega yfirsýn yfir framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar um rafræna Evrópu 2005, útvega vettvang fyrir miðlun reynslu og gera snemmtekna þátttöku umsóknarlanda mögulega og, eftir því sem við á, hvetja aðra hagsmunaaðila til þess að láta álit sitt í ljós,

d) Aðgerð 4

Aukið net- og upplýsingaöryggi:

— undirbúningur fyrir uppsetningu framtíðarskipulags net- og upplýsingaöryggismála á evrópskum vettvangi, sem gert er ráð fyrir í ályktunum ráðsins frá 28. janúar 2002 og frá 18. febrúar 2003 um evrópska nálgun á net- og upplýsingaöryggismenningu og í aðgerðaáætluninni um rafræna Evrópu 2005, m.a. með því að fjármagna kannanir, athuganir, vinnufundi um málefni á borð við öryggistilhögun og rekstrarsamhæfi þar að lútandi, áreiðanleika og vernd netsins, háþróað dulmál, friðhelgi einkalífs og öryggi í þráðlausum samskiptum.

3. gr.

Til að ná þeim markmiðum, sem eru sett fram í 1. gr., og koma til framkvæmda þeim aðgerðum, sem eru settar fram í 2. gr., skal framkvæmdastjórnin nota viðeigandi úrræði, einkum:

— gerð samninga um framkvæmd verkefna sem tengjast könnunum, rannsóknum, nákvæmum rannsóknum á sértækum sviðum og sýniverkefni, sem eru takmörkuð að umfangi, þ.m.t. vinnufundir og ráðstefnur,

— söfnun, birtingu og dreifingu upplýsinga og þróun þjónustu á Netinu,

— stuðning við fundi sérfræðinga, ráðstefnur og málstofur.

4. gr.

Áætlunin skal taka til tímabilsins frá 1. janúar 2003 til 31. desember 2005.

Fjárhagsrammi fyrir framkvæmd þessarar áætlunar skal hér með vera 21 milljónir evra.

Leiðbeinandi sundurliðun er að finna í viðaukanum.

Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitingavaldsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar.

5. gr.

Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á framkvæmd áætlunarinnar og samræmingu hennar við aðrar áætlanir Bandalagsins. Ár hvert skal framkvæmdastjórnin semja vinnuáætlun á grundvelli þessarar ákvörðunar.

Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 6. gr.:

a) um samþykkt vinnuáætlunarinnar, þ.m.t. öll sundurliðun fjárveitingarinnar,

([1]) Stjtíð. ESB C 48, 28.2.2003, bls. 2.

b) um samþykkt ráðstafana vegna mats á áætluninni,

c) um setningu viðmiðana þegar leitað er eftir tillögum, í samræmi við markmiðin sem gerð er grein fyrir í 1. gr, og við mat á verkefnum, sem tillaga er gerð um að undangenginni slíkri leit, þegar fjárframlag Bandalagsins af áætluðu framlagi Bandalagsins er jafnt og, eða hærra en, 250 000 evrur.

6. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar (hér á eftir kölluð „nefndin“).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 4. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 4. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrír mánuðir.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

7. gr.

1. Til að tryggja að aðstoð framkvæmdastjórnarinnar sé vel nýtt skal framkvæmdastjórnin sjá til þess að aðgerðir í samræmi við þessa ákvörðun séu metnar fyrirfram, að fylgst sé með þeim og þær metnar eftir á.

2. Meðan aðgerðir standa yfir og að þeim loknum ber framkvæmdastjórninni að meta með hvaða hætti þær hafa farið fram og hvaða áhrif þær hafa haft og komast þannig að raun um hvort upphaflegu markmiðunum hefur verið náð.

3. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa nefndina og stýrihóp rafrænnar Evrópu reglulega um framvindu við framkvæmd áætlunarinnar í heild sinni.

4. Við lok áætlunarinnar skal framkvæmdastjórnin leggja fyrir Evrópuþingið, ráðið og efnahags- og félagsmálanefndina matsskýrslu um þann árangur sem náðst hefur við framkvæmd aðgerðanna sem um getur í 2. mgr.

8. gr.

1. Heimilt er að opna áætlunina fyrir löndum Evrópska efnahagssvæðisins, löndum sem hafa sótt um aðild að Evrópusambandinu og umsóknarlöndum auk samstarfsríkja í Mið- og Austur-Evrópu, innan ramma þeirra samninga sem hvert og eitt þeirra hefur gert við Evrópubandalagið.

2. Jafnhliða framkvæmd þessarar ákvörðunar er hvatt til samstarfs við lönd utan Bandalagsins og alþjóðasamtök eða -stofnanir eftir því sem við á.

9. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

10. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. nóvember 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	G. ALEMANNO
forseti.	*forseti.*

VIÐAUKI

Áætlun til margra ára um eftirlit með rafrænni Evrópu, miðlun góðra starfsvenja og aukið net- og upplýsingaöryggi (MODINIS)

Leiðbeinandi sundurliðun á kostnaði 2003 til 2005

Hlutfall af heildarfjárhagsáætlun eftir flokki og ári				
	2003	2004	2005	Samtals 2003-2005
Aðgerð 1 — eftirlit með og samanburður á árangri	12%	14%	14%	40%
Aðgerð 2 — miðlun góðra starfsvenja	8%	10%	12%	30%
Aðgerð 3 — greining og skipulagsumfjöllun	2%	3%	3%	8%
Aðgerð 3 — aukið net- og upplýsingaöryggis	17%	5%	0%	22%
Hlutfall af heildarfjárhagsáætlun	39%	32%	29%	100%

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1641/2003 2007/EES/9/25

frá 22. júlí 2003

um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1210/90 um stofnun Umhverfisstofnunar Evrópu og evrópsks upplýsinga- og eftirlitsnets á sviði umhverfismála (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ([1]),

með hliðsjón af áliti endurskoðunarréttarins ([2]),

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([3]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([4]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samræma ber tiltekin ákvæði reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1210/90 frá 7. maí 1990 um stofnun Umhverfisstofnunar Evrópu og evrópsks upplýsinga- og eftirlitsnets á sviði umhverfismála ([5]) ákvæðum reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna, (hér á eftir nefnd „almenna fjárhagsreglugerðin“) ([6]), einkum 185. gr.

2) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar ([7]) er mælt fyrir um meginreglur og takmarkanir að því er varðar það hvernig menn nýta sér réttinn til aðgangs að skjölum sem kveðið er á um í 255. gr. sáttmálans.

3) Við samþykkt reglugerðar (EB) nr. 1049/2001 samþykktu þessar þrjár stofnanir sameiginlega yfirlýsingu þess efnis að stofnununum og öðrum slíkum aðilum bæri að setja sér reglur sem samrýmdust ákvæðum þeirrar reglugerðar.

4) Því ber að bæta viðeigandi ákvæðum inn í reglugerð (EBE) nr. 1210/90, þannig að reglugerð (EB) nr. 1049/2001 taki til Umhverfisstofnunar Evrópu, og einnig ákvæði um kærur vegna synjunar um aðgang að skjölum.

5) Því ber að breyta reglugerð (EBE) nr. 1210/90 í samræmi við þetta.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EBE) nr. 1210/90 er hér með breytt sem hér segir:

1. Í stað 6. gr. komi eftirfarandi:

„*6. gr.*

1. Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1049/2001 frá 30. maí 2001 um almennan aðgang að skjölum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar (*) gildir um skjöl í vörslu Umhverfisstofnunarinnar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 88/2004 frá 4. júní 2004 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 25.11.2004, bls. 24..

([1]) Stjtíð. EB C 331 E, 31.12.2002, bls. 59.

([2]) Stjtíð. EB C 285, 21.11.2002, bls. 4.

([3]) Stjtíð. ESB C 85, 8.4.2003, bls. 64.

([4]) Álit Evrópuþingsins frá 22. október 2002 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 3. júní 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 1. júlí 2003.

([5]) Stjtíð. EB L 120, 11.5.1990, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 933/1999 (Stjtíð. EB L 117, 5.5.1999, bls. 1).

([6]) Stjtíð. EB L 248, 16.9.2002, bls. 1. með leiðréttingu í Stjtíð. EB L 25, 30.1.2003, bls. 43.

([7]) Stjtíð. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.

2. Stjórn stofnunarinnar skal ákveða fyrirkomulag við framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1049/2001 innan sex mánaða frá gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1641/2003 frá 22. júlí 2003 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1210/90 um stofnun Umhverfisstofnunar Evrópu og evrópsks upplýsinga- og eftirlitsnets á sviði umhverfismála (**).

3. Ákvarðanir, sem Umhverfisstofnunin tekur skv. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1049/2001, geta annars vegar orðið tilefni kæru til umboðsmanns, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 195. gr. EB-sáttmálans, eða málshöfðunar fyrir dómstóli Evrópubandalaganna hins vegar, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 230. gr. EB-sáttmálans.

(*) Stjtíð. EB L 145, 31.5.2001, bls. 43.
(**) Stjtíð. ESB L 245, 29.9.2003, bls. 1.“

2. Í 8. gr.:

a) komi eftirfarandi í stað 6. mgr.:

„6. Stjórnin skal samþykkja almennu ársskýrsluna um starfsemi Umhverfisstofnunarinnar og senda hana Evrópuþinginu, ráðinu, framkvæmdastjórninni, endurskoðunarréttinum og aðildarríkjunum eigi síðar en 15. júní.“,

b) eftirfarandi málsgrein bætist við:

„7. Umhverfisstofnunin skal senda fjárveitingavaldinu árlega allar upplýsingar sem varða matsferlið.“

3. Í stað 12. gr. komi eftirfarandi:

„12. gr.

1. Stjórn Umhverfisstofnunarinnar skal árlega leggja fram yfirlit yfir áætlaðar tekjur og áætluð útgjöld stofnunarinnar fyrir næsta fjárhagsár sem byggt er á drögum frá forstjóra. Eigi síðar en 31. mars skal stjórnin framsenda þessa fjárhagsáætlun, sem inniheldur drög að yfirliti um stöðugildi, til framkvæmdastjórnarinnar.

2. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu (hér á eftir nefnd fjárveitingavaldið) fjárhagsáætlunina ásamt fyrstu drögum að fjárlagafrumvarpi Evrópusambandsins.

3. Á grundvelli fjárhagsáætlunarinnar skal framkvæmdastjórnin fella inn í fyrstu drög að fjárlagafrumvarpi Evrópusambandsins þá þætti fjárhagsáætlunarinnar sem hún telur nauðsynlega með hliðsjón af yfirlitinu um stöðugildi og vegna þess styrks sem veita skal af fjárlögum og leggja þá fyrir fjárveitingavaldið í samræmi við 272. gr. sáttmálans.

4. Fjárveitingavaldið heimilar fjárveitingar í formi styrks til Umhverfisstofnunarinnar.

Fjárveitingavaldið skal samþykkja yfirlitið um stöðugildi fyrir Umhverfisstofnunina.

5. Stjórnin skal samþykkja fjárhagsáætlunina. Hún verður endanleg í framhaldi af lokasamþykkt fjárlaga Evrópusambandsins. Ef við á skal aðlaga fjárhagsáætlunina til samræmis við það.

6. Hafi stjórn stofnunarinnar í hyggju að hrinda í framkvæmd verkefni sem kann að hafa veruleg áhrif á fjármögnun fjárhagsáætlunarinnar skal hún tilkynna fjárveitingavaldinu það eins skjótt og unnt er, einkum ef um er að ræða verkefni er varða fasteignir, s.s. að taka á leigu eða kaupa húseignir. Hún skal tilkynna framkvæmdastjórninni um þetta.

Hafi aðili, sem er hluti af fjárveitingavaldinu, tilkynnt að hann hafi í hyggju að skila áliti skal hann framsenda stjórn stofnunarinnar álit sitt innan sex vikna frá því að tilkynnt er um verkefnið.“

4. Í stað 13. gr. komi eftirfarandi:

„13. gr.

1. Forstjórinn sér um framkvæmd fjárhagsáætlunar Umhverfisstofnunarinnar.

2. Gjaldkeri stofnunarinnar skal senda gjaldkera framkvæmdastjórnarinnar bráðabirgðareikningsskil eigi síðar en 1. mars eftir lok fjárhagsársins ásamt skýrslu um stjórn fjárhagsáætlunar og fjármála á því fjárhagsári. Gjaldkeri framkvæmdastjórnarinnar skal gera samstæðu úr bráðabirgðareikningsskilum stofnananna og sjálfstæðra aðila í samræmi við 128. gr. almennu fjárhagsreglugerðarinnar.

3. Gjaldkeri framkvæmdastjórnarinnar skal senda endurskoðunarréttinum bráðabirgðareikningsskil stofnunarinnar eigi síðar en 31. mars eftir lok fjárhagsársins ásamt skýrslu um stjórn fjárhagsáætlunar og fjármála á því fjárhagsári. Skýrslan um stjórn fjárhagsáætlunar og fjármála á fjárhagsárinu skal einnig framsend til Evrópuþingsins og ráðsins.

4. Þegar forstjóra Umhverfisstofnunarinnar berast athugasemdir endurskoðunarréttarins við bráðabirgðareikningsskil stofnunarinnar, skv. 129. gr. almennu fjárhagsreglugerðarinnar, skal hann ganga frá endanlegum reikningsskilum stofnunarinnar á eigin ábyrgð og senda það til stjórnar stofnunarinnar til umsagnar

5. Stjórnin skal skila áliti um endanleg reikningsskil Umhverfisstofnunarinnar.

6. Forstjórinn skal framsenda endanleg reikningsskil eigi síðar en 1. júlí eftir lok fjárhagsársins til Evrópuþingsins, ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og

endurskoðunarréttarins ásamt áliti stjórnar stofnunarinnar.

7. Endanleg reikningsskil skulu birt.

8. Forstjórinn skal senda endurskoðunarréttinum svar við athugasemdum réttarins eigi síðar en 30. september. Hann skal einnig senda svarið til stjórnar Umhverfisstofnunarinnar.

9. Fari Evrópuþingið þess á leit skal forstjórinn láta því í té allar upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að greiðlega gangi að leysa hann undan ábyrgð fyrir viðkomandi fjárhagsár eins og mælt er fyrir í 3. mgr. 146. gr. almennu fjárhagsreglugerðarinnar.

10. Fyrir 30. apríl árið N + 2 skal Evrópuþingið, að fengnum tilmælum frá ráðinu sem tekur ákvörðun með auknum meirihluta, leysa forstjórann undan ábyrgð á framkvæmd fjárhagsáætlunarinnar fyrir árið N.“

5. Í stað 14. gr. komi eftirfarandi:

„14. gr.

Stjórnin skal samþykkja fjárhagsreglur fyrir Umhverfisstofnunina að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina. Þær mega ekki víkja frá reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB, KBE) nr. 2343/2002 frá 19. nóvember 2002 um fjárhagslega rammareglugerð fyrir þá aðila sem um getur í 185. gr. reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna (*) nema sérstök þörf sé á slíku fráviki vegna reksturs Umhverfisstofnunarinnar og framkvæmdastjórnin hafi áður veitt samþykki sitt.

(*) Stjtíð. EB L 357, 31.12.2002, bls. 72; leiðrétting í Stjtíð. EB L 2, 7.1.2003, bls. 39.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. júlí 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,
P. COX
forseti.

Fyrir hönd ráðsins,
G. ALEMANNO
forseti.

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 20/2004/EB **2007/EES/9/26**

frá 8. desember 2003

um almennan ramma fyrir fjármögnun aðgerða Bandalagsins til stuðnings neytendastefnu á tímabilinu 2004 til 2007 (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 153. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Neytendastefna skiptir sköpum fyrir tvö af skipulagsmarkmiðum framkvæmdastjórnarinnar, sem mælt er fyrir um í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um skipulagsmarkmið 2000 til 2005 „Mótun nýrrar Evrópu“ ([3]), þ.e. að stuðla að nýrri og hagkvæmri framkvæmdaáætlun um félagsmál í því skyni að nútímavæða evrópska efnahagkerfið og tryggja borgurum Evrópu meiri lífsgæði.

2) Í starfsáætluninni um neytendastefnu fyrir 2002 til 2006 eru sett þrjú meginmarkmið. Þau koma til framkvæmda með aðgerðum sem er að finna í breytilegri áætlun sem framkvæmdastjórninni ber að endurskoða reglulega.

3) Markmið og aðgerðir í starfsáætluninni um neytendastefnu skulu ráða úthlutun fjár til aðgerða sem hrint er í framkvæmd innan þessa ramma. Auk þess skal starfsemi sem ætlað er að samþætta hagsmuni neytenda öðrum sviðum starfsemi í samræmi við 153. gr. sáttmálans njóta forgangs ásamt þremur meginmarkmiðum starfsáætlunarinnar um neytendastefnu.

4) Í samræmi við starfsáætlunina um neytendastefnu skal neytendastefna innan gildissviðs þessa ramma taka til öryggis þjónustu og annarra framleiðsluvara en matvæla og efnahagslegra hagsmuna neytenda í Evrópubandalaginu. Aðgerðir sem tengjast matvæla-öryggi falla ekki undir þennan ramma.

5) Meðal almennra markmiða Evrópusambandsins skv. 2. gr. sáttmálans um Evrópusambandið er að ná fram jafnvægri og sjálfbærri þróun. Í samræmi við Jóhannesborgaryfirlýsinguna um sjálfbæra þróun, framkvæmdaáætlunina frá fundi æðstu ráðamanna þjóða heims um sjálfbæra þróun og Cardiff-ferlið skal grípa til aðgerða til að ná fram sjálfbærri þróun.

6) Þessi rammi skal taka til aðgerða Bandalagsins í samræmi við dreifræðisregluna, sem mælt er fyrir um í 5. gr. sáttmálans, til að styðja við og byggja upp getu samtaka og stofnana sem vinna að hagsmunum neytenda á vettvangi Bandalagsins, eða innlendum eða svæðisbundnum vettvangi.

7) Auk aðgerðanna í þessum ramma skal framkvæmdastjórnin einnig tryggja að neytendasamtök og önnur hlutaðeigandi frjáls félagasamtök geti stuðlað að framkvæmd starfsáætlunarinnar um neytendastefnu með þátttöku í starfi evrópsks samráðshóps neytenda sem komið var á fót með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2003/709/EB ([4]).

8) Þessi rammi skal taka til aðgerða sem framkvæmdastjórnin og eitt eða fleiri aðildarríki grípa til, til að hrinda markmiðum neytendastefnunnar í framkvæmd.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 89/2004 frá 4. júní 2004 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 25.11.2004, bls. 25.

([1]) Stjtíð. ESB C 234, 30.9.2003, bls. 86.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 24. september 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 1. desember 2003.

([3]) Stjtíð. EB C 81, 21.3.2000, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB L 258, 10.10.2003, bls. 35.

9) Það eru almennir evrópskir hagsmunir í skilningi b-liðar 1. mgr. 8. gr. reglugerðar ráðsins (EB, KBE) nr. 1605/2002 frá 25. júní 2002 um fjárhagsreglugerðina sem gildir um fjárlög Evrópubandalaganna ([1]), hér á eftir nefnd „fjárhagsreglugerðin“, að heilbrigði, öryggi og fjárhagslegum hagsmunum neytenda, sem og hagsmunum neytenda í þróun staðla fyrir vörur og þjónustu, sé komið á framfæri á vettvangi Bandalagsins.

10) Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um fjárhagsramma sem gildir meðan ramminn varir og er helsta viðmiðun fjárveitingavaldsins við árlega fjárlagagerð í skilningi 33. liðar samstarfssamnings frá 6. maí 1999 milli stofnana Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um eftirlit með fjárlögum og endurbætur á afgreiðslu fjárlaga ([2]).

11) Til að auka skilvirkni og áhrif aðgerða evrópskra neytendasamtaka og neytendasamtaka sem koma á framfæri hagsmunum neytenda vegna þróunar staðla fyrir vörur og þjónustu á vettvangi Bandalagsins kann fjárstuðningur við styrkhæf samtök að vera háður rammasamningi sameignarfélaga meðan á þessum ramma áætlunarinnar stendur.

12) Til að auka hagkvæmni í stjórnsýslu og skilvirkni og áhrif sérstakra verkefna skal birta auglýsingar um sérstök verkefni a.m.k. á tveggja ára fresti og veita skal stuðning upp að hámarki 75% af kostnaði styrkhæfs kostnaðar við að framkvæma verkefnin.

13) Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (hér á eftir nefndur „EES-samningurinn“) er kveðið á um að löndin í Fríverslunarsamtökum Evrópu sem eiga aðild að Evrópska efnahagssvæðinu (hér á eftir nefnd „EFTA-löndin innan EES“) skulu, m.a. efla og víkka út samstarf innan rammans um aðgerðir Bandalagsins á sviði neytendaverndar.

14) Samstarfslöndum er frjálst að taka þátt í almenna rammanum í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í tvíhliða samningum þar sem settar eru almennar meginreglur um þátttöku þeirra í áætlunum Bandalagsins.

15) Í því skyni að auka gildi og áhrif rammans ber að leggja jafnóðum mat á þær aðgerðir sem stofnað er til, með það fyrir augum, eftir því sem við á, að gera nauðsynlegar breytingar.

16) Samþykkja skal nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari ákvörðun í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið ([3]).

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Gildissvið

1. Í þessari ákvörðun er settur almennur rammi um aðgerðir Bandalagsins til stuðnings neytendastefnu, hér á eftir nefndur „ramminn“, á því tímabili sem tilgreint er í 1. mgr. 5. gr.

2. Aðgerðirnar sem beita skal samkvæmt þessum ramma skulu vera til viðbótar aðgerðum sem beitt er af og í aðildarríkjunum og er ætlað að vernda heilbrigði, öryggi og fjárhagslega hagsmuni neytenda og stuðla að rétti þeirra til upplýsinga og menntunar og til að bindast samtökum í þeim tilgangi að standa vörð um hagsmuni sína.

2. gr.

Aðgerðasvið

Þær aðgerðir sem beita skal innan rammans varða eftirfarandi sérsvið:

a) heilsuvernd og öryggi neytenda með tilliti til þjónustu og annarra neytendavara en matvæla,

b) fjárhagslega og lagalega hagsmunagæslu fyrir neytendur,

c) auknar upplýsingar og fræðslu til neytenda,

d) aukna getu neytendasamtaka til að leggja sitt fram á evrópskum vettvangi.

3. gr.

Markmið aðgerðanna

Aðgerðirnar sem gripið er til innan þessa ramma skulu stuðla að því að eftirfarandi almennum markmiðum verði náð:

a) almenn, öflug neytendavernd, einkum með því að setja sameiginlegar reglur og taka upp sameiginlegar venjur um neytendavernd og samþætta hagsmuni neytenda inn í önnur stefnumið Bandalagsins,

b) skilvirk framkvæmd reglna um neytendavernd, einkum með markaðseftirliti, samvinnu á sviði stjórnsýslu og framfylgdar, aðgangi neytenda að upplýsingum um þjónustu og aðrar vörur en matvæli og aðgangi neytenda að kerfum til að bregðast við kvörtunum og leysa úr deilumálum og

([1]) Stjtíð. EB L 248, 16.9.2002, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB C 172, 18.6.1999, bls. 1. Samningurinn eins og honum var breytt með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/429/EB (Stjtíð. ESB L 147, 14.6.2003, bls. 25).
([3]) Stjtíð. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

c) virk þátttaka neytendasamtaka í þróun neytendastefnu og öðrum stefnumiðum Bandalagsins sem hafa áhrif á hagsmuni neytenda.

4. gr.

Tegundir aðgerða

1. Þær aðgerðir, sem grípa á til samkvæmt þessum ramma, eru tilgreindar í viðaukanum eftir markmiðum.

2. Aðgerðir 1 til 8, 11 til 15 og 19 eru framkvæmdar beint af framkvæmdastjórninni.

3. Aðgerðir 8 og 10 fjármagnar Bandalagið í sameiningu við eitt eða fleiri aðildarríki, eða Bandalagið og lögbær yfirvöld þriðju landa sem taka þátt í rammanum skv. 9. gr.

4. Aðgerðir 16, 17 og 18 njóta fjárstuðnings Bandalagsins.

5. gr.

Fjármögnun

1. Fjárhagsrammi til framkvæmdar þessari ákvörðun nemur 72 milljónum evra á tímabilinu 1. janúar 2004 til 31. desember 2007 og skal 54 milljónum evra varið til tímabilsins til 31. desember 2006.

2. Fyrir tímabilið sem hefst 31. desember 2006 skal fyrirhuguð fjárhæð teljast staðfest fyrir viðkomandi áfanga ef hún er í samræmi við fjárhagsáætlunina sem gildir fyrir tímabilið sem hefst 2007.

3. Fjárveitingarvaldið skal heimila árlegar fjárveitingar innan ramma fjárhagsáætlananna.

6. gr.

Fjárframlag

1. Framlag Bandalagsins til sameiginlegra aðgerða 9 og 10 skal að jafnaði vera 50% og aldrei meira en 70% af heildarkostnaði við aðgerðina. Framkvæmdastjórnin skal setja fram með skýrum hætti hvaða sameiginlegu aðgerðir kemur til greina að styrkja með fjárframlagi sem nemur meira en 50%.

2. Fjárframlög vegna aðgerðar 16 skulu ekki vera meiri en 50% af útgjöldum við að framkvæma styrkhæfar aðgerðir.

3. Fjárframlög vegna aðgerðar 17 skulu ekki vera meiri en 95% af útgjöldum við að framkvæma styrkhæfar aðgerðir.

4. Reglan um lækkun í áföngum skal ekki gilda um endurnýjun fjárframlaga vegna aðgerða 16 og 17 til styrkhæfra samtaka sem reyndust á árinu á undan koma hagsmunum neytenda á framfæri á virkan og árangursríkan hátt.

5. Fjárframlög til aðgerðar 18 skal að jafnaði vera 50% og aldrei meira en 75% styrkhæfum kostnaði við að framkvæma verkefnin. Framkvæmdastjórnin skal setja fram með skýrum hætti hvaða sérstöku verkefni kemur til greina að styrkja með fjárframlagi sem nemur meira en 50%.

7. gr.

Rétthafar

1. Heimilt er að veita fjárframlög vegna sameiginlegra aðgerða 9 og 10 til opinbers aðila eða stofnunar sem ekki er rekin í hagnaðarskyni og sem aðildarríkið eða hlutaðeigandi lögbært yfirvald tilnefnir og framkvæmdastjórnin samþykkir.

2. Heimilt er að veita fjárframlög vegna aðgerðar 16 til evrópskra neytendasamtaka sem:

a) eru óopinber, ekki rekin í hagnaðarskyni, eru óháð hagsmunum að því er varðar atvinnugreinar, viðskipti og verslun, eða öðrum hagsmunum sem rekast á, og hafa sem höfuðmarkmið og –starfsemi að efla og vernda heilsu, öryggi og fjárhagslega hagsmuni neytenda í Bandalaginu,

b) hafa fengið umboð til að sinna hagsmunum neytenda á vettvangi Bandalagsins frá innlendum neytendasamtökum í að minnsta kosti helmingi aðildarríkja sem eru í forsvari fyrir neytendur, í samræmi við innlendar reglur og venjur, og eru virkar á svæðis- eða landsvísu.

c) hafa með viðunandi hætti gert framkvæmdastjórninni grein fyrir aðild sinni, innri reglum og fjármögnunarleiðum.

3. Heimilt er að veita fjárframlög vegna aðgerðar 17 til evrópskra neytendasamtaka sem:

a) eru óopinber, ekki rekin í hagnaðarskyni, eru óháð hagsmunum að því er varðar atvinnugreinar, viðskipti og verslun, eða öðrum hagsmunum sem rekast á, og hafa sem höfuðmarkmið og –starfsemi að koma á framfæri hagsmunum neytenda í stöðlunarferlinu á vettvangi Bandalagsins,

b) hafa fengið umboð í a.m.k. tveimur þriðju aðildarríkjanna til að sinna hagsmunum neytenda á vettvangi Bandalagsins:

— frá aðilum sem eru fulltrúar, í samræmi við innlendar reglur eða starfsvenjur, innlendra neytendasamtaka í aðildarríkinu, eða

— ef slíkum aðilum er ekki fyrir að fara, frá innlendum neytendasamtökum í aðildarríkjunum sem eru fulltrúar, í samræmi við innlendar reglur eða starfsvenjur, neytenda og eru virk á innlendum vettvangi.

4. Heimilt er að veita fjárframlög vegna aðgerðar 18 til allra lögaðila eða samtaka lögaðila, þ.m.t. viðeigandi, sjálfstæðir opinberir aðilar og svæðisbundin neytendasamtök sem starfa óháð iðnaði og viðskiptum og eru í raun ábyrg fyrir framkvæmd verkefnanna.

8. gr.

Útilokanir

Umsækjendur eða bjóðendur og verktakar sem eru fundnir sekir um að gefa rangar yfirlýsingar eða sem hafa brugðist samningsskyldum sínum með alvarlegum hætti skulu útilokaðir frá því að gerðir verði samningar við þá eins og sett er fram í 96. gr. fjárhagsreglugerðarinnar.

9. gr.

Þátttaka þriðju landa

Eftirtöldum löndum er frjálst að taka þátt í þessum ramma:

a) EFTA-ríkjunum innan EES í samræmi við skilyrðin sem eru sett í EES-samningnum,

b) samstarfsríkjunum í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í tvíhliða samningum þar sem settar eru almennar meginreglur um þátttöku þeirra í áætlunum Bandalagsins.

10. gr.

Samræmi og fylling

1. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að aðgerðirnar sem beitt er samkvæmt þessum ramma séu í samræmi við starfsáætlunina um neytendastefnu.

2. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að aðgerðirnar sem beitt er samkvæmt þessum ramma samræmist og komi til fyllingar öðrum áætlunum og framtaksverkefnum á vettvangi Bandalagsins.

11. gr.

Vinnuáætlun

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja árlega vinnuáætlun sem felur í sér:

a) forgangsatriði vegna aðgerða samkvæmt hverju markmiði,

b) skiptingu árlegrar fjárveitingar milli tegunda aðgerða sem tilgreindar eru í 4. gr.,

c) fyrirhugaða tímasetningu útboða, sameiginlegra aðgerða og auglýsinga eftir tillögum,

d) að því er varðar auglýsingar eftir tillögum, viðmiðanir við val og úthlutun vegna aðgerða 16, 17 og 18, viðmiðanir vegna fjárframlaga sem nema meira en 50% vegna aðgerðar 18 og leiðbeinandi fjárhæð sem er tiltæk fyrir hvert tilvik sem auglýst er, í samræmi við viðkomandi ákvæði fjárhagsreglugerðarinnar og að teknu tilliti til þess eftir föngum að nauðsynlegt er að stjórnsýslukröfur séu hafðar einfaldar, einkum þegar um er að ræða lágar fjárhæðir framlaga til sérstakra verkefna.

12. gr.

Birting og málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal birta eftirfarandi í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar:

a) auglýsingu eftir tillögum vegna aðgerða 16 og 17 og

b) auglýsingu eftir tillögum vegna aðgerðar 18 þar sem lýst er forgangsatriðum að því er varðar aðgerðir sem grípa skal til, á a.m.k. tveggja ára fresti.

2. Snemma á matsferli umsókna um fjárframlög skal framkvæmdastjórnin tilkynna umsækjendum um það ef þeir eru ekki styrkhæfir eða ef upplýsingar sem eru nauðsynlegar til að sannprófa hvort umsækjandinn uppfyllir viðmiðanir um val vantar í umsókn þeirra.

3. Framkvæmdastjórnin skal innan þriggja mánaða frá því að fresturinn til að senda inn umsóknir rennur út ákveða úthlutun fjárframlaga vegna aðgerða 16, 17 og 18.

4. Birta skal á hverju ári á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar skrá yfir viðtakendur fjárframlaga og aðgerðir sem njóta stuðnings innan þessa ramma og skal fjárhæðin tilgreind.

13. gr.

Eftirlit og mat

1. Framkvæmdastjórnin skal tryggja skilvirkt og reglulegt eftirlit með aðgerðunum sem gripið er til innan þessa ramma og á miðju tímabilinu skal hún gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu um framkvæmd rammans eigi síðar en 31. desember 2005. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna Evrópuþinginu árlega ef málsmeðferð við ákvarðanatöku um umsóknir vegna aðgerða 16, 17 og 18 varir lengur en þriggja mánaða tímabilið sem sett er fram í 3. mgr. 12. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal leggja matsskýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið varðandi aðgerðir sem beitt er innan þessa ramma áður en lögð er fram tillaga um hugsanlega endurnýjun hans og í öllum tilvikum eigi síðar en 31. desember 2007.

14. gr.

Framkvæmd ráðstafana

1. Framkvæmdastjórnin ber ábyrgð á stjórnun og framkvæmd þessarar ákvörðunar í samræmi við fjárhagsreglugerðina.

2. Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í 3. mgr. 4. gr. og í 11. gr., skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 15. gr.

15. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndar.

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 3. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

16. gr.

Gildistaka

Ákvörðun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 8. desember 2003.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	F. FRATTINI
forseti.	*forseti.*

VIÐAUKI

AÐGERÐIR SEM UM GETUR Í 4. GR., TILGREINDAR EFTIR MARKMIÐUM

Markmið a: Almenn, öflug neytendavernd

Aðgerð 1: Vísindaleg ráðgjöf, áhættugreining, þ.m.t. samanburðarmat og mat á möguleikum til að draga úr áhættu varðandi heilbrigði og öryggi neytenda í tengslum við þjónustu og framleiðsluvörur aðrar en matvæli

Aðgerð 2: Undirbúningur laga- og annarrar reglusetningar og efling innra eftirlits, þ.m.t.

2.1. Samanburðargreining á mörkuðum og reglukerfum

2.2. Lagaleg og tæknileg sérþekking til stefnumótunar að því er varðar þjónustuöryggi

2.3. Tæknileg sérþekking vegna þróunar stöðlunarumboða fyrir framleiðsluvörur og þjónustu

2.4. Lagaleg og tæknileg sérþekking til stefnumótunar að því er varðar fjárhagslega hagsmuni neytenda

2.5. Vinnufundir með hagsmunaaðilum og sérfræðingum.

Aðgerð 3: Eftirlit og mat á markaðsþróun sem hefur áhrif á fjárhagslega og aðra hagsmuni neytenda, þ.m.t. verðkannanir, skráning og greining á kvörtunum neytenda og kannanir á breytingum á gerð markaða.

Aðgerð 4: Söfnun og skipti á gögnum og upplýsingum sem mynda heimildagrunn fyrir mótun neytendastefnu og samþættingu hagsmuna neytenda við önnur stefnumið Evrópusambandsins, þ.m.t. greining á viðhorfi neytenda og fyrirtækja, söfnun og greining tölfræðilegra og annarra viðeigandi gagna.

Markmið b: Skilvirk framkvæmd reglna um neytendavernd

Aðgerð 5: Samræming á eftirlits- og framfylgdaraðgerðum, þ.m.t..:

5.1. Þróun á upplýsingatæknitólum (þ.e. gagnagrunnum, upplýsinga- og samskiptakerfum) vegna samstarfs við framfylgd

5.2. Þjálfun, málþing og skipti á starfsmönnum með tilliti til sameiginlegra framfylgdaraðgerða

5.3. Skipulag og þróun sameiginlegra framfylgdaraðgerða

5.4. Sameiginlegar framfylgdaraðgerðir í tilraunaskyni

Aðgerð 6: Þróun gagnagrunna sem greiður og almennur aðgangur er að, sem taka til beitingar og dómaframkvæmdar að því er varðar réttindi neytenda sem leiðir af Bandalagslöggjöf um neytendavernd, þ.m.t. að ljúka við gerð og úrbætur á gagnagrunninum um óréttmæta samningsskilmála.

Aðgerð 7: Eftirlit og mat á öryggi framleiðsluvara annarra en matvæla og þjónustuöryggi, þ.m.t.:

7.1. Efling og útvíkkun gildissviðs RAPEX-tilkynningakerfisins, að teknu tilliti til þróunar á upplýsingaskiptum við markaðseftirlit.

7.2. Tæknileg greining á viðvörunartilkynningum

7.3. Söfnun og mat á gögnum um hættuna sem stafar af tilteknum neytendavörum og -þjónustu

7.4. Þróun öryggisnets fyrir framleiðsluvörur eins og kveðið er á um í tilskipun 2001/95/EB ([1]).

Aðgerð 8: Eftirlit með virkni og mat á áhrifum annarra kerfa til lausnar ágreiningsmála, einkum kerfa á Netinu og skilvirkni þeirra til að leysa úr kvörtunum og ágreiningsmálum yfir landamæri, sem og tækniaðstoð vegna frekari þróunar Evrópska utanréttarnetsins.

([1]) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru (Stjtíð. EB L 11, 15.1.2002, bls. 4).

Aðgerð 9: (Sameiginleg aðgerð) Fjárframlög til opinberra aðila eða stofnana sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni og sem mynda net innan Bandalagsins í því skyni að veita neytendum upplýsingar og aðstoð til að neyta réttar síns og fá aðgang að viðeigandi úrlausn deiluefna, Evrópunet neytendamiðstöðva og greiðslujöfnunarstöðvar Evrópska utanréttarnetsins samkvæmt skilyrðunum sem sett eru fram í 1. mgr. 7. gr.

Aðgerð 10: (Sameiginleg aðgerð) Fjárframlög til sérstakra sameiginlegra eftirlits- og framfylgdaraðgerða til að bæta samvinnu á sviði stjórnsýslu og framfylgdar um Bandalagslöggjöf um neytendavernd, þ.m.t. tilskipunin um vöruöryggi og aðrar aðgerðir með tillit til samvinnu á sviði stjórnsýslu samkvæmt skilyrðunum sem sett eru í 1. mgr. 7. gr.

Markmið c: Virk þátttaka neytendasamtaka í stefnumiðum Bandalagsins

Aðgerð 11: Neytendasamtökum verði tryggð sértæk tæknileg og lagaleg sérþekking til að styðja þátttöku þeirra í og framlag til samráðsferlis um stefnufrumkvæði Bandalagsins sem eru lagaleg og sem eru ekki lagaleg á viðkomandi málaflokkum, svo sem stefnu er varðar innri markaðinn, þjónustu í þágu almennings og 10 ára rammaáætlunina um sjálfbæra framleiðslu og neyslu, sem og að styðja framlag þeirra til markaðseftirlits.

Aðgerð 12: Staðinn verði vörður um hagsmuni evrópskra neytenda á alþjóðavettvangi, þ.m.t. alþjóðlegar stöðlunarstofnanir og alþjóðleg atvinnugreinasamtök.

Aðgerð 13: Starfslið svæðisbundinna, innlendra og evrópskra neytendasamtaka verði þjálfað og aðrar aðgerðir til að auka færni, þ.m.t. nám í verkefnaþróun og aðferðir við verkefnaumsóknir, umræðuvettvangur á Netinu um sérstök verkefni, málstofur og fundir til að stuðla að samvinnuverkefnum.

Aðgerð 14: Upplýsingaaðgerðir um réttindi neytenda sem löggjöf um réttindi neytenda og aðrar ráðstafanir Bandalagsins vegna neytendaverndar veita þeim, einkum í nýju aðildarríkjunum í samstarfi við neytendasamtök þeirra.

Aðgerð 15: Neytendafræðsla, þ.m.t. aðgerðir sem beinast að ungum neytendum og þróun á gagnvirkum tólum til neytendafræðslu á Netinu um réttindi neytenda á innri markaðinum og í viðskiptum yfir landamæri.

Aðgerð 16: Fjárframlög til starfsemi evrópskra neytendasamtaka í samræmi við skilyrðin sem eru sett fram í 2. mgr. 7. gr.

Aðgerð 17: Fjárframlög til starfsemi evrópskra neytendasamtaka til að koma á framfæri hagsmunum neytenda vegna þróunar staðla fyrir vörur og þjónustu á vettvangi Bandalagsins í samræmi við skilyrðin sem eru sett fram í 3. mgr. 7. gr.

Markmið a, b og c:

Aðgerð 18: Fjárframlög til sérstakra verkefna á Bandalags- og innlendum vettvangi til stuðnings markmiðum neytendastefnu eins og skilgreint er í 3. gr., samkvæmt skilyrðunum sem eru sett í 4. mgr. 7. gr., þ.m.t. fjárframlög til:

— sérstakra verkefna sem neytendasamtök ráðast í og miða að því að hraða skilvirkri framkvæmd réttarreglna Bandalagsins um neytendavernd í nýju aðildarríkjunum,

— sérstakra verkefna sem stuðla að upplýsingaskiptum yfir landamæri og bestu viðteknu starfsvenjum við samþættingu réttinda neytenda við önnur stefnumið.

Aðgerð 19: Mat á aðgerðum sem ráðist er í samkvæmt þessum ramma.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 788/2004 2007/EES/9/27

frá 21. apríl 2004

um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2236/95 og reglugerðum (EB) nr. 1655/2000, (EB) nr. 1382/2003 og (EB) nr. 2152/2003 með það fyrir augum að aðlaga viðmiðunarfjárhæðir með tilliti til stækkunar Evrópusambandsins (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 71. gr., 2. mgr. 80. gr., fyrstu málsgrein 156. gr. og 175. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Til að tekið sé tillit til stækkunar Evrópusambandsins skal aðlaga viðmiðunarfjárhæðir í eftirfarandi reglugerðum:

— reglugerð ráðsins nr. 2236/95/EB frá 18. september 1995 um almennar reglur um fjárhagsaðstoð Bandalagsins á sviði samevrópskra neta ([2]),

— reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1655/2000 frá 17. júlí 2000 að því er varðar fjármálastofnunina á sviði umhverfismála (LIFE) ([3]),

— reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1382/2003 frá 22. júlí 2003 um að veita fjárhagsaðstoð Bandalagsins til að auka vistvænleika vöruflutningakerfisins (Marco Polo áætlunin) ([4]) og

— reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2152/2003 frá 17. nóvember 2003 um eftirlit með skógum og víxlverkun umhverfisþátta í Bandalaginu (Forest Focus) ([5]),

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 2236/95 er breytt sem hér segir:

1. í stað fyrirsagnarinnar „Fjárlagaheimildir“ komi fyrirsögnin „Fjármögnun“,

2. í stað fyrstu málsgreinar komi eftirfarandi:

„Fjárhagsramminn til að hrinda þessari reglugerð í framkvæmd, á tímabilinu 2000 til 2006, er 4874,88 milljónir evra.“

2. gr.

Ákvæðum 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1655/2000 er breytt sem hér segir:

1. í stað fyrirsagnarinnar „Gildistími þriðja áfanga og fjárlagaheimilda“ komi fyrirsögnin „Gildistími þriðja áfanga og fjármögnun“,

2. Í stað 1. og 2. mgr. komi eftirarandi:

„1. LIFE skal koma til framkvæmda í áföngum. Þriðji áfangi skal hefjast 1. janúar 2000 og ljúka 31. desember 2004. Fjárhagsramminn til að hrinda þessum þriðja áfanga í framkvæmd, á tímabilinu 2000 til 2004, er 649,9 milljónir evra.

2. Fjármögnun aðgerðanna, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, skal færð undir árlegar fjárveitingar á almennum fjárlögum Evrópusambandsins. Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitingavaldsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlana.“

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2004 frá 4. júni 2004 um breytingu á bókun 30 við EES-samninginn, um sérstök ákvæði varðandi skipulagningu samvinnu á sviði hagskýrslugerðar, og bókun 31 við samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 25.11.2004, bls. 26.

([1]) Álit Evrópuþingsins frá 9. mars 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 5. apríl 2004.

([2]) EB L 228, 23.9.1995, bls. 1. Reglugerðinni var breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1655/1999 (Stjtíð. EB L 197, 29.7.1999, bls. 1).

([3]) Stjtíð. EB L 192, 28.7.2000, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB L 196, 2.8.2003, bls. 1.

([5]) Stjtíð. ESB L 324, 11.12.2003, bls. 1.

3. gr.

Ákvæðum 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1382/2003 er breytt sem hér segir:

1. í stað fyrirsagnarinnar „Fjárlög“ komi fyrirsögnin „Fjármögnun“,

2. í stað fyrstu málsgreinar komi eftirfarandi:

„Fjárhagsramminn til að hrinda Marco Polo-áætluninni í framkvæmd, á tímabilinu 1. janúar 2003 til 31. desember 2006, er 100 milljónir evra.“

4. gr.

Í stað 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 2152/2003 komi eftirfarandi:

„13. gr.

1. Fjárhagsrammi til að hrinda þessari áætlun í framkvæmd, á tímabilinu 2003 til 2006, er 65 milljónir evra og þar af skulu 9 milljónir evra notaðar til brunavarna.

2. Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitingavaldsins og rúmast innan ramma árlegrar fjárlagagerðar og marka fjárhagsáætlunarinnar.“

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg, 21. apríl 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. Cox

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

D. ROCHE

forseti.

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 786/2004/EB **2007/EES/9/28**

frá 21. apríl 2004

um breytingu á ákvörðunum nr. 1720/1999/EB, nr. 253/2000/EB, nr. 508/2000/EB, nr. 1031/2000/EB, nr. 1445/2000/EB, nr. 163/2001/EB, nr. 1411/2001/EB, nr. 50/2002/EB, nr. 466/2002/EB, nr. 1145/2002/EB, nr. 1513/2002/EB, nr. 1786/2002/EB, nr. 291/2003/EB og nr. 20/2004/EB með það fyrir augum að aðlaga viðmiðunarfjárhæðir með tilliti til stækkunar Evrópusambandsins (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 129. gr., 2. mgr. 137. gr., 149. gr., 150. gr., 5. mgr. 151. gr, 152. gr., 153. gr., 156. gr., 1. mgr. 166. gr, 1. mgr. 175. gr. og 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Til að tekið sé tillit til stækkunar Evrópusambandsins skal aðlaga viðmiðunarfjárhæðir, hámark heildarfjárhæðar eftir því sem við á, í eftirfarandi ákvörðunum Evrópuþingsins og ráðsins:

— nr. 1720/1999/EB frá 12. júlí 1999 um samþykkt aðgerða og ráðstafana til að tryggja rekstrarsamhæfi og aðgang að samevrópskum netum fyrir rafræn gagnaskipti milli stjórnsýslustofnana ([2]),

— nr. 253/2000/EB frá 24. janúar 2000 um framkvæmd annars þreps aðgerðaáætlunar Bandalagsins á sviði menntamála —Sókrates ([3]),

— nr. 508/2000/EB frá 14. febrúar 2000 um að innleiða áætlunina „Menning 2000“ ([4]),

— nr. 1031/2000/EB frá 13. apríl 2000 um að koma á fót aðgerðaáætlun Bandalagsins á sviði æskulýðsmála ([5]),

— nr. 1445/2000/EB frá 22. maí 2000 um beitingu landmælinga úr lofti og fjarkönnunartækni við gerð hagskýrslna um landbúnað árin 1999 til 2003 ([6]),

— nr. 163/2001/EB frá 19. janúar 2001 um framkvæmd áætlunar um menntun fagfólks í evrópskum hljóð- og myndmiðlaiðnaði (MEDIA – Menntun) (2001-2005) ([7]),

— nr. 1411/2001/EB frá 27. júní 2001 um rammaákvæði Bandalagsins um samvinnu sem miðar að því að stuðla að sjálfbæru þéttbýlisskipulagi ([8]),

— nr. 50/2002/EB frá 7. desember 2001 um að koma á fót aðgerðaáætlun Bandalagsins um að hvetja til samstarfs milli aðildarríkja til að berjast gegn félagslegri útskúfun ([9]),

— nr. 466/2002/EB frá 1. mars 2002 um aðgerðaáætlun Bandalagsins til eflingar frjálsum félagasamtökum sem starfa aðallega á sviði umhverfisverndar ([10]),

— nr. 1145/2002/EB frá 10. júní 2002 um hvetjandi ráðstafanir Bandalagsins á sviði atvinnumála ([11]),

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2004 frá 4. júni 2004 um breytingu á bókun 30 við EES-samninginn, um sérstök ákvæði varðandi skipulagningu samvinnu á sviði hagskýrslugerðar, og bókun 31 við samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 25.11.2004, bls. 26.

([1]) Álit Evrópuþingsins frá 9. mars 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun ráðsins frá 5. apríl 2004.

([2]) Stjtíð. EB L 203, 3.8.1999, bls. 9. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun nr. 2045/2002/EB (Stjtíð. EB L 316, 20.11.2002, bls. 1).

([3]) Stjtíð. EB L 28, 3.2.2000, bls. 1. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun nr. 451/2003/EB (Stjtíð. EB L 69, 13.3.2003, bls. 6).

([4]) Stjtíð. EB L 63, 10.3.2000, bls. 1. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun nr. 626/2004/EB (Stjtíð. ESB L 99, 3.4.2004, bls. 3).

([5]) Stjtíð. EB L 117, 18.5.2000, bls. 1.

([6]) Stjtíð. EB L 163, 4.7.2000, bls. 1. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun nr. 2066/2003/EB (Stjtíð. ESB L 309, 26.11.2003, bls. 9).

([7]) Stjtíð. EB L 26, 27.1.2001, bls. 1.

([8]) Stjtíð. EB L 191, 13.7.2001, bls. 1.

([9]) Stjtíð. EB L 10, 12.1.2002, bls. 1. Ákvörðuninni var breytt með aðildarlögunum 2003.

([10]) Stjtíð. EB L 75, 16.3.2002, bls. 1.

([11]) Stjtíð. EB L 170, 29.6.2002, bls. 1.

— nr. 1513/2002/EB frá 27. júní 2002 um sjöttu rammaáætlun um aðgerðir Evrópubandalagsins á sviði rannsókna, tækniþróunar og tilraunaverkefna sem ætlað er að stuðla að sköpun evrópsks rannsóknasvæðis og nýsköpun (2002 til 2006) ([1]); aðlagaða fjárhæðin skal skv. 3. mgr. 166. gr. sáttmálans notuð við framkvæmd allra aðgerða sem kveðið er á um í rammaáætluninni,

— nr. 1786/2002/EB frá 23. september 2002 um samþykkt aðgerðaáætlunar Bandalagsins á sviði lýðheilsu (2003 til 2008) ([2]),

— nr. 291/2003/EB frá 6. febrúar 2003 um Evrópuár menntunar með iðkun íþrótta 2004 ([3]),

— nr. 20/2004/EB frá 8. desember 2003 um almennan ramma fyrir fjármögnun aðgerða Bandalagsins til stuðnings neytendastefnu á tímabilinu 2004 til 2007 ([4]),

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Í stað 15. gr. ákvörðunar nr. 1720/1999/EB komi eftirfarandi:

„15. gr.

Fjármögnun

1. Fjárhagsrammi fyrir aðgerðir Bandalagsins samkvæmt þessari ákvörðun fyrir tímabilið 2002 til 2004 skal vera 34,9 milljónir evra.

2. Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitingavaldsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar.“

2. gr.

Í stað 1. mgr. 10. gr. ákvörðunar nr. 253/2000/EB komi eftirfarandi:

„1. Fjárhagsramminn til að hrinda þessari áætlun í framkvæmd, á því tímabili sem er tiltekið í 1. gr., er 2060 milljónir evra.“

3. gr.

Ákvæðum 3. gr. ákvörðunar nr. 508/2000/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað fyrirsagnarinnar „Fjárlög“ komi fyrirsögnin „Fjármögnun“,

2. Í stað fyrstu málsgreinar komi eftirfarandi:

„Fjárhagsramminn til að hrinda áætluninni Menning 2000 í framkvæmd, á því tímabili sem um getur í 1. gr., er 170,7 milljónir evra.“

4. gr.

Í stað 1. mgr. 9. gr. ákvörðunar nr. 1031/2000/EB komi eftirfarandi:

„1. Fjárhagsramminn til að hrinda þessari áætlun í framkvæmd, á því tímabili sem er tiltekið í 1. gr., er 605 milljónir evra.“

5. gr.

Í stað fyrstu málsgreinar 3. gr. ákvörðunar nr. 1445/2000/EB komi eftirfarandi:

„Fjárhagsramminn til að hrinda þessari áætlun í framkvæmd, á tímabilinu 2004 til 2007, er 14,75 milljónir evra. Þar af skulu 11 milljónir evra vera fyrir tímabilið til 31. desember 2006. Fyrir tímabilið sem hefst 1. janúar 2007 skal fyrirhuguð fjárhæð teljast staðfest fyrir viðkomandi áfanga ef hún er í samræmi við fjárhagsáætlunina sem gildir fyrir tímabilið sem hefst 1. janúar 2007.“

6. gr.

Í stað 5. mgr. 4. gr. ákvörðunar nr. 163/2001/EB komi eftirfarandi:

„5. Fjárhagsramminn til að hrinda þessari,áætlun í framkvæmd, á því tímabili sem um getur í 1. gr., er 52 milljónir evra.“

7. gr.

Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. 6. gr. ákvörðunar nr. 1411/2001/EB komi eftirfarandi:

„1. Rammaákvæðin um samvinnu ganga í gildi 1. janúar 2001 og falla úr gildi 31. desember 2004. Fjárhagsramminn fyrir beitingu þessara rammaákvæða um samvinnu er 14,8 milljónir evra á tímabilinu 2001 til 2004.“

([1]) Stjtíð. EB L 232, 29.8.2002, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 271, 9.10.2002, bls. 1.
([3]) Stjtíð. ESB L 43, 18.2.2003, bls. 1.
([4]) Stjtíð. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 1.

8. gr.

Í stað 1. mgr. 6. gr. ákvörðunar nr. 50/2002/EB komi eftirfarandi:

„1. Fjárhagsramminn til að hrinda þessari áætlun í framkvæmd, á því tímabili sem um getur í 1. gr., er 85,04 milljónir evra, og er þá tækni- og stjórnunarkostnaður innifalinn.“

9. gr.

Í stað 2. mgr. 7. gr. ákvörðunar nr. 466/2002/EB komi eftirfarandi:

„2. Fjárhagsramminn til að hrinda þessari áætlun í framkvæmd, á tímabilinu 2002 til 2006, er 34,3 milljónir evra.“

10. gr.

Í stað 1. mgr. 12. gr. ákvörðunar nr. 1145/2002/EB komi eftirfarandi:

„1. Fjárhagsramminn fyrir framkvæmd á starfsemi Bandalagsins, sem um getur í þessari ákvörðun, á tímabilinu 1. janúar 2002 til 31. desember 2006, skal vera 62,3 milljónir evra.“

11. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á ákvörðun 1513/2002/EB:

1. Í stað 1. mgr. 2. gr. komi eftirfarandi:

„1. Hámark heildarfjárhæðar Bandalagsins til sjöttu rammaáætlunarinnar skal vera 17883 milljónir evra. Sá hluti sem fer til hverrar starfsemi er fastsettur í II. viðauka.“

2. Í stað II. viðauka komi texti viðaukans við þessa ákvörðun.

12. gr.

Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. 7. gr. ákvörðunar nr. 1786/2002/EB komi eftirfarandi:

„1. Fjárhagsramminn til að hrinda þessari áætlun í framkvæmd, á því tímabili sem er tiltekið í 1. gr., er 353,77 milljónir evra. Þar af skulu 227,51 milljónir evra vera fyrir tímabilið til 31. desember 2006.

Fyrir tímabilið sem hefst 1. janúar 2007 skal fyrirhuguð fjárhæð teljast staðfest fyrir viðkomandi áfanga ef hún er í samræmi við fjárhagsáætlunina sem gildir fyrir tímabilið sem hefst 1. janúar 2007.“

13. gr.

Ákvæðum 10. gr. ákvörðunar nr. 291/2003/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað fyrirsagnarinnar „Fjárlög“ komi fyrirsögnin „Fjármögnun“.

2. Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Fjárhagsramminn til að hrinda þessari ákvörðun í framkvæmd skal vera 12,1 milljónir evra.“

14. gr.

Í stað 1. og 2. mgr. 5. gr. ákvörðunar nr. 20/2004/EB komi eftirfarandi:

„1. Fjárhagsramminn til að hrinda þessari ákvörðun í framkvæmd, á tímabilinu frá 1. janúar 2004 til 31. desember 2007, er 81,8 milljónir evra og þar af skulu 60,6 milljónir evra vera fyrir tímabilið til 31. desember 2006.

2. Fyrir tímabilið sem hefst 1. janúar 2007 skal fyrirhuguð fjárhæð teljast staðfest fyrir viðkomandi áfanga ef hún er í samræmi við fjárhagsáætlunina sem gildir fyrir tímabilið sem hefst 1. janúar 2007.“

15. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Strassborg, 21. apríl 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	D. ROCHE
forseti.	*forseti.*

VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

HÁMARK HEILDARFJÁRHÆÐAR, HLUTIR OG LEIÐBEINANDI SUNDURLIÐUN

Hámark heildarfjárhæðar og leiðbeinandi hlutir til þeirrar starfsemi sem um getur í 164. gr. sáttmálans er sem hér segir:

(milljónir evra)

Fyrsta starfsemi ([1])	15.174
Önnur starfsemi ([2])	658
Þriðja starfsemi ([3])	319
Fjórða starfsemi ([4])	1.732
Hámark heildarfjárhæðar	**17.883**

([1]) Nær yfir starfsemi sem fer fram samkvæmt fyrirsögninni „Að leggja sérstaka áherslu á og samþætta rannsóknir í Bandalaginu“, að undanskilinni starfsemi í tengslum við alþjóðlegt samstarf; grunnvirki rannsókna og þemað „Vísindi og samfélag“ sem fer fram samkvæmt fyrirsögninni „Að móta evrópskt rannsóknasvæði“ og starfsemi sem fer fram samkvæmt fyrirsögninni „Að styrkja undirstöður evrópska rannsóknasvæðisins“.

([2]) Nær yfir alþjóðlegt samstarf sem fer fram samkvæmt fyrirsögninni „Að leggja sérstaka áherslu á og samþætta rannsóknir í Bandalaginu“ á forgangsþemasviðum og samkvæmt fyrirsögninni „Sérstök starfsemi sem nær yfir breitt rannsóknasvið“.

([3]) Nær yfir sérstaka starfsemi í tengslum við þemað „Rannsóknir og nýsköpun“ sem fer fram samkvæmt fyrirsögninni „Að móta evrópskt rannsóknasvæði“ til viðbótar nýsköpunarstarfi sem fer fram samkvæmt fyrirsögninni „Að leggja sérstaka áherslu á og samþætta rannsóknir í Bandalaginu“.

([4]) Nær yfir starfsemi varðandi mannafla og hreyfanleika sem fer fram samkvæmt fyrirsögninni „Að móta evrópskt rannsóknasvæði“.

Þessi starfsemi fer fram samkvæmt eftirfarandi fyrirsögnum (leiðbeinandi sundurliðun fjármagns er tilgreind):

(milljónir evra)

1. Að leggja sérstaka áherslu á og samþætta rannsóknir í Bandalaginu			14682
Forgangsþemu ([1])		12438	
Lífvísindi, genamengjarannsóknir og líftækni í þágu heilbrigðis ([2])	2514		
— háþróaðar genamengjarannsóknir og notkunarmöguleikar þeirra á sviði heilbrigðis	1209		
— að berjast gegn helstu sjúkdómum	1305		
Tækniþekking í upplýsingasamfélaginu ([3])	3984		
Nanótækni og nanóvísindi, fjölvirk vinnsluefni sem grundvallast á þekkingu og ný framleiðsluferli og -búnaður	1429		
Flug- og geimtækni	1182		
Gæði og öryggi matvæla	753		
Sjálfbær þróun, hnattrænar breytingar og vistkerfi	2329		
— sjálfbær orkukerfi	890		
— sjálfbærir land- og sjóflutningar	670		
— hnattrænar breytingar og vistkerfi	769		
Borgarar og stjórnkerfi í þekkingarsamfélagi	247		
Sérstök starfsemi sem nær yfir breitt rannsóknasvið		1409	
Stuðningur við stefnu og fyrirsjáanlegar, vísindalegar og tæknilegar þarfir	590		
Lárétt rannsóknarstarfsemi sem lítil og meðalstór fyrirtæki taka þátt í	473		
Sértækar ráðstafanir til stuðnings alþjóðlegu samstarfi ([4])	346		
Starfsemi sameiginlegu rannsóknarmiðstöðvarinnar, þó ekki á sviði kjarnorku		835	
2. Að móta evrópskt rannsóknasvæði			2854
Rannsóknir og nýsköpun	319		
Mannafli	1732		
Grunnvirki rannsókna ([5])	715		
Vísindi og samfélag	88		
3. Að styrkja undirstöður evrópska rannsóknasvæðisins			347
Stuðningur við samræmingu á starfsemi	292		
Stuðningur við samfellda mótun stefnumiða	55		
		Samtals	**17883**

([1]) A.m.k. 15% til lítilla og meðalstórra fyrirtækja.
([2]) Þ.m.t. allt að því 475 milljónir evra til rannsókna í tengslum við krabbamein.
([3]) Þ.m.t. allt að því 110 milljónir evra til frekari þróunar á Géant og GRID.
([4]) Þessi fjárhæð, 346 milljónir evra, verður notuð til að fjármagna sértækar ráðstafanir til stuðnings alþjóðlegu samstarfi með þátttöku þróunarlanda, Miðjarðarhafslanda (þ.m.t. vesturhluti Balkanskaga), Rússlands og nýju, sjálfstæðu ríkjanna (NIS), Aðrar 312 milljónir evra eru til að fjármagna þátttöku stofnana þriðju landa í „Forgangsþemum“ og „Sérstakri starfsemi sem nær yfir breitt rannsóknasvið“, þannig að heildarfjárhæð til alþjóðlegs samstarfs er 658 milljónir evra. Viðbótarfjármagn verður tiltækt samkvæmt þætti 2.2 „Mannafli og hreyfanleiki“ til að fjármagna þjálfun rannsóknarmanna frá þriðju löndum í Evrópu.
([5]) Þ.m.t. allt að því 218 milljónir evra til frekari þróunar á Géant og GRID.

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 787/2004/EB 2007/EES/9/29

frá 21. apríl 2004

um breytingu á ákvörðun ráðsins 96/411/EB og ákvörðunum nr. 276/1999/EB, nr. 1719/1999/EB, nr. 2850/2000/EB, nr. 507/2001/EB, nr. 2235/2002/EB, nr. 2367/2002/EB, nr. 253/2003/EB, nr. 1230/2003/EB og nr. 2256/2003/EB með það fyrir augum að aðlaga viðmiðunarfjárhæðir með tilliti til stækkunar Evrópusambandsins (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 95. gr., 153. gr. (2. mgr.), 156. gr. (1. mgr.), 157. gr. (3. mgr.), 175. gr. (1. mgr.) og 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Til að tekið sé tillit til stækkunar Evrópusambandsins skal aðlaga viðmiðunarfjárhæðir í ákvörðun ráðsins 96/411/EB frá 25. júní 1996 um að bæta hagskýrslur Bandalagsins um landbúnað ([2]) og í eftirfarandi ákvörðunum Evrópuþingsins og ráðsins:

— nr. 276/1999/EB frá 25. janúar 1999 um að leggja fram EB-aðgerðaáætlun til margra ára til að stuðla að öruggari notkun Netsins með því að berjast gegn ólöglegu og skaðlegu efni í hnattrænum netkerfum ([3]),

— nr. 1719/1999/EB frá 12. júlí 1999 um viðmiðunarreglur um samevrópsk net fyrir rafræn gagnaskipti milli stjórnsýslustofnana, að meðtalinni skilgreiningu verkefna sem þjóna sameiginlegum hagsmunum ([4]),

— nr. 2850/2000/EB frá 20. desember 2000 um að setja ramma um samstarf innan Bandalagsins varðandi viljandi eða óviljandi mengun sjávar ([5]),

— nr. 507/2001/EB frá 12. mars 2001 um röð aðgerða í tengslum við samevrópskt netkerfi til að safna, útbúa og miðla tölfræðilegum upplýsingum um vöruviðskipti innan Bandalagsins og milli Bandalagsins og landa utan þess (Edicom) ([6]),

— nr. 2235/2002/EB frá 3. desember 2002 um samþykkt áætlunar Bandalagsins til að bæta starfsemi skattkerfa á innri markaðnum (Fiscalis-áætlunin 2003 til 2007) ([7]),

— nr. 2367/2002/EB frá 16. desember 2002 um hagskýrsluáætlun Bandalagsins 2003 til 2007 ([8]),

— nr. 253/2003/EB frá 6. febrúar 2003 um samþykkt aðgerðaáætlunar um tolla í Bandalaginu (Tollur 2007) ([9]),

— nr.1230/2003/EB frá 26. júní 2003 um samþykkt áætlunar til margra ára um aðgerðir á sviði orkumála: „Greindarstýrð orka — Evrópa“ (2003 — 2006) ([10]),

— nr.2256/2003/EB frá 17. nóvember 2003 um samþykkt áætlunar til margra ára (2003-2005) um eftirlit með aðgerðaáætluninni um rafræna Evrópu 2005, miðlun góðra starfsvenja og aukið net- og upplýsingaöryggi (MODINIS) ([11]),

---

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 138, 30.4.2004, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2004 frá 4. júní 2004 um breytingu á bókun 30 við EES-samninginn, um sérstök ákvæði varðandi skipulagningu samvinnu á sviði hagskýrslugerðar, og bókun 31 við samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 25.11.2004, bls. 26.

([1]) Álit Evrópuþingsins frá 9. mars 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjtíð. ESB) og ákvörðun ráðsins frá 5. apríl 2004.

([2]) Stjtíð. EB L 162, 1.7.1996, bls. 14. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1919/2002/EB (Stjtíð. EB L 293, 29.10.2002, bls. 5).

([3]) Stjtíð. EB L 33, 6.2.1999, bls. 1. Ákvörðuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003 (Stjtíð. ESB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

([4]) Stjtíð. EB L 203, 3.8.1999, bls. 1. Ákvörðuninni var breytt með ákvörðun nr. 2046/2002/EB (Stjtíð. EB L 316, 20.11.2002, bls. 4).

([5]) Stjtíð. EB L 332, 28.12.2000, bls. 1.

([6]) Stjtíð. EB L 76, 16.3.2001, bls. 1.

([7]) Stjtíð. EB L 341, 17.12.2002, bls. 1.

([8]) Stjtíð. EB L 358, 31.12.2002, bls. 1.

([9]) Stjtíð. ESB L 36, 12.2.2003, bls. 1.

([10]) Stjtíð. ESB L 176, 15.7.2003, bls. 29.

([11]) Stjtíð. ESB L 336, 23.12.2003, bls. 1.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað 4. mgr. 6. gr. ákvörðunar nr. 96/411/EB komi eftirfarandi:

„4. Fjárhagsramminn til að hrinda þessari áætlun í framkvæmd á tímabilinu 2003 til 2007 er 11,65 milljónir evra. 8,65 milljónir evra skulu vera fyrir tímabilið 2003 til 2006.

Fyrir tímabilið sem hefst 1. janúar 2007 skal fyrirhuguð fjárhæð teljast staðfest ef hún er, að því er viðkomandi áfanga varðar, í samræmi við fjárhagsáætlunina sem gildir fyrir tímabilið sem hefst 1. janúar 2007.“

2. gr.

Í stað fyrstu undirgreinar 3. mgr. 1. gr. ákvörðunar nr. 276/1999/EB komi eftirfarandi:

„3. Fjárhagsramminn fyrir framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar á tímabilinu frá 1. janúar 1999 til 31. desember 2004 er 39,1 milljónir evra.“

3. gr.

Ákvæðum 12. gr. ákvörðunar nr. 1719/1999/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað fyrirsagnarinnar „Viðmiðunarfjárhæð“ komi fyrirsögnin „Fjármögnun“.

2. Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Fjárhagsramminn til að hrinda aðgerðum Bandalagsins samkvæmt þessari ákvörðun í framkvæmd skal vera 40,6 milljónir evra á tímabilinu 2002 til 2004.“

4. gr.

Í stað c-liðar 2. gr. ákvörðunar nr. 2850/2000/EB komi eftirfarandi:

„c) Fjárhagsramminn til að hrinda þessari ákvörðun í framkvæmd er 12,6 milljónir evra á tímabilinu 2000 til 2006.

Fjármagn, sem úthlutað er til aðgerðanna, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, skal fært undir árlegar fjárveitingar á almennum fjárlögum Evrópusambandsins. Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitingavaldsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlana.“

5. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á ákvörðun 507/2001/EB:

1. Í stað fyrstu undirgreinar 6. gr. komi eftirfarandi:

„Fjárhagsramminn til að hrinda aðgerðum Bandalagsins, sem lýst er í þessari ákvörðun, í framkvæmd skal vera 53,6 milljónir evra á tímabilinu 2001 til 2005.

Leiðbeinandi sundurliðun eftir aðgerðarflokkum, sem um getur í 2. gr., er að finna í II. viðauka.“

2. Í stað II. viðauka komi textinn sem er að finna í I. viðauka við þessa ákvörðun.

6. gr.

Í stað 10. gr. ákvörðunar nr. 2235/2002/EB komi eftirfarandi:

„10. gr.

Fjármögnun

„Fjárhagsramminn til að hrinda áætluninni í framkvæmd á tímabilinu 1. janúar 2003 til 31. desember 2007 er 67,25 milljónir evra. 51,9 milljónir evra skulu vera fyrir tímabilið til 31. desember 2006.

Fyrir tímabilið sem hefst 1. janúar 2007 skal fyrirhuguð fjárhæð teljast staðfest ef hún er, að því er viðkomandi áfanga varðar, í samræmi við fjárhagsáætlunina sem gildir fyrir tímabilið sem hefst 1. janúar 2007.

Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitingavaldsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar.“

7. gr.

Í stað fyrstu og annarrar undirgreinar 3. gr. ákvörðunar nr. 2367/2002/EB komi eftirfarandi:

„Fjárhagsramminn til að hrinda þessari áætlun í framkvæmd er 220,6 milljónir evra á tímabilinu 2003 til 2007. 170,83 milljónir evra skulu vera fyrir tímabilið til 31. desember 2006.

Fyrir tímabilið sem hefst 1. janúar 2007 skal fyrirhuguð fjárhæð teljast staðfest ef hún er, að því er viðkomandi áfanga varðar, í samræmi við fjárhagsáætlunina sem gildir fyrir tímabilið sem hefst 1. janúar 2007.“

8. gr.

Í stað 14. gr. ákvörðunar nr. 253/2003/EB komi eftirfarandi:

„14. gr.

Fjármögnun

1. „Fjárhagsramminn til að hrinda áætluninni í framkvæmd er 165,55 milljónir evra á tímabilinu 1. janúar 2003 til 31. desember 2007. 128,79 milljónir evra skulu vera fyrir tímabilið til 31. desember 2006.

2. Fyrir tímabilið sem hefst 1. janúar 2007 skal fyrirhuguð fjárhæð teljast staðfest ef hún er, að því er viðkomandi áfanga varðar, í samræmi við fjárhagsáætlunina sem gildir fyrir tímabilið sem hefst 1. janúar 2007.

3. Árlegar fjárveitingar skulu háðar samþykki fjárveitingavaldsins og rúmast innan ramma fjárhagsáætlunarinnar.“

9. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á ákvörðun 1230/2003/EB:

1. Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. 6. gr. komi eftirfarandi:

„1. Fjárhagsrammi til að hrinda þessari áætlun í framkvæmd skal vera 250 milljónir evra á tímabilinu 2003 til 2006.“

2. Í stað viðaukans komi texti II. viðauka við þessa ákvörðun.

10. gr.

Í stað fyrstu og annarrar málsgreinar 4. gr. ákvörðunar nr. 2256/2003/EB komi eftirfarandi:

„Áætlunin skal taka til tímabilsins frá 1. janúar 2003 til 31. desember 2005. Fjárhagsrammi fyrir framkvæmd þessarar áætlunar er 22,44 milljónir evra.“

11. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 21. apríl 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
P. COX	D. ROCHE
forseti.	*forseti.*

I. VIÐAUKI

„II. VIÐAUKI

LEIÐBEINANDI SUNDURLIÐUN EFTIR FLOKKUM EDICOM-AÐGERÐA, Í SAMRÆMI VIÐ 2. GR., FYRIR 2001 TIL 2005

Sundurliðun 2001 til 2005	Samtals
Upplýsinganet sem eru meiri að gæðum, ódýrari og standa fyrr til reiðu og uppfylla þannig kröfur sem gerðar eru í samræmi við stefnumið Bandalagsins	22%
Net með viðeigandi upplýsingum sem eru aðlagaðar að breytilegum þörfum notenda innan ramma Efnahags- og myntbandalagsins og alþjóðlegs efnahagsumhverfis	14%
Upplýsinganet sem eru betur samþætt almennu hagskýrsluumhverfi og aðlöguð að þróun stjórnsýsluumhverfisins	25%
Net til að bæta þá hagskýrsluþjónustu sem yfirvöldum, notendum gagna og gagnaveitum stendur til boða	12%
Net sem byggist á verkfærum til að safna upplýsingum með tilliti til nýjustu tækniframfara í því skyni að endurbæta aðgerðir sem upplýsingaveitum stendur til boða	9%
Samþætt og rekstrarsamhæft net	11%
Aðstoð sem varðar tækni og stjórnun, stuðningsaðgerðir	7%
Samtals *(milljónir evra)*	53,6“

II. VIÐAUKI

„VIÐAUKI

VIÐMIÐUNARÚTHLUTUN NAUÐSYNLEGRAR, ÁÆTLAÐRAR FJÁRHÆÐAR ([1])

Aðgerðasvið	2003 til 2006
1. Bætt orkunýtni og skynsamleg orkunotkun	88,9
2. Nýir og endurnýjanlegir orkugjafar og fjölbreytt orkuvinnsla	101,9
3. Orkuþættir innan flutningageirans	41,6
4. Aukin notkun endurnýjanlegra orkugjafa og orkunýtni á alþjóðavettvangi, einkum í þróunarlöndunum	17,6
Samtals	250 ([2])

([1]) Þessi úthlutun er til viðmiðunar. Úthlutun fjár á fjárlögum er breytileg eftir sviðum svo að unnt sé að koma betur til móts við breytilegar þarfir í geiranum.

([2]) Fjárveitingavaldið getur ákveðið fjárlög fyrir framkvæmdaraðila sem hundraðshluta af heildarfjárúthlutun til áætlunarinnar.“

2007/EES/9/24 Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2256/2003/EB frá 17. nóvember 2003 um samþykkt áætlunar til margra ára (2003-2005) um eftirlit með aðgerðaáætluninni um rafræna Evrópu 2005, miðlun góðra starfsvenja og aukið net- og upplýsinga-öryggi (MODINIS) 488

2007/EES/9/25 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1641/2003 frá 22. júlí 2003 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1210/90 um stofnun Umhverfisstofnunar Evrópu og evrópsks upplýsinga- og eftirlitsnets á sviði umhverfismála 493

2007/EES/9/26 Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 20/2004/EB frá 8. desember 2003 um almennan ramma fyrir fjármögnun aðgerða Bandalagsins til stuðnings neytendastefnu á tímabilinu 2004 til 2007 496

2007/EES/9/27 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 788/2004 frá 21. apríl 2004 um breytingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 2236/95 og reglugerðum (EB) nr. 1655/2000, (EB) nr. 1382/2003 og (EB) nr. 2152/2003 með það fyrir augum að aðlaga viðmiðunarfjárhæðir með tilliti til stækkunar Evrópusambandsins 503

2007/EES/9/28 Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 786/2004/EB frá 21. apríl 2004 um breytingu á ákvörðunum nr. 1720/1999/EB, nr. 253/2000/EB, nr. 508/2000/EB, nr. 1031/2000/EB, nr. 1445/2000/EB, nr. 163/2001/EB, nr. 1411/2001/EB, nr. 50/2002/EB, nr. 466/2002/EB, nr. 1145/2002/EB, nr. 1513/2002/EB, nr. 1786/2002/EB, nr. 291/2003/EB og nr. 20/2004/EB með það fyrir augum að aðlaga viðmiðunarfjárhæðir með tilliti til stækkunar Evrópusambandsins 505

2007/EES/9/29 Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 787/2004/EB frá 21. apríl 2004 um breytingu á ákvörðun ráðsins 96/411/EB og ákvörðunum nr. 276/1999/EB, nr. 1719/1999/EB, nr. 2850/2000/EB, nr. 507/2001/EB, nr. 2235/2002/EB, nr. 2367/2002/EB, nr. 253/2003/EB, nr. 1230/2003/EB og nr. 2256/2003/EB með það fyrir augum að aðlaga viðmiðunarfjárhæðir með tilliti til stækkunar Evrópusambandsins 510

3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin

4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið

2. Framkvæmdastjórnin

3. Dómstóllinn